

Fjallabyggð



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

Greinargerð og umhverfisskýrsla

dags. 28. september 2010



Efnisyfirlit

Vinnsla aðalskipulagsins	10
Sveitarfélagsmerki	10
Aðalskipulagið	10
Kynning og samráð við skipulagsgerð	12
Um umhverfisskýrslu	13
Horft til framtíðar	14
Framtíðarsýnin	14
Umhverfisstefna	15
Sjálfbær þróun	15
Staðhættir	17
Helstu einkenni lands og byggðar	18
Siglufjörður og nágrenni	18
Héðinsfjörður og nágrenni	18
Ólafsfjörður og nágrenni	19
Náttúra	19
Náttúrufar	20
Vötn, ár og sjór	20
Fuglalíf	21
Gróðurfar	22
Landslag	22
Jarðfræði	22
Búsetulandslag	23
Skógrækt	24
Verndarsvæði og minjar	25
Náttúruminjar	26
Vatnsvernd og flokkun	27
Verndarsvæði fugla	29
Þjóðminjaverndarsvæði	29
Hverfisvernd	30
Umhverfismat stefnumiða - Verndarsvæði og minjar	34
Veðurfar og náttúruvár	35
Veðurfar	35
Jarðskjálftar	36
Ofanflóð	37
Sjávarflóð	40
Umhverfismat stefnumiða - Náttúra	41

Búseta	43
Saga byggðar og íbúðapróun	44
Búseta Siglufjarðar	44
Búseta Ólafsfjarðar	46
Íbúðapróun	47
Íbúðarsvæði	50
Ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar	54
Umhverfismat stefnumiða - Búseta	55
Atvinna	57
Ársverk	58
Verslunar- og þjónustusvæði	60
Miðsvæði	62
Landbúnaður	66
Sjávarútvegur	67
Iðnaður og athafnastarfsemi	69
Iðnaðarsvæði	69
Athafnasvæði	70
Umhverfismat stefnumiða - Atvinna	73
Samfélag	75
Stjórnsýsla	76
Þjónustustofnanir	76
Skólar	77
Bókasafn	78
Heilbrigðisþjónusta	78
Félagsþjónusta	78
Dvalarheimili aldraðra	78
Félagastarfsemi	79
Kirkjur og kirkjugarðar	80
Opinber stjórnun og löggæsla	81
Slökkvilið og neyðarflutningar	81
Útivist og íþróttir	83
Opin svæði til sérstakra nota	83
Skiðasvæði	84
Sundlaug og íþróttahús / heilsurækt	86
Íþróttasvæði	86
Moto-cross	87
Golf	87
Hestamennska og reiðleiðir	87

Útivistarstígar og gönguleiðir	89
Tjaldsvæði	91
Óbyggð svæði	91
Menning og ferðamál	95
Frístundabyggð	97
Umhverfismat stefnumiða - Samfélag	99
Grunnkerfi	101
Samgöngur	102
Vegsamgöngur	103
Umhverfismat stefnumiða - Gangagerð til nágrannasveitarfélaganna	106
Flugsamgöngur	107
Sjósamgöngur, hafnir og sjóvarnir	108
Veitur	112
Vatnsveita	112
Hitaveita	113
Rafmagnsveita	113
Umhverfismat stefnumiða - Kerahnjúkavirkjun á Burstabrekkudal	114
Fjarskipti	115
Skólp og fráveita	115
Umhverfismat stefnumiða - Fráveituáætlun	115
Efnistaka og -losun	116
Efnistaka	116
Efnislosunarsvæði	117
Umhverfismat stefnumiða - Efnistaka/efnislosun	119
Landfyllingar	120
Umhverfismat stefnumiða - Landfyllingar	123
Söfnun og meðhöndlun úrgangs	124
Umhverfismat stefnumiða - Söfnun og meðhöndlun úrgangs	125
Umhverfismat stefnumiða - Grunnkerfi	125
Umhverfisskýrsla	127
1 Samantekt umhverfismats	128
2 Umhverfisáætlun	129
2.1 Forsendur áætlunarinnar	129
2.2 Tilgangur	129
2.3 Viðfangsefni	129
2.4 Áætlunarsvæðið	129

3 Aðferðir	130
3.1 Umhverfisþættir	130
3.2 Umfang umhverfismats	130
3.3 Kynning og samráð umhverfismatsins	130
3.4 Viðmið og tengsl við aðra áætlanagerð	130
3.5 Aðferðir og áherslur	132
3.6 Framsetning umhverfismatsins	132
4 Umhverfismat stefnumiða aðalskipulagsins	133
4.1 Umhverfismat stefnumiða um náttúru	133
Verndarsvæði og minjar	134
4.2 Umhverfismat stefnumiða um búsetu	135
4.3 Umhverfismat stefnumiða um atvinnu	136
4.4 Umhverfismat stefnumiða um samfélag	137
4.5 Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi	138
Gangagerð til nágrannasveitarfélaga	139
Kerahnjúkavirkjun á Burstabrekkudal	142
Skólp og fráveita	143
Efnistaka/efnislosun	144
Landfyllingar	145
Söfnun og meðhöndlun úrgangs	146
4.6 Umhverfismat samlagðra áhrifa aðalskipulagsins	148
5 Matsskyldar framkvæmdir	149
4.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	149
4.2 Matskyldar framkvæmdir í aðalskipulaginu	150
Ný stofnbraut í þéttbýli	150
Landfyllingar	150
Gangagerð til nágrannasveitarfélaga	151
Svæði undir náttúruvá	151
Kerahnjúkavirkjun - Burstabrekkudal	151
6 Niðurstaða umhverfismats	152
7 Greinargerð	153
8 Venslatafla umhverfismats	154
Ítarefni	159
A Héðinsfjörður - samantekt	160
B Mælingar og eldri skipulög	163
C Helstu einkenni lands og byggðar	165
D Náttúrufar	167
D.i Fuglalíf	167

D.ii Gróðurfar	168
D.iii Jarðfræði	169
D.iv Veðurfar	170
D.v Ofanflóð	180
E Þjóðminjaverndarsvæði	190
F Byggðar- og íbúapróun	193
G Skýringar hugtaka	199
Landnotkunartölur	203
Garðar vegna náttúruvár	203
Frístundabyggð	203
Opin svæði til sérstakra nota	204
Efnistöku- og efnislosunarsvæði	205
Landfyllingar	205
Umsagnir	206
Umsögn Dalvíkurbyggðar	207
Umsögn Fornleifaverndar ríkisins	208
Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra	210
Umsögn Landsnets	211
Umsögn Siglingastofnunar	212
Umsögn Skagafjarðar	213
Umsögn Skipulagsstofnunar	214
Umsögn Skógræktar ríkisins	221
Umsögn Umhverfisstofnunar	222
Umsögn Vegagerðarinnar	226
Svör við athugasemdum	228
Heimildaskrá	268
Heimildir úr skipulaginu 2003-2023	269
Töluskrá	270
Myndaskrá	271
Kortaskrá	273

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028 er fyrsta aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag. Árið 2006 sameinuðust sveitarfélögin Siglufjarðarkaupstaður og Ólafsfjarðarbær í Fjallabyggð.

Með vinnslu og gerð þessa aðalskipulags sem gildir frá 2008 til 2028 er það ásetningur og vilji sveitarstjórnar að skipulagið verði grundvöllur fyrir sterkari byggð og frekari uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Aðalskipulagið mun nýtast sem stjórnæki sem stuðlar að tilteknum markmiðum um framtíðarþróun sveitarfélagsins, þar sem stuðst verði við hugmyndafræði „sjálfbærrar þróunnar“ við ákvarðanatökur og framkvæmdir í sveitarfélaginu.

Aðalskipulag þetta samanstendur af sveitarfélagsuppdrátti í mkv. 1:50.000, þéttbýlisuppdrátti Siglufjarðar í mkv. 1:10.000, þéttbýlisuppdrátti Ólafsfjarðar í mkv. 1:10.000, aðalskipulagsgreinargerð og umhverfisskýrslu.

Bæjarstjóri Fjallabyggðar



Sigurður Valur Ásbjarnarson


Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028 sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og lá frammi til kynningar frá 23. júní 2010 til 4. ágúst 2010, var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 13. október 2010.

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til staðfestingar umhverfisráðherra þann 25. nóvember 2010.



Guðrún S. Gunnarsd.

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann 22. des. 2010.



Magnús Jónsson

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um hugsanlega ofanflóðahættu utan þéttbýlis sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 505/2000.

Vinnsla aðalskipulagsins

Vinna við þá tillögu sem nú er lögð fram hófst árið 2008 þegar gerður var samningur við Teikn á lofti ehf. um gerð Aðalskipulags Fjallabyggðar.

Höfundar tillögunnar eru Halldór Jóhannsson landslagsarkitekt, Helgi Einarsson nemi í landslagarkitektúr, Fanney Sigrún Ingvadóttir, Hildur Stefánsdóttir landslagsarkitekt og Lilja Filippusdóttir landslagsarkitekt. Að hálfu sveitarfélagsins hafa nefndarmenn í skipulags- og umhverfisnefnd komið að vinnslunni ásamt ýmsu öðru starfsfólki sveitarfélagsins.

Sveitarfélagsmerki

Við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar í sveitarfélagið Fjallabyggð árið 2006 varð til nýtt sveitarfélagsmerki, þar sem merki „gömlu“ sveitarfélaganna voru sett saman ásamt heiti á hinu nýja sveitarfélagi.



Aðalskipulagið

Landið allt er skipulagsskylt. Bygging húsa og annarra mannvirkja og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjón þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði 43. gr. laga um veitingu byggingarleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags.


Þar er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Við gerð aðalskipulags skal stefnt að því að ná samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Tillaga að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 er skipt í meginatriðum í tvo hluta;

- forsendur og landnotkunaráætlun
- umhverfisskýrslu

Aðalskipulag á að svara spurning á borð við: hvernig er staðan í dag? hverju viljum við ná? og hvaða umhverfisáhrif mun sú stefna hafa?

Í aðalskipulagi Fjallabyggðar felst endurskoðun á Aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010 og Aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023 og lagðar fram nýjar áherslur. Við staðfestingu nýs aðalskipulags falla eldri aðalskipulög úr gildi.



Umhverfisskýrsla

Umhverfismat stefnumiða fyrir:



Kynning og samráð við skipulagsgerð

Leitast hefur verið við að vinna skipulagstillöguna í samræmi við 4. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga og kafla 3.2 í skipulagsreglugerð og í sem mestri samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila bæjarfélagsins. Séð var til þess að skipulagstillagan var aðgengileg íbúum bæjarfélagsins og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta og áform kynnt á almennum íbúafundi þann 11. desember (Ólafsfirði) og 16. desember (Siglufirði) 2008 auk þess voru haldnir íbúafundir þann 15. apríl 2010 (Siglufirði) og 26. apríl 2010 (Ólafsfirði). Þá var haldinn fundur með landeigendum í Héðinsfirði 28. júlí 2008 þar sem þeir komu með hugmyndir um framtíðarnýtingu á landi í Héðinsfirði.

Við skipulagsgerðina var haft samráð og leitað umsagnar við þá aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem skipulagið nær til.

Skipulagstillagan var einnig kynnt sveitar- og bæjarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga; Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Dalvíkurbyggðar. Uppdrættir og greinargerð voru póstsend 05.03.09 og óskað eftir umsögn og svar barst frá Dalvíkurbyggð 22.04.09 og Sveitarfélaginu Skagafirði 29.05.09.

Samráð var haft við eftirfarandi aðila:

- Viðkomandi hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við skipulagsgerð á hafnarsvæðum, sbr. ákvæði hafnalaga og laga um Siglingastofnun Íslands. Svar barst 26.03.09.
- Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá, sbr. ákvæði vegalaga. Svar barst 06.03.09.
- Flugstoðir um skipulag flugvallarsvæða, sbr. ákvæði laga um loftferðir.
- Umhverfisstofnun við gerð skipulagsáætlana á náttúruverndarsvæðum, sbr. gr. 4.19 í skipulagsreglugerð og ákvæði laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Reglugerðirnar hafa stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Svar barst 25.06.09
- Fornleifavernd ríkisins um fornleifaskráningu vegna skipulagsgerðar, sbr. gr. 4.20 í skipulagsreglugerð og ákvæði þjóðminjalaga. Svar barst 15.04.09.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um flokkun strandsvæða og vatnasvæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð og ákvæði reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Svar barst 28.04.09.
- Veðurstofu Íslands um þætti er varða snjóflóðahættu í sveitarfélaginu.
- Kirkjugarðaráð varðandi skipulag í nágrenni kirkjugarða, sbr. ákvæði laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
- Skógrækt ríkisins. Svar barst 10.04.09
- Landsnet. Svar barst 02.04.09.
- Heilbrigðisnefnd þar sem hliðsjón verður höfð af loftgæðarannsóknnum og hávaðamælingum og ákvæði reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umsagnir sem bárust við vinnu skipulagsins má sjá í kaflanum „Umsagnir“.

Tillagan fór í auglýsingu 23. júní 2010 og bárust 11 athugasemdir sem lesa má á bls. 229. Tekið var tillit til athugasemda og eftirfarandi breytingar gerðar:

- Reiðleið meðfram Ólafsfjarðarvatni var felld út
- Fylling sunnan Mararbyggðar í Ólafsfirði var felld út
- Efnisnáma á Siglunesi var felld út

Um umhverfisskýrslu

Samhliða aðalskipulagsgerðinni var unnin umhverfisskýrsla í samræmi við kröfu skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Markmið laganna er að meta umhverfisáhrif tiltekinna áætlana í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, stuðla að sjálfbærri þróun og að tekið sé tillit til umhverfisþjónarmiða við áætlanagerð.

Í þessu umhverfismati er leitast við að draga fram heildstæð áhrif skipulagstillögunnar á áður skilgreinda umhverfispætti og hvernig hugmyndir og stefnur mismunandi málaflokka geta breytt sveitarfélaginu til hins betra eða verra.

Þeir umhverfispættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsins eru eftirfarandi:

- Samfélag
- Náttúrufar
- Heilsa og vellíðan
- Byggð og efnisleg verðmæti

Samlegðaráhrif framkvæmda og stefnumiða eru metin út frá þeim forsendum sem settar eru fram í aðalskipulagstillögunni og í lok hvers meginmálaskafla aðalskipulagsins eru umhverfismatstöflur og stuttar samantektir um samlegðaráhrif hvers kafli.

Áhrif einstakra framkvæmda eru metnar lauslega og sett fram í samskonar töflu í viðeigandi undirkafla. Matskyldar framkvæmdir sem taldar eru geta haft teljandi umhverfisáhrif eru metin í sjálfstæðu umhverfismati.

Við matið er notast við eftirfarandi tákn/einkunnir sem settar verða fram í töflunum:

+	Stefna aðalskipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfispátt, stefna aðalskipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
0	Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á (viðmið varðandi) viðkomandi umhverfispátt.
-	Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfispátt, stefna aðalskipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
Ú	Áhrif stefnu aðalskipulagsins á viðkomandi umhverfispátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

Umhverfismatinu er skipt í eftirfarandi hluta, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum umhverfismats fyrir hvern flokk stefnumiða ásamt nánari umfjöllun um þær framkvæmdir og/eða stefnumið sem talin eru hafa jákvæð eða neikvæð umhverfisáhrif á skipulagstímabilinu. Þetta er skýrt nánar með svokallaðri venslatöflu og greinargerð sem skýrir einkunnir og niðurstöðu.

- Umhverfismat stefnumiða um náttúru
 - Náttúruvernd
- Umhverfismat stefnumiða um búsetu
- Umhverfismat stefnumiða í atvinnu
- Umhverfismat stefnumiða um samfélag
- Umhverfismat stefnumiða í grunnkerfi
 - Gangagerð til nágrannasveitarfélaganna
 - Kerahnjúkavirkjun á Burstabrekkudal
 - Skólp og fráveita
 - Efnistaka /efnislosun
 - Landfyllingar
 - Söfnun og meðhöndlun úrgangs
- Umhverfismat samlagðra áhrifa Aðalskipulags Fjallabyggðar

Horft til framtíðar

Við skipulagið er núverandi byggð lögð til grundvallar og leitað leiða til að vinna á hagkvæman og uppbyggjandi hátt út frá því sem fyrir er. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að nóg framboð sé af byggingarhæfum lóðum á skipulagstímabilinu fyrir íbúðir, atvinnurekstur og þjónustu sem og svæðum fyrir frístundabyggð. Einnig er tekin afstaða til þróunar byggðar til lengri tíma litið. Lögð er sérstök áhersla á bættar samgöngur, uppbyggingu og aðgengi hafnarsvæða, umhverfismál, útivist, ferðaþjónustu og umferðaröryggi.

Framtíðarsýnin

Heilsteypt, fjölskylduvænt og framsækið sveitarfélag með samvirkum þéttbýliskjörnum.

Öflugt atvinnulíf, góðar samgöngur, fjölbreyttari útivistar- og afþreyingarmöguleikar, byggt á grunni sterkar samfélagsþjónustu, umhverfismeðvitundar og fjölskyldugilda.

Leitast er við að íbúar njóti góðra samgangna bæði að og frá sveitarfélaginu sem og sín á milli og umhverfissjónarmið séu höfð í forgangi. Til þess að svo megi verða þarf að skýra hver sé æskileg nýting hvers meginsvæðis í þéttbýlunum í heild og einstakra svæða í sveitarfélaginu. Í framhaldi af því þarf annars vegar að gera skýrar umgengnis-, vinnu- og notkunarreglur og áætlanir fyrir heildina og hins vegar að deiliskipuleggja svæði og þannig þetta byggð í þéttbýlunum. Með þessu má ná hámarks nýtingu á fjárfestingum sveitarfélagsins s.s. í lögnum, götum o.s.frv. og skapa ný sóknarfæri í atvinnuþróun, sérstaklega á sviði ferðaþjónustu og hafnsækinnar starfsemi.



Mynd 1 Horft til himins við Sauðanes

Umhverfisstefna

STEFNUMIÐ:

Stuðlað verði að sjálfbærri þróun í samræmi við staðardagskrá 21.

Vakin verði sterk umhverfisvitund hjá íbúum sveitarfélagsins.

Hvatt til meðvitaðrar umgengni við náttúruna.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Umhverfisfulltrúi skal vinna markvisst að málaflokkum staðardagskrár og fylgja áætluninni eftir innan sveitarfélagsins.

Íbúum verði kynnt mikilvægi sjálfbærrar þróunar.

Samstarf verði eftt við aðliggjandi sveitarfélög.

Sjálfbær þróun

Í öllum málaflokkum aðalskipulagsins verður sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi í samræmi við staðardagskrá 21.

Staðardagskrá 21

Staðardagskrá 21 (Local Agenda 21) er áætlun sem öllum sveitarstjórnnum heimsins er ætlað að gera í samræmi við ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro 1992. Nánar tiltekið er hér um að ræða áætlun um þau verk sem vinna þarf í hverju samfélagi um sig til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun á 21. öldinni, þ.e.a.s. þróun sem tryggir komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði.

Grænfáninn

Markviss umhverfisstefna er í grunn- og leikskólum og fékk Grunnskóli Siglufjarðar grænfána vottun árið 2008. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Áhersla er á að nemendur fái markvissa kennslu í umhverfismennt auk þess sem nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og skilji að ganga þurfi um náttúru landsins af virðingu og ábyrgð.

Bláfáninn

Hafnarstjórn vill beita sér fyrir því að í framtíðinni verði hafnirnar í Fjallabyggð þátttakendur í Bláfánaverkefninu. Bláfáninn er alþjóðlegt merki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun umhverfis hafna og baðstranda. Bláfánann hljóta þeir einir sem leggja sig fram um að bæta gæði og þjónustu stranda og smábátahafna og stuðla að verndun umhverfis. Bláfáninn er tákn um að umhverfismál, öryggismál og umhverfisfræðslumál eru í hávegum höfð hjá handhöfum.



Staðhættir

Sveitarfélagsmörk Fjallabyggðar ná frá Siglunesi í norðri að Æðaskeri undan Ólafsfjarðarmúla í austri og frá Kerlingahnjúk í suðri að Almenningsnöf undan Mánárfjalli í vestri.



Kort 1 Sveitarfélagsmörk Fjallabyggðar

Helstu einkenni lands og byggðar

Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga og þekur landssvæði sveitarfélagsins 364 km². Tiltöllega lítið er af láglendi eins og nafn sveitarfélagsins ber með sér en fjöll og jökulsorfnir dalir einkenna mjög landslagið. Þrír firðir eru í sveitarfélaginu:

- Siglufjörður
- Héðinsfjörður
- Ólafsfjörður

Siglufjörður og nágrenni

Siglufjörður gengur til suðvesturs inn í Tröllaskaga, umgirtur um 600 – 900 metra háum fjöllum á þrjá vegu. Fjörðurinn er um 8 km langur frá Siglunesi og inn í fjarðarbotn Fjarðaráróss. Breiðastur eru fjörðurinn nyrst um 3 km. Fjörðurinn er nánast undirlendislaus nema í botni fjarðarins að vestan þar sem Þormóðseyri gengur út og stendur þar Siglufjarðarkaupstaður. Eyrin, sem nefnd er eftir landnámsmanninum Þormóði ramma, er mjög lág og blaut. Hún gengur um 400 m út og er lengd hennar um 600 m. Eitt besta skipalægi á Íslandi var við sunnanverða eyrina.

Inn í fjallgarðinn ganga þrír stuttir dalir:

- Skarðsdalur er grynstur og gengur til vesturs. Leiðin um Siglufjarðarskarð liggur um hann.
- Hólsdalur er dýpstur og gengur í suður. Um hann rennur Fjarðará sem er árspræna með litlu rennslissviði.
- Skútudalur gengur til suðausturs. Um Hestskarð og Skútudal voru samgöngur við Héðinsfjörð meðan hann var í byggð.

Vegur liggur vestur fyrir Stráka í gegnum Strákagöng yfir í Skagafjörð.

Héðinsfjörður og nágrenni

Héðinsfjörður gengur inn á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, þröngur og girtur bröttum fjöllum. Fjörðurinn er 5 km að lengd og 2 km að breidd. Víkursandur er sjávarkambur sem lokar þvert fyrir botni fjarðarins og innan við kambinn er 2,7 km langt vatn sem nefnist Héðinsfjarðarvatn. Héðinsfjarðarvatn er gamalt sjávarlón.

Tveir dalir ganga innst inn úr Héðinsfirði:

- Ámárdalur
- Afrétt

Ólafsfjörður og nágrenni

Ólafsfjörður er syðsti og austasti fjörður þessara þriggja fjarða sem tilheyra Fjallabyggð. Hann er 5 km langur og skerst til suðvesturs milli Hvanndalabjargs og Ólafsfjarðarmúla. Þéttbýlið Ólafsfjörður stendur á sandrifi í fjarðarbotninum. Innan við þéttbýlið er um 14 km langur dalur sem einkennist af búsetulandslagi. Neðst í dalnum er Ólafsfjarðarvatn, 2,5 km² stöðuvatn (sbr. Þorsteinn Jósefsson, 1970). Inn af megin dalnum ganga a.m.k. 9 minni dalir sem margir hverjir greinast í enn aðra minni. Helstu dalir fjarðarins eru:

- Ytri-Árdalur
- Skeggjabrekkudalur sem er vinsælt útivistarsvæði
- Kvíabekkjardalur

Vestan megin út með firðinum, við Ytrárdal, eru Kleifar lítið undirlendi þar sem áður var umtalsverð byggð, landbúnaður og útgerð.

Ólafsfjarðarmúli er 415 m sæbratt fjall nyrst og austast í firðinum en um hann lá fjallvegur yfir í Eyjafjörð en í dag eru þar jarðgöng.

Gróðurfar í fjörðunum einkennist af snjóþunga, língresisbrekkum með blönduðum gróðri burkna og lyngs.



Mynd 3 Kleifar



Mynd 4

Náttúra

MARKMIÐ:

Vekja sterka umhverfisvitund hjá íbúum sveitarfélagsins með skýrri umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið sem miðar að varkárni í umgengni við náttúruna og náttúruvernd.

náttúrufar

landslag

verndarsvæði og minjar

veðurfar og náttúruvár

Náttúrufar

Fjallabyggð státar af fjölbreyttri og fagurri náttúru. Eitt af því sem einkennir sveitarfélagið er mikið fuglalíf allt árið um kring. Gróðurfar einkennist af fjölbreyttum og sjaldgæfum tegundum í votlendi og grösugum brekkum.

STEFNUMIÐ:

Þróun og skipulagning byggðar taki tillit til umhverfispátta, með áherslu á ofanflóðahættu, afstöðu sólar, ríkjandi vindáttir og umhverfisvernd.

Hlúa skal að náttúrulegri sérstöðu Héðinsfjarðarvatns og Ólafsfjarðarvatns.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Snjóflóðamannvirki við þéttbýli skulu klárðu svo viðunandi ofanflóðahætta sé innan þeirra og unnt að þetta byggð.

Vötn, ár og sjór

Héðinsfjarðarvatn og Ólafsfjarðarvatn eru stærstu vötnin í sveitarfélaginu. Bæði þessi vötn eru sérstök og með verndargildi vegna náttúrufegurðar, vistsamsetningar og landslagsheilda.

Héðinsfjarðarvatn liggur nyrst í dalbotninum og skilur Víkursandur vatnið frá sjónum. Vatnið er 2,3 km að lengd og um 800 metra breitt. Mikið er af bleikju í Héðinsfjarðarvatni og virðist hún skiptast upp í nokkur afbrigði. Þrjú afbrigði eru í vatninu, hugsanlega fjögur. Vatnið er að mörgu leiti sérstætt á landsvísi og talið geta staðið undir talsverðri veiðisókn.

Lífriki Ólafsfjarðarvatns er mjög fjölskrúðugt og einstakt hvað varðar vistsamsetningu. Það er lagskipt með fersku og söltu vatni og sums staðar eru hlý vatnslög, það er á náttúruminjasrá vegna þessara eiginleika. Vatnið er um 2,5 ferkílómetrar að stærð; um 3 km á lengd og um 1 km á breidd þar sem það er breiðast. Allbreitt rif skilur vatnið frá sjónum og rennur ós úr því til sjávar. Ólafsfjarðarkaupstaður stendur að hluta til á þessu rífi. Í vatninu er mikið af bleikju og benda rannsóknir til þess að þar séu bleikjur með þrennskonar lífsferla. Að jafnaði er mikil bleikjuveiði í vatninu og vatnasviði þess. Vegna eiginleika vatnsins veiðast margar aðrar fiskitegundir, sjávar- og vatnategundir, jafnt sumar sem vetur. Helstu ár sveitafélagsins eru Fjarðará í Siglufirði, Fjarðará í Ólafsfirði og Héðinsfjarðará. (Bjarni Jónsson, 2001)

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að bæði vötnin séu flokkuð í Flokk I, samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 11. gr. sem yfirborðsvatn með sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar. Óheimilt er að losa skólp í yfirborðsvatn í Flokki I en er fráveituvatn einstakra íbúðarhúsa og frístundahúsa undanskilið, enda sé um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum UST að ræða.

Við deiliskipulagningu svæða verði gert ráð fyrir 100 m belti meðfram ám, vötnum og sjó, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast útivist. Á þessi skilmáli þó ekki við um nýjar landfyllingar í þéttbýli.



Mynd 5 Ólafsfjörður

Sveitarfélagið mun stuðla að rannsóknum og vöktun á náttúru og lífríki Héðinsfjarðar- og Ólafsfjarðarvatns. Verður það unnið og fjármagnað í samráði við þær stofnanir sem málið varðar innanlands sem utan.

Fuglalíf

Mikið fuglalíf er í Fjallabyggð allt árið um kring. Um 18 tegundir eru að jafnaði taldar í jólatalningu Náttúrufræðistofnunar. Fjölbreytilegasta fuglalífið í Siglufirði er í kringum Leirurnar, flæðisanda innst í firðinum (Fjallabyggð, 2009). Fuglalíf í Héðinsfirði einkennist af mófuglum sem búa í lyngmóum og graslendi. Eru það þúfuttlingur, heiðlóa, rjúpa og hrossagaukur. Í skriðum, urðum og giljum eru snjótittlingar og steindepill. Í kjarrlendi eru skógarprestir. Allar tegundirnar eru algengar og útbreiddar á landsvísu. Í flóanum inn af Héðinsfjarðarvatni eykst á fjölbreytileikann þegar komið er inn á búsvæði vatnafugla. Þar er að finna álf, stökkönd, urtönd, straumönd, æður og toppönd auk mófugla eins og jaðrakan, spóa, stelk og óðinshana. Himbrimi og straumönd eru einu tegundirnar sem fundust á athugunarsvæðinu sem eru á valista (Ólafur K. Nielsen, 2001). Gera má ráð fyrir að sömu tegundir finnist einnig beggja vegna Héðinsfjarðar. Frekari lýsingu má lesa í kaflanum ítarefni.

Gróðurfar

Gróðurfar í sveitarfélaginu er fjölbreytt og einkennist af snjóþunganum sem þar ríkir á vetrum auk votlendis og mýrargróðurs. Sjaldgæfar plöntur á landsvísu eru óvenju útbreiddar en þó eru engar plöntur á válista. Þetta eru burknar eins og skollakambur, þúsundblaðarós og skjaldburkni, auk jafna eins og lygnjafna og litunarjafna, og blómjurta eins og bláklukkulyngs, skollaberja, skrautpunts og hjarafífls. Einnig er mikið af brönugrösum, hárdeplu og fjandafælu. Eru aðalheimkynni tveggja þessara tegunda á Íslandi, hjartafífls og bláklukkulyngs, á skögunum beggja vegna Eyjafjarðar. Frekari lýsingu má lesa í kaflanum ítarefni.

Aðfluttar plöntur, s.s. alaskalúpína ógna nú þegar sjaldgæfum gróðursamfélögum í sveitarfélaginu. Héðinsfjörður og aðrir eyðidalir s.s. Hvanndalir, Víkurdalur og Nesdalur hafa ekki orðið fyrir miklum áhrifum af mannavöldum og er lagt til að ekki verði leyfilegt að gróðursetja eða sá aðfluttum plöntutegundum þar. Samantekt um ákvæði er varða Héðinsfjörð má lesa í kaflanum ítarefni.

Landslag

Fjallabyggð býr að, eins og nafnið gefur til kynna, miklu fjalllendi. Tröllaskaginn er rómaður fyrir sína fögru tinda og þverhníptu fjöll sem steypast til sjávar. Firðirnir eru nokkuð þröngir með litlu undirlendi og dalirnir eru jökulsorfnir eftir ísaldarjökla sem skilið hafa eftir sig grettistök og jökulurðir.

STEFNUMÍÐ:

Trjágróðri sé plantað þannig að falli vel að náttúrulegu umhverfi.

Landnýting, í og utan þéttbýlis, taki mið af umhverfi og náttúrulegri ásýnd.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Skógrækt sé stunduð í samvinnu við skógræktarfélög og Norðurlandsskóga. Ný íbúðarsvæði, byggingar eða önnur inngrip í landslagið s.s. skógrækt, skal leitast við að fella að landslaginu þannig að landslagsheildir og svæði haldi sínum einkennum.

Sérstaklega skal gæta að svæðum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd (mýrar, flóar, fossar og leirur) við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda utan þéttbýlis. Mikilvægt er að náttúrulegum birkiskógum og öðrum lykilvistkerfum sé ekki raskað.

Jarðfræði

Blágrýtissvæðið hér Norðanlands og á Vestfjörðum er með elstu hlutum Íslands. Berggrunnurinn á Tröllaskaga milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar er byggður upp af hraunlögum sem runnu á tertíertíma og eru elstu lögin á utanverðum skaganum um 11 milljón ára gömul. Megineldstöðvarnar sem mótuðu þennan landshluta eru í Flókadal í Fljótum, við Hóla í Öxnadal, við Austurdal og á Nýjabæjarfjalli.

Á nokkrum endurteknum ísaldarskeiðum hafa geysiöflugir skriðjökla sorfið til fjöllin og skafið niður skálar og dali í það landslag sem við sjáum í dag.

Berggangar eru mjög algengir á þessu svæði en þeir eru oftast en ekki harðari en grannbergið. Frekari umfjöllun um jarðfræði svæðisins má lesa í kaflanum ítarefni.

Sveitarfélagið mun eftir bestu getu varast að raska jarðfræðilegum fyrirbærum.

Búsetulandslag

Búsetulandslag er vítt hugtak sem nær til alls þess landslags sem maðurinn hefur mótað með búetu sinni og nýtingu á náttúrunni, t.d. hefur sauðfjárbreit í gegnum árin haft víðtæk áhrif um allt land þar sem skóglendi og annar gróður hefur farið hverfandi að hluta til sökum þess. Einnig má víða finna framræst tún og túngarða sem hafa breitt ásýnd landslags. Býli, nytjuð tún og beitolönd eru víða í sveitarfélaginu þó þau séu tiltölulega lítil miðað við mörg önnur sveitarfélög.

Engin lög fela í sér verndun sérstaks búsetulandslags en sveitarfélagið mun beita fyrir sig t.d. hverfisvernd þar sem þykir vert að vernda heildarásýnd búsetulandslags, sbr. Kleifar. Auk þess að beita sér fyrir verndun búsetulandslags mun sveitarfélagið taka tillit til ásýndar lands með sérstökum landslagseinkennum s.s. fossum, giljum og skógrækt þegar til framkvæmda kemur í dreifbýli.



Mynd 6 Búsetulandslag

Skógrækt

Skógrækt í Skarðsdal hófst árið 1951 þegar Skógræktarfélag Siglufjarðar sem stofnað var árið 1940 hóf gróðursetningu skógarplantna í landi Skarðdalskots. Þar hefur vaxið verulega myndarlegur skógur í fögru umhverfi þar sem Leyningsfoss (Kotafoss) setur mikinn svip á staðinn. Skógræktin í Skarðsdal hefur á síðustu árum verið eitt helsta útivistarsvæði Siglufjarðinga. Gert er ráð fyrir að það stækki og samþættist við útivistar- og frístundasvæði í Hólsdal og Skarðsdal.

Sitkagreni vex þar af krafti, en blágreni er sú planta sem hefur reynst einna harðgerðust í köldum árum. Einnig dafnar allvel stafafura og lerkí. Íslenska birkið virðist hins vegar hafa átt erfitt uppdráttar á þessum stað. Ræktun þessa skógar var lengst af í höndum frumkvöðulsins Jóhanns Þorvaldssonar fyrrverandi skólastjóra.

Í Fjallabyggð er einungis ein jörð með frágenginn útplöntunarsamning við Norðurlandsskóga, Þverá í Ólafsfirði. Kálfsárkot hefur verið í skjólbeltarækt.

Skógrækt er alla jafna leyfð á landbúnaðarsvæðum uppí allt að 400 m hæð yfir sjávarmáli en tekið skal fram að skógrækt sem nær til 200 ha svæðis eða meira er tilkynningaskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og háð framkvæmdaleyfi sbr. skipulags- og byggingarlög. Um svæði skilgreind með aðra landnotkun er það skipulags- og umhverfisnefndar að veita umsögn um hvort fyrirhuguð skógrækt samræmist skipulagsáætlunum.

Á landbúnaðarsvæðum gildir að áður en ný svæði eru tekin til skógræktar er sett krafa á ræktendur að skila inn afmörkun á korti ásamt lýsingu á gerð og notagildi skógræktarinnar. Ekki er verið að krefjast nákvæmra skógræktaráætlana, en krafa sett um að skipulags- og umhverfisnefnd hafi fjallað um málið og athugað hvernig fyrirhuguð skógrækt fellur að skipulagsáætlunum í sveitarfélaginu. Einnig þá hvort hún ógni sérstökum landslagsgerðum, þjóðleiðum, menningar- og náttúruminum, fornminjum, vatnsbólum o.s.frv.

Við útplöntun skal þess gætt að skógræktin spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetumínum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða og að a.m.k. 30 – 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Bent skal á að skv. 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda þá er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.

Skipulagsáætlanir í Fjallabyggð munu taka mið af leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar og Skógræktar ríkisins „Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga“ og miðað að því að öll skógrækt sé gerð í samræmi við leiðbeiningarhefti Skógræktar ríkisins „Skógrækt í sátt við umhverfið“.

Mynd 7



Verndarsvæði og minjar

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með náttúru landsins og umsjón með náttúruverndarsvæðum. Við mannfólkið berum ábyrgð á náttúru jarðar og ber okkur að nýta hana með aðgát og fyrirbyggju svo ekki hljótist óbætanlegt tjón.

Þjóðminjar eru sýnilegar minjar um líf og menningu þjóðar fyrr á öldum s.s. fornleifar, gömul mannvirki o.fl. Það ber að vernda skv. þjóðminjalögum.

STEFNUMIÐ:

Áhersla á náttúruvernd og verndun menningar- og náttúruminja.

Sérkenni og saga sveitarfélagsins verði sýnileg með merkingu, verndun og viðhaldi minja.

Vernda skal vatnsgæði í sveitarfélaginu.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Merkja skal náttúru- og menningarminjar í sveitarfélaginu til að stuðla að aukinni meðvitund íbúa um umhverfi sitt, m.a. með upplýsingaskiltum, bæklingum og á heimasíðu Fjallabyggðar.

Vatnsból séu afgirt og upplýsingar um vatnsverndarsvæði séu aðgengilegar.



Mynd 8

Náttúruminjar

Engin friðlýst svæði eru í sveitarfélaginu en eftirfarandi svæði eru á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun.

Fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar

Meðal landsvæða sem eru á náttúruminjaskrá sem „aðrar náttúruminjar“ er fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Hafnarfjall og Hafnarhyrna eru á Náttúruminjaskrá frá 1996 sem hluti af stærra svæði, þ.e. svæði nr. 423/501 en þar segir:

Fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

Ólafsfjarðarvatn

Ólafsfjarðarvatn er á náttúruminjaskrá sem aðrar minjar nr. 539, en þar segir:

Ólafsfjarðarvatn, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (1) Strandvatn, 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufyrirbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki. (www.ust.is)

Héðinsfjörður

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 var Héðinsfjörður útlistaður í tillögum að friðlandi. Svæðinu er lýst eftirfarandi;

Stórbrotið landslag, fjalllendi og dalir. Dalur með votlendi og vel grónum hliðum. Svæðið er mjög snjópungt og því er þar fjölbreyttur snjóðældagróður. Óvenjumikið af sjaldgæfum háplöntum. Skollaber finnst á einum stað og nokkrir fundarstaðir hjartafíls og skollakambs. Aðrar sjaldgæfar tegundir sem vaxa í nokkrum mæli eru bláklukkulyng, skrautpuntur, lyngjafni, þríhyrnuburkni, þúsundblaðarós, baunagras og þéluskóf.

Fjörðurinn er tilvalinn til útivistar svo sem til gönguferða um stórbrotið gróðursælt land. Helstu raskanir og ógnanir sem steðja að svæðinu eru talin; vegagerð vegna Héðinsfjarðargangna, aukin sumarbústaðabyggð og vegagerð tengd henni og loks notkun framandi gróðurtegunda s.s. alaskalúpínu.

Svæðið er einnig afmarkað og lýst á eftirfarandi listum; Vatnavernd Náttúruverndarráðs (svæði B-26) og Votlendisskrá Landverndar (svæði C-22) sbr. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 (Umhverfisstofnun, 2006).

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um gróðurfar í Héðinsfirði, vegna mats á umhverfisáhrifum Héðinsfjarðarganga segir;

Sérstaða Héðinsfjarðar og verðmæti til útivistar byggist hins vegar mjög á því, hversu einangraður hann hefur verið og af þeim ástæðum tiltölulega ósnortinn af ýmsum framkvæmdum sem einkenna bæði Siglufjörð og Ólafsfjörð. Hvergi er betra sýnishorn af hinum sérstæða gróðri útsveitanna við Eyjafjörð. Þessa sérstöðu Héðinsfjarðar væri æskilegt að varðveita.

Skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en ráðist er í framkvæmdir sem spilt geta svæðum á náttúruminjasrá og svæða sem innihalda hugsanlegar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.

Fjallabyggð mun taka tillit til þeirra náttúruminja sem í sveitarfélaginu eru þegar ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir.

Brýnt er að unnið skuli að heildstæðri skipulagningu fyrir Héðinsfjörð m.t.t. þeirrar náttúru og fornminja sem þar eru. Samantekt um ákvæði er varða Héðinsfjörð má lesa í kaflanum *ítarefni*.

Vatnsvernd og flokkun

Vatnsból Fjallabyggðar eru fjögur talsins, tvö á Siglufirði og tvö í Ólafsfirði:

1. Á Siglufirði er beisluð neðanjarðarlind í brún Hvanneyrarskálar.
2. Í Hólsdal (áreyrum Fjarðarár) eru brunn-, grann-, og fjarsvæði sem vatnsverndarsvæði.
3. Rétt norðan við þéttbýlið í Ólafsfirði, norðan við Brimnesá, er vatnsból og kemur vatnið úr Gvendarskál Múlakollu. Verndarsvæði vatnsbólsins er hlíðin ofan við og setfyllingar í Gvendarskál. Fjarsvæði eru fjallshlíðar í skálinni og fjallstindurinn ofan við.
4. Á Brimnesdal er vatnsból og er verndarsvæði þess urðartungan ofan og framan við vatnsbólið og upp í fjallshlíðina. Fjarsvæðið nær upp á efstu fjallseggjar.

Vatnsverndarflokkarnir eru eftirfarandi:

- I. flokkur Brunnsvæði
- II. flokkur Grannsvæði
- III. flokkur Fjarsvæði

Þessi svæði eru vernduð samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. breytingu með reglugerð nr. 533/2001, vegna takmarkandi landnotkunar og nýtingu á þessum svæðum.

Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Ekki er talin þörf á að skilgreina og flokka vatn í sveitarfélaginu nema þann strandsjó sem er virkur viðtaki frárennslis þéttbýlisstaðanna. Hönnun og frágangur við fráveitu í sveitarfélaginu miðar að því að uppfylla þessi skilyrði.

Í reglugerðinni segir ma.:

8.1 Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.

Flokkun vatns skal vera sem hér segir:

Flokkur	Ástand	Litamerking
Flokkur A	Ósnortið vatn	Blátt
Flokkur B	Lítið snortið vatn	Grænt
Flokkur C	Nokkuð snortið vatn	Gult
Flokkur D	Verulega snortið vatn	Appelsínugult
Flokkur E	Ófullnægjandi vatn	Rautt

Gert er ráð fyrir göngu- og reiðleiðartengingum inn Hólsdal og áfram til Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar. Við nánari útfærslu þeirrar leiðar verður leitast við að sneiða framhjá grann- og brunnsvæði vatnsveitunnar. Einnig er gert ráð fyrir að brunnsvæði vatnsveitunnar verði girt af á skipulagstímabilinu.

Gert er ráð fyrir göngu- og akstursleið upp í Hvanneyrarskál. Akstursleiðin er þó einungis til að þjónusta endurvarpstöð sem þar er, með takmörkuðum aðgangi. Leitast verður við að sneiða framhjá grann- og brunnsvæði vatnsveitunnar. Vegna náttúrulegra aðstæðna, liggur göngu og akstursleiðin upp í Hvanneyrarskál í gegnum brunnsvæði vatnsveitunnar. Leitast verður við að sneiða framhjá grann- og brunnsvæðinu og það verði girt af beggja vegna á skipulagstímabilinu. Vert væri að vekja athygli vegfarenda á verndarsvæðinu með skiltum við veginn, til að auka líkur á að gert yrði vart við ef olíumengandi slys yrði.

Ekki er nauðsynlegt að girða vatnstökusvæði af nema brunnsvæði skal girt minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Stefnt er að tímasettri áætlun um verndun vatnsgæða strandlengjunnar í botni Siglufjarðar, í botni Héðinsfjarðar og við ósa Ólafsfjarðar á skipulagstímabilinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og sbr. fylgiskjal 2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, þegar nánari flokkun og úrvinnsla þar að lútandi hefur farið fram í samráði við Heilbrigðiseftirlitið.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að sem langtímamarkmið fyrir strandsjó nærri þéttbýli skuli stefnt að því að hann sé í flokki A, nema visst þynningarsvæði við útrásarop fráveitunnar. Annað vatn í sveitarfélaginu skuli ná mörkum til að falla undir flokk A, til lengri tíma lítið.

Verndarsvæði fugla

Mikið fuglalíf er í Fjallabyggð og nálægt 35 tegundir fugla verpa þar og að auki dvelja þar 30 tegundir mislengi sem flækingar eða fargestir.

Langmesta og fjölbreytilegasta fuglalífið er í kringum Leirurnar svo nefndu, flæðisanda innst í Siglufirði. Þar hefur frá því um 1980 orðið til allstórt kríu- og æðarvarp, beggjamegin fjarðar.

Við deiliskipulagningu þessa svæðis og nærliggjandi svæða skal sérstaklega tekið tillit til fuglalífs. Nokkur svæði eru skilgreind sem „strandsvæði“ sem felur í sér umhverfislegt verndargildi auk þeirrar miklu viðbótar við „opin svæði til sérstakra nota“ sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir.

Lögð verði áhersla á varðveislu og góða umgengni og kannaðir möguleikar á aukinni ferðamennsku í tengslum við svæðin.

Þjóðminjaverndarsvæði

Fornleifaskráning hefur farið fram í öllu sveitarfélaginu og eru þrjú hús á Siglufirði vernduð og tvær kirkjur í Ólafsfirði, Kvíabekkjarkirkja og Ólafsfjarðarkirkja. Engar fornleifar eru friðlýstar en fjöldi fornminja hafa verið skráðar ýmist skv. heimildum eða með vettvangsskoðun. Ítarlegri umfjöllun má lesa í kaflanum ítarefni.

Ströng lög gilda um fornleifar sem kallast Þjóðminjalög 107/2001. Í 10. gr. kemur fram að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Taka ber tillit til allra þekktra fornleifa við frekari skipulagsgerð.

Það er markmið sveitarfélagsins að stuðla að verndun merkra fornleifa og forðast að hrófla við minjum eftir því sem frekast er kostur. Stuðla skal að rannsóknnum og kynningu og að gera menningarsögulega arfinn sem best aðgengilegan íbúum og ferðalöngum.

Vernda skal og bæta þær byggingar sem taldar eru hafa byggingarlistrænt eða menningarsögulegt gildi. Varðveislugildi bygginga frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Tryggt verði að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í bæjarmyndinni.

Lögð verður áhersla á endurgerð gamalla húsa í sveitarfélaginu og varðveislu muna tengdum fyrri byggð og menningu.

Hverfisvernd

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er sveitarstjórn mögulegt að setja fram stefnu og skilyrði um vernd náttúruminja, menningarsögulegra svæða eða bygginga með hverfisvernd sem felur samt ekki í sér lögformlega friðun.

Á fyrra aðalskipulagi Siglufjarðar var skilgreind hverfisvernd á eyrinni sem afmarkast af Grundargötu, Aðalgötu, Eyrargötu og Norðurgötu. Verður það hverfi áfram skilgreint sem hverfisverndarsvæði.

Vernda skal og bæta svæði eða hverfi sem hafa sérkennandi yfirbragð og eru mikilvægur hluti af bæjarmyndinni. Varðveislugildi hverfa frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Gróðursæld og gróðureinkenni eldri hverfa verði varðveitt og styrkt.

Grundargata, Aðalgata, Eyrargata og Norðurgata

Uppbygging og endurgerð eldri merkra húsa hefur átt sér stað í hverfinu og er gert ráð fyrir að halda áfram á sömu braut og mynda heildstætt hverfi húsa með menningarsögulegt gildi. Hverfið býður einnig upp á þéttingu byggðar t.d. með flutningi á eldri húsum sem varðveislugildi hafa.

Um nánari stefnumörkun vísast í gerð deiliskipulags svæðisins.

Kleifar


Byggingaþyrpingin á Kleifum einkennist af sérstökum byggingarstíl og sögulegri tengingu við útgerð og landbúnað. Aðalskipulagstillagan gerir því ráð fyrir hverfisverndarákvæðum á Kleifum. Einkenni húsagerðar er að flest eru þau háreist, tvílyft á kjallara gjarnan með kvistum a.m.k. á framhlið húsa og flest eru þau timburhús með bárujárni eða forsköluð og voru byggð á tímabilinu 1930-1960.

Hverfisverndin felur í sér verndun á yfirbragði núverandi mannvirkja, auk þess sem landeigendum verður gert kleift að halda áfram þeirri landnotkun sem saga staðarins er byggð á, þ.e. sauðfjárbúskap og útgerð. Frekari uppbygging á Kleifum krefst deiliskipulags og framkvæmdaleyfis en ný mannvirki skulu fylgja þeim byggingarstíl sem fyrir er á staðnum. Um nánari stefnumörkun vísast í gerð deiliskipulags svæðisins.




Mynd 9 Kleifar er hverfisverndað

(Gísli Kristinsson)



Kort 2 Svæði á náttúruinjasrá, fornminjar og vatnsverndarsvæði í sveitarfélaginu



Kort 3 Svæði á náttúruminjaskrá, vatnsverndarsvæði, fornminjar, hverfisvernduð svæði og strandvernd á Siglufirði



Kort 4 Svæði á náttúruminjaskrá, fornminjar og hverfisvernduð svæði í Ólafsfirði

Umhverfismat stefnumiða - Verndarsvæði og minjar

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um verndarsvæði og minjar	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Menningar- og náttúruvernd	+	+	0	0

Verndun þjóðminja-, menningar- og náttúruminja í sveitarfélaginu er mjög meðvituð og umfangsmikil. Ríflega 86% sveitarfélagsins er á náttúruminjasrá vegna sérstaks gróðurfars og landslagsheilda eða einstaks lífríkis (Ólafsfjarðarvatn). Fimm hús eru friðuð sem þjóðminjar og svæði í miðbæ Siglufjarðar og húspyrpingin á Kleifum með hverfisverndarákvæðum.

Stefna tillögunnar um verndun á skipulagstímabilinu er talin hafa jákvæð áhrif á flesta umhverfisvísa tengda *samfélagi* og *náttúrufari*. Áhrif á umhverfispætti *heilsu og vellíðunar* eru lítil engin. Það sama er að segja um áhrif á umhverfisvísa *byggðar og efnislegra verðmæta*, að umhverfisáhrif tillögunnar eru talin líkleg til að vera jákvæð eða engin á skipulagstímabilinu. Umhverfisvísar með engin teljandi áhrif voru fleiri en vissulega getur tillagan haft einhver jákvæð eða neikvæð áhrif á fyrirkomulag byggðar sem markast af verndarákvæðum.

Veðurfar og náttúruvár

Bera þarf virðingu fyrir náttúruöflunum. Í fjalllendu landslagi eins og í Fjallabyggð eru ofanflóð stór þáttur sem taka þarf tillit til við skipulagningu. Úrkoman, sem ýmist fellur í formi rigningar eða snjókomu, er yfirleitt orsakavaldur þess að ofanflóð eiga sér stað.

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). Um landnotkun á svæðum þar sem hætta er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða.

STEFNUMÍÐ:

Vinna markvisst að uppbyggingu snjóflóðavarnargarða þar sem þess krefst til að stuðla að öruggu umhverfi manna og dýra.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Vinna að markvissum og vel ígrunduðum deiliskipulögum þegar kemur að frekari uppbyggingu.

Veðurfar

Veðurfar í Fjallabyggð er töluvert frábrugðið því sem víðast er á Íslandi, sökum hárra fjalla og nálægðar við opið haf móti norðri.

Siglufjörður

Á Siglufirði er lygnara en víða á norðanverðum Tröllaskaga. Nálægð við sjóinn dempar hitafar; ekki er eins hlýtt á sumrum og inni í landi og ekki er eins kalt á vetrum eins og inni í landi. Algengustu áttir laga sig að landslaginu og eru því úr suðvestri og norðaustri.

Úrkoma mælist mikil í kaupstaðnum, mun meiri en á næstu stöðvum. Úrkoma fellur nær eingöngu í norðaustlægum áttum yfir vetrarmánuðina og þá sem slydda eða snjór.

Snjóþyngsli eru með því mesta sem gerist í byggð í landinu og er jörð talin alhvít að jafnaði mánuðina nóvember til apríl. Reiknuð 50 ára snjódýpt er meiri en 200 cm á Siglufirði (Hættumatsnefnd, 2001).

Ólafsfjörður

Hiti í Ólafsfirði hefur mælst heldur lægri á veturna en á Siglufirði en að sama skapi er ívið hlýrra að sumarlagi á Ólafsfirði. Hnjúkaþeyr er tíður samfara suðvestanátt í Ólafsfirði og hiti yfir 10°C er ekki óalgengur yfir vetrartímann.

Mælingar sýna að langtíðustu vindáttirnar eru annars vegar suðvestanátt og hinsvegar norðaustanátt og fellur það heim og saman við legu bæjarins í landslaginu.

Á Ólafsfirði er tíð hafgola yfir sumarmánuðina sem helgast af því að yfir daginn þegar heitt loft stígur upp af vatninu þá dregur það kalt loft inn fjörðinn frá úthafinu.

Ólafsfjörður, rétt eins og nágrannabyggðirnar á norðanverðum Tröllaskaga, eru með þeim snjóþyngstu á landinu.

Gröf með hitastigi og vindrósir ásamt frekari umfjöllun um veðurfar og veðurathugunarstöðvar má lesa í kaflanum ítarefni.

Jarðskjálftar

Fjallabyggð og nágrenni er á jarðskjálftasvæði og er innan svæðis þar sem jarðskjálftavá er talsvert hærri en gengur og gerist. Jarðskjálftabelti liggur úti fyrir mynni Eyjafjarðar og annað sem liggur um Fljótin og yfir Tröllaskagann um Dalvík. Fjallabyggð er mitt á milli þessara belta og er á hönnunarhröðunarsvæði 0,40 g miðað við 500 ára meðalendurkomutíma sem er hæsti áhættuflokkur.

Varðandi hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum skal tekið tillit til gr. 126 í Byggingarreglugerð nr. 441/1998

Gildir evrópski forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum um byggingu mannvirkja í Fjallabyggð.



Mynd 10

Ofanflóð

Hætta á snjóflóðum er einkum samfara snjókomu í austanátt en einnig getur safnast snjór í hlíðina ef mikil snjócoma verður í logni eða hægum vindi. Aurflóðahætta er mest samfara mikilli rigningu eða hláku.

Siglufjörður

Stór hluti byggðarinnar á Siglufirði er á snjóflóðahættusvæði. Vegna legu fjarðarins þá lagar vindur á láglendi sig eftir honum og því er oft norðaustan átt í norðlægum áttum.

Ekkert manntjón er skráð af völdum snjóflóða í þéttbýlinu þar sem nú er Siglufjarðarbær. Nokkrum sinnum hefur þó hurð skolið nærri hælum og í sumum tilfellum hafa orðið verulegar skemmdir á mannvirkjum.

Ýmis varnavirki, garðar og stoðvirki, hafa verið reist til að koma í veg fyrir snjóflóð í hlíðum ofan þéttbýlisins og eru stærstu mannvirkin leiðigarðurinn Stóri Boli og þvergarðarnir Skálarripill og Bakkaripill.



Mynd 11 Snjóflóðavarnargarðar á Siglufirði

Ólafsfjörður

Heimildir segja að snjóflóð hafa ekki verið algeng í hlíðum ofan Ólafsfjarðarbæjar en þau eru tíð handan fjarðarins og innar í firðinum þar sem þau hafa valdið bæði mann- og eignatjóni.

Aurflóð eru hins vegar algengur skaðvaldur í kaupstaðnum og nágrenni hans. Eftir aurflóð sem áttu sér stað 1988 voru grafnir skurðir í laus jarðlög í hlíðinni til þess að ræsa fram grunnvatn og draga með því úr hættu á aurflóðum.

Héðinsfjörður

Snjóflóð hafa víða fallið í Héðinsfirði, en tíðni þeirra er misjöfn. Þau eru yfirleitt þurr flóð, sem falla í norðlægri stórhrið.

Skíðasvæðin í Skarðsdal og Hólsdal

Mörg snjóflóð hafa fallið í Skarðsdal svo sögur fara af og árið 1995 féll stórt snjóflóð úr norðurhlíð dalsins sem eyðilagði upphafsstöð og lyftuhús neðstu skíðalyftunnar. Í Hólsdal er skál sem talin er vera ein af hættulegustu upptakasvæðum landsins. Hættumat hefur verið gert fyrir skíðasvæðin af Veðurstofu Íslands.

Nánari umfjöllun um ofanflóð má lesa í kaflanum ítarefni auk landnotkunartöflu á bls 201.

Í lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum er mælt fyrir að meta skuli hættu á snjóflóðum í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Metin áhætta er afmörkuð á þrenns konar hættusvæði.

Hættusvæði **A** (gulur litur) þar sem staðaráhætta er á bilinu 0,3 til 1 af 10.000 á ári.

Hættusvæði **B** (blár litur) þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.

Hættusvæði **C** (rauður litur) þar sem staðaráhættan er meiri en 3 af 10.000 á ári.

Staðaráhætta er ásættanleg í íbúðarhúsum, skólum, leikskólum, sjúkrahúsum og samkomuhúsum ef hún er minni en 0,3 af 10.000 á ári samkvæmt 11. grein reglugerðar nr. 505/2000.

Varðandi reglur um nýtingu hættusvæðanna vísast í 19. gr. reglugerðar um hættumat, flokkun og nýtingu hættusvæðanna.

Settur er fyrirvari um hugsanlega ofanflóðahættu utan þéttbýlis sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 505/2000.



Mynd 12 Snjóflóðavarnargarður á Siglufirði



Kort 5 Hættumatskort Ví af Siglufirði með drögum að endurskoðun 16.12.2009 í norðurhluta þéttbýlisins.

Siglufjörður

Uppbyggingu varnavirkjanna er ekki lokið en tekið er tillit til þess sem búið er að byggja í rýmingaráætlun. Hættumat hefur verið endurskoðað formlega fyrir neðan Jörundarskál og Strengsgil en ekki neðan annarra varnavirkja. Nýbyggðir varnargarðar yfir byggðinni norðan Strengsgilja eru ekki sýndir á rýmingarkorti Veðurstofu Íslands frá nóvember 2007. Kortið var endurskoðað og útgefið í desember 2009 en endurskoða þarf hættumatslínur undir Hvanneyrarskál í ljósi snjóflóðs sem féll fram úr Vatnsendaskál í Héðinsfirði árið 2004.

Á hættumatskorti er stór hluti Siglufjarðar á hættusvæði A, B og C og því nauðsynlegt að koma upp frekari snjóflóðavörnum.

Skíðasvæðin í Skarðsdal og Hólsdal

Niðurstöður hættumatsins leiddu í ljós að hluti skíðasvæðisins í Skarðsdal er innan hættusvæðis þ.e.:

- neðri-lyfta ásamt tilheyrandi safnsvæði, þ.e. raðasvæði, bílastæði og skála eru á hættusvæði C.
- svæðið neðan fyrsta masturs á T-lyftu og safnsvæði er einnig á svæði C.

Bungulyftan og sá hluti T-lyftu sem er ofan fyrsta masturs eru utan hættusvæða.

Ber rekstraraðilum að gera áætlun um viðbúnað eða aðgerðir til að tryggja ásættanlegt öryggi fólks vegna ofanflóða þar sem fyrrnefnd svæði eru innan hættusvæðis skv. reglugerð 606/2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum. Í Hólsdal getur reynst nauðsynlegt að loka gönguskíðabrautinni þegar snjóflóðahætta er talin veruleg. Rekstraraðili ætti einnig að gera áætlun um daglegt eftirlit fyrir gönguskíðasvæðið í Hólsdal rétt eins og fyrir skíðasvæðið í Skarðsdal.

Héðinsfjörður

Með byggingu Héðinsfjarðarganga þarf að gera snjóflóðavarnargarð við austari gangnamunnan, Ólafsfjarðarmegin, vegna snjóflóðahættu. Mörg snjóflóð hafa fallið í Héðinsfirði og því mikilvægt að uppfylla kröfur um snjóflóðavarnir.



Kort 6 Hættumatskort VÍ af Ólafsfirði

Ólafsfjörður

Byggður hefur verið snjóflóðavarnargarður fyrir ofan Hornbrekku. Svæðið er deiliskipulagt og mun verða hluti af útivistarsvæði Ólafsfirðinga.

Ef ekki kemur til gerðar nýrra Ólafsfjarðarganga reynist nauðsynlegt að breikka núverandi göng og fara í kostnaðarfrekar snjóflóðavarnir í Sauðanesskriðum en snjóflóðahætta er mikil á því svæði.

Sjávarflóð

Á strandlágum svæðum getur skapast hætta á sjávarflóðum af fjórum ástæðum:

- vegna hækkunar sjávarborðs á heimsvísu, spá Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir 0,2-0,6 m á öldinni.
- sigi á berggrunni, berggrunnurinn í sveitarfélaginu mun líklega síga um 35 cm á næstu 100 árum.
- sig á fyllingum getur orðið um 30 cm
- vegna langrar öldu

(Þorsteinn Jóhannesson, 2010)

Siglunes er nyrsta nesið milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. Tangi sem gengur vestur úr neginu fyrir mynni Siglufjarðar er skilgreindur sem svæði undir náttúruvá sökum ágangs sjávar. Siglunes og Hellan sem teygir sig til vesturs virkar sem náttúrulegur öldubrjótur og skýlir Siglufjarðarhöfn fyrir úthafsöldu. Siglingastofnun hefur fylgst með þróun svæðisins og sýna mælingar að breidd þessa nesi er aðeins 55% af því sem var árið 1945. Er það einungis 25,6 m þar sem það er mjóst. Reiknar Siglingastofnun með að hugsanlega 50-70 ár geta liðið áður en skarð kemur í nesið.

Vegna hættu á sjávarflóðum á standlágum svæðum skal ávallt leita umsagnar Siglingastofnunar við skipulagningu mannvirkja við strandir.

Svæðið á Siglunesi sem skilgreint er undir náttúruvá hefur landnotkunina óbyggt svæði og lengra inn á neginu er frístundabyggð.

Mikið er af rústhólum og öðrum áhugaverðum fornminjum þar sem Siglunes var eitt af fyrstu útverum landsins. Safna þarf upplýsingum um þær áður en þær sópast í sjóinn.

Ekki er gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en sjóvarnargörðum á svæðinu sem fellur undir náttúruvá.

Fiskverkunarhús og frístundahús standa við mörk skilgreinda svæðisins sem fellur undir náttúruvá. Þar er gert ráð fyrir að sjóvarnargarðar verði reistir mjög fljótt á skipulagstímabilinu til að forðast tjón. Áætlað er að garður við fiskverkunarhús verði ca. 60 m að lengd og við frístundahús ca. 20 m, eru þeir merktir V1 á uppdrætti. Efni verður sótt í námu úr framhlaupi vestan við Siglunesvíta, E9.

Bent er á nánari lýsingu á görðum í landnotkunartöflu á bls 201.

Umhverfismat stefnumiða - Náttúra

Umhverfismat stefnumiða um náttúru	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	+	+	0

Jákvæð og varfærin umgengni við náttúruna ásamt náttúruvernd leggur grunn að áætlunum í öðrum málaflokkum skipulagsins. Málaflokkur náttúrumála er breiður og tengist öðrum flokkum í umhverfismati og umfjöllun. Flokkurinn inniheldur umfjöllun um málefni; náttúrufars, landslags, verndarsvæða og minja og veðurfars og náttúruvár.

Stefna aðalskipulagstillögunar með stefnumiðum fyrrgreindra málefnaflokka er talin líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfispætti samfélags, náttúrufars og heilsu og vellíðunar á skipulagstímabilinu. Áhrifin eru hvorki talin teljandi jákvæð eða neikvæð fyrir umhverfisvísa tengdum byggð og efnislegri verðmæta.

Mjög brýnt er að varkárni sé gætt í öllum fyrirhuguðum framkvæmdum svo rask á náttúru og lífríki sé lágmarkað og að þær falli vel að landslaginu.



Mynd 13 Á Siglufirði



Búseta

MARKMIÐ:

Vinna skal að markvisst að því að deiliskipuleggja íbúðarhverfi í sveitarfélaginu.

Uppbygging og þétting byggðar skal taka mið af umhverfi og náttúrulegum aðstæðum.

Ákvörðunarferli og stjórnsýsla skulu vera lýðræðisleg, gagnsæ og taka mið af sjónarmiðum íbúa.

Áhersla á samþætt og fjölskylduvænt samfélag.

*saga byggðar og íbúðapróun
íbúðarsvæði
ásýnd og yfirbragð byggðar
frístundabyggð*

Saga byggðar og íbúabróun

Þéttbýlin Siglufjörður og Ólafsfjörður eiga hvort um sig áhugaverða landnámssögu sem rekja má aftur til ársins 900 til tíma Haraldar Noregskonungs. Þéttbýlin hafa bæði átt sína uppgangstíma sem eru í öllum tilvikum tengd sjósókn eða fiskvinnslu.

STEFNUMÍÐ:

Stuðla að uppbyggingu atvinnugreina og þjónustu í aðlaðandi og öruggu umhverfi í fjölskylduvænu samfélagi

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Bæta samgöngur innan sveitarfélagsins og stuðla að öflugum framhaldsskóla.

Bæta aðstöðu fyrir stærri og smærri báta auk þess að styðja við ferðaþjónustu.

Búseta Siglufjarðar

Vegna ófriðar og landleysis í Noregi um árið 900 yfirgaf Þormóður rammi Haraldsson Noreg. Hann sigldi yfir hafið og nam land á Siglunesi, sem er við mynni Siglufjarðar. Landnám Þormóðs ramma náði yfir Siglufjörð og Héðinsfjörð.

Fáum sögum fer af hæg forfeðra okkar í hreppnum á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Það er líklegt að þeir hafi notið mjög nálægðar við gjöful fiskimið, haft nóg að bíta og brenna og hagnast á verslun og flutningi sjávarfangs héðan. Einnig má ætla að á harðindatímum þegar hafís lá landfastur langtímum saman hafi oft verið þröngt í búi.

Miklar framfarir urðu á Siglufirði þegar leið á seinni hluta 19. aldar í tengslum við vaxandi hákarlaútgerð. Hákarlinn var veiddur í miklum mæli á þilskipum í hafinu langt norður af Siglufirði. Lifrin úr hákarlinum var brædd og lýsið sem úr lifrinni fékkst flutt til Danmerkur þar sem það var notað til að lýsa upp stræti danskra borga og bæja. Vegna góðs hafnarlægi, nálægðar við miðin og góðra þilskipa varð Siglufjörður miðstöð hákarlaveiðanna fyrir Norðurland.

Um miðja 20. öldina var Siglufjörður ein mikilvægasta höfn landsins og nokkrum sinnum fór síldarútflutningur frá Siglufirði yfir 20% af árlegum útflutningi landsmanna og þarrikti gullgrafarastemning. Hér voru að jafnaði starfræktar 20-25 söltunarstöðvar og 3-5 bræðsluverksmiðjur. Menn komu og fóru, ýmist vellauðugir eða blásnauðir og verkafólk í tugþúsundatali sótti hingað atvinnu. Í brælum lágu hundruð síldarskipa af mörgu þjóðerni og fólksmergðin í bænum var stundum eins og á strætum stórborga. Á 6. áratugnum fór íbúunum að fækka vegna síldarleysis, en þótt vel rofaði til í veiðum um og eftir 1960, þá var skammt að biða þess að áfallið dundi yfir Siglufjörð. Sumarið 1964 var síðasta síldarsumarið á Norðurlandsmiðum og 1968 var síldarævintýrinu endanlega lokið. Árið 1994 var Síldarminjasafnið opnað til minningar um þennan stórkostlega tíma um sögu síldarútvegsins á Íslandi (SKSigló, 2008).



Mynd 14 Siglufjörður (Fjallabyggð, 2009)



Mynd 15 Siglufjörður

Búseta Ólafsfjarðar

Í kringum árið 900 námu tveir bræður, Ólafur bekkur og Héðinn, Ólafsfjörð og Héðinsfjörð. Með þeim kom Úlfur sem nam Úlfsdali vestan Siglufjarðar. Í Ólafsfirði nam Gunnólfur gamli land á Kleifum og austari hluta fjarðarins.

Saga staðarins er mótuð af fjallahringnum sem umvefur hann og návígi við sjóinn. Erfið búsetuskilyrði hafa sett mark sitt á íbúapróun og flutninga fólks til og frá staðnum. Þó er ljóst að Ólafsfjörður hefur haft upp á margt að bjóða sem síður var annars staðar. Gjöfult vatn af fiski bæði silungi og svo ýmsum sjávarfiskum. Þá er mjög stutt á fengsæl fiskimið. Þetta meðal annars hefur stuðlað að því að hér hefur haldist byggð til okkar tíma. Enda segir svo frá að þegar Lárentíus Kálfsson Hólabiskup stofnsetti árið 1326 prestaspítala eða elliheimili fyrir gamla presta að Kvíabekk í Ólafsfirði réði þar mestu um hve fiskmeti var þar auðfáanlegt og er þar líklega átt bæði við til vatns og sjávar. Þrátt fyrir hafnleysi bendir margt til þess að fiskveiðar hafi skipað stærri sess á Ólafsfirði en annars staðar á Norðurlandi, og líklega verið svo fram eftir öldum. Elstu heimildir um fiskveiðar Ólafsfirðinga eru frá 1187 og einnig má benda á máldaga Kvíabekkjarkirkju frá 15. öld, þar sem fram kemur að kirkjan fær lýsis- og fisktoll af bæjum.

Ólafsfirðingar virðast hafa skorið sig svolítið úr hvað sjósókn snerti hér áður fyrr því þeir réru þótt sláttur stæði sem hæst, meðan aðrir drógu úr á þeim tíma. Þetta er til marks um það hve fiskur var snar þáttur í lífsbjörginni á Ólafsfirði og hefur sjálfsagt verið alla tíð frá landnámi. Það voru bændur sem áttu bátana og réru á sjó til búdrýginda og var svo allt fram undir síðustu aldamót er draga fór til þorpsmyndunar í Ólafsfjarðarhorni (Fjallabyggð, 2009).



Mynd 16 Ólafsfjörður

Íbúabróun

Siglufjörður

Íbúum á Siglufirði fjölgaði hratt fyrstu tvo áratugi 20. aldar þegar Norðmenn hófu síldveiðar við Norðurland og gerðu Siglufjörð að miðstöð síldarútvegs. Þá fjölgaði íbúum úr 146 í 1159 manns. Á sjötta áratugnum varð algjör viðsnúningur vegna hruns í síldveiðum, og vegna erfiðleika í atvinnumálum á sjöunda áratugnum, þegar síldin hvarf endanlega fækkaði fólki í kaupstaðnum.


Ár	Íbúafjöldi	Íbúabróun	
1901	146		
1910			
1920	1159	+1013	Siglufjörður miðstöð síldarútvegs
1930			
1938	2950	+1791	Enn meiri uppgangur vegna fiskveiða og fiskvinnslu
1948	3103	+153	
1960			
1971	2092	-1011	Hrun í síldveiðum
1978	2091	-1	
1993	1791	-300	Útgerð rækjuveiðiskipa olli fólksfjölgun milli 1991-1993
2000			
2009	1277	-514	

Ólafsfjörður

Íbúafjöldi Ólafsfjarðar hefur sennilega verið tiltölulega stöðugur framan af öldum og það er ekki fyrir en upp úr 1900 sem það fer að breytast með tilkomu þorpsmyndunar í „Horninu“. Ólafsfirðingum fer þá nokkuð ört fjölgandi alveg fram á áttunda áratug aldarinnar. Flestir voru íbúarnir árið 1992 samtals 1205. Fjöldi íbúa hefur farið fækkandi síðasta áratuginn.

Ár	Íbúafjöldi	Íbúabróun
1992	1205	
1998	1098	-107
2009	850	-248

Íbúapróun í Fjallabyggð frá árinu 1998-2008



Fækkun íbúa í Fjallabyggð hefur verið stöðug eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan. Árið 1998 voru íbúar á Siglufirði og Ólafsfirði 2731 talsins en í janúar 2008 voru þeir 2188. Þar af 881 í Ólafsfirði og 1307 á Siglufirði.

Möguleiki er á uppbyggingu stórskipa- og þjónustuhafnar á Siglufirði. Með bættum samgöngum eykst aðdráttarafl sveitarfélagsins til búsetu og uppbyggingar hvers kyns þjónustu, iðnaðar og athafnastarfsemi.

Sá áhrifapáttur sem stýrt hefur fólksfjölda hvað mest í Fjallabyggð seinustu öldina er fjölbreytni atvinnutækifæra, en með aukinni atvinnu hefur fólksfjöldi aukist.

Þrír áhrifapættir sem gætu haft áhrif á fólksfjölda á skipulagstímanum eru:

1. Gerð jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar
2. Bygging snjóflóðavarnargarða á Siglufirði
3. Bygging framhaldsskóla í Ólafsfirði

Beinu áhrifin vegna ofangreindra áhrifapátta á fólksfjölgun eru:

- Fjölbreytni í verslun og þjónustu aukast sem gerir Fjallabyggð að áhugaverðari búsetuvalkosti
- Með tilkomu framhaldsskóla mun ungt fólk á aldrinum 16 – 20 ára búa áfram í heimabyggð

Óbeinu áhrifin vegna ofangreindra áhrifapátta á fólksfjölgun eru:

- Með jarðgöngum styttist vegalengd milli sveitarfélaga innan Eyjafjarðarsvæðisins sem er mikilvægt þegar horft er til almennrar hagkvæmni
- Möguleiki er á að fyrirtæki í sjávarútvegi staðsetji sig frekar í Fjallabyggð þar sem flutningskostnaður með afurðir yrði minni sem myndi styrkja atvinnulíf
- Stækkun hafnarinnar, Óskarsbryggju
- Uppbygging í ferðaþjónustu

- Bætt aðstaða fyrir smábátaútgerð

- Fjölskyldur hafa börn sín lengur í foreldrahúsum með tilkomu framhaldsskóla þannig að þau eru líklegri til að vilja búa áfram í sveitarfélaginu þegar að stofnun fjölskyldu kemur

Erfitt er að segja til um framtíðarfólksfjölgun í Fjallabyggð en þróun fólksfjölda á landsbyggðinni hefur verið jákvæð síðastliðið árið eftir langa niðursveiflu. Ef til vill má álíta að niðursveifla á höfuðborgarsvæðinu hafi almennt jákvæð áhrif á landsbyggðina.

Með byggingu jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er líklegt að tengingin við Eyjafjarðarsvæðið hafi áhrif á íbúapróunina í jákvæða átt.

Uppbygging framhaldsskóla í Ólafsfirði mun hafa jákvæð áhrif á íbúapróun í sveitarfélaginu. Bæði ungum sem öldnum gefst kostur á að mennta sig í heimabyggð sem mun einnig hafa í för með sér fjölgun starfa í sveitarfélaginu.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að lokið verði við gerð fullkominna varna gegn snjóflóðum og aurskriðum á Siglufirði, með byggingu varnargarða og stoðvirkja ofan bæjarins. Með byggingu snjóflóðavarnargarða og upptakastoðvirkja fyrir ofan þéttbýlið eykst öryggi íbúanna sem gerir staðinn að öruggari búsetuvalkost en áður.

Gert er ráð fyrir 1-1,5% íbúafjölgun í Fjallabyggð. Miðað við 1% fjölgun á ári verður íbúafjöldinn 2.626 árið 2028 og miðað við 1,5% fjölgun verður íbúafjöldinn 2.844. Slík fjölgun kallar á stækkun/fjölgun íbúðarsvæða í báðum þéttbýliskjörnum.



Mynd 17 Frá 17. júní 2007 í Ólafsfirði (Fjallabyggð, 2009)

Íbúðarsvæði

Í Fjallabyggð voru 1076 íbúðir í árslok 2008. 216 í Ólafsfirði og 860 á Siglufirði. Íbúar voru þá 2129 og meðalfjöldi íbúa á íbúð var 1,98 íbúar. Flest íbúðarhús voru byggð á tímabilinu 1926-1950. Nýleg íbúðarhús eru flest einbýlishús. Töflur með frekari upplýsingum um íbúðarhúsnæði má lesa í kaflanum ítarefni.

STEFNUMIÐ:

Stefnt er að þéttingu byggðar á skipulagstímabilinu auk landfyllinga á öruggum svæðum fyrir nýja byggð.

Vinna skal deiliskipulög fyrir núverandi og eldri svæði til að skilgreina og varðveita hverfisheildir.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Markvisst skal vinna deiliskipulag fyrir reiti þar sem það liggur ekki fyrir. Áhersla í upphafi verði lögð á svæði þar sem stendur til að byggja eða framkvæma.

Í landnotkunarflokkun „íbúðarsvæði“ er fyrst og fremst gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þó er gert ráð fyrir starfsemi sem eðlileg er til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði og þjónustustarfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Ný íbúðarsvæði munu byggjast upp að meðaltali í þéttleikanum 15 íbúðir á hektara.

Forsendur fyrir frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu eru byggðar á auknum atvinnumöguleikum s.s. í sjávarútvegi, annarri hafnsækinni starfsemi og ferðaþjónustu. Einnig munu bættar samgöngur með tilkomu jarðganga bæta öryggi og þægindi íbúa sem leiðir til bættra búsetukosta.

Markmið er að þétta byggð á núverandi íbúðarsvæðisreitum. Viða eru stór opin svæði sem má nýta til frekari uppbyggingar. Með þéttingu byggðar verður hagkvæmari landnýting og nýting á grunnkerfum eins og veitukerfi og gatnakerfi sveitarfélagsins betri og einnig má stytta fjarlægðir á milli íbúa, atvinnusvæða og þjónustusvæða. Það ýtir einnig undir umhverfissvænni og heilsusamlegri lífsstíl þar sem fjarlægðir henta vel gangandi og hjólandi umferð auk þess að auka samfélagskennd.

Með tilkomu nýrra snjóflóðavarnarmannvirkja mun hættumat vegna snjóflóðahættu verða endurskoðað sem skapa ætti möguleika á þéttingu byggðar á þeim svæðum sem ekki hafa reynst örugg undir íbúabyggð fyrr. Skv. reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats er leyfilegt að byggja ný íbúðarhús á hættusvæði A og íbúðarhús með allt að 4 íbúðum á hættusvæði B séu þau sérstaklega styrkt skv. stöðlum.

Siglufjörður

Íbúðarsvæðin á Siglufirði teygjast eftir firðinum og eru nokkuð dreifð. Við hönnun þéttleika byggðar og mannvirkjagerðar skal tekið tillit til sjávarflóða, sbr. kaflann um náttúruvár.

Gert er ráð fyrir þremur megin íbúðarsvæðum syðst og nyrst í þéttbýlinu:

Í1 - Snjóflóðavarnir hafa gert það kleift að merktur reitur getur nýst fyrir íbúðarbyggð. Þar er gert ráð fyrir ca. 13 íbúðum.

Í2 - Ný íbúðabyggð á suðurhluta Innri-Hafnar sem er stærsta nýbyggingarsvæðið á skipulagstímabilinu og getur rúmað ca.123 íbúðir. Þar er einnig gert ráð fyrir athafnasvæði sem verður aðskilið með „grænu“ svæði með hljóðmön. Nákvæm útfærsla strandlengjunnar ákvarðist á deiliskipulagsstigi. Lögð verði áhersla á náttúrulega afmörkun sem falli vel að vistkerfi fjarðarbotnsins. Hafa skal í huga að flóðbylgjur geta riðið yfir eyrina sem snjóflóð hinum megin fjarðarins geta komi af stað. Gera skal því ráðstafanir þessu tengdar við hönnun svæðisins.

Í3 - Íbúðarsvæðið má byggja upp með auðveldum hætti og gert er ráð fyrir að það verði fyrst til að byggjast upp. Þar eru áætlaðar ca. 13 íbúðir.

Áætluð áfangaskipting á uppbyggingu íbúðarhúsa á Siglufirði er eftirfarandi:



Í byrjun skipulagstímabilsins verða unnar deiliskipulagstillögur fyrir Í3 auk hluta miðsvæðis þar sem áður var skilgreindur malarvöllur. Einnig verða margar lóðir byggingarhæfar m.t.t. snjóflóðahættu eftir að öll varnarmannvirki eru uppsett og frágengin og verða þær skilgreindar á deiliskipulögum. Uppbygging á svæði Í2 mun eiga sér stað samhliða auknum umsvifum hafnarinnar.

Ólafsfjörður

Í Ólafsfirði eru núverandi íbúðarsvæði að mestu fullnýtt. Við hönnun þéttleika byggðar og mannvirkjagerðar skal tekið tillit til sjávarflóða, sbr. kaflann um náttúruvár.

Þrjú megin íbúðarsvæði eru skilgreind til notkunar á skipulagstímabilinu:

Í4 - Svæðið við Brimnes er stærst, 12,7 ha, og í nokkrum halla. Nýtingarhlutfall þar þarf þó ekkert að vera lægra en á öðrum svæðum þar sem e.t.v. væri hægt að áætla 3-4 hæða fjölbýlishús efst. Möguleiki væri því á byggingu 130 – 200 íbúða á svæðinu.


Í5 - Neðan við Ólafsveg er svæði, 1,9 ha, sem rúmað gæti eina íbúðargötu með góðri tengingu við núverandi miðsvæði og þjónustu.

Í6 - Aukin íbúðarbyggð er áætluð í Mararbyggð með einstakri tengingu við Ólafsfjarðarvatn og grænar tengingar. Veðurfarsleg skilyrði og nálægð við þjónustu ýta undir gildi svæðisins. Áætlaður íbúðarföldi nýrra íbúða er 23.


Áætluð áfangaskipting á uppbyggingu íbúðarhúsa í Ólafsfirði er eftirfarandi:



Ef til koma jarðgöng milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar myndast eiginlegt þriggja kjarna þéttbýli (Dalvík, Ólafsfjörður og Siglufjörður) þar sem Ólafsfjörður verður miðlægur kjarni þessa þéttbýlis. Má því gera ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í Ólafsfirði og verður lagt upp með að uppbygging eigi sér fyrst stað neðan Ólafsvegar. Þá Í4 og að lokum Í6. Ekki er gert ráð fyrir fyllingu í Ólafsfjarðarvatn (Í6) fyrr en forsendur fyrir frekari íbúafjölgun liggja fyrir.



Kort 7 Íbúðarsvæði á Siglufirði (fjólublátt). Gert er ráð fyrir að ný íbúðarsvæði rúmi að meðaltali 15 íbúðir á hektara sem er svipaður þéttleiki og er í núverandi byggð. Gulur táknar miðsvæði en þar er blandað verslun, þjónusta og íbúðarbyggð.



Kort 8 Íbúðarsvæði í Ólafsfirði (fjólublátt). Gert er ráð fyrir að ný íbúðarsvæði rúmi að meðaltali 15 íbúðir á hektara sem er svipaður þéttleiki og er í núverandi byggð. Gulur táknar miðsvæði en þar er blandað verslun, þjónusta og íbúðarbyggð.

Ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar

Fyrirkomulag þéttbýlanna er stjórnað af landslaginu þar sem fjöllin renna í sjó fram og byggðin hefur teygst frá eyrunum upp í hlíðarnar. Lágreist byggð með áberandi eldri bæjarhluta gefa hvoru þéttbýlinu fyrir sig eigin karakter.

Ásýnd Siglufjarðar einkennist af þeim uppgangi sem var uppúr 1950 í síldarvertíðinni. Áberandi eru lítil tví- og þrílyft steinhús í hálfsnorskum stíl, með risi og kvistum. Húsin standa í fjallsrótum og teygja sig upp eftir bröttum hlíðum Hafnarfjalls. Bærinn er línulegur þar sem byggðin dreifist norður-suður eftir legu fjarðarins út frá Eyrinni þar sem fyrstu húsin risu. Siglufjarðarkirkja stendur miðsvæðis í kjarnanum og er áberandi kennileiti bæjarins.

Þéttbýlið Ólafsfjörður kúrir á eyri undir Tindöxl. Ásýnd bæjarins einkennist af steiptum einnar hæðar sérbýlum sem standa nokkuð þétt og hafa byggst upp út frá hafnarsvæðinu á eyrinni eða Horninu svokölluðu. Nýrri steinhús sem mörg eru tvílyft standa í fjallsrótinni og tróna yfir eldri byggðinni. Á miðsvæði bæjarins er Tjörnin og grænt opið svæði með skíðastökkpalli. Er það sterkt kennileiti bæjarins.

STEFNUMÍÐ:

Skipulag og endurbætur núverandi byggðar sem og nýrra hverfa skal leitast við að aðlaga að aðliggjandi umhverfi.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Ný íbúðarsvæði skulu vera hönnuð með tilliti til landslagsheilda og veðurfars sem og góðra tenginga við þjónustustofnanir og miðsvæði, bæði fyrir akandi og gangandi vegfarendur.

Bæta skal nýtingu íbúðarsvæða með því að úthluta lóðum innan núverandi svæða og stuðla að uppbyggingu á lausum lóðum innan þéttbýlanna.

Ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar skal taka mið af því að raska ekki viðkvæmum svæðum, jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta verndar samkvæmt 37. gr náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Leitast verður við í deiliskipulagi að þéttleiki og húsagerð taki mið af núverandi ásýnd bæjanna svo ekki verði sköpuð ný áberandi kennileiti nema með samráði bæjarbúa. Ný byggð skal einnig taka mið af landslagi og aðliggjandi náttúru svo sjónrænum heildum verði ekki raskað meira en þörf krefur.

Með tilkomu Héðinsfjarðarganga mun aðkoma í þéttbýlin breytast. Í deiliskipulögum skal tekið tillit til þess svo ásýnd og fyrsta upplifun af bæjunum verði sem áhrifamest.



Mynd 18 Nokkrar húsagerðir á Siglufirði

Umhverfismat stefnumiða - Búseta

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um búsetu	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	Ú	+	+

Almennt má telja líklegt að stefnumið búsetu muni hafa jákvæð áhrif á umhverfispætti þá sem lagðir eru til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsins. Þó er ljóst að hættan á neikvæðum umhverfisáhrifum nýrrar byggðar og vegtenginga þangað er alltaf til staðar. Þó svo uppbygging nýrra íbúðasvæða í þéttbýlunum sé að mestu áætluð á landfyllingum eða þegar röskuðu landi, eru neikvæð umhverfisáhrif á náttúrufar mjög líkleg, sérstaklega á landslag og ásýnd.

Umhverfisvísar þeir sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu eru allra jafna taldir verða fyrir jákvæðum áhrifum vegna framfylgdar stefnumiða um búsetu. Þó geta útfærslur á deiliskipulags- og/ eða framkvæmdatíma haft jákvæð, neikvæð eða engin áhrif á umhverfispætti náttúrufars.



Mynd 19



Atvinna


MARKMIÐ:

FRAMPRÓUN OG EFLING ATVINNULÍFS Í SVEITARFÉLAGINU ÖLLU

*verslunar- og þjónustusvæði
miðsvæði
landbúnaður
sjávarútvegur
iðnaður og athafnastarfsemi
atvinnutækifæri*

Ársverk

Atvinnulíf í Fjallabyggð hefur um aldaraðir verið byggt á afkomu sjávar og landbúnaðar og þjónustu við þær greinar s.s. vélsmíði og netagerð. Síðastliðin ár hefur þróun atvinnu verið fjölbreyttari þar sem ferðapjónusta, nýsköpun og fjarvinnsla ýmiskonar hafa orðið meira áberandi. Flest störf í byggðalaginu skilgreinast sem þjónustustörf. Línuritíð hér að neðan sýnir skiptingu ársverka eftir starfsgreinum.



Tafla 1 Skipting ársverka eftir atvinnuvegum á Siglufirði 1998 – 2004. Byggðastofnun.



Skipting fyrirtækja í Fjallabyggð

Fyrirtæki 2007 - apríl/maí	Fjöldi fyrirtækja	Landbúnaður/ fiskvinnsla	Iðnaður	Fiskvinnsla	Þjónusta	Opinber- stjórn- sýsla	Fræðslu- starf	Heilbr. og félags- þjónusta
Síglufjörður	103	16	9	7	49	8	8	6
Ólafsfjörður	69	14	7	4	40	2	1	1
Fjallabyggð	172	30	16	11	89	10	9	7

Tafla 2 Skipting fyrirtækja í Fjallabyggð í apríl/maí 2007 (Byggðastofnun, 2005).

Skipting starfa í Fjallabyggð

Fyrirtæki 2007 - apríl/maí	Fjöldi starfa	Landbúnaður/ fiskvinnsla	Íðnaður	Fiskvinnsla	Þjónusta	Opinber stjórn- sýsla	Fræðslu- starf	Heilbr. og félags- þjónusta
Síglufjörður	434	28	45	43	167	29	55	67
Ólafsfjörður	432	154	37	50	84	10	50	47
Fjallabyggð	866	182	82	93	251	39	105	114

Tafla 3 Skipting starfa í Fjallabyggð í apríl/maí 2007 (Byggðastofnun, 2005).



Verslunar- og þjónustusvæði

Margs konar verslun og þjónusta er í Fjallabyggð. Matvöruverslanir, lyfjabúðir, Sparisjóðir og tannlæknar eru í báðum byggðarkjörnum. Á Siglufirði eru einnig bakarí, fiskbúð og efnalaug og í Ólafsfirði er m.a. ökuskóli og skiltagerð. Tryggingafélög reka útibú í Fjallabyggð og á svæðinu má finna hárgreiðslu- og snyrtistofur, bensínstöðvar og bifvéla- og vélaverkstæði. Í sveitarfélaginu eru einnig veitinga- og skemmtistaðir (Fjallabyggð, 2008).

STEFNUMIÐ:

Að Siglufjörður og Ólafsfjörður verði eitt markaðssvæði með áherslu á dagvöruverslun og alla nauðsynlega sérhæfða þjónustu.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Svæði heppileg til uppbyggingar og í tengslum við Héðinsfjarðargöng stuðla að góðu aðgengi fyrir íbúa sveitarfélagsins.



Mynd 21 Drengur verslar sykkurbómul á Sildarævintýri á Siglufirði 2008 (Fjallabyggð, 2009)

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. (Sjá gr. 4.5 í skipulagsreglugerð)

Gera má ráð fyrir að Siglufjörður og Ólafsfjörður verði eitt og sama markaðssvæðið í verslun og þjónustu með tilkomu Héðinsfjarðarganga.

Á verslunar- og þjónustureitum verður lögð áhersla á uppbyggingu tengdri ferðaþjónustu og stærri versluna s.s. hótél, stórmarkaða og eldsneytisafgreiðslu. Stór hluti framtíðar og núverandi verslunarsvæðis er innan landnotkunarflokks sem nefnist miðsvæði.

Siglufjörður

Gert er ráð fyrir fyllingu við Snorragötu sem verði skilgreind sem hafnarsvæði/þjónustusvæði. Sú stækkun svæðisins gefur verslunar- og þjónustugreinunum möguleika á að tengjast betur höfninni og þeirri starfsemi. Svæði gæti verið mjög áhugavert fyrir hótél eða gistihús ásamt greiðasölu.

Til að koma til móts við þá breytingu sem Héðinsfjarðargöng hafa í för með sér varðandi aðkomu í Siglufjörð er gert ráð fyrir bensinstöð, verslunar- og þjónustumiðstöð fyrir útivistarsvæði í Hólsdal. Einnig er gert ráð fyrir að þessi reitur geti þjónustað skíðasvæðið í Skarðsdal og frístundabyggðina á Saurbæjarás.

Ólafsfjörður

Gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði á landfyllingu í Ólafsfjarðarvatni sunnan gangnamunna Héðinsfjarðarganganna í Ólafsfirði. Þetta svæði getur orðið mikilvægt vegna miðlægrar staðsetningar milli þéttbýlanna og þá sér í lagi ef til nýrra ganga kemur milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Aðkoma frá stofnvegi er örugg og greið og má sjá fyrir sér að t.d. stórvörumarkaður með þjónustumiðstöð rísi þar, sem mun þjónusta Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð auk sveitanna í kring. Slík verslun kallar á fjölda bílastæða sem ekki finnst landrými fyrir annars staðar. Háreist mannvirki eru ekki fyrirhuguð á svæðinu en deiliskipulag verður unnið af svæðinu til að tryggja heildaryfirbragð þess ásamt náttúrulegu yfirbragði út í vatnið. Mögulegt er að blanda landnotkun á reitnum með nýju íbúðarsvæði. Skipulag einstakra lóða má mögulega skipta niður í áfanga.

Lítið verslunar- og þjónustusvæði er staðsett við austanvert Ólafsfjarðarvatn, undir Hornbrekku. Í svæðinu felast tækifæri verði af komu nýrra Ólafsfjarðarganga.



Mynd 22 Aðalgata á Siglufirði

Miðsvæði

Miðsvæði þéttbýlanna beggja hafa verið í uppbyggingu síðustu árin. Aðlaðandi miðbær með góðu aðgengi er hjarta hvers bæjar og bæði þéttbýlin geta státað af því.

Siglufjörður

Torgið er miðpunktur Siglufjarðar með helstu verslunargöturnar, Aðalgötu og Suðurgötu, aðliggjandi. Þar má finna, auk bæjarskrifstofu, ýmsa þjónustu, sérvörslanir og skóla sem skapa lífæðar samfélagsins.

Ólafsfjörður

Miðsvæði Ólafsfjarðar samanstendur af verslunum og þjónustu í gamla bæjarkjarnanum auk Tjarnarinnar. Tjörnin og aðliggjandi græn svæði gefa miðbænum mikið líf og hafa skapað sterka bæjarmynd í hugum margra.

STEFNUMÍÐ:

Miðsvæðin halda áfram að eflast sem miðstöð menningar, stjórnsýslu, viðskipta og sérvöruverslunar. Ferðaþjónusta verði eflað og fjölbreytni aukin.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Gott samgöngukerfi á milli byggðarkjarnanna mun efla samgang, viðskipti og þjónustu í sveitarfélaginu.



Mynd 23 Endurnar við tjörnina í Ólafsfirði (Fjallabyggð, 2009)

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. (Sjá gr. 4.4 í skipulagsreglugerð).

Á miðsvæði er einnig gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði og þá sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Á skipulagstímanum skal stuðla að markvissri uppbyggingu miðsvæða með þéttingu byggðar og uppbyggingu þjónustu svo aðgengi íbúa sé sem best.


Stefnt er að eflingu miðsvæða sem miðstöðva stjórnsýslu, viðskipta, menningar og sérvörverslunar.

Lega miðsvæðanna er mjög góð í báðum þéttbýlunum þar sem tengsl eru jafnt við athafnasvæði við hafnirnar svo og við íbúðarsvæði. Takmarkað landrými er þó fyrir stærri verslanir og er þeim gefið rými á verslunar- og þjónustureitum.


Á Siglufirði er gert ráð fyrir að núverandi malarvöllur verði byggður upp sem miðsvæði og áhersla lögð á að blanda saman íbúðum, verslunum og grænu svæði á skynsamlegan hátt. Sérvörverslanir, skrifstofur, veitingahús og þjónustustofnanir eiga meðal annars að skipa lykilhlutverk á svæðinu. Einnig má gera ráð fyrir að byggð verði íbúðarhús með því yfirbragði sem einkennir gamla bæinn á miðsvæðinu, s.s. steipt tví- eða þrílyft hús með risi og kvistum.



Mynd 24 Torgið á Siglufirði



Kort 9 Verslun (bleikt) og miðsvæði (gult) á Siglufirði



Kort 10 Verslun (bleikt) og miðsvæði (gult) í Ólafsfirði

Landbúnaður

Áður fyrr var nokkur landbúnaður um allt sveitarfélagið. Hann hefur nú dregist mjög saman og lagst af á flestum jörðum. Nú eru ekki mörg býli þar sem búskapur er stundaður að einhverju marki og sem aðalatvinnugrein. Sauðfjárrækt er stunduð í sveitarfélaginu á fjórum býlum þ.e. á Sauðanesi og Máná í Siglufirði, en Hlíð og Kálfsá í Ólafsfirði.

STEFNUMIÐ:

Landbúnaði skal áfram áætlað rými í sveitarfélaginu.

Leitast skal við að koma sem flestum bújörðum í ábúð að nýju.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Landnotkun landbúnaðar er áfram skilgreind á aðalskipulagi.

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. (Sjá gr. 4.14 í skipulagsreglugerð).

Í nágrenni þeirra jarða sem eru með búskap er skilgreiningin „Landbúnaðarsvæði“ sýnd á uppdrætti.

Landbúnaðarsvæði er skilgreint á tveimur stöðum; í Ólafsfirði og vestan við Strákagöng. Þau eru skilgreind upp í 400 m hæð. Ofan 400 m er skilgreint óbyggt svæði, en þó stendur ekki til að aðgreina þessi tvö svæði með girðingum.

Í tillögunni er skógrækt almennt heimil á landbúnaðarsvæðum uppí 400 m hæð yfir sjávarmáli en tekið skal fram að skógrækt sem nær til 200 ha svæðis eða meira er tilkynningaskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og háð framkvæmdaleyfi sbr. skipulags- og byggingarlög. Ítarlegri grein er gerð fyrir efninu í kaflanum um skógrækt.

Ekki er gert ráð fyrir landbúnaði í þéttbýli á skipulagstímabilinu. Á Kleifum byggðist upp lítið þéttbýli uppúr 1900 og var þar stundaður landbúnaður og útgerð. Kleifar eru hverfisverndaðar og skilgreindar sem landbúnaðarsvæði. Þar verður lögð áhersla á að frekari uppbygging verði í takt við sögulegan anda staðarins með tilheyrandi landnotkun s.s. fjárbúskap og smábátaveiðum.

Í Héðinsfirði er gert ráð fyrir færanlegri fjárrétt sem sett verður upp árlega í tengslum við smölun og verður staðsett við veginn.

Gert er ráð fyrir að reisa megi allt að tvö frístundahús á hverri jörð án þess að gera þurfi aðalskipulagsbreytingu en fyrirvara þarf að hafa á því vegna hugsanlegrar ofanflóðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum sbr. 1. mgr. 8 gr. reglugerðar nr. 505/2000. Sækja þarf um byggingarleyfi til sveitarstjórnar og fylgja skal öðrum skilmálum byggingarreglugerðar nr. 441/1998.



Sjávarútvegur

Siglufjörður

Höfnin var forsenda byggðar á Þormóðseyri. Frá náttúrunnar hendi er hún ein besta höfn hérlandis. Þegar síldarvinnsla var hvað mest á Siglufirði stóðu bryggjur í sjó fram, allt utan frá Bakka kringum Eyrina og suður undir Hafnarbakka. Sumar þessar bryggjur voru í eigu einstaklinga og félaga, Síldarverksmiðjurnar áttu nokkrar og hafnarsjóður.

Hafnarbryggja er helsta löndunar og útskipunarhöfnin á Siglufirði.

Ingvarsbryggja er viðlegubryggja fyrir viðgerðapjónustu stærri skipa.

Óskarsbryggja er byggð fyrir þungaflutninga og stærri skip.

Í smábátadokkinni hafa smábátar löndunaraðstöðu að sunnan og norðan. Smábátasjómenn hafa beitingar- og fiskverkunar aðstöðu við höfnina.

Ólafsfjörður

Ólíkt Siglufirði þá er hafnleysi nær algjört í Ólafsfirði frá náttúrunnar hendi, þrátt fyrir það hefur sjósókn þaðan verið stór hluti af lífsbjörginni. Árið 1922 hefst nýtt skeið í útgerð þegar fyrsta steinbryggjan er byggð.

Tímabilið 1926-1930 er að mörgu leyti merkilegt skeið í sögu bæjarins. Það má segja að það sé undanfari nútíma atvinnuhátta í sjávarútvegi Ólafsfirðinga, tengi gamla tímann og þann nýja. Árabátaútgerð lýkur, hlutdeild minnstu vélbátanna í aflamagninu minnkar en ný skip, um og yfir 20 tonn, koma fram. Eftir 1940 er byggður hafnargarður og í kjölfarið stækka og fjölga skipum enn frekar með aukinni landvinnslu.

Árið 1973 kom fyrsti skuttogarinn Ólafur Bekkur ÓF2 til Ólafsfjarðar og ári síðar Sólberg ÓF 12 og með komu þessara togara hefst tímabil skuttogaranna.

Þar er nú ágæt höfn þó fjörðurinn sé stundum torfær til siglinga vegna sjógangs.

STEFNUMÍÐ:

Sjávarútvegur og tengdar greinar verði áfram áberandi í atvinnulífi Fjallabyggðar.

Áhersla á góða aðstöðu fyrir smábátaútgerð.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Útgerðarfyrirtækjum verður sérstaklega ætlað svæði í Ólafsfjarðarhöfn og aðstaða smábátasjómannna bætt. Styðja skal fyrirtæki eftir föngum að fullvinna sína vöru.

Bætt sjávarútvegs- og vinnslufyrirtæki þar sem samfélagsleg ábyrgð og samfélagslegir hagsmunir eru í fyrirrúmi myndu efla atvinnulíf í fiskveiðum í sveitarfélaginu og hafa það að markmiði að tryggja arðbær og örugg störf. Framleiðsla verðmætrar gæðavöru og fullvinnsla á henni er mikilvægt atriði í því samhengi, sérstaklega þegar lítið er til lengri tíma.

Fjallabyggð hefur mótast mjög af sjósókn og telst það því mikilvægur hlekkur í menningu þéttbýlanna að smábátaútgæð sé viðhaldið.

Ítarlegri umfjöllun um hafnarsvæði og fyrirhugaðar breytingar má finna undir kaflanum „Grunnkerfi“ og undirkaflanum „Sjósamgöngur og hafnir“.



Mynd 26 Smábátar í Innrihöfninni á Siglufirði (Fjallabyggð, 2009)

Iðnaður og athafnastarfsemi

Athafnastarfsemi önnur en fiskvinnsla er þó nokkur á Siglufirði. Þar er rekin steypustöð, brauðgerð, bifreiða-, dekkja-, véla-, trésmíða-, neta- og rafmagnsverkstæði. Einnig eru starfandi nokkrir aðilar með sjálfstæðan rekstur vinnuvéla og vörubíla.

Eftir að samdráttur hófst í fiskveiðum og vinnslu í Ólafsfirði hefur annars konar iðnaður fest þar rætur, þótt sjávarútvegurinn sé ennþá undirstaðan. Nú eru í Ólafsfirði margvísleg fyrirtæki sem byggja á hugviti og handverki Ólafsfirðinga, s.s. hönnun og smíði fiskvinnsluvéla, smíði slökkvi- og sjúkrabifreiða og fleira.

STEFNUMIÐ:

Athafnasvæði Fjallabyggðar séu eftirsóknarverð fyrir atvinnurekendur með góðri tengingu við hafnir og samgönguæðar.

Áhersla á góðar umhverfis- og starfsmannaaðstæður þannig að fyrirtæki sjái sér hag af að vera með atvinnurekstur í sveitarfélaginu.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Fjölbreytt úrval athafnalóða fyrir mismunandi gerðir fyrirtækja verði ávallt til úthlutunar.

Áhersla á gott grunnkerfi, umhverfismál og fjölskyldugildi.

Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfssemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmíðjum, virkjunum, tengivirkjunum, veitustöðvum, skólp- og hreinsistöðvum, birgðarstöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. (Sjá gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

Gert er ráð fyrir sérstökum iðnaðarsvæðum undir spenn- og veitustöð, fráveitustöðvar, endurvarpsstöð og vatnstanka.

Garðsárvirkjun í Ólafsfirði er 180 kW og er landsvæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði.

Kerahnjúkavirkjun í Burstabrekkudal er nú 370 kW en gert er ráð fyrir stækkun á henni uppí allt að 740 kW. En tekið skal fram að virkjunin er í einkaeigu og eru kvæðir á um að sveitastjórn gefi framkvæmdarleyfi. Einnig eru hún tilkynningarskyld skv. 2. viðauka lið 3a laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Athafnasvæði

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. (Sjá gr. 4.6 í skipulagsreglugerð).

Ólafsfjörður

Í Ólafsfirði var þónokkuð svæði skilgreint sem iðnaðarsvæði og er það nú skilgreint sem athafnasvæði. Hluti af svæði áður skilgreint sem hafnarsvæði hefur verið endurskilgreint sem athafnasvæði. Með þessu aukast nýtingarmöguleikar svæðisins og verður það því á milli miðbæjarsvæðisins og hafnarsvæðisins annars vegar og hins vegar íbúðasvæðis. Á svæðinu er enn nokkuð um lausar lóðir.


Siglufjörður

Á Siglufirði er hluti af því svæði sem áður var skilgreint sem hafnarsvæði nú skilgreint sem athafnasvæði. Með þessu aukast nýtingarmöguleikar svæðisins og verður það því á milli miðbæjarsvæðisins og hafnarsvæðisins. Þá eru einnig athafnasvæði að megin hluta við Ránargötu á Þormóðseyri. Á svæðinu er enn nokkuð um lausar lóðir. Athafnasvæði sem er við Innri-Höfninna stækkar aðeins en þar er gert ráð fyrir lóð sem gæti nýst fyrir bensinstöð.


Í tillögu að landnotkun á athafnasvæðum er lögð áhersla á atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun s.s. léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum o.þ.h.



Mynd 27 Hafnar- og athafnasvæði á Siglufirði



Kort 11 Athafna- (grátt), iðnaðar- (ljósblátt) og hafnarsvæði (gráblátt) á Siglufirði



Kort 12 Athafna- (grátt), iðnaðar- (ljósblátt) og hafnarsvæði (gráblátt) í Ólafsfirði

Umhverfismat stefnumiða - Atvinna

	Umfhverfispættir			
Umfhverfismat stefnumiða í atvinnumálum	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	Ú	+	+

Stefnumið aðalskipulagstillögunnar um atvinnuuppbyggingu eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á flesta umhverfispætti og vísa sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu. Áhrif stefnumiða á umhverfisvísana vistgerðir, vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni, friðlýst svæði og tegundir sem njóta verndar, geta mögulega orðið jákvæð, neikvæð eða ekki teljandi allt eftir því hvernig útfærslur á deiliskipulag- og/eða framkvæmdastigi þróast. Þar skiptir töluverðu máli hversu stór hluti sveitarfélagsins er á náttúruminjasrá og nálægð atvinnustarfsemi við aðra byggð. Umhverfisvísar *heilsu og vellíðunar* sem lúta að mengun (vatn, sjór, loft og ljós) geta einnig orðið fyrir jákvæðum, neikvæðum eða engum umhverfisáhrifum, allt eftir útfærslum á síðari stigum, m.t.t. frárennslis, útblásturs, aukinnar umferðar og lýsingar svæða.

Hreinlæti á athafnalóðum, sveitabýlum og hafnarsvæðum eru dæmi um atriði sem oft er ábótavant en stefnt er að fylgja eftir á skipulagstímabilinu. Þá skal stefnt að limgerðum og/eða skjólbeltum umhverfis athafnalóðir sem blasa við frá fjölförnum leiðum eða íbúðabyggð, bæði til að skerma af sjónrænt og bæta hljóðvist sem og til að gera svæðin aðlaðandi og aðsóknarverð fyrir starfsfólk.



Mynd 28 Börn að leik í Tjörminni í Ólafsfirði



Samfélag

MARKMIÐ:

Heilbrigði og öryggi allra verði tryggt með samþættri og vandaðri heilbrigðisþjónustu, löggæslu, þjónustu við aldraða, sjúkraflutningum og brunavörnum.

Stuðla skal að almennri vitund íbúa um heilbrigt mataræði og hreyfingu, sem og mikilvægi góðrar andlegrar heilsu.

Fjölbreytt menntun og námsmöguleikar skulu vera trygg.

*stjórnsýsla
þjónustustofnanir
útivist og íþróttir
menning og ferðamál
frístundabyggð*

Stjórnsýsla

Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins kallast bæjarstjórn og er skipuð níu kjörnum fulltrúum. Bæjarstjórn fer með æðsta ákvörðunarvald varðandi framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast og nýtingu tekjustofna þess.

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins og hefur æðsta vald varðandi starfsmannaráðninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.



Mynd 29 Siglufjörður (Fjallabyggð, 2008)

Þjónustustofnanir

Ein af forsendum vel starfandi samfélags er að öllum líði sem best líkamlega og andlega. Samfélag er byggt upp á fjölbreyttu mannlífi og skal stuðla að því að einstaklingar af öllum gerðum og aldri búi við vænleg lífsskilyrði með þeirri þjónustu sem kallað er eftir til að stuðla að auknum þroska í leik og starfi.

Skóla-, íþrótt- og fræðslustofnanir stuðla að félagslegri örvun og uppfræðslu auk þess sem bæði þéttbýlin búa við góð tengsl við náttúruna sem gefur fólki færi á að njóta útivistar í heilnæmu umhverfi.

STEFNUMÍÐ:

Mikil áhersla er lögð á uppbyggilega skólafestu í Fjallabyggð s.s. með stofnun Menntaskólans á Tröllaskaga í Ólafsfirði.

Skapa skal aðstöðu til endur- og símenntunar og uppbyggingu bókasafna í takt við þarfir samfélagsins.

Tryggja að heilsugæsla og hjúkrunarþjónusta í sveitarfélaginu sé góð og í samræmi við sett fjölskyldugildi.

Stjórnsýsla í Fjallabyggð sé gagnsæ, markviss og aðgengileg fyrir íbúa sveitarfélagsins.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Skólanefnd ber að sjá til þess að fræðslustofnu sé fylgt.

Efla skal heimahjúkrun og heimaþjónustu og reyna að fá því stýrt úr einni hendi. Mörg störf innan sveitarfélagsins liggja í heilbrigðisþjónustu og er stefnt á að hún verði áfram öflug.

Stjórnsýsla Fjallabyggðar er dreifð á byggðarkjarnana tvo, Ólafsfjörð og Siglufjörð. Fjallabyggð er með skrifstofur í báðum bæjunum og leitast er við að bjóða íbúum sveitarfélagsins upp á sem jafnasta þjónustu.

Íbúðing skulu haldin reglulega og upplýsingum um stjórnsýslulegar ákvarðanir deilt með íbúum eins og kostur er.

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila. (Sjá gr. 4.3 í skipulagsreglugerð)

Skólar

Í Fjallabyggð eru þrjár fræðslustofnanir sem standa fyrir metnaðarfullu starfi, einn leikskóli, einn grunnskóli og einn tónlistarskóli. Eru skólarnir allir með húsnaði í báðum þéttbýlunum. Auk þess er boðið upp á aðstöðu til fjarnáms.

Leikskólarnir starfa eftir sínum námsskrám sem báðar stuðla að örvun þroska og eflingu einstaklingsins með leik og starfi. Sóttst er eftir viðurkenningu Grænfánaverkefnisins með markvissri vinnu. Unnið er að þróunarverkefni um stærðfræði í leik og starfi og er samstarf gott á milli leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins.

Í grunnskólunum er unnið að einstaklingsmiðuðu námi, eineltisáætlunum í tengslum við Olweusarverkefnið, Grænfána verkefni og innra mati skólanna sem stuðlar að stöðugri framþróun og lögð hefur verið sérstök áhersla á fjölgun valgreina fyrir nemendur í efri bekkjum síðastliðin ár.

Leikskólar eru byggðir upp til að mæta íbúaþróun og markmiðum um fjölskyldugildi.

Gert er ráð fyrir að skólastofnanir geti stækkað á núverandi landnotkunareitum á skipulagstímabilinu.

Með tilkomu menntaskólans í Ólafsfirði eykst námsframboð í sveitarfélaginu.



Mynd 30 Skólaóð Grunnskóla Siglufjarðar

Bókasafn

Bókasafnið á Siglufirði var stofnað 1916 og er nú til húsa að Gránugötu 24. Lestrarfélag Ólafsfjarðar var stofnað 1895 og er til húsa í „Sigurhæðum“ við Aðalgötu 15.

Stefnt er að sameiningu bókasafna og þróun menningarmiðstöðvar í framhaldi af því á skipulagstímabilinu.

Heilbrigðisþjónusta

Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar er staðsett á báðum þéttbýlisstöðunum.

Í Ólafsfirði er heilsugæsla staðsett í Hornbrekku þar sem dvalarheimili aldraðra er einnig staðsett.

Sjúkrahúsið á Siglufirði rekur öldrunardeild, sjúkradeild og heilsugæslustöð. Heilsugæslustöðin var stækkuð 2008 með viðbyggingu til austurs á tveimur hæðum.

Samþætta skal uppbyggingu og samvinnu heilsugæslustöðva í báðum þéttbýliskjörnum.

Félagsþjónusta

Félagsmálanefnd fer með málefni félagsþjónustu í umboði bæjarstjórnar.

Verkefni félagsþjónustu Fjallabyggðar eru meðal annars: félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, félagslegt leiguhúsnæði, þjónusta við fólk með fötlun, félagsleg heimþjónusta, dagþjónusta aldraðra, barnavernd, aðstoð við áfengissjúka og vímuefnavarnir ásamt forvarnastarfsemi.

Félagsþjónusta Fjallabyggðar hefur það að markmiði að „tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar“ (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, 1991 nr. 40). Við framkvæmd þjónustunnar er það haft að leiðarljósi að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, styrkja hann til sjálfshjálpar og virða sjálfsákvörðunarrétt hans.

Dvalarheimili aldraðra

Árið 1990 var tekin í notkun á Siglufirði tengibygging milli sjúkrahússins og leiguíbúða aldraðra (Skálarhlíð). Í tengibyggingunni er sjúkrahjálfun.

Í Ólafsfirði er dvalarheimili aldraðra í sömu byggingu og heilsugæslan, Hornbrekku.

Gert er ráð fyrir á skipulagstímanum að stækka svæði fyrir dvalarheimili aldraðra á Siglufirði til vesturs. Þar er gert ráð fyrir 1500 m² lóð undir hugsanlega stækkun stofnana og bílastæða.

Gert er ráð fyrir stækkun dvalarheimilisins á Hornbrekku í Ólafsfirði á skipulagstímabilinu.

Félagastarfsemi

Á þéttbýlisstöðunum tveim í Fjallabyggð hefur verið mikil hefð fyrir félagastarfsemi, sem helgast að miklu leiti af einangrun staðanna þar sem íbúar hafa þurft að vera sjálfum sér nægir um hverskonar afþreyingu og félagsstarf. Mikil hefð er fyrir íþróttaiðkun jafnt sumar sem vetur og hefur hún aðallega þróast útfrá aðstæðum t.d. er skíðamenning mjög ríkur þáttur í bæjarlífi staðanna, á sumrin er rík hefð fyrir knattspyrnu og hafa knattspyrnufélögin KS og Leiftur oft á tíðum náð góðum árangri á landsvísu.

Þá hefur sundmenning verið ríkur þáttur í afþreyingu íbúa sem helgast af því að snemma var farið að nýta heitt vatn til upphitunar.

Leikfélög hafa verði starfandi á báðum stöðum í gegnum tíðina og tónlistarlíf töluvert, ýmsir kórar eru starfandi.

Starfandi eru björgunarsveitir í báðum þéttbýliskjörnunum með öflugum unglingastarfi. Björgunarsveitin Strákar er á Siglufirði og Björgunarsveitin Tindur í Ólafsfirði.

Íþróttabandalag Siglufjarðar og Ungmenna- og íþróttasamband Ólafsfjarðar var sameinað undir nafni Fjallabyggðar sem Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar í maí 2009.



Mynd 31 Frá þjóðlagahátíð á Siglufirði (Fjallabyggð, 2009)

Kirkjur og kirkjugarðar

Í Fjallabyggð eru 3 kirkjur í 2 sóknum og 5 kirkjugarðar. Siglufjarðarsókn telst til Skagafjarðarprófastsdæmis en Ólafsfjarðarsókn til Eyjafjarðarprófastsdæmis.

Siglufjarðarkirkja

Siglufjarðarkirkja er í Siglufjarðarprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi. Kirkja hefur verið á Siglufirði síðan 1614, en var áður á Siglunesi. Steinsteypukirkjan, sem nú stendur, var byggð 1932. Allmikið húsrými er á kirkjulofti og þar var Gagnfræðaskóli Siglufjarðar starfræktur um alllangan tíma. Safnaðarheimili var vígt á loftinu árið 1982.

Kvíabekkjarkirkja

Kvíabekkur var landnámsjörð Ólafs bekks og frá fornu fari höfuðból Ólafsfjarðar. Hún mun snemma hafa orðið kirkjujörð. Kirkjan á Kvíabekk var helguð Ólafi konungi helga. Í heimildum frá 1325 getur fyrst presta á Kvíabekk. Um fimm árum síðar þykir Hólabiskupi svo lífvænlegt á staðnum að hann stofnar þar spítala og elliheimili fyrir gamla presta. Er prestaspítalinn á Kvíabekk fyrsta sjúkrahús sem stofnað var á Íslandi, svo vitað sé. Þar er hóll sem nefndur er Spítalahóll og er nafnið líklega frá þessum tíma.

Kirkjan sem nú stendur á Kvíabekk er elsta hús í Ólafsfirði. Hún er timburkirkja reist 1892 úr brotum annarrar nýbyggðrar kirkju sem hafði fokið.

Ólafsfjarðarkirkja

Ólafsfjarðarkirkja var reist 1915 og vígð 4. sunnudag í aðventu sama ár. Hún er eitt af síðustu verkum Rögnvalds Ólafssonar arkitekts. Kirkjan var reist af nokkrum vanefnum. Heimstýrjöldin fyrri var í fullum ham og aðföng erfið og dýr. Margir af gripum Kvíabekkjarkirkju voru færðir yfir í nýju kirkjuna, enda sókninni ekki skipt.

Í garði Ólafsfjarðarkirkju stendur minnisvarði um druknaða sjómenn. Minnisvarði þessi var reistur af Hallgrímsnefnd um 1940 og var fyrsti sinnar tegundar á landinu. Á hann eru rituð nöfn þeirra ólafsfirskru sjómanna sem farist hafa á sjó, og ekki fundist.

Kirkjur og kirkjugarðar munu uppfylla þarfir sveitarfélagsins til a.m.k næstu 20 ára.




Mynd 32 Kirkjugarðurinn á Siglufirði

Opinber stjórnun og löggæsla

Lögreglustöðin er staðsett í Gránugötu 4-6 á Siglufirði og Ólafsvogi 1 á Ólafsfirði. Lögregluembætti eru á sömu stöðum og sýslumannsembættin. Öll löggæsla í Fjallabyggð heyrir undir lögregluembættið á Akureyri.


Slökkvilið og neyðarflutningar

Slökkviliðin í sveitarfélaginu voru sameinuð árið 2007 og eru staðsett á Strandgötu 20 í Ólafsfirði og Snorragötu 7 á Siglufirði. Slökkvistjóri og varaslökkvistjóri eru staðsettir í sitthvorum byggðarkjarnanum. Sjúkrabílar eru staðsettir í báðum þéttbýliskjörnum með sjúkraflutningamenn og vaktlækna. Í öllum neyðartilvikum er ekið á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.



1. Bókasafn
2. Sundlaug
3. Grunnskóli
4. Framhaldsskóli
5. Íþróttahús
6. Skíðaheimili
7. Dvalarheimili
8. Hótel
9. Leikskóli
10. Kirkja
11. Bæjarskrifstofa
12. Sýslumaður/Lögreglustöð
13. Slökkvistöð

Kort 13 Þjónustustofnanir í Ólafsfirði



Kort 14 Þjónustustofnanir á Siglufirði

Útivist og íþróttir

Möguleikar til fjölbreytilegrar íþróttar- og frístundaíðkunnar eru miklir í Fjallabyggð og er lögð áhersla á að almenningur geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Lögð verður áhersla á uppbyggingu útivistarsvæða í báðum þéttbýliskjörnum. Lagt er til að þéttbýliskjarnarnir skipti á milli sín framtíðaruppbyggingu í ákveðnum greinum þar sem það er talið hagkvæmara og þá er styrkur hvers svæðis hafður að leiðarljósi við þær ákvarðanir. Þess ber þó að geta að stefnt er að því að viðhalda alltaf svæðum og tómstundargreinum í báðum þéttbýliskjörnum.

STEFNUMIÐ:

Uppbygging útivistarsvæða haldi áfram og útivistarmöguleikar verði sem bestir.

Megináhersla að keppnisaðstaða hverrar íþróttagreinar verði öðrum megin Héðinsfjarðarganga, en lágmarksaðstaða hinum megin.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Ráðgert er að skíðasvæði í Skarðsdal verði aðal skíðasvæði Fjallabyggðar en skíðasvæðið í Ólafsfirði verði einnig opið áfram, bæði lyfta og göngusvæði.

Sundlaugar og íþróttahús verði á báðum þéttbýlisstöðunum.

Íþróttaaðstaða verði áfram byggð upp í Ólafsfirði þar sem lögð verði áhersla á knattspyrnu og frjálsar íþróttir með æfingaraðstöðu á Siglufirði.

Keppnissvæði hestamanna mun vera á Siglufirði.

Svæði fyrir moto-cross og snjósleða verði í Ólafsfirði.

Níu hola golfvöllir verði byggðir upp í hvorum firði svo að samanlagt geti það orðið 18 hola keppnisvöllur.

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallýbrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði. (Sjá gr. 4.12 í skipulagsreglugerð)

Opin svæði til sérstakra nota

Fjölbreyttir möguleikar til útivistar eru fyrir hendi bæði fyrir íbúa sveitarfélagsins og ferðamenn.

Með afmörkun opinna svæða til sérstakra nota er tekið mið af notagildi fyrir íbúana, gæðum frá náttúrunnar hendi, bættum umhverfis- og veðurskilyrðum og tengslum við hugsanlega stækkun sveitarfélagsins. Opnu svæðin mynda samhangandi svæði ásamt stofnana- og þjónustusvæðum og gefa þannig möguleika á góðu umhverfis- og útivistarskipulagi. Þannig tengjast hinir mismunandi hlutar þéttbýlanna saman með opnum „grænum“ leiðum. Jafnframt því að gera þéttbýlin hlýlegri og auka útivistarmöguleika hefur þetta veruleg jákvæð áhrif á veðurfar er svæðin gróa upp með trjám og runnum.

Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir því, að opnu svæðin myndi samfellda heild og að auðvelt sé að tengja þau saman með gönguleiðum/útivistarstígum og gróðurbeltum.

Á Siglufirði eru vinsælar gönguleiðir á snjóflóðavarnargörðum fyrir ofan byggðina og verður sambærilegt útivistarsvæði á snjóflóðavarnargarði við Hornbrekku í Ólafsfirði.

Í Ólafsfirði er skilgreindur skruðgarður í hjarta bæjarins rétt við tjörnina. Þá er gert ráð fyrir að Torgið á Siglufirði og skólasvæðið í Ólafsfirði verði gert meira aðlaðandi og aðgengilegra fyrir íbúa sveitarfélagsins sem og aðra landsmenn.

Skotæfingasvæði eru á tveimur stöðum í sveitarfélaginu og er ráðgert að aðstæður verði bættar á öðru eða báðum svæðunum á skipulagstímabilinu.

Fyrirhuguð er uppsetning kláfs norðan við Gvendarskál í Ólafsfjarðarmúla. Ætlunin er að hann auki útivistarmöguleika almennings og laði fólk að svæðinu sem hefur minni getu til að stunda fjallgöngur en fái með þessu tækifæri til að njóta útsýnis yfir haf og fjöll Tröllaskaga. Jafnframt býður kláfur uppá möguleika til utanbrautarskiðunar með auðveldum hætti að vetrarlagi. Framkvæmdin mun fara í sjálfstætt umhverfismat þegar þar að kemur.

Héðinsfjörður, upp í 100 m.y.s., er skilgreindur sem „opið svæði til sérstakra nota“ sökum sérstæðrar náttúrufergurðar og útivistargildis. Fjörðurinn er á náttúruverndaráætlun 2004-2008 og á náttúruminjaskrá ásamt Tröllaskaganum í heild. Fjölbreyttur snjóældagróður einkennir fjörðinn en hvergi má finna betra sýnishorn af hinum sérstæða gróðri útsveita við Eyjafjörð. Með skilgreiningu á svæðinu sem „opnu svæði til sérstakra nota“ er verið að undirstrika mikilvægi heildstæðrar verndunar vistkerfa á lítt snortnu svæði ásamt því að gefa göngufólki áfram kost á að komast í tæri við náttúru svæðisins. Lagt er til að gönguleiðir verði stikaðar til að beina fólki um réttan veg og frá viðkvæmum svæðum sem þarft er að vernda fyrir ágangi. Einnig er lagt til að girðingum verði haldið í lágmarki, enda sé ekki gert ráð fyrir skepnuhaldi í firðinum. Til að hafa sem minnst áhrif á vistkerfi svæðisins og heildaryfirbragð fjarðarins er ekki gert ráð fyrir neinni mannvirkjagerð annarri en göngubrú yfir ána norðan vegar. Ekki er heldur gert ráð fyrir neinni skógrækt né notkun á framandi gróðurtegundum í firðinum. Mælt er til að þess að unnið verði heildarskipulag fyrir svæðið í samráði við landeigendur. Samantekt um ákvæði er varða Héðinsfjörð má lesa í kaflanum *ítarefni*.

Bent er á nánari lýsingu á svæðum í landnotkunartöflu á bls 202.



Mynd 33 Tjörnin í Ólafsfirði

Skiðasvæði

Siglufjörður

Skiðafélag Siglufjarðar er stofnað 8. febrúar 1920. Stofnun félagsins mun vera bein afleiðing af því að Ole Tynes flutti inn talsvert af norskum skiðum, er hann seldi á vægu verði.

Skiðasvæðið er staðsett í Skarðsdal, þar sem mjög góða aðstaða er bæði til skiða- og brettaiðkunar. Þrjár lyftur eru á svæðinu í upplýstum brekkum.

Brautir fyrir skiðagöngu eru í Hólsdal.

Ólafsfjörður

Skíðasvæði Ólafsfirðinga er staðsett ofan byggðar í brekkurótum Tindaaxlar. Á skíðasvæðinu í Tindaöxl er ein 650 metra löng diskalyfta. Göngubrautir eru troðnar víðsvegar. Trimmbraut er lögð norðan við Ólafsjarðarvatn, rétt við byggðina. Þá er ný ljósabraut sunnan við skíðasvæðið og getur hún verið allt í senn. Trimmbraut, æfingabraut og keppnisbraut.

Brettamenn fá stór ótroðin svæði, þeir nota gjarnan þá hryggi sem eru á svæðinu og stökkpallar eru útbúnir í samráði við þá.

Í Skarðsdal er með betri skíðasvæðum landsins. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á skipulagstímabilinu.

Frekari uppbygging á skíðsvæðinu er háð fyrirvara um hugsanlega ofanflóðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum sbr. 1. mgr. 8 gr. reglugerðar nr. 505/2000. Lesa má samantekt úr hættumatinu undir kaflanum Ítarefni.

Stefnt er að gera skíðasvæðið í Skarðsdal að áhugaverðum valkosti í vetrarferðamennsku þar sem aðstæður til skíðaiðkunar eru eins og best verður á kosið.

Skíðasvæðið í Ólafsfirði verður með áframhaldandi starfsemi en aðalkeppnissvæði sveitarfélagsins verður staðsett í Skarðsdal.



Mynd 34 Skíðadrengir við skíðaskálann í Skarðsdal (Fjallabyggð, 2009)

Sundlaug og íþróttahús / heilsurækt

Siglufjörður

Veturinn 1968 var komið upp 450 m² gólfi yfir sundlaugarþróna þannig að þar gátu farið fram allar algengar inniþróttir að vetri til en á öðrum árstímum var gólfíð fjarlægt og þá var sundhöllin öllum opin.

Byggt var íþróttahúsi sunnan við sundhöllina árið 1986. Auk þess var byggð heilsuræktarstöð árið 2004.

Ólafsfjörður

Sundlaug Ólafsfjarðar var vígð 1945. Búið er að breyta ýmsu og bæta við nuddpotti, setlaug, vaðlaug og gufubaði. Sundlaugin sjálf er 8 x 25 metrar.

Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir 4200 m² bílastæðaplani, fyrir u.þ.b. 200 bíla sunnan við íþróttahúsið á Siglufirði, sem þjónar bæði íþróttahallar- og sundlaugargestum.

Hafnar eru framkvæmdir á sundlaugarsvæðinu í Ólafsfirði þar sem fjölskylduvænt umhverfi verður haft að leiðarljósi.

Íþróttasvæði

Íþróttasvæðið á Siglufirði er staðsett á Hóli. Þar er m.a. aðstaða fyrir knattspyrnu, hestamennsku og golf. Á svæðinu er hús þar sem er búninga- aðstaða og gistimöguleiki.

Í Ólafsfirði er íþróttaraðstaðan fyrirmyndar góð, íþróttahús, sundlaug og þreksalur í sömu byggingu auk prýðis knattspyrnuvallar.

Við sameiningu sveitarfélaganna opnuðust nýjar leiðir varðandi nýtingu íþróttasvæða, þar sem samnýting mannvirkja og starfsfólks gerir kleift að bæta þjónustuna umtalsvert.

Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir að efla íþróttasvæðin með uppbyggingu á æfingasvæði fyrir knattspyrnu á Siglufirði og fullkomnum keppnisvelli fyrir frjálsar íþróttir og knattspyrnu í Ólafsfirði.



Mynd 35 Fótboldtængir á Nikulásarmóti í Ólafsfirði (Fjallabyggð, 2009)

Moto-cross

Byggð hefur verið moto-cross braut í Ólafsfirði.

Svæði fyrir íþróttina er skilgreint vestan óss Ólafsfjarðarvatns í Ólafsfirði. Hljóðmanir verða umhverfis svæðið til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Nákvæm útfærsla hljóðmana ásamt umgengisreglum komi fram í deiliskipulagi og starfsleyfi svæðisins.

Golf

Góðir 9 hola golfvöllir eru nálægt báðum byggðarkjörnum Fjallabyggðar.

Siglufjörður

Golfklúbbur Siglufjarðar, stofnaður árið 1970, rekur golfvöll að Hóli, sem er sunnan við bæinn, í botni Siglufjarðar. Hólsvöllur er á veðursælu og fallegu svæði. Völlurinn er fjölbreyttur með stuttum, löngum og mishæðóttum brautum. Flatirnar eru flestar litlar og hafa reynst mörgum golfaranum erfiðar.

Ólafsfjörður

Golfklúbbur Ólafsfjarðar, stofnaður árið 1968, rekur 9 hola golfvöll í mynni Skeggjabrekkudals með stórglæsilegu útsýni yfir Ólafsfjarðarvatn, bæinn og mynni Eyjafjarðar. Völlurinn er í senn bæði krefjandi og stórskemmtilegur. Hið sérkennilega vallarstæði heillar flesta golfara sem prófa völinn.

Golfvöllinn á Siglufirði þykir nauðsynlegt að endurbæta og byggja upp. Verið er að vinna í hugmyndum að endurnýjun vallarins.

Hér skal bent á að samkvæmt III. kafla laga nr 44/1999 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um almannarétt, umgengni og útivist, kemur fram að tryggja skuli aðgengi almennings, m.a. meðfram ám og vötnum. Mikilvægt er að við deiliskipulagningu golfvallanna og annarrar starfsemi í Hólsdal verði þess gætt að ekki verði hindruð leið fótgangandi manna meðfram ánni og gert verði ráð fyrir göngu- og reiðstígum.

Hestamennska og reiðleiðir


Mikið er af góðum reiðleiðum í sveitarfélaginu. Góð reiðleið liggur á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Hólsdal og Skeggjabrekkudal. Einnig er reiðleið inn Nesdal og út í Siglunes og suður á Lágheiði og þaðan í Fljót og til Dalvíkur.

Tvö svæði eru afmörkuð fyrir hestamennsku í sveitarfélaginu:

- Á Siglufirði er hesthúsahverfi sunnan Steinaflata og hefur það verið deiliskipulagt. Á svæðinu er jafnframt keppnissvæði.
- Í Ólafsfirði er núverandi hesthúsabyggð við fjallsrætur Ósbrekkufjalls en svæðið liggur innan snjóflóðahættumatslína VÍ.

Í Ólafsfirði er ekki leyfilegt að byggja fleiri hús í núverandi hesthúsabyggð sökum ofanflóðahættu. Gert er ráð fyrir að hesthúsasvæði stækki til austurs við núverandi reiðvöll.

Gert er ráð fyrir átaki í merkingum og lagfæringum reiðleiða á skipulagstímabilinu. En ekki er gert ráð fyrir reiðleið út Héðinsfjörð.



Kort 15 Reiðleiðir í Fjallabyggð

Útivistarstígar og gönguleiðir

Mikið er af áhugaverðum gönguleiðum í sveitarfélaginu. Gamlar þjóðleiðir liggja yfir skörð milli fjarðanna og njóta útivistarstígar nær byggðinni s.s. á snjóflóðavarnargörðum og í skógræktarreitum mikilla vinsælda.


Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir gönguleiðakerfi sem tengir öll helstu hverfi bæjanna saman og áfram inn á útivistarsvæðin. Einnig er gert ráð fyrir útivistar- og reiðstígum eftir þekktum leiðum um sveitarfélagið eins og fram kemur á skipulagsuppráttum.

Ekki er gert ráð fyrir reiðleiðum í Héðinsfirði en áhersla lögð á að göngufólk fái áfram notið þeirrar náttúru sem fjörðurinn hefur upp á að bjóða með möguleikum á lengri og styttri gönguferðum eftir stikuðum göngustígum. Gert er ráð fyrir áningarstað við veginn í Héðinsfirði og stígum þaðan sem tengjast inn á núverandi einkavegi og áfram eftir núverandi slóðum beggja vegna dalsins og út með firðinum. Ekki er gert ráð fyrir að göngustígar verði uppbyggðir á neinn hátt og mun umferð ökutækja um einkavegi takmarkast eingöngu við landeigendur. Samantekt um ákvæði er varða Héðinsfjörð má lesa í kaflanum *ítarefni*.

Átak verður gert í merkingu gönguleiða á skipulagstímabilinu. Stikunum er ætlað að leiða göngufólk rétta leið um hrikalegt fjallalandslagið á Tröllaskaganum en gætt verður að viðkvæmum svæðum og þeim hlíft við raski.



Mynd 36



Kort 16 Gönguleiðir í Fjallabyggð

Tjaldsvæði

Á Siglufirði eru tvö tjaldsvæði. Annað er staðsett miðsvæðis, við torgið og smábátahöfnina og er það útbúið snyrtiaðstöðu. Hitt er staðsett sunnan við snjóflóðavarnargarðinn Stóra-Bola og er útbúið færanlegri snyrtiaðstöðu. Rágmagnstenglar eru á báðum svæðum.

Í Ólafsfirði er tjaldsvæði staðsett í hjarta þéttbýlisins, við tjörnina og íþróttamiðstöðina. Rágmagnstenglar eru á staðnum.

Ekki er áætlað að leggja niður núverandi tjaldsvæði í sveitarfélaginu en lagt er til að tjaldsvæði verði byggt upp að Hóli í Siglufirði í tengslum við íþróttamiðstöðina þar.

Í Ólafsfirði er einnig lagt til að byggt verði upp tjaldsvæði. Því hefur verið valinn staður sunnan snjóflóðavarnargarðsins við Hornbrekku. Þar mætti móta í litlar flatir með fögru útsýni yfir Ólafsfjarðarvatn og inn dalinn. Sett yrðu upp færanleg snyrtiaðstaða vegna mögulegra ofanflóða.

Óbyggð svæði


Meirihluti Fjallabyggðar er skilgreindur sem óbyggð svæði. Það er allt landsvæði fyrir ofan 400 m.y.s., sem einnig nær niður að þéttbýliskjörnunum. Þá eru Skeggjabrekkudalur og Ytrárdalur í Ólafsfirði skilgreindir sem óbyggð svæði utan opins svæðis til sérstakra nota fyrir Golfvöll og frístundarbyggðarinnar að Kleifum.

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði. (Sjá í gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

Fjöl margar vinsælar göngu- og reiðleiðir eru um óbyggð svæði sveitarfélagsins, og verður lögð áhersla á að merkja, kynna og skapa nýja möguleika í útivist og ferðamennsku á svæðinu.

Áhersla á sjálfbæra þróun landsins þ.e.a.s að markvisst verði fylgst með þoli landsins vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að ofbjóða því ekki. Slík umhverfismeðvitund mun efla samfélagið og auka möguleika í ferðaþjónustu.


Leitast verði við að gera óbyggðu svæðin að opnu svæði til almennrar útiveru fyrir íbúana þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Þó er heimilt og gert ráð fyrir byggingu snjóflóðamannvirkja ofan byggðarinnar eins og fram kemur á skipulagsuppdætti.



Kort 17 Opin svæði til sérstakra nota í Siglufirði



Kort 18 Opín svæði til sérstakra nota í Ólafsfirði



Kort 19 Opin svæði til sérstakra nota í sveitarfélaginu

Menning og ferðamál

Fyrir ferðamenn og útivistarfólk er margt í boði í Fjallabyggð. Á veturna er staðurinn skíðaparadís og draumur útivistarmannsins. Hægt er að fara á svigskíði, gönguskíði, skauta, þeytast um á snjósleða eða dorga í Ólafsfjarðarvatni.

Á sumrin eru það fjöllin, vatnið og svört sandfjaran sem heilla. Í stórbrotnu landslagi Fjallabyggðar má finna fjölbreyttar gönguleiðir um fjöll og dali og njóta einstaks útsýnis í kyrrð og ró.

Boðið er upp á sjóstöng auk þess sem hægt er að stunda stangveiðar í Ólafsfjarðará, í Ólafsfjarðarvatni, í Héðinsfirði, og í Hólsá á Siglufirði. Að ógleymdri veiði á bryggjum bæjanna.

Möguleiki er á að skipuleggja sjóferðir að misjöfnu áhugasviði fólks t.d. að setja saman göngu- og siglingapakka þar sem gengið yrði út í Héðinsfjörð og siglt heim.

Í Fjallabyggð eru tveir 9 hola golfvöllir og tvær sundlaugar.

Í sveitarfélaginu er að finna hótél, og gistiheimili sem eru rekin allt árið. Tjaldsvæði eru í hjarta bæjarkjarnanna þar sem stutt er í alla þjónustu.

Síldarminjasafnið er staðsett á Siglufirði, en það er stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins. Í þremur ólíkum húsum er hægt að kynna sér síldveiðar og vinnslu á silfri hafsins. Síldarminjasafnið hlaut Evrópuverðlaun safna, Michletti verðlaunin árið 2004.

Byggt hefur verið upp Þjóðlagasetur Sr. Bjarna Þorsteinssonar sem er fræðasetur um íslenska þjóðlagarfinn.

Á Ólafsfirði er náttúrugripasafn sem er fyrst og fremst fuglasafn þar sem hægt er að sjá allflestar fuglategundir landsins auk eggjasafns. Einnig má sjá ísbjörn og fleira. Safnið var stofnað 1993.

STEFNUMÍÐ:

Fjallabyggð er náttúruperla með góða vaxtarmöguleika sem ferðapjónustusvæði.

Styðja skal við núverandi ferðapjónustuaðila og skapa grundvöll fyrir frekari uppbyggingu og fjölbreytni í greininni.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Markaðssetning Fjallabyggðar sem framsækis sveitarfélags með meðvitaða umhverfisstefnu skapar ferðapjónustaðilum forskot á hópa ferðamanna sem tengjast náttúru og útivist.

Með tilkomu Héðinsfjarðarganga, skapast áhugaverð hringtenging um norðanverðan Tröllaskaga allt árið um kring sem á ný skapar aukin tækifæri í ferðapjónustu. Búast má við að slík hringleið, þar sem fræðast má um atvinnulífið, mannlífið og söguna yrði vinsæl t.d. meðal farþega þeirra fjölmörgu skemmtiferðaskipa sem viðkomu hafa á Akureyri hvert sumar og verði áhugaverður valkostur við hefðbundnari náttúruskoðunarferðir í austur frá Akureyri.

Áhrifa af stærri ferðamannaviðburðum á svæðinu, á borð við Síldarævintýrið á Siglufirði mun einnig gæta í Ólafsfirði og öfugt vegna sambærilegra viðburða í Ólafsfirði.



Mynd 37 Síld í tunnu

Frístundabyggð

Svæði undir frístundabyggð eru nú þegar víða um sveitarfélagið. Í gildi eru deiliskipulög fyrir Reyki og Þverá í Ólafsfirði og fyrir Saurbæjarás í Siglufirði.

STEFNUMÍÐ:

Byggja upp frístundabyggðir í Fjallabyggð að teknu tilliti til ofanflóðahættu, náttúruverndar og fornleifaverndar.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Við deiliskipulagsgerð frístundabyggðanna skal tekið mið af því að raska ekki viðkvæmum svæðum og þéttleiki byggðar taki m.a. mið af náttúru og landslagi viðkomandi svæðis. Frístundahús og -svæði skulu uppfylla lög og reglugerðir um skipulag og grunnkerfistengingar að og frá húsinu/svæðinu. Á nýjum svæðum skulu lóðir að lágmarki vera 0,25 ha.

Þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi skal stefna að því að ljúka gerð deiliskipulags fyrir árið 2015. Ef fyrirhuguð er uppbygging á eldri frístundasvæðum er hún háð því að unnið verði deiliskipulag fyrir viðkomandi byggð. Framkvæmdaleyfi þarf til lagningu vega eða slóða, þó svo að um eignaland sé að ræða.

Svæði fyrir frístundabyggð eru ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli. (Sjá gr. 4.11 í skipulagsgreinargerð)


Gert er ráð fyrir að reisa megi allt að tvö frístundahús á hverri jörð án þess að gera þurfi aðalskipulagsbreytingu en fyrirvara þarf að hafa á því vegna hugsanlegrar ofanflóðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum sbr. 1. mgr. 8 gr. reglugerðar nr. 505/2000. Sækja þarf um byggingarleyfi til sveitarstjórnar og fylgja skal öðrum skilmálum byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Um Héðinsfjörð gilda sérákvæði.

Nýjar frístundabyggðir eru deiliskipulagsskyldar þar sem kveða skal á um þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu að þeim í deiliskipulagi. Jafnframt skal gera kvaðir um stærð og gerð húsa, efnisnotkun og litaval eftir því sem við á.

Í dag eru orlofshús á Siglunesi og er svæðið því skilgreint sem frístundabyggð þar sem frekari uppbygging er möguleg. Tekið skal tillit til fornleifa á staðnum skv. 10 gr. Þjóðminjalaga 107/2001.

Héðinsfjörður er á náttúruverndaráætlun 2004-2008 vegna stórbrotinnar náttúru og fjölbreytts snjóðældargróðurs. Þar er einnig að finna fjölda fornleifa. Þrjú hús standa við fjörðinn en ekki er gert ráð fyrir neinum frekari mannvirkjum nema þá göngubrú yfir ána norðan vegarins. Sökum ofanflóðahættu í firðinum eru ekki forsendur fyrir því að skilgreina frekari frístundabyggð á svæðinu þar sem lögformlegt snjóflóðahættumat liggur ekki fyrir. Samantekt um ákvæði er varða Héðinsfjörð má lesa í kaflanum *ítarefni*.

Bent er á nánari lýsingu á svæðum í landnotkunartöflu á bls 201.



Kort 20 Frístundabyggð í sveitarfélaginu

Umhverfismat stefnumiða - Samfélag

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um samfélag	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	0	+	+

Möguleikar til fjölbreytilegrar íþróttar- og frístundaiðkunar eru miklir í Fjallabyggð og er lögð áhersla á að almenningur geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Lögð verður áhersla á uppbyggingu útivistarsvæða í báðum þéttbýliskjörnunum en lagt er til að þéttbýliskjarnarnir skipti á milli sín framtíðaruppbyggingu í ákveðnum greinum þar sem að það er talið hagkvæmara og þá er styrkur hvers svæðis hafður að leiðarljósi við þær ákvarðanir.

Samfélagslegir umhverfispættir eru taldir geta orðið fyrir töluverðum jákvæðum áhrifum af völdum stefnumiða málaflokka samfélags í aðalskipulaginu. Það sama gildir fyrir flesta umhverfisvísa varðandi *heilsu og velliðan* og *byggð og efnisleg verðmæti*. Þó er ljóst að með aukinni íþróttar- og frístundaiðkun í sveitarfélaginu er alltaf einhver slysaætla fyrir hendi.



Mynd 38 Við Ingvarsbryggju á Siglufirði



Grunnkerfi

MARKMIÐ:

Að efla uppbyggingu og viðhald á grunnkerfum til/frá og innan sveitarfélagsins vegna mikilvægis í eflingu, samþættingu og vexti sveitarfélagsins.

Með bættu samgöngukerfi verða bætt búsetuskilyrði og eflt atvinnulíf.

samgöngur

veitur

efnistaka og -losun

landfyllingar

söfnun og meðhöndlun úrgangs

Samgöngur

Hinn 17. maí 2002 tóku gildi lög um samgönguáætlun nr. 71/2002. Markmið laganna er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Samhliða lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002 voru sett lög um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl., nr. 73/2002. Þær breytingar miða að því að gæta samræmis í löggjöf.

Samgönguáætlun markar stefnu fyrir allar greinar samgangna til 12 ára í senn. Áætlunin skilgreinir grunnkerfi samgangna, gerir grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu, tekur tillit til umhverfis, öryggis, þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur og tekur mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best. Forgangs röðun er byggð á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og jafnframt í einstökum landshlutum (Siglingastofnun, á.á.)

Áhrif samgöngubóta hafa haft mikil áhrif á þróun þessa byggðalags. Þjóðleiðir sem gengnar og riðnar voru á árum áður liggja á milli fjarðanna. Veg- og sjósamgöngur tóku við en fólk bjó við mjög einangraðar aðstæður. Vegsamgöngur hafa tekið stakkaskiptum gegnum tíðina og síðustu 60 árin hafa miklar framfarir átt sér stað. Nú standa yfir framkvæmdir við Héðinsfjarðargöng og bundnar eru miklar vonir við jákvæð áhrif þeirra á atvinnuþróun og fólksfjölgun.

STEFNUMÍÐ:

Samgöngur til og frá sveitarfélaginu verði bættar.

Viðhalda flugvælinum á Siglufirði fyrir sjúkraflug og ferðaþjónustu. Þrylsvæði verði afmarkað í Ólafsfirði.

Skapa örugga hafnaraðstöðu með góðu viðlegurými- og aðliggjandi athafnasvæðum.

Áhersla á vaxtarmöguleika í hafnsækinni starfsemi.

Góð tenging við samgöngukerfi á landi.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Brýnt er að gera samgöngur yfir í nágrennasveitarfélögin viðunandi, þannig að öryggi fólks sé ekki í hættu og er því áætlað að tvenn jarðgöng verði gerð á skipulagstímabilinu, Fljótagöng og Ólafsfjarðargöng.

Viðhalda skal Siglufjarðarflugvelli til sjúkraflugs og möguleika á uppbyggingu síðar.

Þrylsvæði verði merkt við nyrðri enda gömlu flugbrautarinnar í Ólafsfirði.

Á Siglufirði skal lengja Öldubríjt, bæta vegtengingu að hafnarsvæði og stór landfylling verður gerð norðan Öldubríjts.

Taka á þátt í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar með það að markmiði að Siglufjarðarhöfn verði umskipunarhöfn Eyjafjarðarsvæðisins.

Hafnaraðstaða á Siglufirði verði markaðssett sem alþjóðleg þjónustuhöfn fyrir starfsemi á Norðurslóðum.

Í Ólafsfjarðarhöfn skal leggja áherslu á uppbyggingu tengt sjávarútvegi.

Vegsamgöngur

Siglufjörður

Siglufjörður liggur í nyrsta hluta Tröllaskaga. Svæðið er innrammað af háum fjöllum Tröllaskagans og hafa samgöngur milli þéttbýlanna og nærliggjandi sveita markast mjög af því landslagi sem einkennir þetta landsvæði.

Vegalengd milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar er 62 km um Lágheiði, en þegar leiðin er lokuð þarf að fara um Öxnadalshéiði og er þá vegalengdin milli staðanna 234 km. Allir vegir milli þéttbýlisstaða á svæðinu eru með bundnu slitlagi nema Lágheiði og hluti Fljóta.

Árið 1946 var bílvegur lagður yfir Siglufjarðarskarð. Fram að því höfðu allir meiriháttar flutningar á fólki og varningi farið um sjóveg til og frá Siglufirði. Mikil samgöngubót var að Siglufjarðarskarðsveginum þótt fær væri aðeins fáa mánuði á ári.

Siglufjarðarvegur frá vegamótum við Ketilás er um 25 km langur að bæjarmörkum. Síðasti spölur þjóðvegarins til Siglufjarðar liggur í gegnum 840 m löng jarðgöng, Strákagöng. Þessi jarðgöng voru fyrstu löngu jarðgöngin á Íslandi en þau voru opnuð til umferðar 1967 og leystu af hólmi veginn um Siglufjarðarskarð. Gamli þjóðvegurinn um Siglufjarðarskarð er opinn jeppum flest sumur. Akvegurinn milli Siglufjarðar og Reykjavíkur er um 400 km, en milli Akureyrar og Siglufjarðar eru 120 km. um Lágheiði, en 200 km. um Öxnadalshéiði.


Á hluta af Siglufjarðarvegi, um svokallaða Almennina, hefur verið langvarandi jarðsig. Þannig hafa stundum myndast nokkrar misbrúnir í veginn við enda á landspildum sem eru á hreyfingu. Jarðfræðingar hafa um nokkurt skeið rannsakað og fylgst með þeim jarðvegshreyfingum sem þarna eiga sér stað. Nokkuð er um grjóthrun á veginn, sérstaklega í miklum rigningum og vorleysingum. Skráð hafa verið um 145 snjóflóð á Siglufjarðarveg frá 1971 og er tíðnin á milli ára mjög mismunandi eftir veðurfari.

Ólafsfjörður

Árið 1966 var tekinn í notkun akvegur fyrir Ólafsfjarðarmúla. Múlavegur þótti einhver sá hrikalegasti á landinu þar sem hann lá hátt í fjallshlíðinni í 230 m hæð og þverhnípt í sjó fram. Vegurinn var lagður af þegar Múlagöng voru opnuð til umferðar árið 1991. Göngin eru 3200 m löng með vegskálum. Byrjað var að sprengja fyrir þeim 1988 og tók verkið því vel á þriðja ár. Snjóflóðahætta er á hluta Ólafsfjarðarvegar milli Dalvíkur og austari munna Múlaganga.

Héðinsfjarðargöng

Framkvæmdir við veltengingu á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, svokölluð Héðinsfjarðargöng, hófust árið 2004 þegar byggð var ný brú yfir Ólafsfjarðarós. Í júní 2006 hófust svo framkvæmdir við göngin sem opna munu á stórbættar samgöngur milli byggðarkjarnanna tveggja. Byrjað var að grafa frá berginu í Siglufirði og í ágúst sama ár hófust framkvæmdir í Ólafsfirði. Veltengingin samanstendur í raun af tvennum göngum, einum frá Ólafsfirði í Héðinsfjörð (6,9 km) og öðrum úr Héðinsfirði í Siglufjörð (3,7 km) og veltengingum þeirra á milli. Alls er um að ræða um 14,2 km. Síðasta haftið í seinni göngunum var sprengt á Skírdag 9. apríl 2009.



Með tilkomu Héðinsfjarðarganga mun umferðarmynstur í Fjallabyggð breytast töluvert. Líklegt er að Lágheiði verði flokkuð niður í vegaflokkun Vegagerðarinnar, þar sem vægi hennar og umferðarmagn mun breytast töluvert. Á Siglufirði mun umferð til norðurs um Siglufjarðarveg að öllum líkindum minnka en þó er mikilvægt að viðhalda og bæta þá leið með tilliti til umferðaröryggis og tryggra samgangna. Þá þarf sérstaklega að bæta tengingu umferðar niður að athafna- og hafnarsvæði, þar sem þungaumferð er mest. Með því næðist að aðskilja umferð tengda athafnastarfsemi frá íbúðabyggð. Dregið verður úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á umhverfið. Tekið skal fram að framlagðar breytingar á stofnbraut eru háðar samþykki Vegagerðarinnar sbr. 29. gr. vegalaga. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt kostnaðaráætlun um framkvæmdina að þá gerir Fjallabyggð fyrirvara um samþykkt áðurnefndrar stofnbrautar.

Fljótagöng

Í hönnunar- og matsferli Héðinsfjarðarganga var tekin til greina gangnakosturinn Fljótagöng. Þann hluta leiðarinnar sem lítur að betri tengingum Siglufirðinga við Fljót og þ.a.l. Skagafjörð og Norðvesturland skal haldið inná landnotkunaráætlun Fjallabyggðar til næstu 20 ára. Siglufjarðarvegur um Almenninga og Strákagöng yrði lagður af sem veltenging Siglufjarðar en til yrði betri og styttri leið yfir í Fljót. Með þessu móti næðist viðunandi tenging frá Fjallabyggð til nágrannasveitarfélaga, með tilliti til umferðaröryggis og lokana vegna snjóflóðahættu og vetrarfærðar.


Áætluð göng myndu vera upp Hólsdal og inni fjallgarðinn þar en koma út í botni Nautadals. Áætluð lengd væri um 4,3 km yrði vegalengd milli Siglufjarðar og Fljóta þá um 12,5 km.

Fjármagn til framkvæmda í vegagerð er ákvarðað af Alþingi og einstök verkefni koma fram í svonefndri vegáætlun. Vegáætlun nær til fjögurra ára. Þá hefur Alþingi einnig samþykkt svonefnda langtímaáætlun í vegagerð, sem nær yfir þrjú vegáætlunartímabil, eða 12 ár. Samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2014 var afgreidd frá Alþingi í mars 2003. Núgildandi vegáætlun gildir fyrir árin 2007 – 2010.

Í greinargerð með langtímaáætlun er sérstaklega tekið fram, að ekki sé fjallað um framkvæmdir við jarðgöng. Ef til slíkra framkvæmda kemur á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að það verði samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem einnig verði tekin afstaða til fjármögnunar. Hins vegar er í langtímaáætlun veitt nokkru fé til jarðgangarannsókna á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum, eða 10 m.kr. árlega.

Þá eru uppi hugmyndir um að lengja og bæta veg upp að skíðasvæði Siglfirðinga í Skarðsdal. Sú lenging næmi um 1 km vegaframkvæmdar.

Í aðalskipulaginu er tekið tillit til votlendissvæða og lögð áhersla á að þeim verði ekki raskað frekar en orðið er.



Kort 21 Núverandi og framtíðar vegagerð í Fjallabyggð

Ólafsfjarðargöng

Múlagöng eru einbreið og með kröppum beygjum við báða munna. Ljóst er að samkvæmt umferðarstöðlum fyrir slík göng stefnir í að meðalárdagsumferð verði of mikil fyrir full umferðaröryggi í þeim og munu þau því fljótt verða flöskuháls í umferð á svæðinu. Sérstaklega þar sem fyrirséð er að umferð í gegnum Ólafsfjörð til Siglufjarðar muni aukast umtalsvert með opnun Héðinsfjarðarganga.

Tveir kostir voru metnir til að mæta aukinni umferð milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, þ.e.

Tvöföldun núverandi Múlaganga, en það þykir óheppilegt að því leyti að núverandi göng liggja og utarlega í Múlanum. Snjóflóðahætta við gangamunna og suður eftir hlíðinni austanverðri allt að Sauðanesi austan ganganna er óásættanleg. Tvöföldun ganganna myndi einnig kalla á að núverandi göngum yrði lokað á meðan á framkvæmdatíma stæði sem krefur Ólafsfirðinga um að keyra um Skagafjörð til að sækja þjónustu til Akureyar.

Annar kostur er að færa nýju göngin inn fyrir Sauðanesið. Það er álit sveitarstjórna Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar að stefnt skal að gerð nýrra ganga milli Burstabrekkudals og Hólsdals. Göngin, sem yrðu um 8,5 km, fela í sér styttingu um 4,5 km milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Vegalengd á milli Siglufjarðar og Dalvíkur yrði þá innan við 30 km. Gerð var athugasemd við Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þann 18. maí 2009 þegar það var í auglýsingu og gaf svarið til kynna að breyting yrði gerð á Aðalskipulagi þegar áform lægju fyrir. Því vill sveitarstjórnin leggja línurnar fyrir framtíðar samgönguáætlun með þessari stefnumörkun í aðalskipulagi.

Umhverfismat stefnumiða - Gangagerð til nágrannasveitarfélaganna

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um gerð nýrra Ólafsfjarðarganga og Fljótaganga	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	-	+	+

Vilji heimamanna er að gerð verði göng milli Siglufjarðar og Fljóta til að tryggja og auðvelda samgöngur til vesturs úr sveitarfélaginu. Þá er einnig ljóst að endurbætur á Múlagöngum eru fyrirséðar og í þeim efnum talið hagkvæmara að byggja ný göng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, heldur en snjóflóðavarnir í Múlanum og endurbætur á núverandi göngum. Efnislosun í tengslum við þessi gangaáform er umfangsmikil.

Stefnumið aðalskipulagsins um Fljótagöng um Hólsdal og ný Múlagöng munu hafa teljandi jákvæð áhrif á flesta þætti umhverfispáttta *samfélags*, *heilsu og velliðunar* og *byggðar og efnislegra verðmæta*. Teljandi neikvæð áhrif á náttúrufar, sérstaklega gróður og vistkerfi eru líkleg og þá ekki síður vegna efnislosunar en annars rasks.

Huga þarf vel að hönnun og ásýnd samgöngumannvirkja og hafa það að markmiði að framkvæmdin falli vel að landslaginu.



Mynd 39 Gangamunni Múlaganga, Eyjafjarðarmegin

Gatnakerfi í þéttbýli Siglufjarðar

Lengd gatnakerfisins á Siglufirði er í dag u.þ.b. 16 km. Gangstéttar og stígar eru víða en ekki alls staðar.

Gatnakerfi í þéttbýli Ólafsfjarðar

Lengd gatnakerfis á Ólafsfirði er í dag u.þ.b. 10 km og eru víðast hvar gangstéttir öðru megin.

Nauðsynlegt er að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem best og hvetja fólk til að ganga og hjóla með góðum frágangi á gangstéttum þar sem vegalengdir innan þéttbýlanna eru tiltölulega stuttar. Koma þarf í veg fyrir hraðakstur á mestu umferðargötunum og ljúka frágangi gatna með klæðningu og gangstéttum.

Leitast þarf við að aðgreina íbúðarsvæði betur frá athafnasvæðum og auka umferðaröryggi með því að draga úr gegnum umferð atvinnutækja.

Breyting á Snorragötu á Siglufirði verður þannig háttáð að gatan færir austar svo aðgengi að safnasvæði verði betra. Hugmyndin er að bæta tengingu Snorragötu að Gránugötu þar sem gera má ráð fyrir aukinni umferð stórra flutningabíla við hafnasvæðið.

Helstu breytingar verða í umferðarmynstri og þunga á stofnbrautinni í gegnum þéttbýlið í Ólafsfirði, þar sem fyrirséð er að umferðaraukning verður mikil eftir opnun Héðinsfjarðarganga.

Flugsamgöngur

Íbúar Fjallabyggðar geta nýtt sér áætlunarflug frá Akureyrarflugvelli. Flugbraut er enn á Siglufirði en ekkert áætlunarflug hefur verið frá Siglufjarðarflugvelli til margra ára. Frá því að áætlunarflug frá Siglufirði lagðist niður hefur flugfarþegum þaðan verið boðið upp á rútuferðir til Sauðárkróks í tengslum við flug þaðan.

Verða flugsamgöngur mjög aðgengilegar öllum íbúum Fjallabyggðar með tilkomu Héðinsfjarðarganga.

Gert er ráð fyrir lágmarks viðhaldi á flugbrautinni á Siglufirði og að byggingum verði viðhaldið vegna sjúkraflutninga.

Þyrpusvæði verður afmarkað í nyrðri enda gömlu flugbrautarinnar í Ólafsfirði.

Sjósamgöngur, hafnir og sjóvarnir

Fiskvinnsla skipar stóran sess í sögu beggja þéttbýlanna í Fjallabyggð. Hafnaraðstaða þar telst nokkuð góð.

Siglufjörður

Hafnarbryggja er helsta löndunar og útskipunarhöfnin á Siglufirði.

Ingvarsbryggja er viðlegubryggja fyrir viðgerðapjónustu stærri skipa.

Öldubrjóturinn liggur út um 130 m frá norðausturhorni Eyrarinnar, grjótgarður með stálþil að innanverðu. Hann skýlir löndunarbryggjum austan á Eyrinni og þar fara fram meiriháttar landanir og útskipanir.

Í smábátadokkinni hafa smábátar löndunaraðstöðu að sunnan og norðan. Smábátasjómenn hafa beitningar- og fiskverkunar aðstöðu við höfnina.

Ólafsfjörður

Mikil alda getur gengið inn Ólafsfjörðinn. Norðurgarður var reistur til að skýla höfninni og er Þverbryggja byggð út frá honum.

Í Vesturhöfn er smábátadstaða og löndunaraðstaða í suðvesturhorni hafnarinnar.

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnsla og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíðum eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. (Sjá gr. 4.8 í skipulagsreglugerð).

Vegna breyttra aðstæðna í sjávarútvegi og annarri hafnsækinni starfsemi bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði er endurskilgreind landnotkun á hafnarsvæðum þannig að einungis hafnarbakkinn og þau svæði sem enn reka beina hafnsækna starfsemi eru enn á skilgreindu hafnarsvæði. Önnur svæði sem í gildandi skipulögum eru innan hafnarsvæðis eru nú skilgreind sem svæði fyrir athafnastarfsemi. Þessu til viðbótar eru skilgreind aðliggjandi athafnasvæði eins og kostur er. Þetta gefur möguleika á meiri sveigjanleika og fjölbreytni í þeirri starfsemi sem getur átt sér stað innan svæðanna.

Möguleiki verður á að samnýta hafnarmannvirki á Siglufirði, í Ólafsfirði og e.t.v. fleiri stöðum í Eyjafirði þar sem mjög stutt vegalengd verður á milli hafnanna með tilkomu jarðganga. Höfnin á Siglufirði er góð frá náttúrunnar hendi og hentug fyrir stærri skip með mikla djúpristu. Ekki er ósennilegt að ákveðin verkaskipting eigi sér stað milli hafnanna. Þetta gæti bæði gerst varðandi löndun fiskiskipa og vöruflutninga.

Samráð verður haft við Siglingastofnun vegna skipulags hafnarsvæðis og byggingu eða breytinga á brimvarnargörðum sbr. 5. gr. hafnarlaga.

Kvöð er á um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna tilkomu nýrrar uppfyllingar á hafnarsvæði, skv. lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 var samþykkt á 22. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í nóvember 2001 að gera sérstakt átak er varðar fyrirbyggjandi

ráðstafanir til að hindra ógnanir og hryðjuverk í siglingum. Nýtt frumvarp var lagt fyrir Alþingi um siglingavernd sem tekur mið af svokölluðum ISPS kóða. Uppbygging hafnarinnar mun taka mið af lögum og reglugerðum þessum.

Verndarráðstafanir hafnarinnar skulu vera í samræmi við lög um siglingavernd nr. 50/2004.

Siglufjörður

Á Siglufirði eru tvö hafnarsvæði, Þormóðseyri og Innri-Höfnin.

Til að auka enn á vaxtamöguleika í hafnsækinni starfsemi er lagt til að sett verði stór landfylling og viðlegukantur norðan við eyrina á Siglufirði. Þessu til rökstuðnings má helst nefna 3 atriði sem gætu komið til;

1. Vegna jákvæðra náttúrulegra aðstæðna, bæði þar sem sjávardýpi er lítið norður með fjörunni en mikið inn miðjan fjörðinn og þar sem Siglufjörður liggur landfræðilega vel við siglingaleiðum um Norður-Atlantshaf og iðnaðar- og olíuleitarsvæði við Austur-Grænland.
2. Með aukinni umferð stórra skipa vegna opunar á Norðurslóðasiglingar sem og vegna olíuleitar við Austur-Grænland og á Drekasvæði, gæti reynst áhugaverður og arðbær kostur að byggja upp þjónustu- og eða öryggishöfn á Siglufirði.
3. Með tilkomu jarðgangna milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og annarra jarðgangna sem skipulagið gerir ráð fyrir og þannig bættra samgangna við Eyjafjarðarsvæðið og Skagafjörð, getur Siglufjarðarhöfn orðið framtíðar flutninga- og dreifingamiðstöð alls Norðurlands.

Gert er ráð fyrir að stofnvegur liggi norður/suður um hafnarsvæðið frá Gránugötu í suðri og tengist meðfram brimvarnargarði að hringtorgi við enda Túngötu. Tilkoma þessarar tengingar mun auðvelda aðkomu stórra bíla frá Eyjafirði og Skagafirði að hafnarsvæðinu sem og auðvelda alla umferð innan svæðisins.

Við hönnun þéttleika byggðar og mannvirkjagerðar á Þormóðseyri skal tekið tillit til þess að sjór geti flætt inn á eyrina ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi t.d. ef saman fer stórstreymi og mikill sjógangur. Hægt er að fyrirbyggja þetta með byggingu flóðvarnargarða.


Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir að dráttarbrautin víki. Hluti af Hafnarbyggju víki, þ.e. norðurkanturinn verði lagður af.



Mynd 40 Frá Hafnarbyggju á Siglufirði

Lögð verður áhersla á góðar gönguleiðir til að tengja saman hafnarsvæðið við miðbæjar- og svæði Síldarminjasafnsins, með sérstaka áherslu á ferðapjónustu og sögu.

Sjóvarnargarður er norðan á eyrinni frá Öldubríót vestur á móts við Túngötu sem veitir allgóða vörn en þörf er á að hann verði lengdur. Áætlað er að byggja sjóvarnargarð frá Óskarsbryggju að Hafnarbryggju, austan á eyrinni. Siglingastofnun hefur gert athugun á 100 - 120 m lengingu á Óskarsbryggju og er þá talin þörf á að lengja skjólgarð út frá Öldubríót um ca. 80 m til að skapa skjól við bryggjuna.




Kort 22 Hafnar- (gráblátt) og athafnasvæði (grátt) á Siglufirði

Ólafsfjörður

Í Ólafsfirði eru gerðar breytingar á hafnarsvæðinu þannig að hafnarbakkinn og brimvarnargarðar eru skilgreindir sem hafnarsvæði. Þetta er gert til þess að auka möguleika til frekari fjölbreyttni og hagkvæmni.

Helstu breytingar á hafnarsvæðum eru þær að mikið þrengra svæði er skilgreint sem hafnarsvæði, þ.e. einungis hafnarbakkinn og brimvarnargarðar. Það svæði sem næst er höfninni og áður var hafnarsvæði, verður skilgreint sem athafnasvæði. Þetta er gert í þeim tilgangi að rýmri skilgreiningar séu á hvaða atvinnustarfsemi rúmist innan svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á hafnarsvæðinu.



Kort 23 Hafnar- (gráblátt) og athafnasvæði (grátt) í Ólafsfirði

Aðrar sjóvarnir

Á Siglunesi er fiskverkunarhús og frístundahús sem eru á skilgreindu svæði undir náttúruvá. Þar er gert ráð fyrir að sjóvarnargarðar verði reistir mjög fljótt á skipulagstímabilinu til að forðast tjón. Áætlað er að garður við fiskverkunarhús verði ca. 60 m að lengd og við frístundahús ca. 20 m, eru þeir merktir V1 á uppdrætti. Efni verður sótt í námu úr framhlaupi vestan við Siglunesvita, E9.

Veitur

Fjallabyggð býr við ágætis veitukerfi og verður fjallað um vatnsveitu, hitaveitu, rafmagnsveitu, fjarskipti, skólp og fráveitu.

Stefnumið:

Næg og örugg raforka skal tryggð fyrir íbúa og atvinnulíf.

Nægt vatn til neyslu og hitunar skal vera til staðar fyrir íbúa og atvinnulíf. Mengun af fráveitum verði eins lítil og kostur er og innan viðmiðunarmarka mengunarreglugerðar.

Leiðir að stefnumiðum:

Lagður verði háspennu rafstrengur í gegnum Múlagöng og Héðinsfjarðargöng til að tryggja nægt rafmagn inni og innan sveitarfélagsins. Bæta þarf leiðir við neysluvatnsöflun í Ólafsfirði með borholu eða vinnslu jarðvatns úr Héðinsfjarðargöngum.

Byggja skal dælustöðvar og lengja útrásarleiðslur fráveitu í þéttbýlunum og herða eftirlit með frágangi fráveitu í dreifbýli.

Vatnsveita

Siglufjörður

Vatnsveita Siglufjarðar var tekin í notkun árið 1911 og mun vera ein elsta vatnsveita landsins. Hún er enn við lýði þó svo að vatnsveita Siglufjarðar hafi tekið miklum breytingum. Venjuleg vatnsnotkun bæjarins er um 90 sekúndulítrar. Vatn er fengið undan Leyningsá og Fjarðará innarlega í Hólsdal, þar sem því er dælt í miðlunartank í fjallinu fyrir ofan Höfn sem síðan er sjálfrennandi áfram í þéttbýlið. Einnig eru lindir í hliðinni neðan Hvanneyrarskálar virkjaðar.

Ólafsfjörður

Vatnsveita Ólafsfjarðar fær vatn sitt frá Brimnesdal og lind við Múlaveg og Hornbrekku.

Samhliða frekari uppbyggingu í sveitarfélaginu verður vatnsveitukerfið bætt eftir þörfum.

Hitaveita

Siglufjörður

Hitaveita Siglufjarðar fær vatn úr borholum í Skútudal. Rarik rekur hitaveituna og keypti hana af Siglufjarðarbæ í upphafi 10. áratugarins.

Í dag er meðaltalsdæling af svæðinu tæpir 14 l/sek yfir sumartímann og 21 l/sek yfir veturinn.

Ólafsfjörður

Hitaveita Ólafsfjarðar tók til starfa árið 1944 og var lokið við að tengja síðasta húsið við veituna 15. desember 1944. Telja má hana fyrstu hitaveitu landsins sem hitaði heilt bæjarfélag. Norðurorka keypti Hitaveitu Ólafsfjarðar árið 2005 og rekur hana.

Heitt vatn fær veitan úr borholum að Laugarengi þar sem þarf að dæla. Dælurnar eru hraðastýrðar og stjórnast af vatnspörf bæjarins. Þá er sjálfrennandi vatn úr Skeggjabrekkudal, en þaðan koma um 85 tonn á klst, sem jafngildir 24,5 l/sek eða ca. 45% af vatnspörf þéttbýlisins.

Heitavatnspörf í Ólafsfirði er um 180 tonn að meðaltali á klukkustund eða 50 l/sek og tekst vel að halda í horfinu og er vatnsskortur ekki fyrirsjáanlegur á næstunni.

Nýlokið er við endurnýjun aðalæðar frá Laugarengi til bæjarins og við það jókst hitastig vatns í bænum um 1-2 gráður, en það kemur nú um 62 gráðu heitt í bæinn. Fullkomið stýrikerfi var tekið í notkun árið 1998 og eykur það mjög rekstraröryggi hitaveitunnar.

Samhliða frekari uppbyggingu verða gerðar ráðstafanir til að auka við hitaveitukerfi í sveitarfélaginu.

Rafmagnsveita

Siglufjörður

Tvær virkjanir eru á svæðinu, Skeiðsfossvirkjun í Fljótum sem framleiðir um 4,6 MW. Um Siglufjarðarskarð liggur 23 kW raflína til Siglufjarðar frá Skeiðsfossvirkjun, Siglufjörður nýtur því ekki hringtengingar. Rarik er með útibú á Siglufirði auk þess á Skeiðsfossi.

Ólafsfjörður

Eftir því sem Ólafsfjörður stækkaði jókst orkuþörf og varð Garðsárvirkjun fljótlega of lítil. Möguleikar á stækkun voru ekki fyrir hendi því að Garðsá var talin fullvirkjuð. Fóru Ólafsfirðingar þess á leit að fá rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins. Var leitt rafmagn frá Skeiðsfossvirkjun inn í Fljót sumarið 1955 og yfir Lágheiði til Ólafsfjarðar ári síðar. Var rafmagn frá Skeiðsfossvirkjun tengt inn á bæjarkerfið haustið 1956.

Háspennujarðstrengur liggur á milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar um Múlagöng.

Kerahnjúkavirkjun

Á Burstabrekkudal hefur landeigandi reist virkjun sem samanstendur af stíflu, inntaksmannvirki og þrýstipípu.

Helstu kennitölur virkjunarinnar eru:

- Virkjuð fallhæð: 230 m
- Hönnunarrennsli: 240 l/s
- Hönnunarafl: 370 kW

Það er hugsanlegt að farið verði í frekari virkjanaframkvæmdir á Burstabrekkun á skipulagstímabilinu og hafa þær hugmyndir verið í mótun. Stækkunin myndi fela í sér að núverandi vatn, Burstabrekkuvatn sem er 69.000 m² stækki í 164.000 m² við 5 m hækkun eða 186.000 m² við 7 m hækkun. Afl virkjunarinnar myndi aukast um 300-400 kW og væri þá heildarafl virkjunarinnar 670-700 kW. Ekki þyrfti að bæta við mannvirkjum heldur myndi stækkunin fyrst og fremst felast í breikkun á stíflu og stækkun lónstæðis. Slík framkvæmd er tilkynningarskyld og sækja þarf um leyfi til framkvæmda hjá sveitarstjórn.

Umhverfismat stefnumiða - Kerahnjúkavirkjun á Burstabrekkudal

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um gerð Kerahnjúkavirkjunar (áfanga 2)	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	0	-	0	+

Á Burstabrekkudal hefur landeigandi reist virkjun sem framleiðir 370 kW og samanstendur af stíflu, inntaksmannvirki og þrýstipípu.

Hugsanleg virkjanaáform eru að auka afl virkjunarinnar um 300-400 kW til viðbótar.

Stefnumið um Kerahnjúkavirkjun mun hafa teljandi neikvæð áhrif á náttúrufar, sérstaklega gróður og vistkerfi en engin teljandi áhrif umhverfisþætti samfélags og heilsu og vellíðunar. Líklegt er að virkjunin hafi jákvæð áhrif á umhverfisþætti byggðar og efnislegra verðmæta. Taka skal fram að stækkun virkjunarinnar og lónsins krefst framkvæmdaleyfis sveitarfélagsins og er tilkynningarskyld samkvæmt 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Fjarskipti

Ljósleiðari var lagður um miðjan síðasta áratug frá Ólafsfirði um Skeggjabrekkudal, fyrir botn Héðinsfjarðar og niður í Hólsdal í Siglufirði. Frá Siglufirði liggur síðan ljósleiðari um Siglufjarðarskarð til Sauðárkróks.

Fyrir tilstilli Landssímans var ljósleiðari lagður áfram meðfram ströndinni milli Ketiláss og Hofsóss. Sú tenging leysir af hólmi eldri örbylgjutengingu milli Hjallaness norðan Siglufjarðar og Sauðárkróks og lokar ljósleiðara hringtengingu á norðanverðum Tröllaskaga.

Milli Hjallaness og Siglufjarðar liggur nú ljósleiðari gegnum Strákagöng.

Önnur ljósleiðaratenging yfir Tröllaskaga liggur frá Sauðárkróki, yfir Heljardalsheiði norður Svarfaðardal og til Dalvíkur.

Gott háhraðanetsamband (<2 mb/sek) er í Fjallabyggð að undanskildum nokkrum bæjum norðan Siglufjarðar.

Skólp og fráveita

Útrásir og yfirföll sem víða eru í þéttbýlinu eru gamlar og eru skólp og fráveitumál í sveitarfélaginu í vinnslu.

Gerð verður tímasett áætlun um fráveitumál í sveitarfélaginu í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

Allar eldri útrásir verða aflagðar á skipulagstímanum en yfirföll fyrir leysingarvatn verða á nokkrum stöðum eins og fram kemur á þéttbýlisuppráttum.

Umhverfismat stefnumiða - Fráveituáætlun

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um fráveituáætlun	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	+	+	+

Skólp og fráveitumál í sveitarfélaginu eru í vinnslu en með tímasettri fráveituáætlun er ætlað að bæta fyrirkomulag og frágang á skipulagstímabilinu. Stefnt er að því að allar eldri útrásir í þéttbýlinu verði aflagðar en lengri útrásarop og dælustöðvar byggðar.

Stefna aðalskipulagsins í fráveitumálum er talin líkleg til að hafa jákvæð áhrif á alla umhverfispætti og vísa sem lagðir eru til grundvallar matinu. Bætt lega útrásaropa við þéttbýli hafa jákvæð áhrif á lífríki strandsjávar í fjörðunum, sem eru bein jákvæð áhrif á umhverfispætti náttúrufars og heilsu og velliðunar.

Efnistaka og -losun

Vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru í framtíðinni er nauðsynlegt að vinna efni úr náttúrunni, bæði getur komið til efnistöku og efnislosunar.

STEFNUMIÐ:

Áhersla á góða umgengni í námum og á efnislosunarsvæðum.

Svæðum sem eru fullnýtt eða ekki fyrirhugað að nýta næstu 3 ár verði gengið frá og grædd upp.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Allar framkvæmdir við námur og efnislosun skulu unnar í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. um nám jarðefna. Við veitingu framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar skv. 1. mgr skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 skal fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Efnistaka

Efnistökusvæði eru fimm í Fjallabyggð, 4 grjótnámur og 1 malar- og grjótnáma.

Siglufjörður

Norðan þéttbýlisins á Siglufirði er efnistökusvæði, E1, þar sem opin er grjót- og malarnáma.

Ólafsfjörður

Tvær grjótnámur eru rétt ofan þéttbýlisins í Ólafsfirði, E5 og E6, en hefur efnistöku verið hætt. Þær eru þó ófrágengnar og hefur önnur náman verið notuð undir garðaúrgang. Garðsnáma, E3, er opin grjótnáma austan við Ólafsfjarðarvatn. Malarnáma er í landi Hóls, E4. Hún hefur verið notuð af Vegagerðinni og úr henni unnið malarslitlag úr jökulruðningi. Náman er hálffrágengin með haugum.

Á efnistökusvæði E1, á Siglufirði, er áframhaldandi efnistaka fyrirhuguð á skipulagstímabilinu.

Náma E3, Garðsnáma, verður haldið opinni á skipulagstímabilinu.

Efnislosunarsvæði

Efnislosunarsvæði eru þrjú í Fjallabyggð, E2, E7 og E8.

Siglufjörður

E2 í Skútudal er skilgreind sem námu- og efnislosunarsvæði fyrir það efni sem kemur úr forskeringum og greftri ganga milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og þeim hluta ganga milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar sem er grafinn frá Héðinsfirði.

Ólafsfjörður

Efnislosunarsvæði í Ólafsfirði eru tvö, annars vegar á eyrinni vestan við ósinn E7 og hins vegar við Kleifarhorn E8. Bæði svæðin eru notuð til haugsetningar og geymslu á umframefni úr Héðinsfjarðargöngunum, allt að 330.000 m³. Annað umframefni sem losað var í Ólafsfirði, um 35.000 m³ var komið undir byggingarlóðir við Ólafsfjarðarvatn og er því verki lokið. Athygli er vakin á því að ekkert umframefni úr greftri jarðganga er haugað í Héðinsfirði.

Á öllum þremur efnislosunarsvæðunum er fyrirhugað að hauga efni og að það verði aðgengilegt til síðari nota og fullnægi efnispörf Siglufirðinga og Ólafsfirðinga fyrir fyllingar og byggingarefni á skipulagstímabilinu.

Bent er á nánari lýsingu á svæðum í landnotkunartöflu á bls 203.

Efnislosun vegna gangagerðar


Vegna umfangsmikilla áforma um frekari gangagerð á skipulagstímabilinu er nauðsynlegt að gera ráð fyrir hvar koma megir efni úr jarðgöngum best fyrir. Stóra hluta þess má nýta til uppfyllinga og vegagerðar en líklegt er að eitthvað umframefni þurfi að haugsetja og geyma. Engar forrannsóknir hafa farið fram og eru því allar tölur í þessum kafla byggðar á reynslu við gerð annarra ganga, en ekki þekktum staðreyndum.

Fljótagöng

Áætla má að allt að 300.000 m³ af efni komi frá fyrirhuguðum Fljótagöngum. Helmingi efnisins verður ekið út Siglufjarðarmegin eða um 150.000 m³. Gera má ráð fyrir að hluti efnisins verði nýttur til vegagerðar í Hólsdal vegna ganganna og svo er efnið nýtanlegt til fyrirhugaðra landfyllinga sem áætlaðar eru á Siglufirði.

Ólafsfjarðargöng

Gera má ráð fyrir að um 500.000 m³ komi til við borun nýrra Múlaganga og að 250.000 m³ eða helmingi efnisins verði ekið út Ólafsfjarðarmegin. Hluti þess yrði nýttur til vegagerðar og tilheyrandi þátta. Þá mun stór hluti umframefnis geta nýst til landfyllinga. Þörf fyrir efnislosunarsvæði umframefnis er því e.t.v. ólíkleg en ef til þess kæmi yrði það staðsett í Burstabrekkudal.



Kort 24 Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Ólafsfirði



Kort 25 Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Siglufirði

Umhverfismat stefnumiða - Efnistaka/efnislosun

Umhverfismat stefnumiða um efnistöku/efnislosun	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	0	-	0	+

Umhverfismat stefnumiða aðalskipulagsins um efnistöku/efnislosun á samfélag og heilsu og vellíðan eru talin hafa lítil eða engin áhrif á þætti sem lagðir eru til grundvallar. Á skipulagstímabilinu má áætla að efnistakan/efnislosunin hafi jákvæð áhrif á byggð og efnisleg verðmæti en óhjákvæmileg eru teljandi neikvæð áhrif á umhverfisþætti náttúrufars, vegna rasks á efnistöku/efnislosunarsvæðum og þar með breytinga á gróðurfari, dýralífi, landslagi og ásýnd.

Landfyllingar

Landfyllingar auka undirlendi og geta skapað mikilvægar lóðir í góðum tengslum við núverandi byggð.

STEFNUMÍÐ:

Auka skal landrými fyrir ný íbúðarsvæði og aukna athafnastarfsemi með landfyllingum.

LEIÐIR AÐ STEFNUMÍÐUM:

Landfyllingarefni komi úr fyrirhuguðum jarðgöngum, s.s. Fljótagöngum og nýjum Ólafsfjarðargöngum. Kvöð er á um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna tilkomu nýrra uppfyllinga á hafnarsvæði, skv. lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.

Vinna skal athuganir og rannsóknir tengdar umhverfisáhrifum landfyllinga. Landnýtingaráætlun og umhverfismat á fyllingunum verði unnin samhliða umhverfismati á jarðgöngum, svo hægt sé að vinna á móti umhverfisáhrifum hvorrar framkvæmdar með hinni.

Gert er ráð fyrir 7 landfyllingum í sveitarfélaginu, 5 á Siglufirði og 2 í Ólafsfirði. Þrjár þeirra uppfylla skilyrði skv. 2. viðauka laga nr. 160/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lið nr. 10 i. En það eru landfyllingar sem eru 5 ha eða stærri og er hver framkvæmd metin fyrir sig varðandi umhverfismatsskyldu.

Siglufjörður

Í núgildandi aðalskipulagi Siglufjarðar er gert ráð fyrir 4 landfyllingum sem eru undir 5 ha að stærð. Í nýju aðalskipulagi Fjallabyggðar er gert ráð fyrir að halda þessum fyllingum inni og verða þær taldar upp hér að neðan auk nýrra fyrirhugaðra fyllinga:


L2 Fremri-Garður, ný fylling norðan við Öldubrjót. Gert er ráð fyrir allt að 23 ha fyllingu norðan Öldubrjóts, neðan byggðarinnar í Siglufirði. Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif á dýralíf í botni fjarðarins og á öldufar næst ströndinni.

L3 Innri-Höfnin/Suðurtangi. Gert er ráð fyrir umtalsverðri uppfyllingu (4,1 ha) á Tanganum undir íbúðarsvæði. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif á fuglalíf og dýralíf í botni fjarðarins.

L4 Innri-Höfnin/Norðurtangi. Gert er ráð fyrir fyllingu á norðanverðum tunganum sem er skilgreind sem hafnarsvæði (hafnarbakkar) um 1 ha að stærð. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif á fuglalíf og dýralíf í botni fjarðarins.

L5 Fylling við Snorragötu á Siglufirði. Gert ráð fyrir lítilli fyllingu (0,4 ha) við Snorragötu og er hún skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Ekki er talið að framkvæmdin hafi teljandi umhverfisáhrif.

L6 Fylling austan Tjarnargötu á Siglufirði. Um 0,7 ha fylling er áætluð í hafnarbakkann og er hún skilgreind sem hafnarsvæði. Þar er m.a. gert ráð fyrir að nýr aðalvegur, Óskarsgata, fari í gegnum bæinn til þess að auka umferðaröryggi í miðbæ Siglufjarðar. Ekki er talið að framkvæmdin hafi teljandi umhverfisáhrif.




Kort 26 Landfyllingar á Siglufirði

Ólafsfjörður

L1 Fylling vestan óss Ólafsfjarðarvatns. Gert er ráð fyrir 8 ha landfyllingu sem er skilgrein sem verslunar- og þjónustusvæði. Vegna Héðinsfjarðarganganna er talið að landfylling sem þessi geti skapað margvísleg tækifæri til eftingar sveitarfélagsins. Helstu umhverfisáhrif eru talin vera áhrif á fuglalíf og á dýralíf Ólafsfjarðarvatns, en það er á náttúrumínjaskrá

Bent er á nánari lýsingu á svæðum í landnotkunartöflu á bls 203.



Kort 27 Landfyllingar í Ólafsfirði

Tengsl á milli jarðgangagerðar og landfyllinga kemur til með tvennum hætti, annars vegar það að nýta efni úr göngunum til landfyllinga er talið nokkuð hagstætt og hins vegar að samfélagsaðstæður kallar ekki eftir öllu þessu aukna landrými nema til bættra samganga komi og þá á formi jarðganga.

Komi til aukinna hafnarumsvifa á Siglufirði, t.d. í tengslum við oliuleit með aðstöðu til umskipunar, mun landfylling tengd höfninni, L2, verða fyrst til að rísa. Henni gæti verið áfangaskipt, allt eftir umfangi verkefnis. Með auknum umsvifum má gera ráð fyrir aukinni þörf fyrir íbúðarbyggð og þar af leiðandi kæmi líklega til landfyllingar á Innri-Höfninni/Suðurtanga. Þegar forsendur liggja fyrir um aukin hafnarumsvif verður að gera ráð fyrir bættum samgöngum s.s. með Fljótagöngum og nýjum Ólafsfjarðargöngum. Þannig má gera ráð fyrir að efni úr göngunum komi til með að nýtast í landfyllingar, hvort sem þær verða byggðar upp samhliða eða að efni verði komið fyrir tímabundið í fjallshlíð líkt og gert hefur verið í Ólafsfirði.

Einna síðast kemur til landfyllinga í Ólafsfjarðarvatn á skipulagstímabilinu enda ekki talin þörf á því landrými fyrir en forsendur fyrir fjölgun íbúa, bættum samgöngum og auknum atvinnumöguleikum hafa staðist.

Umhverfismat stefnumiða - Landfyllingar

Umhverfismat stefnumiða um landfyllingar	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	0	-	0	+

Gert er ráð fyrir 6 landfyllingum í sveitarfélaginu, 5 á Siglufirði og 1 í Ólafsfirði. Tvær þeirra eru 5 ha eða stærri.

Ljóst er að neikvæð umhverfisáhrif landfyllinga á umhverfisþætti *náttúrufars* eru umtalsverð, staðbundin og langvarandi. Ekki er teljandi áhrif af framkvæmdinni á umhverfisþætti *samfélags* og *heilsu og velliðunar*. Jákvæð áhrif á umhverfisþætti *byggðar og efnislegra verðmæta* eru umtalsverð og langvinn.

Söfnun og meðhöndlun úrgangs

Í Fjallabyggð er sorp flokkað samkvæmt s.k. þriggja tunnu kerfi, það þýðir að úrgangur er flokkaður í þrjá megin flokka, sem eru: ólífrænn-, lífrænn- og endurvinnanlegur úrgangur. Ólífræni hlutinn er urðaður á Sölvabakka við Blönduós, lífræna sorpið er jarðgert í jarðgerðarvél á Siglufirði og endurvinnanlegi hlutinn er fluttur til endurvinnslu.

STEFNUMIÐ:

Áhersla á að minnka umfang sorps til urðunar enn frekar.

Lágmarka skal allan úrgang.

Uppfylla skal losunarmarkmið reglugerðar 737/2003.

Ekki verður urðunarstaður fyrir sorp innan sveitarfélagsins.

LEIÐIR AÐ STEFNUMIÐUM:

Stefnt er að því að auka flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu í sveitarfélaginu.

Unnið verður markvisst að bættum lausnum fyrir sveitafélagið.

Óvirkur úrgangur s.s. húsbrot o.fl. er urðað á innri hafnarsvæðinu á Siglufirði. Móttaka fyrir spilliefni er á gámasvæðum þéttbýlanna.

Mikil áhersla er lögð á að minnka umfang sorps til urðunar eins og kostur er. Stefnt er að því að auka flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að lágmarka allan úrgang, en nýta hann eða farga honum þar sem hann fellur til.

Umhverfismat stefnumiða - Söfnun og meðhöndlun úrgangs

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um söfnun og meðhöndlun úrgangs	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	+	+	+

Mikil áhersla er lögð á að minnka umfang sorps til urðunar eins og kostur er. Stefnt er að því að auka flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu í sveitarfélaginu eftir því sem kostur er.

Sú stefna yfirvalda í Fjallabyggð að endurbæta aðferðir við söfnun og meðhöndlun sorps hefur tvímælalaust jákvæð áhrif á alla umhverfisvísa sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu.

Umhverfismat stefnumiða - Grunnkerfi

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	-	+	+

Áform í þessum málaflokkum eru umfangsmikil og munu líklega verða áhrifamiklir þættir varðandi þróun byggðar og búsetukjara í sveitarfélaginu.

Stefnumið varðandi grunnkerfi sveitarfélagsins eru byggð á grunni þess að jákvæð uppbygging og vöxtur sé mögulegur í Fjallabyggð. Sé litið til einstakra umhverfisvísa má telja að áhrif séu oftast jákvæð varðandi umhverfispætti *samfélags*, *heilsu og velliðunar* og *byggðar og efnislegra verðmæta*. Varðandi umhverfispætti *náttúrufars* er erfitt að meta áhrif svo umfangsmikilla áforma, sérstaklega þar sem þau teygja sig yfir langt tímabil. Því eru möguleiki á umtalsverðum neikvæðum áhrifum, þó stefna í öllum málaflokkum miði að jákvæðum eða litlum áhrifum framkvæmda enda sé ávallt reynt að lágmarka rask og bera virðingu fyrir náttúrfari svæðisins. Þar sem áhrifasvæði framkvæmdanna teygja sig inná svæði á náttúruminjasrá skal þó talið líklegt að áhrif framkvæmdanna verði neikvæð á umhverfispætti *náttúrufars*.





Umhverfisskýrsla

Umhverfismat þetta er gert samhliða gerð Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028 og er unnið í samræmi við kröfu skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

samantekt umhverfismats

umhverfisáætlun

aðferðir

umhverfismat stefnumiða aðalskipulagsins

matsskyldar framkvæmdir

niðurstaða umhverfismats

greinargerð

venslatafla umhverfismats

1 Samantekt umhverfismats

Sveitarfélagið Fjallabyggð í öllum stefnum sínum unnið útfrá meðvitaðri umgengni við náttúruna og vill stuðla að aukinni verndun náttúru og þjóðminja samhliða jákvæðri þróun í byggðarmálum og þjónustu við íbúa. Þrjú svæði innan sveitarfélagsins eru á náttúruminjaskrá, þ.e. fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Ólafsfjarðarvatn og Héðinsfjörður. Einnig skal tekið sérstakt tillit til þess fjölbreytta smádýra- og fuglalífs sem finnst á leirunum innaf Siglufirði. Sveitarfélagið telur mikilvægt að litið sé á verndun í stærra samhengi og í mismunandi myndum. Stefnt er að því að vinna deiliskipulag fyrir Héðinsfjörð í heild sinni en hann opnaðist fyrir akandi umferð í fyrsta sinn haustið 2010. Með skipulaginu mun byggingarþyrpingin á Kleifum í Ólafsfirði verða hverfisvernduð, en með því móti er verið að vernda ásynnd og yfirbragð þess einstaka staðar.

Samhliða þeim verndarákvæðum sem skipulagið felur í sér leggur sveitarstjórn þunga áherslu á bættar samgöngur til aðliggjandi sveitarfélaga. Með Héðinsfjarðargöngum opnuðust samgöngur milli tveggja byggðarkjarna og mun þjónusta og möguleikar aukast og búsetuskilyrði batna mikið. Stefnt er að frekari gangagerð bæði yfir í Fljótin til tengingar við Skagafjörð og til Dalvíkur til bættrar tengingar við Eyjafjörð, en þau munu óhjákvæmilega kalla á mikla efnislosun með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Umframefni má nýta til landfyllinga en í því fjallenda landslagi sem sveitarfélagið statar af er lítið undirlendi og takmarkanir til frekari uppbyggingar í þéttbýlunum sökum ofanflóðahættu. Í skipulaginu er því gert ráð fyrir sex landfyllingum og tvær þeirra falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Þær framkvæmdir sem sveitarfélagið stefnir að í skipulaginu eru afar mikilvægar og munu hafa í för með sér jákvæð samfélagsleg áhrif. Bættar samgöngur munu stuðla að betri tengslum við nágrannasveitarfélögin, styttingu á ferðatíma og auknu umferðaröryggi. Lífsgæði íbúa og búsetuskilyrði munu líklega aukast með bættum samgöngum, auknu byggingarlandi, fjölbreyttari þjónustu og vexti í atvinnulífi.

Ef umhverfismat samlagðra áhrifa aðalskipulagsins er skoðað (sjá töflu á bls 148) má greina að jákvæð áhrif eru ríkjandi á alla umhverfisþætti nema náttúrufar. Undirflokkar grunnkerfisins eru þeir flokkar sem hafa neikvæð áhrif á náttúrufar. s.s. gangagerð, stækkun virkjunar, efnistaka og landfyllingar enda margar umfangsmiklar framkvæmdir á áætlun innan sveitarfélagsins. Margar þessara framkvæmda munu þó eingöngu hafa tímabundin staðbundin áhrif. Einnig má nefna að umhverfisþátturinn byggð og efnisleg verðmæti er metinn jákvæður í fyrrgreindum flokkum þar sem fyrirhugaðar framkvæmdirnar eru álitnar skapa efnisleg verðmæti og hafa áhrif á íbúafjölgun í sveitarfélaginu.

2 Umhverfisáætlun

2.1 Forsendur áætlunarinnar

Evrópusambandið samþykkti árið 2001 tilskipun um umhverfismat áætlana og hafa Íslendingar tekið upp ákvæði tilskipunarinnar í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að meta umhverfisáhrif tiltekinna áætlana í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, stuðla að sjálfbærri þróun og að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

2.2 Tilgangur

Umvhverfismati áætlana er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja umhverfissjónarmið til grundvallar við mótun áætlana, sem og félagsleg og efnahagsleg sjónarmið. Umhverfismati áætlana er einnig ætlað að bæta umfjöllun um umhverfismál umfram það sem unnt er að gera við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda með því að:

- sjá fyrir umhverfisáhrif fremur en að bregðast við þeim,
- fjalla um umhverfisáhrif áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar,
- fjalla um aðra kosti, s.s. aðra staðsetningarkosti,
- fjalla um viðtæk áhrif, s.s. langtímaáhrif og áhrif á stærri svæði, samlegðaráhrif margra framkvæmda og afleidd áhrif.

Umvhverfismat við áætlanagerð getur jafnframt gefið góða yfirsýn yfir umfang og eðli umhverfisáhrifa og þannig stuðlað að því að mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda í kjölfarið verði markvissari.

2.3 Viðfangsefni

Í umhverfismati áætlana gefst tækifæri til að fjalla um umhverfisáhrif megin stefnukosta og samlegðaráhrif, sem oft og tíðum er ekki raunhæft að fjalla um þegar umhverfisáhrif einstakra framkvæmda eru metin.

Umvhverfismatið hefst á því að ákveðið er hvaða stefnumið skipulagstillögunnar skuli skoðuð með tilliti til umhverfisáhrifa og stuðst við upptalningu matsskyldra framkvæmda í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Því næst eru skilgreindir þeir umhverfispættir sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar, s.s. náttúrufar, samfélag, efnahagur, landslag. Við mat á hvaða umhverfispætti beri að skoða er höfð hliðsjón af upplýsingum um ástand umhverfisins á því svæði sem áætlunin tekur til, ásamt upplýsingum um þekkt umhverfisáhrif eða umhverfisvandamál tengd þeim stefnumiðum sem sett eru fram í aðalskipulagsáætluninni.

Til að skýra nánar hvaða einkennum umhverfispáttar sjónum er beint að eru settir fram svokallaðir umhverfisvísar eða mælikvarðar (mælanlegir eða huglægir). Umhverfisvísar auðveldar að einhverju leyti upplýsingasöfnun með því að afmarka gagnasöfnun um viðfeðma umhverfispætti við tiltekin atriði og setja mælikvarða á ástand tiltekins umhverfispáttar.

2.4 Áætlunarsvæðið

Skipulagssvæðið sem áætlunin tekur til er Fjallabyggð með öllu því landsvæði sem undir það fellur, þéttbýli og dreifbýli.

Hér á eftir er gerð grein fyrir aðferðum sem beitt hefur verið við umhverfismat Aðalskipulags Fjallabyggðar og niðurstöðu umhverfismatsins.

3 Aðferðir

3.1 Umhverfispættir

Umhverfispættir eru þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar. Við val á umhverfispáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna aðalskipulagsins og umhverfisáðstæðna á áætlunarsvæði.

Þeir umhverfispættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismati Aðalskipulags Fjallabyggðar eru eftirfarandi:

- Samfélag
- Náttúrufar
- Heilsa og vellíðan
- Byggð og efnisleg verðmæti

Fjallað er nánar um ofangreinda umhverfispætti ásamt skilgreiningu umhverfisvísa í viðauka I.

3.2 Umfang umhverfismats

Fyrstu skref við gerð umhverfismats er að taka afstöðu til hvort umhverfismatið eigi að beinast að tilteknum stefnumiðum aðalskipulagsins öðrum fremur. Þá einnig að meta í hvaða tilvikum sé rétt að bera saman ólíka stefnukosti m.t.t. umhverfisáhrifa.

Í umhverfismati Aðalskipulags Fjallabyggðar var ákveðið að meta öll almenn stefnumið megin málaflokka skipulagstillögunnar og taka svo nánara mat á þeim einstöku framkvæmdum sem taldar eru líklegar til þess að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum og/eða raska hugmyndum um sjálfbæra þróun. Þá eru áhrif stefnumiða á áður skilgreinda umhverfispætti skoðuð hvort sem þau teljast jákvæð eða neikvæð.

3.3 Kynning og samráð umhverfismatsins

Teikn á lofti ehf. hefur unnið að umhverfismatinu í samstarfi við sveitarstjórn og skipulagsnefnd Fjallabyggðar. Að matinu hafa unnið Helgi Einarsson, Hildur Stefánsdóttir og Halldór Jóhannsson.

Skipulags- og Umhverfisnefnd Fjallabyggðar hafa yfirfarið og samþykkt vinnu umhverfismatsins bæði á vinnslustigi sem og við lokafrágang.

Við gerð umhverfismatsins hefur verið haft samráð við ýmsa aðila og það verið kynnt þeim sem hafa hagsmuna að gæta.

3.4 Viðmið og tengsl við aðra áætlanagerð

Við vinnslu Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028 og umhverfisskýrslu, hefur þess verið gætt að aðalskipulagsáætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Sérstaklega hefur verið horft á tengsl skipulagsáætlunar við:

- Gildandi aðalskipulög; Aðalskipulag Siglufjarðar 2003-2023 og Aðalskipulag Ólafsfjarðar 1990-2010.
- Hættumat vegna ofanflóða; Bæði Siglufjarðarkaupstaður og Ólafsfjarðarbær búa við ofanflóðahættu og er því uppbygging háð hættulínunum sem gefnar eru út af Veðurstofu Íslands. Byggingar varnargarða breyta hættumati. Þá er víða ofanflóðahætta á helstu samgönguleiðum til og frá sveitarfélaginu.
- Aðalskipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga. Aðliggjandi sveitarfélög eru Dalvíkurbyggð og Sveitarfélagið

Skagafjörður. Í gildi eru;

- Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020

- Aðalskipulag Árskógshrepps 1991-2011

- Aðalskipulag Sauðárkróks 1994-2014

- Aðalskipulag Hóla í Hjaltadal 1990-2010

- (Aðalskipulag Skagafjarðar 2005-2017, í vinnslu)

- Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013. Þingsályktun um Náttúruverndaráætlunina er unnin á grundvelli 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, sem kveður á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Náttúruverndaráætlunin og Náttúru-minjaskrá afmarka sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og marka stefnu um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í Aðalskipulagi Fjallabyggðar hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2013 auk eldri áætlun, til 2008, og Náttúru-minjaskrá.

- Samgönguáætlun 2007-2018 - drög. Samgönguáætlun tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála og ber samgönguráðherra að leggja á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun. Jafnframt því sem samgönguáætlun skilgreinir grunnkerfi fyrir meginþunga samgangna skal gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngumálum og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna næstu 12 ár. Einnig á samgönguáætlun að meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur. Við stefnumörkun og skipulagningu í Aðalskipulagi Fjallabyggðar hefur verið tekið mið af samgönguáætlun 2007-2018.

- Byggsáætlun 2006-2009. Þann 3. júní 2006 samþykkti Alþingi ályktun um stefnumótandi byggsáætlun fyrir árin 2006 til 2009. Ályktunin felur í sér markmið, áherslur og 23 aðgerðartillögur til þess að ná settum markmiðum. Í henni segir m.a.: Með byggsáætluninni verði stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggsíðinni og efla samkeppnishæfni landsins.

- Velferð til framtíðar til 2020; Stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun. Þar eru áhersluatriðum skipt í fjóra málaflokka; Heilnæmt og öruggt umhverfi, Verndun náttúru Íslands, Sjálfbæra nýting auðlinda og Hnatræn viðfangsefni.

- Staðardagskrá 21; Kveðið er á um gerð slíkra áætlana í einstökum byggðum í 28. kafla Dagskrár 21. Gildi slíkra áætlana er m.a. fólgið í því að þær eru unnar á því stjórnsýslustigi sem er næst fólkinu á hverjum stað og því ætti að vera hægt að virkja almenning til þátttöku.

- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018; Svæðisskipulagið hefur verið felld úr gildi. Í því fólust ákvæði á borð við vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði o.fl. sem eru höfð að leiðarljósi við gerð nýs aðalskipulags eftir þeim ákvæðum sem eiga við.

Önnur lög og reglugerðir sem gefa viðmið til umhverfismatsins:

- Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

- Lög um landgræðslu nr. 17/1965

- Þjóðminjalög nr. 107/2001

- Reglugerð um hávaða nr. 400/1998

- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999
- Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999
- Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999

Þá er byggðaáætlun, samgönguáætlun og Vaxtarsamningi fyrir Norðurland, auk þess sem tekið er tillit til þeirra laga og reglugerða sem í hlut eiga. Einnig er höfð hliðsjón af öðrum fyrirliggjandi áætlunum stjórnvalda sem kunnngjörðar hafa verið.

3.5 Aðferðir og áherslur

Umhverfismat Aðalskipulags Fjallabyggðar verður unnið á þann hátt að fyrst eru unnar svokallaðar venslatöflur þar sem skilgreindir eru umhverfisvísar innan hvers umhverfisþáttar og þau umhverfisviðmið sem lögð eru þar til grundvallar.

Á grundvelli venslataflna eru svo metin heildstæð áhrif stefnumiða á umhverfisvísa. Þá eru lögð saman áhrif allra umhverfisvísa innan hvers umhverfisþáttar sem nefndir eru í kafla 2.3. Að því mati kemur Skipulags- og Umhverfisnefnd Fjallabyggðar ásamt höfundum skipulagstillögunnar hjá Teikn á lofti.

Þegar grunnmat þetta liggur fyrir vinna höfundar skipulagstillögu nánari lýsingu og færa rök fyrir áætlunum áhrifum, sem er kynnt fyrir Skipulags- og Umhverfisnefnd Fjallabyggðar til samþykktar.

Leitast er við að meta umhverfisáhrif stefnumiða frekar en áhrif einstakra framkvæmda.

3.6 Framsetning umhverfismatsins

Við mat á áhrifum stefnumiða voru notuð eftirfarandi tákn/einkunnir:

+	Stefna aðalskipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
0	Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á (viðmið varðandi) viðkomandi umhverfisþátt.
-	Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Ú	Áhrif stefnu aðalskipulagsins á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

Umhverfismatinu er skipt í eftirfarandi hluta, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum umhverfismats fyrir hvern flokk stefnumiða ásamt nánari umfjöllun um þær framkvæmdir og/eða stefnumið sem talin eru hafa jákvæð eða neikvæð umhverfisáhrif á skipulagstímabilinu. Þetta er skýrt nánar með svokallaðri venslatöflu og greinargerð sem skýrir einkunnir og niðurstöðu.

- Umhverfismat stefnumiða um náttúru

Verndarsvæði og minjar

- Umhverfismat stefnumiða um búsetu
- Umhverfismat stefnumiða í atvinnu
- Umhverfismat stefnumiða um samfélag
- Umhverfismat stefnumiða í grunnkerfi

Gangagerð til nágrannasveitarfélaganna

Kerahnjúkavirkjun á Burstabrekkudal

Skólp og fráveita

Efnistaka /efnislosun

Landfyllingar

Söfnun og meðhöndlun úrgangs

- Umhverfismat samlagðra áhrifa Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028

4 Umhverfismat stefnumiða aðalskipulagsins

Í þessu umhverfismati er leitast við að draga fram heildstæð áhrif skipulagstillögunnar á áður skilgreinda umhverfispætti og hvernig hugmyndir og stefnur mismunandi málaflokka geta breytt sveitarfélaginu til hins betra eða verra. Samlegðaráhrif framkvæmda og stefnumiða eru metin út frá þeim forsendum sem settar eru fram í aðalskipulagstillögunni en áhrif einstakra framkvæmda einungis metin lauslega. Matskylda framkvæmda sem talðar eru geta haft teljandi umhverfisáhrif er metin en á sjálfstæðu umhverfismati þeirra verður einungis tæpt hér.

4.1 Umhverfismat stefnumiða um náttúru

Jákvæð og varfærin umgengni við náttúruna ásamt náttúruvernd leggur grunn að áætlunum í öðrum málaflokkum skipulagsins. Málaflokkur náttúrumála er breiður og tengist öðrum flokkum í umhverfismati og umfjöllun. Flokkurinn innheldur umfjöllun um málefni; náttúrufars, landslags, verndarsvæði og minja og veðurfars og náttúruvár.

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um náttúru	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	+	+	0

Stefna aðalskipulagstillögunar með stefnumiðum fyrrgreindra málefnaflókka er talin líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfispætti *samfélags*, *náttúrufars* og *heilsu og vellíðunar* á skipulagstímabilinu. Áhrifin eru hvorki talin teljandi jákvæð eða neikvæð fyrir umhverfisvísa tengdum byggð og efnislegra verðmæta.

Valkostir umhverfismats

Ekki eru settir fram mismunandi valkostir í málaflokknum sem heild.

Niðurstaða umhverfismats

Áhrif stefnumiða eru almennt talin jákvæð. Lítil eða ekki teljandi á umhverfispætti byggðar og efnislegra verðmæta.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Ráðlegt væri að hvetja íbúa sveitarfélagsins til að koma auga á tækifærin sem felast í mismunandi verndandi ákvæðum skipulagsins.

Verndarsvæði og minjar

Verndun þjóðminja-, menningar- og náttúruminja í sveitarfélaginu er mjög meðvituð og umfangsmikil. Ríflega 86% sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá vegna sérstaks gróðurfars og landslagsheilda eða einstaks lífríkis (Ólafsfjarðarvatn). Fimm hús eru friðuð sem þjóðminjar og svæði í miðbæ Siglufjarðar og húsþyrpingin á Kleifum með hverfisverndarákvæðum.

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um verndarsvæði og minjar	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Menningar- og náttúruvernd	+	+	0	0

Stefna tillögunnar um verndun á skipulagstímabilinu er talin hafa jákvæð áhrif á flesta umhverfisvísa tengda *samfélagi og náttúrufari*. Áhrif á umhverfispætti *heilsu og vellíðunar* er að öllum líkindum jákvæð eða engin. Það sama er að segja um áhrif á umhverfisvísa *byggðar og efnislegra verðmæta*, að umhverfisáhrif tillögunnar eru talin líkleg til að vera jákvæð eða engin á skipulagstímabilinu. Umhverfisvísar með engin teljandi áhrif voru fleiri en vissulega getur tillagan haft einhver jákvæð eða neikvæð áhrif á fyrirkomulag byggðar sem markast vissulega af verndarákvæðum.

Valkostir og niðurstaða umhverfismats

Þeir valkostir sem hafa helst verið velt upp lúta að staðsetningu, fyrirkomulagi og ásýnd byggðar, þar sem verndarákvæði takmarka vissar framkvæmdir á tilteknum svæðum. Segja má að þessi verndandi ákvæði hafi mikil áhrif á langflestu aðra þætti skipulagsins og eru verndarsvæði einnig tekin með í reikninginn þegar áhrif annarra stefnumiða á *samfélag* og *náttúrufar* eru skoðuð. Því er náttúruvernd áhrifaríkur umhverfispáttur í skipulaginu. Það breytir því ekki að stefnan um verndun hefur vissulega áhrif á aðra umhverfispætti líka, en í heildina má telja þau líkleg til að verða jákvæð.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Merking á þekktum fornminjum væri æskileg, sérstaklega nærri fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum vegagerðar og nýrra íbúðarsvæða.

4.2 Umhverfismat stefnumiða um búsetu

Málaflokkurinn búseta nær yfir málefnið; saga byggðar og íbúabróun og íbúðarsvæði, ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um búsetu	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	Ú	+	+

Almennt má telja líklegt að stefnumið um búsetu muni hafa jákvæð áhrif á umhverfisþætti þá sem lagðir eru til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsins. Þó er ljóst að hættan á neikvæðum umhverfisáhrifum nýrrar byggðar og vegtenginga þangað er alltaf til staðar. Þó svo að ný íbúðarsvæði í þéttbýlunum sé yfir höfuð áætluð á landfyllingum eða á þegar röskuðu landi, eru neikvæðu umhverfisáhrif á náttúrufar mjög líkleg, sérstaklega á landslag og ásýnd.

Valkostir

Ekki er um marga kosti að velja þegar kemur að skipulagi nýrra íbúðarsvæða í Fjallabyggð. Undirlendi er takmarkað bæði í Ólafsfirði og á Siglufirði og snjóflóðahætta takmarkar enn frekar byggingarhæft land. Því eru landfyllingar einn af kostum sem til greina kemur ef stækka á byggðina. Annar kostur gæti verið að þetta byggð. Þriðji kostur er að verja óbyggð svæði til íbúðarbyggðar.

Ákvörðunin um að leyfilegt sé að byggja allt að tvö frístundahús á hverju lögbýli miðast við lögbýlaskrá við staðfestingu skipulagsins og framselst sá réttur ekki við uppdeilingu jarða síðar meir. Sú ákvörðun að leyfa tvö hús en ekki fleiri eða færri, er hugsuð sem sáttaleið milli þess að krefjast deiliskipulags fyrir alla frístundabyggð eða hafa reglurnar enn sveigjanlegri.

Niðurstaða umhverfismats

Umhverfisvísar þeir sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu (sjá venslatöflu á bls 152) eru alla jafna taldir verða fyrir jákvæðum áhrifum vegna framfylgdar stefnumiða um búsetu. Þó geta útfærslur á deiliskipulags- og/ eða framkvæmdatíma haft jákvæð, neikvæð eða engin áhrif á umhverfisþætti náttúrufars. Þá er sérstaklega horft til mögulegra neikvæðra áhrifa á sérstök gróðursemfélög og landslagsheildir í Héðinsfirði, af völdum aukinna mannglegra áhrifa (vegir, frístundabyggð).

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Ný sumarhúsasvæði eru deiliskipulagsskyld þar sem kveða skal á um þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða, aðkomu að þeim í deiliskipulagi. Jafnframt skal gera kvaðir um stærð og gerð húsa, efnisnotkun og litaval eftir því sem við á.

Þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi skal stefna að því að ljúka gerð deiliskipulags fyrir árið 2015. Ef fyrirhuguð er uppbygging á eldri frístundasvæðum er hún háð því að unnið verði deiliskipulag fyrir viðkomandi byggð.

Lágmarka skal rask við gerð nýrra íbúðarsvæða og miða að gróðursetningu og frágangi umhverfis innan þeirra sem fyrst eftir uppbyggingu.

4.3 Umhverfismat stefnumiða um atvinnu

Framþróun og efling atvinnu á breiðum grunni er grunnþráður alls skipulags í sveitarfélaginu. Innan þessa málaflokks eru verslun og þjónusta, miðsvæði, landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaðar- og athafnasvæði.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða í atvinnumálum	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	Ú	+	+

Stefnumið aðalskipulagstillögunnar um atvinnuuppbyggingu eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á flesta umhverfisþætti og vísa sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu. Áhrif stefnumiða á umhverfisvisana vistgerðir, vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni, friðlýst svæði og tegundir sem njóta verndar, geta mögulega orðið jákvæð, neikvæð eða ekki teljandi allt eftir því hvernig útfærslur á deiliskipulag- og/eða framkvæmdastigi þróast. Þar skiptir töluverðu máli hversu stór hluti sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá og nálægð atvinnustarfsemi við aðra byggð. Umhverfisvísar *heilsu og vellíðunar* sem lúta að mengun (vatn, sjór, loft og ljós) geta einnig orðið fyrir jákvæðum, neikvæðum eða hvorki né umhverfisáhrifum, allt eftir útfærslum á síðari stigum, m.t.t. frárennslis, útblásturs, aukinnar umferðar, lýsingar svæða o.s.frv.

Valkostir

Nokkrar breytingar í landnotkun eru lagðar fram í þessari aðalskipulagstillögu miðað við samþykkt skipulag. Þar er helst að nefna að landbúnaðarsvæði er skilgreint neðan 400 m.y.s. Þetta er vissulega skerðing á svæðinu frá fyrra skipulagi en er ekki talið kalla á breytingar í landnotkun á neinn máta. Í raun er landbúnaðarsvæði skilgreint mikið stærra en nýtt er í dag. Hefðbundinn landbúnaður er stundaður á nokkrum jörðum í Ólafsfirði og tveimur norðan Siglufjarðar. Halda skal þeirri skilgreiningu svo hefðbundinn búskap má taka upp að nýju á fleiri jörðum.

Önnur landnotkun sem breytist er að hafnarsvæði í þéttbýlum eru minnkuð en athafnasvæði og miðsvæði aukin að sama skapi. Slík skilgreining lokar ekki á áframhaldandi sjávarútveg en opnar hins vegar möguleika fyrir fjölbreyttara rekstrarformi. Þetta endurspeglar mjög breyttar áherslur í atvinnuháttum í Fjallabyggð, þar sem landbúnaður og sjávarútvegur hefur dregist mikið saman en önnur starfsemi rutt sér rúms.

Niðurstaða umhverfismats

Líkleg áhrif tillögu að aðalskipulagi um atvinnu eru fyrst og fremst talin vera jákvæð. Þeir umhverfisvísar sem standa að baki umhverfisþátta *samfélags* eru taldir verða fyrir jákvæðum umhverfisáhrifum við framfylgd stefnumiða aðalskipulagsins. Fyrirhuguð uppbygging er líkleg til að skapa tækifæri og stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og hafa þar með jákvæð áhrif á *samfélag*.

Það sama er að segja um umhverfisvísa *heilsu og vellíðunar* og *byggðar og efnislegra verðmæta* sem verða oftast fyrir jákvæðum áhrifum, þó svo að útfærsla á deiliskipulags eða framkvæmdastigi sé talið ráða úrslitum um áhrif stefnunnar á einstaka umhverfisvísa. Þar má nefna neikvæð áhrif tengd ásynd, hljóðvist og loftgæðum, sem er mögulegur fylgifiskur ef mikil uppbygging er á iðnaðar- og athafnasvæðum. Töluverð óvissa er einnig um áhrif umferðar sem getur orðið til þegar atvinnusvæðin eru fullbyggð.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Kröfur um sjálfbærni í rekstri, umhverfi og umgengni á atvinnusvæðum eru skýrar af hálfu sveitarstjórnar Fjallabyggðar. Hreinlæti á athafnalóðum, sveitabýlum og hafnarsvæðum eru dæmi um atriði sem oft er ábótavant en stefnt er að fylgja eftir á skipulagstímabilinu. Þá skal stefnt að limgerðum og/eða skjólbeltum umhverfis athafnalóðir sem blasa við frá fjölförnum leiðum eða íbúðabyggð, bæði til að skerma af sjónrænt og bæta hljóðvist sem og til að gera svæðin aðlaðandi og aðsóknarverð fyrir starfsfólk.

4.4 Umhverfismat stefnumiða um samfélag

Heilbrigði, öryggi og þjónusta við íbúa og gestkomandi er annar grunnþáttur í skipulagi og fyrirkomulagi í Fjallabyggð. Flokkurinn samfélag inniheldur málaflokkana; stjórnsýslu, þjónustustofnanir, menningu og ferðamál, frístundabyggð og útivist og íþróttir. Mikil áhersla er lögð á uppbyggilega skólafestnu og er verið að fjölga skólastigum í sveitarfélaginu með byggingu menntaskóla í Ólafsfirði.

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um samfélag	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	0	+	+

Skóla-, íþrótt- og fræðslustofnanir stuðla að félagslegri örvin og uppfræðslu auk þess sem bæði þéttbýlin búa við góð tengsl við náttúruna sem gefur fólki færi á að njóta útivistar í heilnæmu umhverfi.

Lögð verður áhersla á uppbyggingu útivistarsvæða í báðum þéttbýliskjörnunum en lagt er til að þéttbýliskjarnarnir skipti á milli sín framtíðaruppbyggingu í ákveðnum greinum þar sem að það er talið hagkvæmara og þá er styrkur hvers svæðis hafður að leiðarljósi við þær ákvarðanir. Þess ber þó að geta að stefnt er að því að viðhalda alltaf svæðum og tómstundargreinum í báðum þéttbýliskjörnum.

Gert er ráð fyrir að sjúkrahúsið á Siglufirði verði áfram starfsrækt enda mikilvægt öryggisatriði fyrir sveitarfélagið. Þá er einnig starfsrækt heilsugæslustöð á Ólafsfirði en líkur eru á auknu samstarfi milli allra heilsugæslustöðvanna við utanverðan Eyjafjörð á komandi árum. Mikil áhersla er lögð á fjölbreyttar gönguleiðir í sveitarfélaginu, í þéttbýli en ekki síður í dreifbýli. Uppbygging skíðasvæðanna mun halda áfram en þó í meira mæli í Skarðsdal þar sem að tækifærin eru metin fleiri.

Valkostir

Gerð er tillaga að svæði fyrir moto-cross í Ólafsfirði vegna þess að svæðið er nálægt þéttbýli en þó ekki það nálægt að það trufla daglegt líf íbúanna. Ekki er talið skynsamlegt að staðsetja svæði sem þetta í dreifbýlinu t.d. framar í Ólafsfirði m.a. vegna þess að þeir sem stunda þessa íþrótt hafa ekki bílpróf svo að erfitt getur verið fyrir marga iðkendur að koma sér á tiltekið svæði sem gæti leitt til þess að einhverjir freistist til að fara með tæki sín á óheimil svæði.

Þar sem að tvö skíðasvæði eru í Fjallabyggð, í Skarðsdal og í Ytrárhyrnu er ljóst að uppbygging þarf að vera markviss.

Kostur 1 er að halda áfram að byggja upp bæði skíðasvæðin sem hafa bæði marga kosti en ljóst er að sá valkostur er kostnaðarsamari.

Kostur 2 er að öll framtíðarbygging fari fram í Skarðsdal og þar vega þungt rök um mikla snjóasöfnun á svæðinu og meiri möguleika til uppbyggingar á því svæði. Hins vegar er stefnt á að gönguskiðabrautir verði áfram byggðar upp í Ólafsfirði þar sem að það þykir hentugra. Ekki er lokað fyrir þann möguleika að sett verði upp önnur lyfta í Ólafsfirði þó svo að svæðið í Skarðsdal þygi hafa fleiri kosti.

Niðurstaða umhverfismats

Samfélagslegir umhverfispættir eru taldir geta orðið fyrir töluverðum ákvæðum áhrifum af völdum stefnumiða um *heilsu og velliðan* í aðalskipulaginu. Það sama gildir fyrir flesta umhverfisvísa varðandi *heilsu og velliðan* og *byggð og efnisleg verðmæti*. Þó er ljóst að með aukinni íþrótta- og frístundaiðkun í sveitarfélaginu er alltaf einhver slyshætta fyrir hendi.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Lagt er til að bæjaryfirvöld setji umgengnisreglur fyrir moto-cross svæðið til þess að koma í veg fyrir óþægindi frá starfsseminni.

4.5 Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi

Grunnkerfi samanstendur af flokkunum samgöngur, veitur, efnisnám- og losun, landfyllingar og söfnun og meðhöndlun úrgangs. Áform í þessum málaflokkum eru umfangsmikil og munu líklega verða áhrifamiklir þættir varðandi þróun byggðar og búsetukjara í sveitarfélaginu.

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	-	+	+

Stefnumið varðandi grunnkerfi sveitarfélagsins eru byggð á grunni þess að jákvæð uppbygging og vöxtur sé mögulegur í Fjallabyggð. Þegar litið er til einstakra umhverfisvísa má telja að áhrif á þau séu oftast jákvæð varðandi umhverfispætti *samfélags*, *heilsu og velliðunar* og *byggðar og efnislegra verðmæta*. Varðandi umhverfispætti *náttúrufars* er erfitt að meta áhrif svo umfangsmikilla áforma, sérstaklega þar sem þau teygja sig yfir langt tímabil. Því er möguleiki á umtalsverðum neikvæðum áhrifum, þó stefna í öllum málaflokkum miði að jákvæðum eða litlum áhrifum framkvæmda enda sé ávallt reynt að lágmarka rask og bera virðingu fyrir náttúrufari svæðisins. Þar sem áhrifasvæði framkvæmdanna teygja sig inná svæði á náttúruminjaskrá verður að teljast líklegt að áhrif framkvæmdanna verði neikvæð á umhverfispætti *náttúrufars*. Því er mikilvægt að skoða nánar umhverfisáhrif á deiliskipulags- og/eða framkvæmdatíma.

Valkostir

Í svo umfangsmiklum málaflokki eru valkostir á útfærslum gríðarlega margir, svo einungis stærstu áformin verða tekin fyrir hér. Flestir undirflokkar eru teknir fyrir í sér umfjöllun vegna umfangs og líkindum á teljandi áhrifum.

Hafnarsvæði á Siglufirði og í Ólafsfirði eru minnkuð umtalsvert frá fyrra skipulagi á þeim forsendum að með því að skilgreina landnotkun á hafnarsvæðum sem athafnasvæði er búið að opna fyrir mikið breiðari grunn atvinnustarfsemi við hafnirnar. Þetta er gert á grundvelli breyttra aðstæðna í sjávarútvegi í sveitarfélaginu. Því gerir tillagan ráð fyrir að einungis bryggjur og hafnarþekjur séu skilgreindar sem hafnarsvæði, að nýrri fyllingu á Siglufirði undanskilinni sem er öll skilgreind sem hafnarsvæði. Önnur svæði nærri höfnum eru skilgreind sem athafnasvæði.

Tillaga að stækkun hafnarsvæðis á Siglufirði er einnig sett fram til að auka möguleika fyrir nýja hafnsækna starfsemi. Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir 23 ha fyllingu í Siglufirði sem er umhverfismatsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, I. viðauka um framkvæmdir sem eru ávallt háðar umhverfismati.

Þá er einnig gert ráð fyrir jarðgöngum úr Hólsdal yfir í Fljót og tengjast þessar tvær framkvæmdir óneitanlega, þar sem efnislosun frá göngum gæti nýst til uppfyllingarinnar. Báðar framkvæmdir eru þó taldar líklegar til að valda neikvæðum áhrifum á náttúrufar en hafa jákvæð áhrif á aðra umhverfispætti.

Í Ólafsfirði er gert ráð fyrir tveimur landfyllingum út í Ólafsfjarðarvatn sem eru samanlagt tæpir 15 ha að stærð. Annars vegar er um að ræða lengingu íbúðarsvæðis út í vatnið (6,7 ha) og hins vegar fyllingu vestan óssins (8 ha). Báðar þessar landfyllingar eru umhverfismatsskyldar vegna stærðar, en að auki vegna þess að þær fara inn á svæði á náttúruminjakrá vegna sérstaks lífríkis vatnsins. Þá gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir að vatnið sé flokkað í Flokk I, samkvæmt reglugerð nr.788/1999 11.gr. sem yfirborðsvatn með sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar. Óheimilt er að losa skólp í yfirborðsvatn í Flokki I en er fráveituvatn einstakra íbúðarhúsa og sumarhúsa undanskilið, enda sé um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum UST að ræða.

Flugsamgöngur eru engar til Fjallabyggðar en aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir viðhaldi flugvallar í Siglufirði. Þetta er gert svo möguleiki sé á enduruppbyggingu flugsamgangna til Fjallabyggðar, sérstaklega ef þess gerist þörf í tengslum við möguleika á uppbyggingu þjónustuhafnar á Siglufirði.

Niðurstaða umhverfismats

Niðurstaða umhverfismatsins er að líkleg umhverfisáhrif stefnumiða í grunnkerfi muni vera jákvæð á umhverfispætti *samfélags, heilsu og velliðunar og byggðar g efnislegra verðmæta*. Áhrif stefnumiða á umhverfispætti *náttúrufars* eru líkleg til að verða neikvæð á skipulagstímabilinu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Mjög brýnt er að varkárni sé gætt í öllum fyrirhuguðum framkvæmdum svo rask á náttúru og lífríki sé lágmarkað. Gæta skal þess að ekki séu raskað sérstökum jarðmyndunum skv. 37.grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Ef það reynist hins vegar óhjákvæmilegt að skerða votlendi t.d. vegna vegagerðar að gangamunnum skal þess gætt að endurheimt sambærilegs votlendis sé krafa á framkvæmdaaðilum.

Áður en til framkvæmda kemur í Ólafsfjarðarvatni mun sveitarfélagið stuðla að markvissum rannsóknnum og vöktun á svæðinu í samráði við þær stofnanir sem málið varðar á landsvísu. Niðurstöður ættu þá að gefa til kynna mögulegar mótvægisáðgerðir ef til þess kemur.

Mikilvægt er að huga vel að tilhögun og ásynd hafnarmannvirkja og landfyllinga þannig að þau falli vel að landslaginu.

Gangagerð til nágrannasveitarfélaga

Vilji heimamanna er að gerð verði göng milli Siglufjarðar og Fljóta til að tryggja og auðvelda samgöngur til vesturs úr sveitarfélaginu. Ljóst er að vegur um Siglufjarðarskriður er á stöðugri hreyfingu, þar sem jarðsig er á svæðinu. Þá er aukið hættu fyrir umferð um hann vegna grjóthruns og snjóflóðahættu. Mikilvægt er því að bæta samgöngur á milli Siglufjarðar og Skagafjarðar, svo forsendur fyrir eflingu byggðarinnar séu raunhæfar. Göng þar á milli myndu bæði styttu ekna kílómetra milli byggðarlaganna og renna styrkum stoðum undir búsetuhagsmuni í Fjallabyggð. Þá er uppbygging stórskipahafnar á Siglufirði háð bættum vegasamgöngum.

Til skoðunar liggja fyrir tveir valkostir í gangagerð, það er annars vegar á milli Hólsdals og Nautadals en hins vegar á milli Skarðsdals og Torfdals.

Nauðsynlegt er að samgöngur batni og öryggi aukist á leiðinni milli Ólafsfjarðar og Dalvíkurbyggðar. Á leiðinni er mikil snjóflóðahætta á veturna, Dalvíkurmegin sérstaklega. Einnig eru Múlagöng farin að nálgast þolmörk umferðar á álagstímum og því líklegt að þau muni ekki geta sinnt aukinni umferð í kjölfar opunar Héðinsfjarðaganga.

Þá er ljóst að endurbætur á Múlagöngum eru fyrirséðar og í þeim efnum talið hagkvæmara að byggja ný göng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, heldur en snjóflóðavarnir í Múlanum og önnur göng við hlið einbreiðu ganganna. Ný Ólafsfjarðargöng eru þó háð því að Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar verði samræmt þeirri stefnu.

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um gerð nýrra Ólafsfjarðarganga og Fljótaganga	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	-	+	+

Valkostir

Þegar litið er til valkosta vegna jarðvegsganga milli Siglufjarðar og Fljóta er helst litið til tveggja valkosta;

Kostur 1: Göng upp í Skarðsdal með gangnamunna ofan skógræktar, komið út við Hraun

Þessi kostur myndi gera ráð fyrir gangnamunna í um 100 m hæð og 5,4 km löng göng. Að munnanum í Skarðsdal myndi koma vegtenging (1,7 km) í sveigum niður í dalinn, framhjá svæði hestamanna og í raun þvert á þeirra svæði til sýningarhalds. Að vestan væri munninn ofan Hrauna og tengdist þar inná núverandi þjóðveg út á Almennunga. Þá væri enn ófarin vegkaflí (5 km) að gatnamótum við Ketilás. Þessi vegkaflí er hættulegur vegna blindhæða og legu í landi.

Kostur 2: Göng inn úr Hólsdal með gangnamunna vestur af vatnsverndarsvæði, komið út í Nautadal

„Á þessari leið er gert ráð fyrir gangamunnum í um 100 m hæð bæði í Hólsdal og Nautadal sem þýðir um 4,7 km löng göng með stefnu nálægt NA-SW. Jarðfræðilegar aðstæður hafa ekkert verið kannaðar sérstaklega en gera má ráð fyrir að megin uppistaða bergsins sé basalthraunlög með nokkurra gráðu halla í sömu stefnu og göngin þ.e. til SW. Misgengi og gangar hafa væntanlega stefnu skammt austan við norður þannig að stefna gangaleiðarinnar gagnvart stefnu meginsbrotalína er almennt heldur óheppileg en hins vegar er ekkert vitað um fjölda misgengja né stærð. Göngin yrðu væntanlega tvíhalla þar sem hvor helmingur lengdar hallaði niður til hvors enda.“ (Vegagerðin, 1999. Skýrsla samráðshóps um endurbyggingu vegar um Lágheiði og tengd málefni, s.28) Þessi kostur gerir ráð fyrir nýlagningu vegar í Hólsdal (3 km) og einnig í Nautadal (3 km) niður að gatnamótum við Ketilás.

Samanburður kosta

	Lengd ganga (km)	Nýlagning vegar (km)	Endurbætur vegar (km)	Heildarlengd (km)	Stytting vegalengdar (km)
Göng um Skarðsdal	5,4	1,7	5	12,1	13,4
Göng um Hólsdal	4,7	6	0	10,7	14,8

Gert er ráð fyrir eftirfarandi meðaltalskostnaði:

1 km grafin göng kosti 1 milljarð

1 km nýlagning vegar 45 milljónir

1 km endurbætur vegar 30 milljónir

Með þessum tölum verður kostnaður við nýja tengingu með göngum um Skarðsdal 5,6 milljarðar króna en göng um Hólsdal 5 milljarðar.

Kostur 1 hefur helsta þá galla að vegtengingar að göngunum yrðu kostnaðarsamar og ekki um möguleika á fullnægjandi veghönnun með tilliti til umferðaröryggis. Þá er stytting ekinna kílómetra minni en kostar 2.

Kostur 2 hefur þegar verið skoðaður varðandi kostamat vegna tengingar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Með vegtengingu inn Hólsdal að austan myndu útivistarsvæði Siglufirðinga vestan árinna haldast samhangandi og halli á vegi verða lágmarkaður og jafn inn að gangamunna. Athuga þyrfti staðsetningu munna m.t.t. vatnsbóls. Op ganganna til vesturs væri í Nautadal, svo til beint á móts við gatnamót við Ketilás. Kostur 2 yrði að öllum líkindum hagkvæmari þar sem göngin eru styttri og vegstæði að gangamunna hentugt, landfræðilega séð.

Aðalskipulagið leggur því fram kost 2 sem tillögu á skipulagstímabilinu.

Valkostir

Þegar litið er til valkosta vegna jarðvegsganga milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur er helst litið til tveggja valkosta;

Kostur 1; breikkun núverandi ganga og gerð snjóflóðavarna í Sauðanesskriðum

Þessi kostur myndi gera ráð fyrir að ný einbreið göng yrðu gerð við hlið þeirra sem fyrir eru þannig að bílar geti ekið þar um án tafa. Þá yrði nauðsynlegt að fara í kostnaðarfrekar snjóflóðavarnir í Sauðanesskriðum en snjóflóðahætta er mikil á þessu svæði og virðist vera sem svo að tíðni snjóflóða sé að aukast á þessu svæði.

Kostur 2: Göng inn úr Burstabrekkudal með gangamunna sunnan við íbúðarbyggðina í Ólafsfirði, komið út í Karlsárdal norðan Dalvíkur

Á þessari leið er gert ráð fyrir gangamunnum í um 40 m hæð Ólafsfjarðarmegin og ca. í 100 m hæð Dalvíkurmeginn sem þýðir um 8,1 km löng göng með stefnu nálægt NV-SA.

Samanburður kosta

Kostur 1 hefur helsta þá galla að þessu fylgja mikil óþægindi fyrir vegfarendur og einnig er fyrirséð mikið viðhald á núverandi Múlagöngum vegna aldurs þeirra. Þá eru snjóflóðavarnir aldrei 100% öruggar og því ekki hægt að tryggja að þessi vegur verði öruggur þó svo að farið verði í þessar framkvæmdir. Kostnaður yrði einnig mikill og gróft áætlað myndu snjóflóðavarnir í Múlanum kosta um 2 milljarða og ný göng við hliðina á núverandi göngum 3,4 milljarða. Heildarkostnaður við kost 1 væri því um 5,4 milljarðar.

Kostur 2 hefur þá kosti að samgöngur truflast lítið sem ekkert á meðan framkvæmdartíma stendur. Þá þarf ekki að reisa snjóflóðavarnir eins og þarf er í kosti eitt. Vegalengd til Dalvíkur myndi styttest um 4,6 km bæta möguleika íbúa og atvinnuvega Fjallabyggðar að tengjast betur inn á Eyjafjarðarsvæðið, sem hefði í för með sér ýmis tækifæri fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Kostnaður við göng uppúr Burstabrekkudal myndi vera um 8,2 milljarðar. Þetta er því töluvert dýrari kostur en þjónar mikið betur búsetuhagsmunum og umferðaröryggi sveitarfélaganna tveggja, Fjallabyggðar og Dalvíkur.

Aðalskipulagið leggur því fram kost 2 sem sína tillögu á skipulagstímabilinu.

Niðurstaða umhverfismats

Stefnumið aðalskipulagsins um Fljótagöng um Hólsdal og ný Ólafsfjarðargöng munu hafa teljandi jákvæð áhrif á flesta þætti umhverfispáttanna *samfélags, heilsu og velliðunar og byggðar og efnislegra verðmæta*. Teljandi neikvæð áhrif á *náttúrufar*, sérstaklega gróður og vistkerfi eru líkleg og þá einkum vegna efnislosunar en annað yfirborðsrask er ekki mikið við gangagerð.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Huga þarf vel að hönnun og ásynnd samgöngumannvirkja og hafa það að markmiði að framkvæmdin falli vel að landslaginu.

Mikilvægt er að staðsetning efnislosunarsvæða sé sem minnst áberandi og raski ekki landslagi meira en þörf krefur.

Kerahnjúkavirkjun á Burstabrekkudal

Á Burstabrekkudal hefur landeigandi reist virkjun sem samanstendur af stíflu, inntaksmannvirki og þrýstipípu.

Helstu kennitölur virkjunarinnar eru:

- Virkjuð fallhæð: 230 m.
- Hönnunarrennsli: 240 L/S
- Hönnunarafl: 370 kW

Það er hugsanlegt að farið verði í frekari virkjanaframkvæmdir á Burstabrekkua á skipulagstímabilinu og hafa þær hugmyndir verið hannaðar. Verði af þeim virkjanaáformum mun afl virkjunarinnar líklegast aukast um annað eins eða 300-400 kW til viðbótar. Stækkun felur fyrst og fremst í sér stækkun á lónstæði og breikkun á stíflu en ekki gerð fleirri mannvirkja.

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um gerð Kerahnjúkavirkjunar (áfanga 2)	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	0	-	0	+

Valkostir

Þegar litið er til valkosta vegna stækkunar á Kerahnjúkavirkjun er helst litið til tveggja valkosta;

Kostur 1; Stækkun á núverandi virkjun

Það myndi fela í sér að núverandi vatn, Burstabrekkuvatn sem er 69.000 m² stækki í 164.000 m² við 5 m hækkun eða 186.000 m² við 7 m hækkun. Afl virkjunarinnar myndi aukast um 300-400 kW og væri þá heildarafl virkjunarinnar 670-700 kW.

Kostur 2: Núllkostur – Engar frekari framkvæmdir

Síðari kosturinn er að fallið verði frá þessum hugmyndum og að Burstabrekkudalur standi eins og hann er í dag með núverandi virkjun.

Samanburður kosta

Kostur 1 hefur helsta þá galla að neikvæð umhverfisáhrif vegna stækkunar miðlunarlóns eru teljandi á náttúrufar og langvarandi. Á móti má telja jákvæð áhrif virkjunar á byggð og efnisleg verðmæti, þar sem heimaþingin raforka er hagkvæmari kostur en aðkeypt rafmagn.

Kostur 2 myndi þýða óbreytt ástand.

Niðurstaða umhverfismats

Stefnumið um Kerahnjúkavirkjun mun hafa teljandi neikvæð áhrif á náttúrufar, sérstaklega gróður og vistkerfi en engin teljandi áhrif umhverfisþætti samfélags og heilsu og vellíðunar. Líklegt er að virkjunin hafi jákvæð áhrif á umhverfisþætti byggðar og efnislegra verðmæta. Taka skal fram að stækkun virkjunarinnar og lónsins krefst framkvæmdaleyfis sveitarfélagsins og er tilkynningarskyld samkvæmt 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda á verndarsvæðum.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Huga þarf vel að hönnun og ásýnd allra mannvirkja og hafa það að markmiði að framkvæmdin falli vel að landslaginu.

Mikilvægt er að allt rask verði sem minnst og fylgst verði vel með framkvæmdinni af viðeigandi aðilum.

Skólp og fráveita

Skólp og fráveitumál í sveitarfélaginu eru í vinnslu en með tímasettri fráveituáætlun er ætlað að bæta fyrirkomulag og frágang á skipulagstímabilinu. Stefnt er að því að allar eldri útrásir í þéttbýlinu verði aflagðar en lengri útrásarop og dælustöðvar byggðar.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um fráveituáætlun	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	+	+	+

Stefna aðalskipulagsins í fráveitumálum er talin líkleg til að hafa jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti og vísa sem lagðir eru til grundvallar matinu. Sú stefna að hanna fráveitukerfi þannig að ekki sé hamlandi fyrir samfélagslega uppbyggingu og verðmætasköpun er mikilvæg í því samhengi. Þá mun bætt lega útrásaropa við þéttbýli hafa jákvæð áhrif á lífríki strandsjávar í fjörðunum, sem eru bein jákvæð áhrif á umhverfisþætti náttúrufars og heilsu og vellíðunar.

Valkostir

Ekki hafa verið settir upp sérstakir valkostir við áætlun um fráveitu en líklegt er að slíkt verði gert við útreikninga á lengd útrásaropa og staðsetningu dælustöðva á hönnunar- og framkvæmdastigi.

Niðurstaða umhverfismats

Stefnumið aðalskipulagsins munu hafa langvarandi, staðbundin og afleidd jákvæð umhverfisáhrif, sérstaklega nærri þéttbýliskjörnum, á alla umhverfisvísa sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Engar mótvægisáðgerðir eru ráðgerðar þar sem ótvírætt verður að ráðast í úrbætur á núverandi fyrirkomulagi.

Efnistaka/efnislosun

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um efnistöku/efnislosun	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	0	-	0	+

Efnislosun er mikið umfangsmeiri á skipulagstímabilinu í Fjallabyggð heldur en efnistaka. Þetta kemur til af annarsvegar umfangsmiklum gangnaframkvæmdum, Héðinsfjarðargöngum, Fljótagöngum og Ólafsfjarðargöngum, sem og af því hve möguleikar til efnistöku eru takmarkaðir í sveitarfélaginu. Efnislosunarsvæði eru tvö í Ólafsfirði og tvö í Siglufirði vegna Héðinsfjarðarganga. Efnislosun vegna fyrirhugaðra ganga til nágrannasveitarfélaga er áætluð að nota til uppfyllingar á hafnarsvæði Siglufirðinga og til fyllinga í Ólafsfjarðarvatni fyrir frekari vöxt íbúðarbyggðar. Gert er ráð fyrir að afmarkað verði efnislosunarsvæði í Burstabrekkudal fyrir umframefni, ef þörf krefur. Efnistökusvæði er eitt í Siglufirði og tvö í Ólafsfirði. Megin efnisþörf sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu verður þó fullnægt af efnislosunarsvæðum.

Gera má ráð fyrir að um 500.000 m³ komi til við borun nýrra Ólafsfjarðarganga og að 250.000 m³ eða helmingi efnisins verði ekið út Ólafsfjarðarmegin. Hluti þess verður nýttur til vegagerðar og tilheyrandi þátta. Gert er ráð fyrir efnislosunarsvæði fyrir allt að 300.000 m³ í Burstabrekkudal sem verða nýtanlegir fyrir sveitarfélagið t.d. í fyrirhugaðar landfyllingar út í Ólafsfjarðarvatn á skipulagstímabilinu.

Svæðið sem um ræðir á Burstabrekkudal er nokkuð gróið og yfir í gróðurlítið svæði efst enda liggur snjó oft yfir dalnum langt fram á sumar. Svæðið hallar mót suðaustri, ofan gangamunna og verði efnið lagað að landinu inn með hlíðinni. Nánari athuganir á landsvæðinu og áætluðum umhverfisáhrifum efnislosunar skal fara fram þegar hönnun og umfang liggja fyrir. Ef valið er að tvöfalda núverandi Múlagöng er ekki víst að þörf sé á þessu efnislosunarsvæði.

Þá má gera ráð fyrir að 300.000 m³ af efni komi frá fyrirhuguðum Fljótagöngum. Helmingi efnisins verður ekið út Siglufjarðarmegin eða um 150.000 m³. Gera má ráð fyrir að hluti efnisins verði nýttur til vegagerðar í Hólsdal vegna ganganna. Þá er efnið nýtanlegt til fyrirhugaðra landfyllinga sem gert er ráð á Siglufirði til síðari nota. Gert er ráð fyrir 175.000 m³ efnislosunarsvæði í Hólsdal.

Niðurstaða umhverfismats:

Efnistaka og efnislosun er talin hafa lítil eða engin áhrif á umhverfisvísa *samfélags* og *heilsu og velliðunar*. Á skipulagstímabilinu má áætla að efnistakan/efnislosunin hafi jákvæð áhrif á *byggð og efnisleg verðmæti* en ójákvæmileg eru teljandi neikvæð áhrif á umhverfispætti *náttúrufars*, vegna rasks á efnistöku/efnislosunarsvæðum og þar með breytinga á gróðurfari, dýralífi, landslagi og ásynð. Þetta á þó sérstaklega við á framkvæmdatíma hvers svæðis en ekki er leyfilegt að hafa opin ófrágengin svæði þar sem efnistaka/efnislosun er ekki fyrirhuguð innan þriggja ára.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Vegna magns efnis sem fellur til er það ráðlagt að efnislosunarsvæði sem ekki er fyrirséð að verði nýtt á komandi árum verði grædd upp til þess að lágmarka sjónræn áhrif efnislosunarsvæðanna. Þá er mikilvægt að þegar efnið hefur verið tekið í burtu af geymslustað sínum að það sé grætt upp og aðlagð umhverfinu í kring.

Landfyllingar

Gert er ráð fyrir 6 landfyllingum í sveitarfélaginu, 5 á Siglufirði og 1 í Ólafsfirði. Tvær þeirra uppfylla skilyrði skv. 2. viðauka laga nr. 160/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lið nr. 10 i. En það eru landfyllingar sem eru 5 ha eða stærri og er hver framkvæmd metin fyrir sig varðandi umhverfismatsskyldu. Hér er meira horft til samlagðra umhverfisáhrifa allra áætlaðra landfyllinga.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um landfyllingar	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	0	-	0	+

Heildarstærð áætlaðra landfyllinga í sveitarfélaginu er 37,2 ha, þar af 8,2 fyrir íbúðarsvæði. Áætluð þörf fyrir nýtt íbúðarsvæði í Fjallabyggð, miðað við 1,5 % fjölgun er u.þ.b. 18 ha. Ný íbúðarsvæði á skipulagstillögunni eru 16,4 ha auk svæðis á landfyllingu L1 sem skilgreind er fyrir verslun- og þjónustu. Ef til uppbyggingar kemur í Siglufjarðarhöfn vegna Norðurslóðasiglinga og þjónustu við olíuleit við Austur-Grænland, eru talin skapast u.þ.b. 100 ný störf. Því eru áætlaðir 5 ha af íbúðarsvæði umfram þörf vegna náttúrulegrar fjölgunar.

Þar sem undirlendi er takmarkað og byggingarhæft land stjórnast að miklu leyti af snjóflóðahættu, eru ekki ljósir aðrir kostir en að áætla nýtt byggingarland á landfyllingum. Með því verður einnig hægt að stefna að markvissri þenslu þéttbýlissvæða út frá virkum kjarna, frekar en að byggja upp fleiri lítill þéttbýli. Uppbygging íbúðarsvæða kemur til með að áfangaskiptast þar sem fyrst kemur til þéttingar byggðar, þá á svæðum sem snjóflóðavarnarmannvirki hlífa eftir að byggingu þeirra lýkur og síðast verður byggt á nýjum landfyllingum.

L1 Fylling vestan óss Ólafsfjarðarvatns. Gert er ráð fyrir 8 ha landfyllingu sem er skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði auk þess sem leyfilegt verður að skipleggja íbúðarsvæði á reitnum. Vegna Héðinsfjarðarganganna er talið að landfylling sem þessi geti skapað margvísleg tækifæri til eflingar sveitarfélagsins. Helstu umhverfisáhrif eru talin vera áhrif á fuglalíf og á dýralíf Ólafsfjarðarvatns, en það er á náttúruminjasrá

L2 Fremri-Garður, ný fylling norðan við Öldubríót. Gert er ráð fyrir allt að 23 ha fyllingu norðan Öldubríóts, neðan byggðarinnar í Siglufirði. Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði. Þá er gert ráð fyrir mikilli fyllingu norðan við núverandi hafnarsvæði á Siglufirði undir hafnarsvæði. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif á dýralíf í botni fjarðarins og á öldufar næst ströndinni. Einnig mun aðflutningur efnis vera líklegur valdur neikvæðra umhverfisáhrifa.

Í núgildandi aðalskipulagi Siglufjarðar er gert ráð fyrir 4 landfyllingum sem að eru undir 5 ha að stærð. Í nýju aðalskipulagi Fjallabyggðar er gert ráð fyrir að halda þessum fyllingum inni og verða þær taldar upp hér að neðan:

L3 Innri-Höfnin /Norðurtangi. Gert er ráð fyrir umtalsverðri uppfyllingu (4,1 ha) á Tanganum undir íbúðarsvæði. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif á fuglalíf og dýralíf í botni fjarðarins.

L4 Innri-Höfnin /Suðurtangi. Gert er ráð fyrir fyllingu á norðanverðum tanganum sem er skilgreind sem hafnarsvæði um 1 ha að stærð. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif á fuglalíf og dýralíf í botni fjarðarins.

L5 Fylling við Snorrögötu á Siglufirði. Gert ráð fyrir lítilli fyllingu (0,4 ha) við Snorrögötu og er hún skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Ekki er talið að framkvæmdin hafi teljandi umhverfisáhrif.

L6 Fylling austan Tjarnargötu á Siglufirði. Um 0,7 ha fylling er áætluð í hafnarbakkann og er hún skilgreind sem hafnarsvæði. Þar er m.a. gert ráð fyrir að nýr aðalvegur fari í gegnum bæinn til þess að auka umferðaröryggi í miðbæ Siglufjarðar. Ekki er talið að framkvæmdin hafi teljandi umhverfisáhrif.

Valkostir

Þeir valkostir í landfyllingum sem velt var upp fólust að mestu leyti í mismunandi stærð og lögun þeirra landfyllinga sem áætlaðar eru. Þörfin fyrir aukið undirlendi er til staðar í báðum þéttbýlum og þar sem ekki

er öruggt að skipuleggja íbúðarsvæði nema neðan hættumatslínu B, er eini augljósi möguleikinn til þenslu byggingarsvæða, að fara út í vatnið í Ólafsfirði og fjörðinn á Siglufirði.

Valkostirnir eru því hvort stefna eigi að uppfyllingum eða ekki. Ef ákveðið er að raska ekki umhverfinu með landfyllingum er ljóst að mögulegri fjölgun í Fjallabyggð verða settar skorður.

Niðurstaða umhverfismatsins

Ljóst er að neikvæð umhverfisáhrif landfyllinga á umhverfispætti náttúrufars eru umtalsverð, staðbundin og langvarandi. Ekki er teljandi áhrif af framkvæmdinni á umhverfispætti samfélags og heilsu og velliðunar. Jákvæð áhrif á umhverfispætti byggðar og efnislegra verðmæta eru umtalsverð og langvinn.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Bakgrunnsrannsóknir ásamt nánu eftirliti og vöktun umhverfisáhrifa í Ólafsfjarðarvatni eru nauðsynlegar ásamt úttekt sérfræðinga á hvernig bæta megi umgengni við vatnið svo sérstöðu þess sé ekki ógnað.

Söfnun og meðhöndlun úrgangs

Mikil áhersla er lögð á að minnka umfang sorps til urðunar eins og kostur er. Stefnt er að því að auka flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu í sveitarfélaginu eftir því sem kostur er.

	Umhverfispættir			
Umhverfismat stefnumiða um söfnun og meðhöndlun úrgangs	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefna aðalskipulagsins	+	+	+	+

Sú stefna yfirvalda í Fjallabyggð að endurbæta aðferðir við söfnun og meðhöndlun sorps hefur tvímælalaust jákvæð áhrif á alla umhverfisvísa sem lagðir eru til grundvallar umhverfismatinu.

Valkostir

Ef litið er til mismunandi valkosta við sorpeyðingu í sveitarfélaginu er strax hægt að útiloka þann kost að urða sorpið innan Fjallabyggðar, þar sem full samstaða er um það í sveitarstjórn að flytja allt það sorp sem ekki er endurnýtanlegt eða endurvinnanlegt, út fyrir sveitarfélagið. Allir kostir verða þó að bjóða uppá úrbætur á söfnun úrgangs frá smábátasjóðmönnum og sumum fyrirtækjum. Eins og staðan er í sorpmálum í dag sem og útlit fyrir í framtíðarskipulagi má segja að valkostir séu tveir í sveitarfélaginu;

Valkostur 1: Að flokka allt sorp sveitarfélagsins í flokkunarstöð innan Fjallabyggðar, þar sem lífrænt er endurunnið og endurnýtanlegt er hreinsað, en óendurvinnanlegt sorp er baggað og flutt til urðunar utan sveitarfélagsins. Þetta byggir á því að íbúar sveitarfélagsins taki þátt í átaki til flokkunar og lágmörkun úrgangs.

Valkostur 2: Að einungis setja upp gámavelli fyrir grófari úrgang og úrgang með skilagjaldi (dekk, rúlluplast, drykkjarumbúðir o.fl.). Annar úrgangur yrði pressaður og fluttur burt til urðunar. Íbúar e.t.v. styrktir til kaupa á „grænum tunnum“ fyrir lífrænt heimilissorp en ekki nein miðlæg moltugerð stunduð. Lífrænu fyrirtækjasorpi fundinn staður til urðunar, annaðhvort innan eða utan sveitarfélagsins.

Samanburður á þessum tveimur kostum leiðir fljótt í ljós að sá fyrri er mikið álitlegri frá umhverfissjónarmiðum þar sem magn þess úrgangs sem flytja þarf langar vegalengdir er minna og umhverfismeðvitund hjá íbúum er líkleg til að vaxa með aukinni flokkun. Ókostir valkostar 1 eru þó helstir að hann byggir á því að íbúar séu boðnir og búnir að taka upp svokallað þriggja tunnu kerfi og skila af sér á gáma-/skilavelli öðru sorpi en því sem í tunnumar má fara.

Niðurstaða umhverfismats

Ef veginn og metinn er kostnaður og ávinningur á milli kosta er líklegt að kostur 1 sé vænlegri í stöðunni, sérstaklega ef horft er til magns úrgangs sem þarf að flytja langar vegalengdir og mengun sem af því hlýst. Þá er einnig talið til jákvæðra áhrifa sú aukna umhverfisvitund sem næðist hjá íbúum ef slík flokkun gengur eftir.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Þar sem umhverfisáhrif stefnunnar eru jákvæð á alla umhverfispætti sem lagðir eru til grundvallar er ekki lagðar fram tillögur að mótvægisáðgerðum.

4.6 Umhverfismat samlagðra áhrifa aðalskipulagsins

	Samfélag	Náttúrfar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Náttúra	+	+	+	0
Verndarsvæði og minjar	+	+	0	0
Búseta	+	Ú	+	+
Atvinna	+	Ú	+	+
Samfélag	+	0	+	+
Grunnkerfi	+	-	+	+
Gangagerð	+	-	+	+
Kerahnjúkavirkjun	0	-	0	+
Skólp og fráveita	+	+	+	+
Efnistaka	0	-	0	+
Landfyllingar	0	-	0	+
Sorpförgun	+	+	+	+
Samtals	+	-	+	+

Niðurstaða umhverfismats

Þegar heildræn áhrif skipulagstillögunnar eru skoðuð og lögð saman eru áhrif stefnumiða á umhverfispætti samfélags, heilsu og velliðunar og byggðar og efnislegra verðmæta jákvæð. Áhrif á umhverfispætti náttúrufars eru í heildina séð neikvæð á skipulagstímabilinu, enda margar umfangsmiklar framkvæmdir á áætlun innan sveitarfélagsins Fjallabyggðar. Margar þessara framkvæmda munu þó eingöngu hafa tímabundin og staðbundin áhrif.

5 Matsskyldar framkvæmdir

5.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Í gr. 3.3 Mat á umhverfisáhrifum við skipulagsgerð segir:

„Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m. a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Í skipulagstillögu skal lýsa þeim kostum sem til greina koma varðandi staðsetningu og útfærslu byggðar og einstakra framkvæmda og þeir bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfið, m.a. með tilliti til sérkenna einstakra svæða. Þetta getur átt við um tegund landnotkunar og þéttleika byggðar.

Leitast skal við að nýta mat á umhverfisáhrifum mismunandi landnotkunar- og framkvæmdakosta og skipulagstillögunnar í heild til að tryggja að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í skipulagstillögunni og að gætt sé samræmis við meginmarkmið skipulagstillögunnar og markmið reglugerðar þessarar.

Í skipulagstillögu skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram skal koma hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og hver niðurstaða þess hafi verið.

Þá skal einnig koma fram í skipulagstillögu hvaða aðrar framkvæmdir sem stefnt er að samkvæmt skipulagstillögunni verði ekki heimilaðar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.”

Endurskoðuð lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 voru samþykkt frá Alþingi vorið 2000. Samkvæmt 5.gr. skulu framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka laganna ávallt háðar umhverfismati.

Í upptalningu 1. viðauka eru meðal annars eftirtaldir þættir sem sveitarfélagið þyrfti að taka tillit til vegna fyrirhugaðra framkvæmda á skipulagstímabilinu:

1. viðauki

10. i. Stofnbrautir í þéttbýli.

ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.

11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

21. Efnistaka [á landi eða úr hafsbotni] þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri.

24. Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

Í upptalningu 2. viðauka er meðal annars :

2. viðauki

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:

a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.

b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.

d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.

2. Námuviðnaður:

a. [Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².]

c. Djúpbörur, einkum: ii. borur eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni,

3. Orkuviðnaður:

a. Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafi [200 kW] eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.

10. Framkvæmdir á grunnvirkjum;

[c.] Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúrumínjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.

[e.] Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.

[i.] Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum [á verndarsvæðum og svæðum á náttúrumínjaskrá], t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.

11. Aðrar framkvæmdir

[k.] Snjóflóðavarnargarðar til varnar þéttbýli.

5.2 Matskyldar framkvæmdir í aðalskipulaginu

Ný stofnbraut í þéttbýli

Kvöð er á um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna tilkomu nýrrar stofnbrautar í þéttbýli, skv. lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum. Með tilkomu nýrrar stofnbrautar í gegnum m.a. hafnarsvæðið eykst umferðaröryggi til muna og aðgengi batnar að höfn. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif vegna útblástursmengunar og hávaða á þeim svæðum sem stofnbrautin liggur um. Gert er ráð fyrir að byggð verði hljóðmön þar sem þörf er á slíkum mannvirkjum eins og td. nálægt íbúðarbyggð. Haft verður samráð við Skipulagsstofnun varðandi mats- eða tilkynningarskyldu framkvæmdarinnar.

Landfyllingar

Kvöð er á um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna tilkomu nýrrar uppfyllingar á hafnarsvæði, skv. lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir 7 landfyllingum í sveitarfélaginu, 5 á Siglufirði og 2 á Ólafsfirði. Þrjár þeirra uppfylla skilyrði skv. 2 viðauka laga nr. 160/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lið nr. 10 i. En það eru landfyllingar sem eru stærri en 5 ha eða stærri og er hver framkvæmd metin fyrir sig varðandi umhverfismatsskyldu.

- Tanginn úti Ólafsfjarðarvatn - allt að 6,6 ha.

- Fylling vestan óss Ólafsfjarðarvatns – 8 ha.
- Fremri-Garður, ný fylling norðan við Öldubrótt – allt að 23 ha

Gangagerð til nágrannasveitarfélaga

Fljótagöng

Þann hluta leiðarinnar sem lítur að betri tengingum Siglufirðinga við Fljót og þ.a.l. Skagafjörð og Norð-Vesturland skal haldið inná landnotkunaráætlun Fjallabyggðar til næstu 20 ára. Siglufjarðarvegur um Almennunga og Strákagöng yrði lagður af sem vegtenging Siglufjarðar en til yrði betri og styttri leið yfir í Fljót. Áætluð göng myndu vera upp Hólsdal og inní fjallgarðinn þar en koma út í botni Nautadals. Áætluð lengd væri um 4,3 km.

Ný Ólafsfjarðargöng

Stefnt er að gerð ganga milli Burstarbrekkudals og Hólsdals til að leysa af hólmi veg um Ólafsfjarðarmúla, þar sem mikil snjóflóðahætta er og Múlagöng sem eru einbreið. Slík göng yrðu nærri 8 km löng úr Burstarbrekkudal og yfir í Karlsárdal og væri þá vegalengd minni Dalvíkur og Siglufjarðar innan við 30 km.

Svæði undir náttúruvá

Mögulegt er að gera þurfi ráð fyrir vörnum gegn auknu landrofi á Siglunesi við mynni Siglufjarðar. Mikið landrof hefur verið á neginu vegna ágangs sjávar og ljóst að öldufar í firðinum mun breytast töluvert með ófyrirsjáanlegum afleiðingum verði ekki gerðar ráðstafanir í tíma. Svæðið er einnig á náttúrminjaskrá og fellur undir 2. viðauka, lið 10 i, í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Kerahnjúkavirkjun - Burstabrekkudal

Núverandi virkjun framleiðir 370 kW og eru áætlanir um að stækka hana um helming þ.e.a.s. uppí 740 kW.

6 Niðurstaða umhverfismats

Í heildina má álykta að umhverfisáhrif Aðalskipulagstillögu Fjallabyggðar 2008-2028 séu jákvæð fyrir þá umhverfispætti sem lagðir eru til grundvallar matinu.

Þau atriði áætlunarinnar sem metin voru hafa flest jákvæð áhrif á umhverfispáttinn *samfélag*. Enda fyrirséð að þær framkvæmdir sem stefnt er að innan sveitarfélagsins allar miðaðar að jákvæðri uppbyggingu og framgangi samfélagsins.

Þegar skoðað er hvaða áhrif skipulagstillagan hefur á *náttúrufar* er ljóst að hætt er að þau verði neikvæð eða háð nánari útfærslum á deiliskipulags- og/eða framkvæmdastigi. Náttúrufar er einstakt í Fjallabyggð og því mjög mikilvægt að taka fast á umhverfismálum og leggja fram mótvægisáðgerðir þar sem það á við.

Áhrif skipulagstillögunnar á *heilsu og vellíðan* eru álitin geta verið jákvæð eða engin í öllum málaflokkum sem lagðir eru til grundvallar matinu.

Umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar á umhverfispætti *byggðar og efnislegra verðmæta* er einnig talin líkleg til að vera jákvæð í flestum málaflokkum.



Mynd 42

7 Greinargerð

(skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006)

Eins og fram kemur í samantekt umhverfismats (bls 128) hefur Sveitarfélagið Fjallabyggð í öllum stefnum sínum unnið útfra meðvitaðri umgengni við náttúruna og vill stuðla að aukinni verndun náttúru og þjóðminja samhliða jákvæðri þróun í byggðarmálum og þjónustu við íbúa. Þrjú svæði innan sveitarfélagsins eru á náttúruminjaskrá, þ.e. fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Ólafsfjarðarvatn og Héðinsfjörður. Einnig skal tekið sérstakt tillit til þess fjölbreytta smádyra- og fuglalífs sem finnst á leirunum innaf Siglufirði. Sveitarfélagið telur mikilvægt að litið sé á verndun í stærra samhengi og í mismunandi myndum. Stefnt er að því að vinna deiliskipulag fyrir Héðinsfjörð í heild sinni en hann opnaðist fyrir akandi umferð í fyrsta sinn haustið 2010. Með skipulaginu mun byggingarþyrpingin á Kleifum í Ólafsfirði verða hverfisvernduð, en með því móti er verið að vernda ásýnd og yfirbragð þess einstaka staðar.

Samhliða þeim verndarákvæðum sem skipulagið felur í sér leggur sveitarstjórn þunga áherslu á bættar samgöngur til aðliggjandi sveitarfélaga. Með Héðinsfjarðargöngum opnuðust samgöngur milli tveggja byggðarkjarna og mun þjónusta og möguleikar aukast og búsetuskilyrði batna mikið. Stefnt er að frekari gangagerð bæði yfir í Fljótin til tengingar við Skagafjörð og til Dalvíkur til bættrar tengingar við Eyjafjörð, en þau munu óhjákvæmilega kalla á mikla efnislosun með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Umframfni má nýta til landfyllinga en í því fjalllenda landslagi sem sveitarfélagið statar af er lítið undirlendi og takmarkanir til frekari uppbyggingar í þéttbýlunum sökum ofanflóðahættu. Í skipulaginu er því gert ráð fyrir sex landfyllingum og tvær þeirra falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Þær framkvæmdir sem sveitarfélagið stefnir að í skipulaginu eru afar mikilvægar og munu hafa í för með sér jákvæð samfélagsleg áhrif. Bættar samgöngur munu stuðla að betri tengslum við nágrannasveitarfélögin, styttingu á ferðatíma og auknu umferðaröryggi. Lífsgæði íbúa og búsetuskilyrði munu líklega aukast með bættum samgöngum, auknu byggingarlandi, fjölbreyttari þjónustu og vexti í atvinnulífi.

Athugasemdir, sem bárust á auglýsingatíma, gáfu tilefni til þriggja breytinga, þ.e. reiðleið meðfram Ólafsfjarðarvatni var felld út, fylling sunnan Mararbyggðar í Ólafsfirði var felld út og efnisnáma á Siglunesi var felld út. Þessar breytingar höfðu hvorki áhrif á markmið og stefnumið sveitarfélagsins né leiðir að stefnumiðum. Hins vegar hafa allar þessar breytingar þau áhrif að neikvæð umhverfisáhrif fyrri skipulagstillögu verða ekki til staðar. Breytingar skipulagsins eru því jákvæðar fyrir náttúru en ekki teljandi fyrir aðra umhverfisþætti. Minniháttar breytingar og leiðréttingar urðu að auki á skipulagsgögnum. Gerð er grein fyrir svörum sveitarfélagsins við athugasemdum í kaflanum svör við athugasemdum (bls 228).

8 Venslatafla umhverfismats

Samfélag

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Íbúapróun	Íbúafjöldi - þróun	Íbúapróun hefur verið neikvæð síðustu ár samfara samdrætti í vinnslu sjávarafurða. Stefnt er að því að snúa þeirri þróun við með nýsköpun á öðrum sviðum atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir 1,5% fjölgun ef flutningar eru ekki teknir með.
	Samsetning íbúa (kyn, aldur, þjóðerni og menntun)	Kynjaskiptingin er frekar ójöfn í Fjallabyggð miðað við landið allt – karlar eru töluvert fleiri en konur. Þá vantar að miklu leyti inn fólk á aldrinum 25-40 ára. Skortur hefur verið á störfum fyrir fólk með framhaldsmenntun. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur hækkað úr 3,8% árið 2006 í 6,5% 2008.
Félagslegt umhverfi	Aðgengi að þjónustu, þ.m.t. Samfélagsþjónustu	Að íbúar hafi tryggn og greiðan aðgang að þjónustustofnunum og fyrirtækjum með innra skipulagi og aðgangi fyrir alla (fatlaða). Sjúkrahúsið á Siglufirði, en heilsugæsla í Ólafsfirði.
	Útivist og tómstundir	Áframhaldandi uppbygging aðstöðu, t.d. Golfvöllir, hesthúsahverfi, gönguleiðir, skíðasvæði og íþróttir
	Samgöngur	Tvenn ný göng og bæta skal umferðaröryggi innanbæjar, sérstaklega fyrir skólabörn. Að ljúka frágangi gatna og gangstéttum.
	Menningarminjar	Meirihluti sveitarfélagsins er á náttúruminjasrá og víða eru menningarminjar sem stefnt er að gera hærra undir höfði.
	Ferðamál	Vetraríþróttir og ferðamennska tengd þeim hefur mikla vaxtamöguleika tengda betri samgöngum. Þá eru mörg frístundahús innan sveitarfélagsins.
Atvinnulíf	Fjöldi og tegund starfa	Í maí 2007 eru 172 fyrirtæki í Fjallabyggð með 866 störf, flest innan þjónustu og næstmest innan fiskveiða og landbúnaðar. Meginstefna að stuðla að framþróun og eflingu atvinnu í byggðalaginu.
	Tekjur	Útsvarstekjur í Fjallabyggð á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttekt Byggðastofnunar 2008, ef miðað er við tekjur sveitarfélaga á landsbyggðinni. Þetta gefur til kynna að tekjur séu yfirleitt góðar hjá íbúum.

	Efnistaka	Sorpförgun	Fráveita	Náttúruvernd	Grunnkerfi	Gangnagerð	Byggð og búseta	Atvinna	Heilsa og velliðan
	0	+	+	0	+	+	+	+	+
	0	0	0	+	+	+	0	+	+
	0	+	0	0	+	+	+	+	+
	0	+	+	+	+	+	+	+	+
	+	0	+	Ú	+	+	+	+	0
	0	0	+	+	+	-	0	+	0
	0	+	+	+	+	+	+	+	+
	+	+	+	+	+	+	+	+	+
	+	+	+	+	+	+	+	+	+

Náttúra

Umhverfispættir	Lýsing umhverfispáttanna/umhverfissvía	Umhverfisviðmið
Gróður, dýr	Auðlindanýting	
Vatn/sjór	Vistgerðir, vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni	Gert er ráð fyrir 100 m breiðu belti meðfram ám, vötnum og sjó þar sem engin önnur mannvirki en til útivistar eru leyfð.
	Tegundir/svæði sem njóta verndar	Héðinsfjörður hefur mikla sérstöðu í gróðurfari, vegna fjölda fágætra tegunda og gróðursamfélaga. Gert er ráð fyrir að skilgreina sem opið svæði til sérstakra nota svo auðveldara sé að skilgreina umgengnisreglur og ferli vegna framkvæmdaleyfa.
	Fríðlýst svæði og aðrar náttúru-minjar	Meirihluti sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá
Landslag	Ásýnd lands og áhrif á landslags-heildir	Stærri framkvæmdir og mannvirkjagerð mun hafa áhrif á landslag og landslags-heildir

Heilsa og vellíðan

Umhverfispættir	Lýsing umhverfispáttanna/umhverfissvía	Umhverfisviðmið
Heilsa og vellíðan	Mengun (loft/vatn/sjón)	Frárennismál þéttbýla þarfnast endurbóta.
	Hávaði	
	Samfélagsöryggi (Glæpir, umferðar og slyshætta)	Snjóflóðavarnargarðar og stoðvirki gjörbreyta búsetuskilyrðum.
		Vímuvarnarráð, umferðaröryggi
		Sorpförgunaráætlun

Byggð og efnisleg verðmæti

Umhverfispættir	Lýsing umhverfispáttanna/umhverfissvía	Umhverfisviðmið
Byggðamynstur	Þéttleiki og fyrirkomulag	
		Áframhaldandi uppfylling og uppbygging á Hafnarsvæði.
		Bættur umhverfisfrágangur á Miðsvæði
Efnisleg verðmæti	Gerð og stærð húsnæðis	Mestur hluti íbúa í einbýlishúsum í dag.
	Framboð/eftirspurn húsnæðis	Fasteignaverð er talið hækka við gerð jarðganga og hugsanlegt að eftirspurn aukist.
	Sjóvarnargarðar	Í tillögunni er gert ráð fyrir umtalsverðri stækkun hafnarsvæðisins á Siglufirði (uppfyllingu) og aukinni viðlegu fyrir skip.

	Efnistaka	Sorpförgun	Fráveita	Náttúruvernd	Grunnkerfi	Gangnagerð	Byggð og búseta	Atvinna	Heilsa og velliðan
	-	+	+	+	Ú	-	0	+	+
	-	+	+	+	Ú	0	Ú	+	0
	-	+	+	+	Ú	-	Ú	Ú	-
	-	+	+	+	Ú	-	Ú	Ú	0
	-	+	0	+	-	-	Ú	0	+

	Efnistaka	Sorpförgun	Fráveita	Náttúruvernd	Grunnkerfi	Gangnagerð	Byggð og búseta	Atvinna	Heilsa og velliðan
	0	+	+	+	+	+	+	Ú	+
	-	0	+	+	+	Ú	0	Ú	0
	+	+	+	0	+	+	+	+	-
	0	0	0	0	+	+	+	+	+
	0	+	+	0	+	+	+	+	+

	Efnistaka	Sorpförgun	Fráveita	Náttúruvernd	Grunnkerfi	Gangnagerð	Byggð og búseta	Atvinna	Heilsa og velliðan
	0	+	+	0	+	+	+	+	+
	+	+	+	0	+	+	+	+	0
	0	+	0	0	+	0	+	+	+
	0	0	+	0	+	+	+	+	0
	+	+	+	0	+	+	+	+	+
	+	0	+	0	+	+	0	+	0



Mynd 43



Ítarefni

*Héðinsfjörður - samantekt
mælingar og eldri skipulög
helstu einkenni lands og byggðar
náttúrufar:*

*fuglalíf
gróðurfar
jarðfræði
veðurfar
ofanflóð*

*Þjóðminjaverndarsvæði
byggðar- og íbúapróun
skýringar hugtaka*

A Héðinsfjörður - samantekt

Héðinsfjörður er sérstakur að mörgu að leiti og því kveða ýmis sérákvæði um hann í skipulagi þessu. Að neðan er samantekt þeirra liða sem við koma Héðinsfirði og er því um endurtekningu að ræða, vísað er til viðeigandi kafla í skipulaginu.

Náttúra

Héðinsfjörður, upp í 100 m.y.s., er skilgreindur sem „opið svæði til sérstakra nota“ sökum sérstæðrar náttúruvegurðar og útivistargildis. Fjörðurinn er á náttúruverndaráætlun 2004-2008 og á náttúruminjaskrá ásamt Tröllaskaganum í heild (sjá kaflann *Opin svæði til sérstakra nota* bls 84) Með skilgreiningu á svæðinu sem „opnu svæði til sérstakra nota“ er verið að undirstrika mikilvægi heildstæðrar verndunar vistkerfa á lítt snortnu svæði ásamt því að gefa göngufólki áfram kost á að komast í tæri við náttúru svæðisins.

Gróðurfar

Fjölbreyttur snjóðældagróður einkennir fjörðinn en hvergi má finna betra sýnishorn af hinum sérstæða gróðri útsveita við Eyjafjörð. Sjaldgæfar tegundir er að finna í Héðinsfirði en þó engar sem eru á valista. Má nefna tegundir eins og hjartafífil, bláklukkulyng, skollakamb, skollaber, þúsundblaðarós og lyngjafna sem eru mest bundnar við snjóþung svæði á landinu (sjá kaflann *Gróðurfar* bls 166)

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um gróðurfar í Héðinsfirði, vegna mats á umhverfisáhrifum Héðinsfjarðarganga segir;

Sérstaða Héðinsfjarðar og verðmæti til útivistar byggist hins vegar mjög á því, hversu einangraður hann hefur verið og af þeim ástæðum tiltölulega ósnortinn af ýmsum framkvæmdum sem einkenna bæði Sigluffjörð og Ólafsfjörð. Hvergi er betra sýnishorn af hinum sérstæða gróðri útsveitanna við Eyjafjörð. Þessa sérstöðu Héðinsfjarðar væri æskilegt að varðveita.

Skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en ráðist er í framkvæmdir sem spillt geta svæðum á náttúruminjaskrá og svæða sem innihalda hugsanlegar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar (sjá kaflann *Náttúruminjar* bls 26)

Aðfluttar plöntur, s.s. alaskalúpína ógna nú þegar sjaldgæfum gróðursamfélögum í sveitarfélaginu. Héðinsfjörður og aðrir eyðidalir s.s. Hvanndalir, Víkurdalur og Nesdalur hafa ekki orðið fyrir miklum áhrifum af mannavöldum og er lagt til að ekki verði leyfilegt að gróðursetja eða sá aðfluttum plöntutegundum þar (sjá kaflann *Gróðurfar* bls 22) Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir neinni skógrækt í firðinum.

Fuglalíf

Fuglalíf í Héðinsfirði einkennist af mófuglum sem búa í lyngmóum og graslendi. Eru það þúfuttlingur, heiðlóa, rjúpa og hrossagaukur. Í skriðum, urðum og giljum eru snjótittlingar og steindepill. Í kjarrlendi eru skógarprestir. Allar tegundirnar eru algengar og útbreiddar á landsvísu. Í flóanum inn af Héðinsfjarðarvatni eykst á fjölbreytileikann þegar komið er inn á búsvæði vatnafugla. Þar er að finna álf, stökkönd, urtönd, straumönd, æður og toppönd auk mófugla eins og jaðrakan, spóa, stelk og óðinshana. Himbrimi og straumönd eru einu tegundirnar sem fundust á athugunarsvæðinu sem eru á valista (sjá kaflann *Fuglalíf* bls 21)

Héðinsfjarðarvatn

Héðinsfjarðarvatn ásamt Ólafsfjarðarvatni eru með verndargildi vegna náttúruvegurðar, vistsamsetningar og

landslagsheilda. Það liggur nyrst í dalbotninum og skilur Víkursandur vatnið frá sjónum. Vatnið er 2,3 km að lengd og um 800 m breitt. Mikið er af bleikju í Héðinsfjarðarvatni og virðist hún skiptast upp í nokkur afbrigði. Þrjú afbrigði eru í vatninu, hugsanlega fjögur. Vatnið er að mörgu leiti sérstætt á landsvísu og talið geta staðið undir talsverðri veiðisókn (sjá kaflann *Vötn, ár og sjór* bls 20).

Náttúruverndaráætlun

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 var Héðinsfjörður útlistaður í tillögum að friðlandi. Svæðinu er lýst eftirfarandi;

Stórbrotið landslag, fjalllendi og dalir. Dalur með votlendi og vel grónum hlíðum. Svæðið er mjög snjópungt og því er þar fjölbreyttur snjódældagróður. Óvenjumikið af sjaldgæfum háplöntum. Skollaber finnst á einum stað og nokkrir fundarstaðir hjartafíls og skollakambs. Aðrar sjaldgæfar tegundir sem vaxa í nokkrum mæli eru bláklukkulyng, skrautpuntur, lyngjafni, þríhyrnuburkni, þúsundblaðarós, baunagras og þéluskóf.

Fjörðurinn er tilvalinn til útivistar svo sem til gönguferða um stórbrotið gróðursælt land. Helstu raskanir og ógnanir sem steðja að svæðinu eru talin; vegagerð vegna Héðinsfjarðargangna, aukin sumarbústaðabyggð og vegagerð tengd henni og loks notkun framandi gróðurtegunda s.s. alaskalúpínu. Svæðið er einnig afmarkað og lýst á eftirfarandi listum; Vatnavernd Náttúruverndarráðs (svæði B-26) og Votlendisskrá Landverndar (svæði C-22) sbr. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 (Umhverfisstofnun, 2006). (sjá kaflann *Náttúruminjar* bls 26).

Ofanflóð

Snjóflóð hafa víða fallið í Héðinsfirði en tíðni þeirra er misjöfn. Þau eru yfirleitt þurr flóð, sem falla í norðlægri stórhrið (sjá kaflann *Ofanflóð* bls 183).

Gönguleiðir

Svo almenningur fái notið þeirrar náttúru sem fjörðurinn hefur uppá að bjóða er lagt til að styttri og lengri gönguleiðir verði stikaðar. Stikurnar eru til að beina fólki um réttan veg og frá viðkvæmum svæðum sem þarft er að vernda fyrir ágangi. Við útfærslu þeirra verður leitast við að sneiða framhjá grann- og brunnsvæði vatnsveitunnar (sjá kaflana *Vatnsvernd og flokkun*, *Opin svæði til sérstakra nota*, *Útivistarstígar og gönguleiðir* bls 28, 84, 89). Ekki er gert ráð fyrir að göngustígar verði uppbyggðir á neinn hátt og ekki er heldur gert ráð fyrir reiðstígum í Héðinsfirði.

Fornminjar

Héðinsfjörður í heild sinni er einstakt minjasvæði. Þar mætti kynna minjastaði með tiltölulega litlum tilkostnaði, t.d. með því að setja upp skilti á helstu bæjarstæðum og öðrum áhugaverðum stöðum og skipuleggja og merkja gönguleið um láglendi í firðinum (sjá kaflann *Þjóðminjaverndarsvæði* bls 190).

Frístundahús

Þrjú hús standa við fjörðinn en ekki er gert ráð fyrir neinum frekari mannvirkjum sökum ofanflóðahættu í firðinum. Eftir að formlegt ofanflóðamat liggur fyrir má endurskoða forsendur til frekari uppbyggingar frístundabyggðar (sjá kaflann *Frístundabyggð* bls 97).

Girðingar

Lagt er til að girðingum verði haldið í lágmarki til að lágmarka röskun og ásjúnd fjarðarins enda er ekki gert ráð fyrir skepnuhaldi í firðinum (sjá kaflann *Opin svæði til sérstakra nota* bls 84).

Vegir

Héðinsfjarðarvegur liggur þvert yfir fjörðinn milli gangamunna. Frá honum liggja tveir einkavegir til norðurs að Héðinsfjarðarvatni. Umferð ökutækja um einkavegina mun takmarkast eingöngu við landgeigendur. Ekki er gert ráð fyrir frekari vegagerð í firðinum (sjá kaflann *Útivistarstígar og gönguleiðir* bls 89).

Áningarstaður

Vegagerðin byggir upp áningarstað norðan Héðinsfjarðarvegar með útsýni inn dalinn og út fjörðinn. Frá áningarstaðnum verða stíkaðar gönguleiðir og snyrting.

Brýr

Á Héðinsfjarðarvegi hefur verið reist tvíbreið brú en ekki er gert ráð fyrir gangadi vegfarendum. Því verður reist göngubrú yfir Héðinsfjarðará norðan vegar í tengslum við gönguleið frá áningarstað (sjá kaflann *Frístundabyggð* bls 97).

Fjárréttir

Í Héðinsfirði er gert ráð fyrir færanlegri fjárrétt sem sett verður upp árlega í tengslum við smölun og verður staðsett við veginn (sjá kaflann *Landbúnaður* bls 66).

B Mælingar og eldri skipulög

Siglufjörður

Um aldamótin var aðeins ein slétt moldargata á Siglufjarðareyri, Gránugata, og náði hún frá sjó á austanverðri eyrinni upp að Faktorshúsinu, sem stóð fyrir enda götunnar. En í hönd fóru nú tímar örra breytinga og framfara og mikillar bjartsýni.

Tók presturinn á Hvanneyri, Bjarni Þorsteinsson, sig til og mældi fyrir húsum á Eyri og úhlutaði lóðum eftir því. Hann stóð fyrir því að Siglufjörður fékk kaupstaðarréttindi 1918 og dró upp fyrsta skipulagsuppdráttinn af Siglufirði,


Þegar hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps skilaði Siglufjarðarkaupstað af sér í hendur hinni fyrstu bæjarstjórn, má segja, að bærinn væri orðinn fullmótaður og skipulagður. Allt hafði þetta gerst á ótrúlega skömmum tíma, því að eins og áður getur, var aðeins ein moldargata og örfá hús á eyrinni um aldamótin.

Kort sr. Bjarna hafa varðveist og sjálfsagt er ekki orðum aukið að gatnaskipan Eyrarinnar er verk hans. Þó Eyrin hafi ekki verið hækkuð eins og skipulagsnefnd ríkisins taldi rétt að gera eftir að hún tók að sér skipulag á Siglufirði, verður að telja fyrirhyggju séra Bjarna Þorsteinssonar stórmerkilega.

Fyrsti skipulagsuppdrátturinn fyrir Siglufjörð var staðfestur af ráðherra 1933 og var að miklu leyti byggður á uppdrætti sr. Bjarna.

Aðalskipulag Siglufjarðar 1980 – 2000 er fyrsta aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og hófst undirbúningsvinnan við það árið 1975. Framan af mæddi skipulagsvinnan einkum á Karl-Erik Rocksén, arkitekt, sem til hennar var ráðinn árið 1975. Mörg og knýjandi skipulagsvandamál þurfti að finna lausn á, en hann lagði grundvöll að því skipulagi landnotkunar sem fellst í aðalskipulaginu. Karl-Erik dró sig út úr skipulagsvinnunni í árslok 1978 og tók Teiknistofa Skipulags ríkisins þá við áframhaldandi skipulagsgerð.

Þau grunnkort sem höfðu verið notuð, voru gerð af Jóni Viðis 1927-28 og Zóphóníasi Pálssyni 1948. Með tilkomu korta sem voru gerð af Verkfræðistofunni Forverk h.f. urðu skilyrði betri til aðal- og deiliskipulagsgerðar.



Kort 28 Skipulag Siglufjarðar 1918


Ólafsfjörður

Árið 1883 er talið að fyrsta „tómthúsið“ hafi verið reist í Ólafsfjarðarhorni, þar sem kaupstaðurinn stendur nú. Það gerði Ólafur Gíslason sem reisti sér torfbæ og settist þar að ásamt konu sinni, Guðrúnu Jónsdóttur og tveim börnum. Bæinn nefndi hann Sandhól. Sandhóll var fyrsta „húsið“ sem byggt var til íbúðar allt árið um kring í Horninu og má því segja að hjónin hafi verið fyrstu borgarar Ólafsfjarðar.

Íbúum Hornsins fjölgaði svo hægt og sígandi með aukinni útgerð og verslun. Árið 1905 var þorpið orðið hið myndarlegasta og 20. október 1905 má segja að bernskuárum byggðarinnar í Ólafsfjarðarhorni hafi lokið með því að staðurinn varð löggiltur verslunarstaður.

Árið 1917 var nafni hreppsins breytt úr Þóroddsstaðahreppi í Ólafsfjarðarhrepp og hét svo þar til bærinn varð kaupstaður árið 1945.

Fyrsti skipulagsuppráttur fyrir Ólafsfjörð var staðfestur 20. mars 1937.



Kort 29 Adalskipulag Ólafsfjarðar 1990-2010

C Helstu einkenni lands og byggðar

Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga og þekur landssvæði sveitarfélagsins 364 km². Þrír firðir eru í sveitarfélaginu; Siglufjörður, Héðinsfjörður og Ólafsfjörður.

Siglufjörður og nágrenni

Siglufjörður gengur til suðvesturs inn í Tröllaskaga, umgirtur um 600 – 900 metra háum fjöllum á þrjá vegu. Fjörðurinn er um 8 km langur frá Siglunesi og inn í fjarðarbotn Fjarðaráróss, breiðastur er fjörðurinn nyrst, um 3 km, en þrengist sem innar dregur. Að norðan girðir Siglunes nokkuð fyrir öldur Norður-Íshafs ásamt skerjum út af nésinu, Hellunni. Með fjörunni má heita undirlendislaust allt inn undir fjarðarbotn þar sem er votlent undirlendi. Inn undir botni fjarðarins vestanmegin gengur Þormóðseyri austur út í fjörðinn, en á eyrinni stendur Siglufjarðarkaupstaður, Eyrin er nefnd eftir landnámsmanninum Þormóði ramma. Þormóðseyrin er mjög lág og gengur mest röska 400 metra út í fjörðinn og lengd hennar er um 600 metrar. Sunnan við Eyrina er eitt besta skipalægi á Íslandi frá náttúrunnar hendi.

Þrír stuttir dalir ganga inn í fjallgarðinn. Skarðsdalur er þeirra grynstur og gengur hann vestur og liggur leiðin að Siglufjarðarskarði um hann. Hólsdalur er dýpstur og gengur hann í suður og eftir honum gengur Fjarðará, lítil árspræna með litlu rennissviði. Hólsdalur er 6 km langur í dalsbotn og dalurinn þrengist fljótt. Skútudalur gengur til suðausturs og er mynni hans byrgt af með um 45 metra háum ás, Saurbæjarás. Um Skútudal og Hestskarð voru samgöngur við Héðinsfjörð meðan hann var í byggð.

Langeyrarsvæðið á Siglufirði er innsti hluti fjarðarins og innan við núverandi byggð. Á svæðinu liggja 20 - 40 metra breiðar eyrar en ofan þeirra er 6-7 m háir bakkar. Sunnan til er landið mjög blautt, mýrar eða flóar og jarðvegur mjög djúpur. Gróðurfar einkennist af snjóþunga, língresisbrekkum með blönduðum gróðri burkna og lyngs. Í Hafnarfjalli eru brattar hliðar með giljum og slökkum. Jörundarskál er allstór skál í fjallinu sem opnast niður í þröngt gil. Hvanneyrarskál er vinsæl til útivistar. Þar norðan til í hliðinni er Strengsgil, syðri og ytri. Bæði gilin eru þröng og bugðótt og þaðan hafa runnið mörg snjóflóð.

Í mynni Siglufjarðar er Siglunes eða Nesið eins og það er einnig kallað. Siglunestá er yst og grynningarnar sem ganga lengra út í fjörðinn kallast Hellan þar sem norðaustan aldan brotnar á. Frá Siglunesi eru Nesskriður meðfram Siglunesmúla, inn með firðinum sem eru snarbrattar og illfærar gangandi. Austan megin við Siglunesið er svo Nesdalur.

Vestan megin við Siglufjörð er Mánárdalur sem gengur suðaustur í fjöllin, fyrir mynni hans er talsvert láglendi. Dalurinn nefnist einnig Dalbæjardalur en Dalbæjarfjall er inn með dalnum að norðaustanverðu og vestanmegin er Mánárhryna. Mánárdalur er um 3 km að lengd, dalurinn er djúpur og víður og fagurlega gróinn. Í dalsbotninum eru svo fjöllin Hádegisfjall og Illviðishnjúkur.

Héðinsfjörður og nágrenni

Héðinsfjörður gengur inn á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, þröngur og girtur bröttum fjöllum. Fjörðurinn er 5 km að lengd og 2 km að breidd í fjarðarmynni og þrengist er innar dregur. Dalur gengur inn af firðinum sem er talsvert langur og nefnist Héðinsfjarðardalur. Víkursandur er sjávarkambur sem lokar þvert fyrir botni fjarðarins og innan við kambinn er 2,7 km langt vatn sem nefnist Héðinsfjarðarvatn. Héðinsfjarðarvatn er gamalt sjávarlón. Hesturinn eða Hestfjall er að vestanverðu við Héðinsfjörð. Fjallið er víðast um 500 metrar. Hestskarð er aðal gönguleiðin milli Héðinsfjarðar og Siglufjarðar. Sunnan Hestskarðs er Pallahnjúkur, þá Fýluskálahnjúkar og innst er Prestshnjúkur. Héðinsfjörður skiptist í tvo dali innst sem nefnast Ámárdalur og Afrétt. Hvanndalaskriður eru í mynni Héðinsfjarðar að austanverðu og innar með sjónum er Víkurströnd að Víkurdal. Víkurdalur gengur til austurs þvert inn í landið og er um 4 km. Inn með dalnum eru svo Víkurhryna, Steinnes-, Vatnsenda-, Bangsa-, og Möðruvallahnjúkur.

Hvanndalir

Á milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar liggja Hvanndalir. Dalverpi sem sekrast inn í sjávarhamrana yst á Tröllaskaganum. Búseta var í Hvanndölum lengi framan af en harðbýlt, þar sem erfitt var um aðdrætti og landrými lítið.

Ólafsfjörður og nágrenni

Ólafsfjörður er syðsti og austasti fjörður þessara þriggja fjarða er tilheyrja Fjallabyggð. Hann er 5 km langur og skerst til suðvesturs milli Hvanndalabjargs og Ólafsfjarðarmúla. Á sandrifi í fjarðarbotninum er megin byggðin í firðinum. Innan við þéttbýlið er um 14 km langur dalur sem einkennist af búsetulandslagi. Neðst í dalnum er Ólafsfjarðarvatn, 2,5 km² stöðuvatn. (sbr. Þorsteinn Jósepsson, 1970.) Inn af megin dalnum ganga a.m.k. 9 minni dalir sem margir hverjir greinast í enn aðra minni. Helstu dalir fjarðarins eru Ytrárdalur og Skeggjabrekkudalur sem er vinsælt útivistarsvæði.

Vestan megin út með firðinum eru Kleifar lítið undirlendi þar sem áður var umtalsverð byggð, landbúnaður og útgerð. Uppaf Kleifum eru Ytri-ár og Syðri-ár dalir. Ef haldið er í suður í vestanverðum Ólafsfirði þá er komið næst að Skeggjabrekkudal þá Kvíarbekkjardal næst Hreppendaárdal og inn á Lágheiði sem skilur að Ólafsfjörð og Fljótin. Til norðurs frá Lágheiði austanmegin er komið að Reykjadal, Hólsdal, Kálfsárdal, Burstabrekkudal og loks í Brimnesdal uppaf honum rís sunnar er svo Ólafsfjarðarmúli ca. 415 m sæbratt fjall á milli Ólafsfjarðar og Upsastrandar. Um Ólafsfjarðarmúla lá fjallvegur til Eyjafjarðar um árabíl.

Þéttbýli fer að myndast á Kleifum um og uppúr aldamótunum 1900, fram að því höfðu Kleifar skipst í tvær jarðir Syðri-Á og Ytri-Á. Á fyrri hluta tuttugustu aldar fjölgaði hratt á kleifunum og byggðist upp merkilegt samfélag, um miðja þá öld bjuggu þar og störfuðu um 100 manns. Kleifabúar voru um margt framfarasinnaðir og tóku snemma tækninýjungar í sína þjónustu, þar var byggð rafstöð 1933 eða réttum áratug á undan bæjarbúum í Ólafsfjarðarkauptúni. Á þessum árum voru líka umtalsverð umsvif í útgerð og fiskvinnslu. Húsum fjölgaði þar ört og voru yfirleitt byggð af sama myndarskap og framfarahug eins og margt annað á þeim árum. Byggingastíllinn á Kleifum ber þess merki að þorpið byggðist upp á stuttu tímabili, kjarninn er frá 1920 til 1940, þó nokkur hús hafi verið byggð eftir það, aðallega frístundahús. Einkenni húsagerðar er að flest eru þau háreist, tvílyft á kjallara gjarnan með kvistum a.m.k. á framhlið húsanna og flest eru þau timburhús með bárujárnri eða forsköluð.



Mynd 44 Séð yfir Ólafsfjörð

D Náttúrufar

D.1 Fuglalíf

Mikið fuglalíf er í Fjallabyggð allt árið um kring. Um 18 tegundir eru að jafnaði talðar í jólatalningu Náttúrufræðistofnunar. Fjölbreytilegasta fuglalífið í Siglufirði er í kringum Leirurnar, flæðisanda innst í firðinum. Enn fleiri tegundir teljast til varpfugla svæðisins og fer þeim sífjölgaði sem reyna varp hvort sem þær festa sig í sessi sem fastir varpfuglar eða ekki (Fjallabyggð, 2009).

Könnun á fuglalífi var gerð í tengslum við undirbúning Hédinsfjarðarganga var fuglalíf á ákveðnu rannsóknarsvæði skoðað í Siglufirði, Hédinsfirði og Ólafsfirði.

Í Siglufirði má finna fjölbreytt búsvæði og nokkuð margar tegundir. Þar voru vaðfugla á borð við lóupræl, stelk og óðinshana við Fjarðará. Hrossagaukur var víða en þúfuttlingur og skógarpröstur sótti mikið í skógarlundi á svæðinu. Heiðlóu mátti sjá í mónum og stokk- og straumönd í Fjarðará. Við ósa Fjarðarár verpa kríur og hettumáfar. Á túnum má sjá sandlóur, stelka, jaðrakana, spóa o.fl. (Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 1999)

25 tegundir fugla fundust við rannsóknir í Hédinsfirði og Ólafsfirði. 13 tegundir mófugla sáust í Hédinsfirði og má gera ráð fyrir að sömu tegundir finnist í Ólafsfirði og flestar tegundir í Siglufirði. Það voru: rjúpa, tjaldur, sandlóa, heiðlóa, sendlingur, hrossagaukur, jaðrakan, spói, stelkur, óðinshani, þúfuttlingur, maríuerla, steindepill, skógarpröstur og snjótittlingur.

8 tegundir vatnafugla sáust á rannsóknarsvæðinu og voru það himbrimi, álft, heiðagæs og 5 tegundir anda. Þéttleiki vatnafugla á svæðinu bendir þó til þess að lífsskilyrði þeirra eru ekki mjög góð.

Sjófuglar voru ekki rannsakaðir sérstaklega í þessum tiltekna verkefnum en sást til 6 tegunda sjófugla. Það voru: fýll, kjói, silfur máfur, hettumáfur, rita og kría.

Stöku hrafn sást á rannsóknarstöðunum.

Allar tegundirnar eru algengar og útbreiddar á landsvísu en himbrimi og straumönd fundust einnig á athugunarsvæðinu og eru þeir á valista. Himbrimi er ekki þekktur sem varpfugl á svæðinu en straumönd er að öllum líkindum varpfugl við Hédinsfjarðará og geldfuglar halda til við ósinn úr Hédinfjarðarvatni (Ólafur K. Nielsen, 2001).

D.II Gróðurfar

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum jarðganga og vegagerðar á norðanverðum Tröllaskaga var gerð úttekt á gróðri á og við hugsanlegar veglínur í Skútudal og Hólsdal og um Héðinsfjörð. Samkvæmt þeirri úttekt er á þessum svæðum að finna gróðurlendi með mikilli fjölbreytni og sjaldgæfum tegundum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 13. feb. 2004 kemur fram:

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar stofnunarinnar og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun framangreindra jarðmyndana og vistkerfa, nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga um náttúruvernd þar sem umsögn fyrrgreindra aðila liggur fyrir. Vegna þessa verður við gerð aðalskipulags að gera sérstaka úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd og sýna staðsetningu þeirra á skipulagsuppdraetti eða sérstökum þemakortum með skipulaginu. Liggi slík úttekt ekki fyrir er nauðsynlegt að setja þann fyrirvara í aðalskipulagi að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á að jarðmyndunum og vistkerfum skv. 37. gr. laga um náttúruvernd verði raskað, þrátt fyrir að aðalskipulagið sé samþykkt eftir gildistöku laganna.

Gróðurfar í Fjallabyggð er sérstakt að því leiti að aðeins finnst sambærilegur gróður austan megin Eyjafjarðar, nyrst á Austfjörðum og sums staðar á Vestfjörðum. Sjaldgæfar plöntur á landsvísu má finna í sveitarfélaginu en þær eru óvenju útbreiddar á svæðinu. Þetta eru burknar eins og skollakambur, þúsundblaðarós og skjaldburkni, auk jafna eins og lygnjafna og litunarjafna, og blómjurta eins og bláklukkulyngs, skollaberja, skrautpunts og hjarafíls. Einnig er mikið af brönugrösum, hárdeplu og fjandafælu. eru aðalheimkynni tveggja þessara tegunda á Íslandi, hjartafíls og bláklukkulyngs, á skögunum beggja vegna Eyjafjarðar.

Við Héðinsfjarðarvatn er mikið af gróðursælum gilskorningum með skjaldburkna, þúsundblaðarósum, sem verða stærri eftir því sem innar dregur og skollakambi. Birki má sjá hér og hvar í hlíðinni sem stakar, lágvaxnar runnaplöntur og oft í sunnaverðum norðurbarmi giljanna. Finna má geithvönn og stöku reynivíðsplöntu.

Undafíflar eru nokkuð áberandi og á nokkrum stöðum má finna nokkra skrautpunti. Á stöku stað má finna bláklukkulyng og skollaber.

Milli gilja skiptast á lyngmóar með aðalbláberjalyngi, bláberjalyngi, beitleyngi og krækilyngi. Votari svæði með mýrafinnungi, klófífu, mýrelftingu og ígulstör eru innan um.

Alaskalúpína er farin að dreifa úr sér niður í gilin og móana við frístundahúsið Vatnsenda, en þar hefur hún verið gróðursett í nokkra litla hólkolla sem hafa verið melur í toppinn. Ágangur lúpínunnar er farinn að eyða þeim fjölbreytta gróðri sem þar er fyrir.

Víðáttumiklar flæðimýrar eru við enda sunnanverðs Héðinsfjarðarvatns. Þar er gulstör ríkjandi en einnig má finna engjarós, mýrelftingu, klöelftingu, horblöðku, kornsúru, blátoppastör, hálíngresi og hófsóley, einkum meðfram lækjum.

Alls er vitað um 205 tegundir blómplantna og byrkninga á 4 km löngu svæði sem rannsakað var fyrir mat á umhverfisáhrifum Héðinsfjarðarganga og veglínu í Héðinsfirði. Er það um 45% íslensku flórunnar og telst það óvenju fjölbreytt en gera má ráð fyrir að a.m.k. 10 algengar fjallaplöntur vaxi innar í Héðinsfirði sem vantar á listann.

Sjaldgæfar tegundir er að finna í Héðinsfirði en þó engar sem eru á valista. Má nefna tegundir eins og hjartafífl, bláklukkulyng, skollakamb, skollaber, þúsundblaðarós og lyngjafna sem eru mest bundnar við snjóþung svæði á landinu (Guðmundur Guðjónsson, 2000).

Í Siglufirði má finna hluta þeirra tegunda sem finnast í Héðinsfirði en fjölbreytileikinn er ekki eins mikill. Meira ber á aðfluttum tegundum sem tengjast búsetu mannsins s.s. silfurhnapp, rauðsmára, alaskalúpínu, skuggasteinbrjót, dagstjörnu og spánarkerfli (Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 1999).

D.iii Jarðfræði

Berggrunnurinn á Tröllaskaga milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar er byggður upp af hraunlögum sem runnu á tertíertíma og eru elstu lögin á utanverðum skaganum um 11 milljón ára gömul. Mestmegnis reglulegur stafli af basalhraunlögum sem eru 10-12 milljón ára gömul en í grennd við megineldstöðvarnar, sem eru fjórar, finnast einnig súrari andesít- og líparíthraun. Blágrýttissvæðið hér norðanlands og á Vestfjörðum er með elstu hlutum Íslands.

Þykkt hraunlaga er mismunandi en algeng þykkt er 10-20 m. Mjög lítið er um setlög á milli hraunlaga en á stöku stað eru þunn túff- og breksiulög.

Berggangar eru mjög algengir á þessu svæði en þeir eru oftast ekki harðari en grannbergið. Algeng þykkt þeirra er 2-5 m.

Megineldstöðvarnar eru í Flókadal í Fljótum, við Hóla í Öxnadal, við Austurdal og á Nýjabæjarfjalli.

Á milli hraunlaganna eru svo þunn setlög oft rauðleit myндуð úr jarðvegi, en stundum hvít eða grá leirsteins- eða sandsteinslög og jafnvel völuþberg. Þessi setlög sjást oft greinilega þegar gengið er um háskörð Tröllaskagans.

Leifar af steinrunnu rauðviðartré sem fundist hefur í einu af fjöllum Siglufjarðar segja okkur að þegar það tré óx hafi loftslag verið hér svipað og nú er sunnarlega í N-Ameríku og Suður Evrópu.

Á ísöld runnu meginjökullar út Skagafjörð og Eyjafjörð, en hliðarjökullar runnu til þeirra og grófu dali í hraunlögin. Stærstu jöklarnir sem runnu til meginjöklanna grófu út Djúpadal, Glerárdal, Hörgárdal, Þorvaldsdal, Svarfaðardal og Ólafsfjörð norðaustur til Eyjafjarðar en Hjaltadal, Kolbeinsdal, Deildardal, Unadal og Fljót norðvestur til Skagafjarðar. Víða eru svo minni þverdalir, og svo lengi stóð rof jöklanna að botnar úr austri og vestri ná sums staðar saman og eftir standa aðeins rímar á milli þeirra. Sennilega hafa hlutar skagans staðið uppúr jöklunum á ísöld, og þar hafa plöntur lifað ísöldina af.


Á nokkrum endurteknum ísaldarskeiðum hafa geysiöflugir skriðjökullar sorfið til fjöllin og skafið niður skálar og dali. Frá því að síðasta jökulskeiði lauk fyrir 10 þúsund árum hafa veðrun og sjávarrof bætt um betur til að móta það landslag sem við þekkjum nú.




Mynd 45

D.IV Veðurfar

Veðurfar í Fjallabyggð er töluvert frábrugðið því sem víðast er á Íslandi, sökum hárra fjalla og nálægðar við opið haf móti norðri. Á Siglufirði er lygnara en víða á norðanverðum Tröllaskaga. Nálægð við sjóinn dempar hitafar; ekki er eins hlýtt á sumrum og inni í landi og ekki er eins kalt á vetrum eins og inni í landi. Algengustu áttir laga sig að landslaginu og eru því úr suðvestri og norðaustri. Suðvestan áttin vegur þyngra á vetrum og er hún einnig sú hvassasta. Úrkoma mælist mikil í kaupstaðnum, mun meiri en á næstu stöðvum. Úrkoma fellur nær eingöngu í norðaustlægum áttum yfir vetrarmánuðina og þá sem slydda eða snjór. Sólarhringsúrkoma hefur mælst rúmir 190 mm og ársúrkoma er um 1300-1500 mm. Snjóþyngsli eru með því mesta sem gerist í byggð í landinu og er jörð talin alhvít að jafnaði mánuðina nóvember til apríl. Reiknuð 50 ára snjódýpt er meiri en 200 cm á Siglufirði (Hættumatsnefnd, 2001).




Tafla 4 Meðalhiti á Siglufirði og Ólafsfirði árið 2007 í hverjum mánuði (Veðurstofa Íslands, 2007)




Tafla 5 Meðalhitaðstíga á ári: 1998–2006. Á Siglufirði, Ólafsfirði, Reykjavík og Akureyri

(Veðurstofa Íslands, 2007)



Tafla 6 Hæsta hitastig á ári 1998 – 2006. Á Siglufirði, Ólafsfirði, Reykjavík og Akureyri.

(Veðurstofa Íslands, 2007)



Tafla 7 Lægsta hitastig á ári 1998-2006. Á Siglufirði, Ólafsfirði, Reykjavík og Akureyri.

(Veðurstofa Íslands, 2007)

Siglufjörður


Tíðni vindáttar (%), 01. jan. 1997 – 31. des. 2007

Sjálfvirk stöð

Fjöldi athugana: 95615


Logn: 3.9%

Breytileg átt: 0%



Meðalvindhraði hversrar vindáttar

(Fjöldi athugana í vindátt)



Veðurstofa Íslands 07. mar. 2008

Tafla 8 Siglufjörður, tíðni vindáttar 1997 – 2007, allir mánuðir. (Veðurstofa Íslands, 2007)

Siglufjörður


Tíðni vindáttar (%), 01. jan. 1997 – 31. des. 2007, (man in (6,7,8))

Sjálfvirk stöð

Fjöldi athugana: 24256


Logn: 5.4%

Breytileg átt: 0%



Meðalvindhraði hverrar vindáttar

(Fjöldi athugana í vindátt)



Veðurstofa Íslands 07. mar. 2008

Tafla 9 Siglufjörður, tíðni vindáttar 1997 – 2007, sumarmánuðina júní, júlí og ágúst.

(Veðurstofa Íslands, 2007)



Siglufjörður


Tíðni vindáttá (%), 01. jan. 1997 – 31. des. 2007, (man in (12,1,2))

Sjálfvirk stöð

Fjöldi athugana: 23582


Logn: 2.8%

Breytileg átt: 0%



Meðalvindhraði hverrar vindáttar

(Fjöldi athugana í vindátt)



Veðurstofa Íslands 07. mar. 2008


Tafla 10 Siglufjörður, tíðni vindáttá 1997 – 2007, vetrarmánuðina desember, janúar og febrúar. (Veðurstofa Íslands, 2007)



Ólafsfjörður


Tíðni vindáttar (%), 30. okt. 1997 – 31. des. 2007

Sjálfvirk stöð
Fjöldi athugana: 88994
Logn: 2.6%
Breytileg átt: 0%



Meðalvindhraði hverrar vindáttar

(Fjöldi athugana í vindátt)



Veðurstofa Íslands 07. mar. 2008

Tafla 11 Ólafsfjörður, tíðni vindáttar 1997-2007, allir mánuðir. (Veðurstofa Íslands, 2007)

Ólafsfjörður


Tíðni vindátta (%), 30. okt. 1997 – 31. des. 2007, (man in (6,7,8))

Sjálfvirk stöð

Fjöldi athugana: 22067


Logn: 3.5%

Breytileg átt: 0%



Meðalvindhraði hvernar vindáttar

(Fjöldi athugana í vindátt)



Veðurstofa Íslands 07. mar. 2008

Tafla 12 Ólafsfjörður, tíðni vindátta 1997-2007, sumarmánuðina júní, júlí og ágúst.


(Veðurstofa Íslands, 2007)



Ólafsfjörður


Tíðni vindáttar (%), 30. okt. 1997 – 31. des. 2007, (man in (12,1,2))

Sjálfvirk stöð
Fjöldi athugana: 22382
Logn: 1.6%
Breytileg átt: 0%



Meðalvindhraði hversrar vindáttar

(Fjöldi athugana í vindátt)



Veðurstofa Íslands 07. mar. 2008

Tafla 13 Ólafsfjörður, tíðni vindáttar 1997-2007, vetrarmánuðina desember, janúar og febrúar. (Veðurstofa Íslands, 2007)



Frá árinu 1997 hefur verið starfrækt sjálfvirk veðurathugunarstöð með úrkomumæli á Ólafsfirði við flugvöllinn á Flæðunum, skammt vestan Ólafsfjarðarár.

Hiti þar hefur mælst heldur lægri á veturna en á Siglufirði en að sama skapi er ívið hlýrra að sumarlagi á Ólafsfirði. Hnjúkaþeyr er tíður samfara suðvestanátt í Ólafsfirði og hiti yfir 10°C er ekki óalgengur yfir vetrartímann. Hæstur hefur hitinn mælst 18°C í desember samfara sterkum hnjúkaþey. Vindhviður geta orðið allmiklar, einkum í suðvestanátt og er mesta mælda hviða 46.5 m/s. Vindrósirnar, hér að neðan, sýna glögglega að langtíðustu vindáttirnar eru annars vegar suðvestanátt og hinsvegar norðaustanátt. Tíðni vindátta kemur heim og saman við norðaustur - suðvestur legu Ólafsfjarðar og er vindur þvert á meginfjöllin, þ.e. úr suðaustri og norðvestri, óalgengur. Suðvestanáttin er ívið algengari en norðaustanáttin, sérstaklega yfir vetrartímann, nóvember til apríl. Á Ólafsfirði er tíð hafgola yfir sumarmánuðina sem helgast af því að yfir daginn þegar heitt loft stígur upp af vatninu þá dregur það kalt loft inn fjörðinn frá úthafinu.

Stærsti hluti úrkomunnar í desember til apríl fellur til jarðar sem snjókoma eða slydda og er rigning aðeins 6% úrkomunnar í febrúar. Snjóhula á láglandi er að meðaltali 70–80% yfir veturinn frá janúar til apríl.

Ólafsfjörður, rétt eins og nágrannabyggðirnar á norðanverðum Tröllaskaga, eru með þeim snjóþyngstu á landinu.

Veðurathugunarstöðvar í Fjallabyggð

Veðurstofa Íslands er með eina mannaða skeytastöð í Fjallabyggð sem er staðsett á Sauðanesvita í um 30 m.y.s. Þar hófust mælingar árið 1990.

Sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar í eigu Veðurstofu Íslands eru á Siglunesi – þar sem veðurmælingar hófust árið 1995 og stöðin er staðsett um 8 m.y.s.

Í Ólafsfirði hófust veðurmælingar árið 1997 og er stöðin staðsett um 5 m.y.s. á Tindaöxl hófust mælingar árið 2006 og er stöðin staðsett í 450 m.y.s.,

Á Siglufirði hófust mælingar árið 1995 og er stöðin í 6 m.y.s. , í Hafnarfjalli hófust mælingar árið 2006 í 550 m.y.s.

Í eigu Vegagerðarinnar er sjálfvirk stöð staðsett á Siglufjarðarvegi þar hófust mælingar árið 1995 og er sú stöð staðsett í um 20 m.y.s.

D.v Ofanflóð

Siglufjörður

Stór hluti byggðarinnar á Siglufirði er á snjóflóðahættusvæði. Þá er átt við að áhætta íbúa vegna snjóflóða er meiri en 0,3 af 10.000 á ári, en áhætta yfir þeim mörkum er óviðunandi fyrir íbúðabyggð samkvæmt reglugerð nr. 505/2000 um varnir gegn snjóflóðum.

Vegna legu Siglufjarðar þá lagar vindur á láglendi sig eftir honum og því er oft norðaustan átt í norðlægum áttum. Erfitt getur verið að átta sig á snjósöfnun til fjalla miðað við vind á láglendi vegna þess að þegar vindur á láglendi er milli norðurs og norðausturs þá getur vindur til fjalla verið allt frá því að vera (suð)austanstæður og yfir í norðvestanvind. Þessar aðstæður hafa mikið að segja um snjósöfnun í hlíðum og giljum fjarðarins.

Einkum virðast tvenns konar aðstæður leiða til mikillar snjósöfnunar í efri hluta fjalla. Annars vegar eru aftakaveður úr norðri með vindátt til fjalla frá norðaustri til norðvesturs þegar skil ganga vestur með norðurströnd landsins og hins vegar getur snjósöfnun í hlíðina ofan Siglufjarðar orðið mikil þegar snjóar um lengri tíma í miklu frosti og snjórinna nær ekki að setjast nægilega, síðan færast skil norður eða norðvestur yfir land með vindstreng og ofankomu á undan sér og flyst snjór þá mjög hratt. Við slíkar aðstæður hafa fallið lengstu flóðin úr Skollaskál austanmegin fjarðarins og Jörundarskál og Ytra-Strengsgili.

Ekkert manntjón er skráð af völdum snjóflóða í þéttbýlinu þar sem nú er Siglufjarðarbær. Nokkrum sinnum hefur þó hurð skollið nærri hælum og í sumum tilfellum hafa orðið verulegar skemmdir á mannvirkjum. Stærstu snjóflóðin hafa fallið á Strengsgiljasvæðinu, sérstaklega úr Ytra-Strengsgili og Jörundarskál.

Þekkt snjóflóð á Siglufirði frá 17.öld og fram til ársins 2001 eru 348 og hafa að mestu fallið úr 8 skilgreindum snjóflóðafarvegum;

1. Jörundarskál,
2. Strengsgili,
3. Fífladalasvæði nyrðra,
4. Fífladalasvæði syðra,
5. Hafnarhyrnu,
6. Gimbraklettum,
7. Hvanneyrarskál sunnan Hvanneyrarár,
8. Gróuskarðshnjúkum syðri og Gróuskarðshnjúkum nyrðri hluta.

Þá eru utan þéttbýlisins önnur sjö svæði skilgreind;

1. Staðarhólsströnd,
2. Skútudalur austanverður,
3. Hólsfjall og Hólshyrna,
4. Leyningsbrúnir,
5. Skarðsdalur,
6. Snókur og
7. Strákar.

(Harpa Grímsdóttir og Þorsteinn Sæmundsson, 2001)



Kort 30 Útlínur þekktra ofanflóða á Siglufirði. (Veðurstofa Íslands, 2007)

Snjóflóðavarnargarðar á Siglufirði

Varnargarðar og stoðvirki hafa verið reist til þess að draga úr snjóflóðahættu á Siglufirði.

- Leiðigarðarnir Litli boli og Stóri boli standa undir Jörundarskál og Strengsgiljum og beina snjóflóðum til suðurs frá byggðinni. Stóri boli er 18 metrar á hæð og 700 metrar á lengd. Litli boli er um 15 metrar á hæð og 200 metrar á lengd. Báðir leiðigarðarnir hafa þegar sannað sitt gildi og tekið á móti snjóflóðum úr hlíðinni. Stórt snjóflóð féll úr Strengsgili þann 12. mars 1999.

- Í Gróuskarðshnjúki hafa verið reist stoðvirki til þess að koma í veg fyrir að snjóflóð fari þar af stað og falli niður hlíðina norðan Hvanneyrarár.


- Leiðigarður, sem kallast Kálfur, hefur verið byggður norðan byggðarinnar og beinir hann snjóflóðum úr gili í Gróuskarðshnjúki utan Hólavegar til norðurs.

- Þvergarðurinn Bakkarípill sem staðsettur er undir hnjúknum hefur það hlutverk að stöðva flóð sem kunna að falla neðan stoðvirkjana og úr klettótttri hlíðinni norðan þeirra.

- Þvergarðar hafa verið reistir yfir byggðinni frá Skriðulækjargiljum til Gimbrakletta og hlíðarinnar undir Hvanneyrarskál. Þvergarðarnir eru fyrsti áfangi áætlunar um uppbyggingu varnavirkja fyrir þetta svæði sem einnig felur í sér umfangsmikil stoðvirki í hlíðum Hafnarhrynu.

Framkvæmdir hófust árið 2003 og uppbyggingu garðanna lauk haustið 2008 með víslu sr. Sigurðar Ægissonar á görðunum. En uppbyggingu varnavirkjana er ekki lokið.

Núverandi snjóflóðamannvirki á Siglufirði eru vinsæll staður til útivistar og fyrirhugaðir snjóflóðavarnargarðar geta skapað áhugavert útivistarsvæði fyrir ofan byggðina. Gönguleiðir eru upp á Hafnarfjall og Hvanneyrarskál. Einnig verða gönguleiðir uppi á görðunum þar sem útsýni er gott. Sérstakt deiliskipulag hefur verið gert af þessu svæði.



Kort 31 Snjóflóðavarnargarðar á Siglufirði. (Fjallabyggð, 2009)

Ólafsfjörður

Rituðum heimildum og heimamönnum ber saman um að snjóflóð eru ekki algeng í hliðinni ofan Ólafsfjarðarbæjar, en snjóflóð eru tíð handan fjarðarins og innar í firðinum og hafa valdið þar bæði mann- og eignatjóni. Á hinn bóginn eru aurflóð algengur skaðvaldur í kaupstaðnum og nágrenni hans og hafa gert íbúum staðarins marga skráveifuna. Óljós heimild er um snjóflóð sem féll við bæinn Hlíð og náði út á mitt Ólafsfjarðarvatn.

Árið 1952 féll snjóflóð innarlega í Tindaöxl sunnan núverandi skíðalyftu. Einnig hefur nokkrum sinnum orðið vart við snjóflóð úr klettunum efst í Tindaöxlinni en þau hafi alltaf stöðvast í slakkanum í miðri hliðinni neðan klettanna.

Aurskriður féllu niður í bæinn úr hliðum Tindaaxlar 1962 og 1988 og ollu miklu tjóni, einkum skriðurnar sem féllu 1988. Á átjándu öld féll aurskriða á bæinn Hornbrekku, sem stóð nærri þeim stað þar sem heilsugæslustöð Ólafsfjarðar stendur nú. Eftir flóðin 1988 voru grafnir skurðir í laus jarðlög í hliðinni til þess að ræsa fram grunnvatn og draga með því úr hættu á aurflóðum. Skurðir þessir voru dýpkaðir og lagfærðir árið 2001.

Þrátt fyrir að snjóflóð séu fátíð úr Tindaöxl eins og fram hefur komið hafa menn haft áhyggjur af því að hætta kunni að vera á snjóflóðum úr hliðinni. Eftir snjóflóðin í Neskaupstað 1974 hvatti Skipulagsstjóri til söfnunar heimilda um snjóflóð í bréfi til bæjarstjóra og sveitarstjórna víða um land (Skipulagsstjórinn, 1975). Í framhaldi af því var tekin saman saga snjóflóða og skriðufalla í Ólafsfirði (bæjarstjórinn á Ólafsfirði, 1975). Í bréfi frá skipulagsstjóra til bæjarstjórans í Ólafsfirði (1976) koma fram aðvörunarorð um tillögu að einbýlishúsabyggð ofan Hlíðavegar:

Gert er ráð fyrir einbýlishúsabyggð ofan Hlíðarvegar nyrst með u.þ.b. 27 metra breiðum lóðum. Þó þetta sé ekki talið beinlínis á snjóflóðasvæði, tel ég hyggilegt að gera nokkuð strangari kröfur til þessara húsa, en almennt er gert, t.d. að þau séu úr steinsteypu en ekki hlaðin, að platan sé steipt en ekki timburloft, að gluggar til fjallsins séu í lágmarki að því er snertir fjölda og stærð, og sá veggur jafnvel járnþentur. Einkum á þetta við um þau hús sem nyrst eru. Treysti ég byggingarnefnd að gæta fyllstu varúðar hvað þessi atriði snertir, en sagnir herma um að snjóflóð hafi fallið á Brimnestún.

Í þessu bréfi er einnig lagst gegn áformum um fleiri hús ofan Hornbrekkuvegar að austanverðu vegna skriðuhættu (Veðurstofa Íslands, 2004)

Í dalnum innan við þéttbýlið og handan fjarðarins hefur oft orðið manntjón í snjóflóðum, þ.e. 1696 (nærri Kálfsá, 3 fórust), 1740 (Hringverskot, 2 börn fórust), 1869 (nærri Ósbrekku, 1 fórst), 1881 (á Dranga milli Burstarbrekkudals og Kálfsárdals, 1 fórst) og nú síðast 2004 þegar bóndinn á Bakka framarlega í dalnum að vestan fórst í snjóflóði.

Snjóflóðavarnargarðar í Ólafsfirði

Veðurstofa Íslands hefur metið hættu vegna ofanflóða úr Tindaöxl og var hættumat vegna snjóflóða fyrir Ólafsfjarðar-kaupstað lagt fram í október 2004. Þar kemur fram að Hornbrekka, dvalarheimili aldraðra og heilsugæslan, er á hættusvæði C þar sem staðaráhætta er meiri en 0,0003 á ári.

Samkvæmt 18. gr. reglugerðar nr. 505/2000 er heimilt að tryggja öryggi fólks með eftirliti og rýmingu á hættusvæðum A og B en á hættusvæði C skal öryggi tryggt með varanlegum varnarvirkjum eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis.



Kort 32 Útlínur þekktra ofanflóða í Ólafsfirði.

(Veðurstofa Íslands, 2007)

Héðinsfjörður


Snjóflóð hafa víða fallið í Héðinsfirði en tíðni þeirra er misjöfn. Þau eru yfirleitt þurr flóð, sem falla í norðlægrri stórhrið. Árið 1919 féllu tvö mannskæð snjóflóð, annað við bæinn Ámá og hitt í Kleifarhorni. Ekki er vitað um önnur snjóflóð við Ámá og flóð í Kleifarhorninu munu vera fátíð. Ekki er vitað til þess að fallið hafa snjóflóð framan við Möðruvelli, en landslagið gefur möguleika á flóðum.

Stutt flóð falla oft í vesturfjallinu sem fylgja giljum og lækjardrögum og aðeins ein ummerki er eftir stórt flóð

á Fýluskálareyri. Snjóflóð hafa fallið við Vatnsenda, en aðal snjóflóðasvæðið er á og utan við Steinnes.

Snjóflóð hafa fallið úr Víkurhyrnu, en lítil merki um flóð frá norðri úr Víkurbyrðu en í Byrðunni er framhrunsstallur í miðri hliðinni, sem dregur úr krafti snjóflóðanna. Á löngum kafla eru merki um snjóflóð í Víkurhyrnu, sem hafa borist niður undir árfarveginn, en engin ummerki eru eftir flóð þegar nær dregur Rauðskarðahnjúknum.

Undir Loftskörðum eru tíð smáflóð, sem falla niður í þröngan dalbotninn.



Kort 33 sýnir útlínur svæða sem áætlað er að fallið hafa snjóflóð í Hédinsfirði. (Verkfræðistofa Siglufjarðar)

Skiðasvæðin í Skarðsdal og Hólsdal

Þann 7. júlí 2009 var reglugerð nr. 636 samþykkt um hættumat vegna snjóflóða á skiðasvæðum. Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á skiðasvæðum á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar.

Lögð hafa verið fram drög að hættumati fyrir Skiðasvæðið í Skarðsdal og Hólsdal. Hættusvæði eru metin og skilgreind með viðmiðunarlínum A, B og C. Í reglugerðinni segir að:

- á hættusvæði C er óheimilt að hafa:

byggingar þar sem gera má ráð fyrir viðveru fólks að næturlagi

upphafsstöð skíðalyftu

safnsvæði

barna- og byrjendasvæði

- á hættusvæði B er óheimilt að hafa:

skíðaskála með næturgistingu

upphafsstöð skíðalyftu á barna- og byrjendasvæði

raðasvæði á barna- og byrjendasvæði

Skíðasvæði Siglfirðinga var upphaflega í Hólsdal en árið 1988 ollu snjóflóð miklum skemmdum svo ákveðið var að flytja svigskíðasvæðið í Skarðsdal en gönguskiðasvæði er áfram í Hólsdal.

Skarðsdalur

Mörg snjóflóð hafa fallið í Skarðsdal sem sögur fara af. Árið 1995 féll stórt snjóflóð úr norðurhlíð dalsins sem eyðilagði upphafsstöð neðstu skíðalyftunnar og lyftuhús. Var lyftan þá stytta og upphafsstöðin færð ofar. Síðan þá hafa ekki orðið teljandi skemmdir á mannvirkjum skíðasvæðisins vegna snjóflóða en mörg minni flóð hafa fallið í norðurhlíðum Skarðsdals, undir Illviðrishnjúki.

Upptakasvæði snjóflóða í Skarðsdal eru samtals 37. Svæðin voru skoðuð með það í huga að þau geta bæði fallið við náttúrulegar aðstæður og af mannavöldum s.s. skíða- og vélsleðamönnum sem fara um upptakasvæðin. Landslagið er flókið og skráning snjóflóða nær aðeins til 1988 sem gefur dálitla óvissu í hættumatinu. Engu að síður eru niðurstöðurnar ljósar og kemur þar fram að hluti skíðasvæðisins er innan hættusvæðis þ.e.:

- neðri-lyfta ásamt tilheyrandi safnsvæði, þ.e. raðasvæði, bílastæði og skála eru á hættusvæði C.

- svæðið neðan fyrsta masturs á T-lyftu og safnsvæði er einnig á svæði C.


Bungulyftan og sá hluti T-lyftu sem er ofan fyrsta masturs eru utan hættusvæða.

Ber rekstraraðilum að gera áætlun um viðbúnað eða aðgerðir til að tryggja ásættanlegt öryggi fólks vegna ofanflóða þar sem fyrrnefnd svæði eru innan hættusvæðis skv. reglugerð 606/2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum. Veðurstofa Íslands endurskoðar hættumat á skíðasvæðum ef varanlegar varnaraðgerðir koma til, en það getur verið t.d. flutningur á lyftum, skálum og safnsvæðum, eða uppbygging varanlegra snjóflóðavarna, s.s. upptakastöðvirkja eða varnargarða. Ekki eru gefin upp tímamörk á því hvenær varnaraðgerðum skuli lokið, en fram að því er mikilvægt að hafa góða áætlun um daglegt eftirlit.

Hólsdalur

Gönguskiðasvæðið er í botni dalsins beggja vegna Fjarðarár. Hættumatið leiddi í ljós að ípróttamiðstöðin á Hóli og tilheyrandi safnsvæði eru utan hættusvæðis B og eru því á ásættanlegu svæði. Þar kemur fram að búast megi við stórum flóðum úr hlíðum Hólshyrnu sem geta náð inn á gönguskiðaleiðina. Á tveimur stöðum á gönguskiðaleiðinni eru svæði þar sem endurkomutími er talinn vera minni en 100 ár, en ekki búist við tíðum flóðum inn á leiðina.

Skál á mörkum Hólshyrnu og Hólsfjalls er talin vera í hópi hættulegustu upptakasvæða landsins. Hætta getur skapast bæði í dæmigerðum vetrarhríðum og eins þegar snjóalög eru óstöðug. Ráðlegt er að leggja brautina eins langt frá hlíðum Hólshyrnu þegar hætta getur skapast og nauðsynlegt getur verið að loka gönguskiðabrautinni þegar snjóflóðahætta er talin veruleg. Rekstraraðili ætti því að gera áætlun um daglegt eftirlit fyrir gönguskiðasvæðið í Hólsdal rétt eins og fyrir skíðasvæðið í Skarðsdal.



Kort 34 sýnir upptaka- og hættusvæði í Skarðsdal, óstaðfest. (Veðurstofa Íslands, 2010)



(Veðurstofa Íslands, 2010)

E Þjóðminjaverndarsvæði

Ströng lög gilda um fornleifar sem kallast Þjóðminjalög 107/2001. Í 10. gr. kemur fram að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Taka ber tillit til allra þekktra fornleifa við frekari skipulagsgerð.

Það er markmið sveitarfélagsins að stuðla að verndun merkra fornleifa og forðast að hrófla við minjum eftir því sem frekast er kostur. Stuðla skal að rannsóknum og kynningu og að gera menningarsögulega arfinn sem best aðgengilegan íbúum og ferðalöngum.

Vernda skal og bæta þær byggingar sem taldar eru hafa byggingarlistrænt eða menningarsögulegt gildi. Varðveislugildi bygginga frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Tryggt verði að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í bæjarmyndinni.

Samkvæmt húsaskrá Húsfriðunarnefndar eru fimm mannvirki skilgreind sem þjóðminjar, þ.e. :

Sæby-húsið, Norðurgata 3. Timburhús reist 1886.	Friðað í A-flokki af bæjarstjórn 26. ágúst 1977 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.
Norska sjómannaheimilið. Timburhús teiknað og tilsniðið í Noregi, reist 1915.	Friðað í A-flokki af bæjarstjórn 26. ágúst 1977 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.
Róaldsbrakki, Snorrágata 13. Timburhús reist 1906.	Friðað í A-flokki af bæjarstjórn 26. ágúst 1977 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969
Kvíabekkjakirkja. Timburhús reist 1892.	Friðað 1.janúar 1990 samkv. Aldursákvæði 1.mgr. 36.gr. þjóðminjalaga nr.88/1989.
Ólafsfjarðarkirkja, Kirkjuvegi 12. Steinsteypuhús, byggð 1915.	Friðað 1.janúar 1990 samkv. Aldursákvæði 1.mgr. 36.gr. þjóðminjalaga nr.88/1989.

Lögð verður áhersla á endurgerð gamalla húsa í sveitarfélaginu og varðveislu muna tengdum fyrri byggð og menningu.

Fornleifaskráning hefur farið fram í öllu sveitarfélaginu. Eftirfarandi listi er byggður á tillögum Fornleifastofnunar Íslands að minjum sem henta vel til varðveislu eða kynningar (Ágústa Edwald og fl. Fornleifaskráning í Ólafsfirði, Reykjavík 2006, Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I og II, Reykjavík 2005 og 2008).

M1	Bæjarhóllinn á Dalabæ	Svæðið má telja einstaka minjaheild sem gæti hentað vel hvort heldur sem er til rannsókna og/eða kynningar fyrir almenningi. Það er sjaldgæfara en margan grunar að slík minjaheild, sem gefur góða mynd af búskaparháttum fyrri tíma, skuli varðveitt svo nálægt þéttbýli.
M2	Meint býli á Dalabæjardal	Helgi Guðmundsson hafði þá kenningu um tóftirnar að þar hefði verið býli en þess er hvergi getið í ritheimildum. Tóftirnar eru óspilltar og gætu hentað til rannsókna.
M3	Dalabæjarsel og mógrafasvæði	Fallegar og vel varðveittar sel- og kvíatóftir eru til vitnis um löngu horfna búskaparhætti og mógrafirnar gefa góða mynd af þeirri vinnu sem fólk þurfti að leggja á sig til að ná í eldivið á þessu svæði. Skemmtileg og hæfilega löng ganga er að selinu sem gæti hentað vel til kynningar fyrir ferðamenn.

M4	Rústin af Engidalsbænum	er eina heillega bæjarrústin á skráningarsvæðinu, með skýrri herbergjaskipan. Henni hefur þegar verið sýndur sá sómi að merkja hana með skilti og mikilvægt að hlúa áfram vel að varðveislu hennar.
M5	Hvanneyrarsel og Álfkonusteinn	Þó nokkrar tóftir eru á Hvanneyrarseli. Þar var bæði selstaða frá Hvanneyri og býli um tíma. Álfkonusteinninn er mikilfenglegur og sagnir sem honum tengjast býsna skemmtilegar. Staðurinn gæti hentað vel til kynningar og selið býður upp á góða rannsóknarmöguleika.
M6	Bæjarhólar Hafnar og Hvanneyrar	Þótt nú séu engar framkvæmdir fyrirhugaðar við þessa merku minjastaði verður að telja þá í töluverðri hættu vegna byggðarinnar allt í kring. Lagt er til að fyllsta aðgát verði sýnd við báða staðina ef til framkvæmda kemur í nágrenni þeirra.
M7	Sel í landi Ytri-ár	Ekki eru mörg sel varðveitt í Ólafsfirði. Því hafa selin í landi Ytri-Ár tvímælalaust bæði verndunar- og kynningargildi.
M8	Garður - reykhus	Þótt reykhus sem slík séu sjaldan mjög gömul þá er reykkofinn í Garði gamall og ber handbragði liðins tíma vitni. Kofinn hefur ekki síst kynningargildi þar sem margt ungviðið hefur ekki séð uppistandandi torfhús og hvað þá þar sem matur er reyktur í.
M9	Grjótstekkur	Grjótstekkur er að mörgu leyti dæmigerður stekkur, tvískipt tóft sem er um 600 NNA frá bæ. Hann er hlaðinn úr grjóti og er fallegt mannvirki sem hefur kynningar- og varðveislugildi.
M10	Stekkur - Kvíabekk	Þetta er vandlega hlaðin tóft úr torfi og grjóti sem er á talsverðum hólí með túngarð umhverfis. Lækur liðast skammt frá. Tóftin er falleg og hefur kynningargildi og varðveislugildi.
M11	Þúfnavellir, Sveinavellir, Sesseljusel	Gömlu býlin á Kvíabekkjardölum hafa afgerandi rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi. Tóftir þeirra eru allar vel sýnilegar og í ágætu ástandi. Ásamt því að vera heillegar tóftir mætti með skiltum og/eða bæklingagerð nota þessa minjastaði til að miðla upplýsingum um búskap á smærri jörðum fyrri alda auk þess sem hagir og búshættir dalbúa eru athyglisverðir fyrir margra hluta sakir.
M12	Ásgrímshúsatóftir í landi Vermundsstaða.	Tóftirnar eru þrjár í um hálfs kílómeters fjarlægð frá bæ. Þær hafa varðveislugildi enda lítið af skráðum beitarhúsum á svæðinu en einnig mætti hugsa sér að tóftirnar hentuðu vel til kynningar þar sem þær eru aðgengilegar og gott dæmi um forna búskaparhætti.
M13	Bæjartóftir að Syðri -Grund	Bærinn fór í eyði árið 1924 og gefur tóftin góða mynd af húsakosti minni bæja í byrjun 20. aldar. Tóftin hentar vel til kynningar auk þess sem hún geymir upplýsingar um horfna lífshætti og hefur því rannsóknargildi.
M14	Hornbrekka - bæjarhóll	Bæjarhóllinn á Hornbrekku hefur verið sléttaður og minjunum raskað. Þó er ljóst að hann hefur ótvírætt rannsóknargildi, þar sem vonlegt er að enn séu óröskuð mannvistarlög undir sverði.
M15	Ósbrekukot eða Reykir	Bæjarhólar og túnstæði bæjanna Ósbrekukots eða Reykja væri tilvalið að varðveita sem dæmi um horfna búskaparhætti enda mikið af minjum þar stutt frá vegi sem aðgengilegt væri að kynna fyrir áhugasömum.

Sex svæði eru nefnd í Fornleifaskráningu Hvanneyrarhrepps sem mikilvægar fornminjar;

1. Minjasvæði á fjölförnum stöðum í nágrenni Siglufjarðarbæjar, t.d. túnstæðin í Skarðsdal og Skarðdalskoti þar sem er töluvert um heillegar tóftir eru upplögð til að kynna fyrir heimamönnum og gestum. Sömuleiðis færi vel á því að setja upp skilti á golfvöllinum, en hann er á gamla túnstæði Hóls og væri spennandi fyrir þá sem spranga um völlinn að vita að þar eru sennilega mikil mannvistarlög og e.t.v. fornir gripir undir yfirborði.
2. Héðinsfjörður í heild sinni er einstakt minjasvæði. Þar mætti kynna minjastaði með tiltölulega litlum tilkostnaði, t.d. með því að setja upp skilti á helstu bæjarstæðum og öðrum áhugaverðum stöðum og skipuleggja og merkja gönguleið um láglendi í firðinum.
3. Ef ekkert verður að gert mun fjöldi rústahóla á Siglunesi hverfa í sjó innan fárra ára eða áratuga. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að safna upplýsingum um minjarnar og forða gripum sem kunna að vera í hólunum frá því að sópast í sjóinn. Staðurinn er sérlega áhugaverður til rannsókna, enda er Siglunes talið eitt af elstu útverum landsins.
4. Minjar sem hafa orðið skriðuföllum og snjóflóðum að bráð í austanverðum Siglufirði gætu hentað vel til að vekja athygli á áhrifum náttúru á líf Siglufirðinga fyrr á öldum. Þetta á t.d. við býlið Ráeyri Ey-012:001 sem lenti undir skriðu 1830 og leifar af sildarverksmiðju Evangers sem sópuðust að mestu burt í hörmulegu snjóflóði árið 1919. Hér er gott tækifæri til að kynna í senn áhrif náttúruhamfara á búsetu, atvinnuhætti og minjar – sérstaklega eru leifarnar af Evangersverksmiðju (Ey-014:006) heillegar og sjónrænar.
5. Hvanndalir eru afskekkt minjasvæði en að sama skapi vel varðveitt. Nú þegar er svæðið tiltölulega fjölsótt af göngufólki og hefðu margir gaman af því að fræðast um mannvistarleifar sem eru svo að segja við hvert fót mál í gömlu túnstæðunum. Ekki er auðvelt að komast með efni til skiltagerðar í Hvanndali en það mætti hugsa sér að gefa út minjalýsingu og -kort á netinu sem ferðalangar gætu nálgast og prentað út áður en haldið er af stað.
6. Stikuð gönguleið liggur þegar inn Hólsdal, svo að segja beint yfir tóftir Leyningssels (Ey-009:022) og Hlíðar (Ey-009:023). Helgi Guðmundsson gat þess til að Hlíð hefði verið býli og gæti verið fróðlegt að kanna hvað er til í því með uppgrefti. Tóftirnar eru fornlegar að hluta þótt eflaust hafi verið einhvers konar mannvirki á þeim í seinni tíð. Niðurstöðurnar gætu varpað ljósi á byggðasögu Siglufjarðar og t.d. svarað þeirri spurningu hvort föst byggð hafi lagst af á þessum stað en selstaða tekið við í staðinn.



Mynd 46

F Byggðar- og íbúabróun

Siglufjörður

Íbúum á Siglufirði fjölgaði hratt fyrstu tvo áratugi 20. aldar þegar Norðmenn hófu síldveiðar við Norðurland og gerðu Siglufjörð að miðstöð síldarútvegs, en íbúatala staðarins var 146 árið 1901 og 1159 árið 1920. Það sama má segja um þriðja áratuginn því þá fjölgaði íbúunum mikið. Á tuttugu ára tímabili, frá 1918 til 1938 fjölgaði Siglufirðingum um rúm 2000, úr 900 í 2950 manns. Rekja má þennan mikla vöxt til uppgangs í fiskveiðum og fiskvinnslu, en þessir þættir stóðu traustum fótum svo fólk fluttist til staðarins. Á fjórða og fimmta áratugnum varð enn meiri uppgangur á Siglufirði. Árið 1948 var íbúafjöldi í hámarki 3103 manns.

Á sjötta áratugnum varð algjör viðsnúningur vegna hruns í síldveiðum, og vegna erfiðleika í atvinnumálum á sjöunda áratugnum, þegar síldin hvarf endanlega fækkaði fólki í kaupstaðnum. Á rúmum tuttugu árum frá 1948 til 1971 fækkaði Siglufirðingum um 1000, úr 3103 í 2092.

Árið 1978 voru íbúar Siglufjarðar 2091. Á árunum 1991 – 1993 fjölgaði íbúum nokkuð m.a. vegna útgerðar rækjuveiðiskipa frá Siglufirði, en árið 1993 voru íbúar 1791. Íbúum hefur síðan fækkað jafnt og þétt, en árið 2002 voru þeir 1456.


Ólafsfjörður

Íbúafjöldi Ólafsfjarðar hefur sennilega verið tiltölulega stöðugur framan af öldum og það er ekki fyrr en upp úr 1900 sem það fer að breytast með tilkomu þorpsmyndunar í „Horninu“. Ólafsfirðingum fer þá nokkuð ört fjölgandi alveg fram á áttunda áratug aldarinnar. Flestir verða íbúarnir árið 1992 samtals 1205.

Fækkun íbúa í Fjallabyggð hefur verið stöðug eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan. Árið 1998 voru íbúar á Siglufirði og Ólafsfirði 2731 talsins en í janúar 2008 voru þeir 2188. Þar af 881 í Ólafsfirði og 1307 á Siglufirði.


Ætla má að möguleikar á uppbyggingu stórskipa- og þjónustuhöfn á Siglufirði, ásamt vaxandi vilja fólks að setjast að á landsbyggðinni muni snúa þessari þróun við á komandi árum. Þá munu bættar samgöngur auka aðdráttarafl sveitarfélagsins til búsetu og uppbyggingar hvers kyns þjónustu, iðnaðar og athafnastarfsemi.

Íbúapróun í Fjallabyggð frá árinu 1998-2008



Tafla 14 (Hagstofa Íslands, 2008)

Samanburður á brottfluttum og aðfluttum í Fjallabyggð



Tafla 15 (Hagstofa Íslands, 2008)

Á síðastliðnum 15 árum hafa yfirleitt fleiri fluttst frá Fjallabyggð en til hennar. Á tímabilinu 2000 til 2007 var mismunurinn á aðfluttum og brottfluttum -445.

Sá áhrifapáttur sem stýrt hefur fólksfjölda hvað mest í Fjallabyggð seinustu öldina er fjölbreytni atvinnutækifæra, en með aukinni atvinnu hefur fólksfjöldi aukist.

Þrír áhrifapáttir sem gætu haft áhrif á fólksfjölda á skipulagstímanum eru:

1. Gerð jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar
2. Bygging snjóflóðavarnargarða á Siglufirði
3. Bygging framhaldsskóla í Ólafsfirði

Beinu áhrifin vegna ofangreindra áhrifapátta á fólksfjölgun eru:

- Fjölbreytni í verslun og þjónustu aukast sem gerir Fjallabyggð að áhugaverðari búsetuvalkosti
- Með tilkomu framhaldsskóla mun ungt fólk á aldrinum 16 – 20 ára búa áfram í heimabyggð

Óbeinu áhrifin vegna ofangreindra áhrifapátta á fólksfjölgun eru:

- Með jarðgöngum stýttist vegalengd milli sveitarfélaga innan Eyjafjarðarsvæðisins sem er mikilvægt þegar horft er til almennrar hagkvæmni
- Möguleiki er á að fyrirtæki í sjávarútvegi staðsetji sig frekar á Siglufirði þar sem flutningskostnaður með afurðir yrði minni sem myndi styrkja atvinnulíf
- Stækkun hafnarinnar, Óskarsbryggju
- Uppbygging í ferðaþjónustu
- Bætt aðstaða fyrir smábátaútgerð
- Fjölskyldur hafa börn sín lengur í foreldrahúsum með tilkomu framhaldsskóla þannig að þau eru líklegri til að vilja búa áfram í sveitarfélaginu þegar að stofnun fjölskyldu kemur

Erfitt er að segja til um framtíðarfólksfjölgun í Fjallabyggð en þróun fólksfjölda á landsbyggðinni hefur verið jákvæð síðastliðið árið eftir langa niðursveiflu. Ef til vill má álíta niðursveifla á höfuðborgarsvæðinu hafi almennt jákvæð áhrif á landsbyggðina.


Með byggingu jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er líklegt að tengingin við Eyjafjarðarsvæðið hafi áhrif á íbúðarþróunina í jákvæða átt.

Uppbygging framhaldsskóla í Ólafsfirði mun hafa jákvæð áhrif á íbúðarþróun í sveitarfélaginu. Bæði ungum sem öldnum gefst kostur á að mennta sig í heimabyggð sem mun einnig hafa í för með sér fjölgun starfa í sveitarfélaginu.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að lokið verði við gerð fullkominna varna gegn snjóflóðum og aurskriðum á Siglufirði, með byggingu varnargarða og stoðvirkja ofan bæjarins. Með byggingu snjóflóðavarnargarða og upptakastoðvirkja fyrir ofan þéttbýlið eykst öryggi íbúanna sem gerir staðinn að öruggari búsetuvalkost en áður.

Þegar aldursskipting íbúa í Fjallabyggð er skoðuð í töflu 11 kemur í ljós að konur eru í meirihluta frá 5-14 ára aldur en þá fer að halla verulega á konurnar og karlar eru fleiri allt fram að 65 ára aldur en þá fer að halla á karlana.


Gert er ráð fyrir 1-1,5% íbúafjölgun í Fjallabyggð. Miðað við 1% fjölgun á ári verður íbúafjöldinn 2.626 árið 2028 og miðað við 1,5% fjölgun verður íbúafjöldinn 2.844. Slík fjölgun kallar á stækkun/fjölgun íbúðarsvæða í báðum þéttbýliskjörnum.




Tafla 16 Aldurskiptingu karla og kvenna í Fjallabyggð miðað við 1.1. 2008 (Hagstofa Íslands, 2008)

Núverandi íbúðarhúsnæði - húsnæði og landnotkun


Í Fjallabyggð voru 1076 íbúðir í árslok 2008. 216 á Ólafsfirði og 860 í Siglufirði. Íbúar voru þá 2129 og meðalfjöldi íbúa á íbúð var 1,98 íbúar. Nýleg íbúðarhús eru flest einbýlishús. Í framtíðinni væri æskilegt að byggja minni íbúðir, þar sem fjölskyldustærð fer minnkandi.



Tafla 17 (Fasteignamat ríkisins, 2008)



Tafla 18 (Fasteignamat ríkisins, 2008)



Tafla 19 (Fasteignamat ríkisins, 2008)

	Fjöldi íbúða eftir sveitarfélögum með byggingarár 2005 eða eldra						
	Fjöldi íbúða samtals	Einbýli	Tvíbýli	3-5 íbúða hús	6-12 íbúða hús	Fleiri en 13 íbúðir í húsi	Íbúðir í öðrum húsum en íbúðarhúsum
Fjallabyggð	1.059	666	238	100	41	-	14

Tafla 20 Fjöldi íbúða í Fjallabyggð árið 2005. (Fasteignamat ríkisins, 2008)

Miðað við tölur frá Fasteignamati ríkisins þá er íbúðafjöldi í Fjallabyggð árið 2005, 1059 talsins.

Með tilkomu jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar styttest vegalengdin frá Siglufirði til Eyjafjarðar sem gæti hækkað fasteignaverð á Siglufirði. Á Siglufirði er verð á m² lægst af stærstu þéttbýlisstöðum Eyjafjarðar og gæti farið a.m.k. upp í það verð sem er á Ólafsfirði. Þetta stjórnast af öðrum þáttum eins og gengi fyrirtækja á svæðinu og þar með kaupgetu fólks og vilja til að fjárfesta í húsnæði. Bæjarkjarnarnir munu brátt tilheyra sama fasteignamarkaði. Þessi stækkun fasteignamarkaðarins kemur til með að auka fjölbreytni hans og búsetuvalkosti innan svæðisins.

G Skýringar hugtaka

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag.

Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætlanir um landnotkun á landsvísu: Á landsvísu eru unnar áætlanir á vegum opinberra aðila, s.s. um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd, sbr. 11. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Bygðamynstur: Fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðir, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnotkunar.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki, ofan jarðar eða neðan, eða breyta notkun þeirra. Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir, brýr aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir.

Ennfremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum.

Byggingarleyfi skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. þó 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags.

Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaraðila og á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar. Deiliskipulag tekur gildi þegar samþykkt þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi, sbr. gr. 9.1. Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Grenndarkynning: Kynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi eða byggingarleyfisumsókn í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Skipulagsnefnd annast grenndarkynningu. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem skipulagsnefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Götureitur: Afmarkað svæði sem engar götur liggja um. Oftast afmarkast götureitur af fjórum götum.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunareit, sbr. 4. kafla.

Landnotkunareitur: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunareitur skal að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli heildargólfflatar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfflatar á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfflatar á landnotkunareit eða götureit og flatarmáls reitsins.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð: Svæðisskipulag sem tekur til stakra framkvæmda eða áætlana, oft á vegum annarra aðila en sveitarstjórna, sbr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulagstillaga er unnin af þeim sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd en kynnt á vegum Skipulagsstofnunar. Sérstakt svæðisskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sérstakt svæðisskipulag tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Sjálfbær þróun: Þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum og ákvörðunum viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagsgreinargerð: Lýsing skipulagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og færð rök fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagsmarkmið: Meginmarkmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og markmið hennar í einstökum málaflokkum.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði sem sett eru fram í deiliskipulagi, m.a. um útfærslu skipulagsmarkmiða.

Skipulagsstig: Skipulagsstig eru fjögur, lands-, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

Skipulagssvæði: Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til. Svæðisskipulag tekur til tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem jafnan skulu mynda heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Aðalskipulag tekur til alls lands eins sveitarfélags. Deiliskipulag nær til einstakra svæða eða reita innan aðalskipulags og skal jafnan miðast við að ná til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í þéttbýli skal deiliskipulag að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit.

Skipulagstillaga: Tillaga að skipulagsáætlun sem sett er fram í greinargerð og á uppdrætti. Svæðisskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt samvinnunefndar á skipulagsáætlun. Aðal- og deiliskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulags-áætlun.

Skipulagstímabil: Það tímabil sem stefnumörkun svæðis- og aðalskipulags nær yfir. Skipulagstímabil svæðis- og aðalskipulags skal eigi vera skemmra en 12 ár.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Sveitarfélagsuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili. Frumkvæði að gerð svæðisskipulags getur komið frá sveitarstjórnnum eða Skipulagsstofnun. Samvinnunefndir annast gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag er háð staðfestingu umhverfisstjórnar og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála: Stjórnsýslunefnd sem úrskurðar um ágreining á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttbýlisuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær yfir þéttbýli innan viðkomandi sveitarfélags.

Þéttleiki byggðar: Landnýting miðað við heildarflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

Landnotkunartöflur

Garðar vegna náttúruvár				
Nr.	Stærð	Lýsing	Heiti	Skipulagsstaða
Siglufjörður				
G1	-	Snjóflóðavarnargarður	Hlíðarrípill	Tilbúinn
G2	-	Snjóflóðavarnargarður	Hafnarrípill	Tilbúinn
G3	-	Snjóflóðavarnargarður	Skriðurípill	Tilbúinn
G4	-	Snjóflóðavarnargarður	Skálarrípill	Tilbúinn
G5	-	Snjóflóðavarnargarður	Bakkarípill	Tilbúinn
G6	-	Snjóflóðavarnargarður	Kálfur	Tilbúinn
G7	-	Snjóflóðavarnargarður	Litli-boli	Tilbúinn
G8	-	Snjóflóðavarnargarður	Stóri-boli	Tilbúinn
Ólafsfjörður/ Hornbrekka				
G9	103.000 m³	Snjóflóðavarnargarður	-	Samþykkt deiliskipulag í byggingu
Siglunes				
V1	1.600 m³	Sjóvarnargarður	-	Á aðalskipulagi
Siglufjörður				
V2	130 m	Sjóvarnargarður	Öldubróttur	Til staðar
V3	400 m	Kantur	-	Til staðar
V4	500 m	Sjóvarnargarður	-	Á aðalskipulagi
Ólafsfjörður				
V5	500 m	Sjóvarnargarður	-	Til staðar
V6	200 m	Sjóvarnargarður	Norðurgarður	Til staðar

Frístundabyggð				
Nr.	Stærð	Staðsetning	Lýsing	Skipulagsákvæði
F1	9 ha	Reykir í Ólafsfirði	Í gildi deiliskipulag, allt að 14 hús	-
F2	30 ha	Frístundabyggð í landi Þverár	Í gildi deiliskipulag á 30 ha, 23 hús auk mótels, 2 smáhýsi, áhaldahús.	Í byggingu skv. deiliskipulagi.
F3	-	Vatnsendi	Stakt hús	-
F4	140 ha	Hólkot	Í gildi deiliskipulag, allt að 14 hús í landi Hólkots og stök hús í landi Hlíðar	-
F5	3,6 ha	Auðnir	Í gildi deiliskipulag, allt að 9 hús	-
F6	-	Hvanndalir	Stakt hús	-
F7	-	Vík austan Héðinsfjarðar	Stakt hús	-
F8	-	Vík/Sandvellir	Stakt hús	-
F9	-	Vík vestan Héðinsfjarðar	Stakt hús	-
F10	-	Reyðará	Stakt hús	-



F11	40 ha	Siglunes	Deiliskipulag í vinnslu	-
F12	3 ha	Jaðar skógræktar í Hólsdal	-	-
F13	12,5 ha	Við Hólsdal í Skarðsdal	-	-
F14	21,5 ha	Saurbæjarás	Í gildi deiliskipulag á 21,5 ha, 18 hús og 9 smáhýsi.	-

Opin svæði til sérstakra nota

Nr.	Stærð	Staðsetning	Gerð svæðis	Lýsing	Skipulagsákvæði
Ú1	-	Skarðsdalur	Skiðasvæði	Skiðasvæði Siglfirðinga	-
Ú2	-	Siglufjörður	Skotæfingarsvæði	Skúr og æfingarsvæði	-
Ú3	-	Héðinsfjörður	Náttúrufegurð og sérstaða	-	-
Ú4	-	Ólafsfjörður	Skotæfingarsvæði	Svæði frátekið til skotæfinga, án aðstöðu.	-
Ú5	-	Ólafsfjörður	Kláflyfta	-	-
Ú6	-	Siglufjörður	Svæði hestamanna	Hesthúsabyggð og keppnisvöllur	Deiliskipulag í gildi
Ú7	-	Siglufjörður	Kirkjugarður	-	-
Ú8	-	Siglufjörður	Tjaldsvæði	-	-
Ú9	-	Hólsdalur	Knattspyrna	-	-
Ú10	-	Hólsdalur	Skógrækt	-	-
Ú11	-	Hólsdalur	Golfvöllur	9 hola völlur	-
Ú12	-	Siglufjörður	Gamli kirkjugarður	Innan þéttbýlis, rétt við kirkjuna. Fullnýttur.	Óbreytt
Ú13	-	Ólafsfjörður	Íþróttavöllur	-	-
Ú14	-	Ólafsfjörður	Kirkjugarður	-	-
Ú15	-	Ólafsfjörður	Tjaldsvæði	-	-
Ú16	-	Ólafsfjörður	Svæði hestamanna	Hesthúsahverfi og keppnisvöllur	-
Ú17	-	Ólafsfjörður	Skiðasvæði	Skiðasvæði Ólafsfirðing ofan bæjarins	Óbreytt
Ú18	-	Ólafsfjörður	Skrúðgarður	Grænt svæði í kjarna bæjarins	-
Ú19	-	Skeggjabrekkurdalur	Golfvöllur	9 hola völlur og klúbbhús	-
Ú20	6 ha	Ólafsfjörður	Moto-cross svæði	-	-

Efnistöku- og efnislosunarsvæði					
Nr.	Stærð	Magn	Svæði	Lýsing	Skipulagsstaða
Dreifbýli					
E1	-	80.000 m ³	Náma norðan við byggðina á Siglufirði	Malar- og grjótnám	Í notkun
E2	7,2 ha	200.000 m ³	Við gangnamunna, Skútudal, Siglufirði	Efnislosunarsvæði	Í notkun
E3	-	-	Garðsnáma, Ólafsfirði	Grjótnáma, sjóvarnargrjót	Í notkun
E4	-	-	Hóll, Ólafsfirði	Malarnáma notuð af Vegagerðinni	Hálfrágengin með haugum
Ólafsfjörður					
E5	1,0 ha	-	Við Brimnes, Ólafsfirði	Grjótnáma	Ekki í notkun, ófrágengin
E6	1,0 ha	-	Við Brimnes, Ólafsfirði	Grjótnáma	Ekki í notkun, ófrágengin
E7	6,4 ha	85.000 m ³	Við gangnamunna, Ólafsfirði	Efnislosunarsvæði	Í notkun
E8	3,4 ha	245.000 m ³	Við gangnamunna, Ólafsfirði	Efnislosunarsvæði	Í notkun

Landfyllingar				
Nr.	Stærð	Heiti	Landnotkun	Matsskylda
Ólafsfjörður				
L1	8 ha	Fylling vestan óss Ólafsfjarðarvatns	Verslunar- og þjónustusvæði	Já
Siglufjörður				
L2	23 ha	Fremri-Garður, ný fylling norðan við Öldubrgjót	Hafnarsvæði	Já
L3	4,1 ha	Innri höfnin/Suðurtangi	Íbúðabyggð	Nei
L4	1 ha	Innri höfnin/Norðurtangi	Hafnarsvæði	Nei
L5	0,4 ha	Fylling við Snorrögötu á Siglufirði	Verslunar- og þjónustusvæði / Hafnarsvæði	Nei
L6	0,7 ha	Fylling austan Tjarnargötu á Siglufirði	Hafnarsvæði	Nei




Umsagnir

Tillaga að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 var sent alls 15 umsagnaraðilum til kynningar og bárust svör frá:

- Dalvíkurbyggð, þann 22. apríl 2009
- Fornleifavernd ríkisins, þann 15. apríl 2009
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, þann 28. apríl 2009
- Landsneti, þann 2. apríl 2009
- Siglingastofnun, þann 26. apríl 2009
- Skagafjörður, þann 29. maí 2009
- Skipulagsstofnun, þann 11. júní 2010
- Skógrækt ríkisins, þann 20. apríl 2009
- Umhverfisstofnun, þann 25. júní 2009
- Vegagerðinni, þann 6. mars 2009

Tekið var tillit til athugasemda og eins og kostur gafst en einnig skal tekið fram að formbreyting á uppsetningu tillögunnar átti sér stað eftir að tillagan var send umsagnaraðilum. Því stenst t.d. kaflaskipting ekki við núverandi kaflaskiptingu.

Fjallabyggð
Ólafsvegur 4
625 Ólafsfjörður



Ráðhúsinu
Sími 460 4900
Fax 460 4901



Dalvík 22. apríl 2009
2009040009

Varðar, Aðalskipulag.


Á 176. fundi umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar þann 01.04.2009 var eftirfarandi bókun gerð:

Með bréfi, dagsettu 4. mars 2009, óskar Teikn á lofti ehf. fyrir hönd Fjallabyggðar eftir umsögn Dalvíkurbyggðar um tillögu að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 skv. skipulagsreglugerð nr.400/1998.

Umhverfisráð hefur skoðað aðalskipulagið og bendir á að þeir reiðvegir og göngustígar sem liggja á milli sveitarfélaganna eru ranglega innfærðir á uppdrátt aðalskipulagsins, innan sveitarfélagsmarka Dalvíkurbyggðar. Rétt þykir einnig að benda á að ný jarðgöng á milli Ólafafjarðar og Dalvíkurbyggðar eru ekki á aðalskipulagsuppdrætti Dalvíkurbyggðar heldur er fjallað um þau í 6. kafla greinargerðar sem fylgir því aðalskipulagi.

Á 200. fundi bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 21.04.2009 var ofangreind bókun tekin fyrir og samþykkt.

Þetta tilkynnist hér með.



Ingvar Kristinsson
Húsnæðisfulltrúi



Fornleifavernd ríkisins
Minjavörður Norðurlands eystra

Bórunnarstræti 99, 600 Akureyri

Sími: 4621089, Bréfsími: 4661089

Heimasíða: www.fornleifavernd.is

sigurdur@fornleifavernd.is

Fjallabyggð
Stefán Ragnar Hjálmarsson
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

15. apríl 2009

Fvr 2009040006 LSB

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

Fornleifavernd ríkisins hefur verið beðinn um umsögn á tillögu að aðalskipulagi fyrir Fjallabyggð 2008 – 2028 ásamt tillögu að umhverfisskýrslu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum ber að taka tillit til minja, þar á meðal menningarminja, sem talin eru varðveislu verð, með í skipulag sem hverfisvernd (6. málsgrein 9. greinar laganna). Í skipulagsreglugerð er fjallað um Þjóðminjaverndarsvæði í grein 4.20. Þar er meðal annars kveðið á um að gera skuli grein fyrir þjóðminjaverndarsvæðum í aðal- og svæðisskipulagi en þjóðminjaverndunarsvæði ná meðal annars yfir þekktar fornleifar (skráðar), friðlýst hús og friðlýstar fornleifar. Þar er einnig kveðið á um að skylt sé að fornleifaskráning fari fram áður en gegnið er frá skipulagi (grein 4.20.2). Í þjóðminjalögum er einnig kveðið á um að skylt sé að fornleifaskráning fari fram áður en gegnið er frá skipulagi (11. grein). Í lögum um umhverfismat er kveðið á um að meta eigi menningarminjar þar með taldar fornleifar (2. grein og 10. grein).

Af þessu er ljóst að krafa er gerð um að fornleifar á skipulagssvæði séu metnar með tilliti til þess, hvort þær verði fyrir óheppilegum áhrifum vegna skipulagsins og hvaða fornleifar, ef einhverjar, eigi sértaklega að vernda.

Í tillögu að greinargerð aðalskipulagsins, er lítið fjallað um fornleifar. Það sama á við umhverfismat aðalskipulags. Í kafla 4 um staðhætti er ekkert minnst á menningarsögulegar minjar. Hér væri eðlilegt að hafa undirkafla um fornleifar. Í kafla 5.1 er farið lauslega yfir byggðasögu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Hér er ekkert minnst á minjar, þó eðlilegt væri að tengja þessa sögu þeim minjum sem þekktar eru í dag. 7. kafla er fjallað um landnotkun. Í undirkaflanum um Menningar og náttúruminjar segir um markmið:

Mikil áhersla er lögð á náttúruvernd og verndun menningar- og náttúruminja í Fjallabyggð. Jafnframt er vilji til að láta sérkenni sveitarfélagsins verða sýnilegri og halda áfram að byggja sveitarfélagið upp á þeirri miklu sögu sem það hefur. Með verndun þessara minja varðveitist saga sveitarfélagsins.

Í undirkaflanum um Þjóðminjaverndarsvæði kemur fram hvaða varnagla beri að hafa varðandi vegaframkvæmdir vegna Héðinsfjarðargangna í Skútudal og byggingu snjóflóðavarnagarða vegna fornleifa. Þetta er vel því aldrei of varlega farið. Í sama kafla er

greint frá húsum sem eru þjóðminjar og tekið fram að ekki sé um aðrar þekktar þjóðminjar á svæðinu. Það er rétt að ekki eru fleiri friðlýstar minjar á svæðinu, þar með taldar friðlýstar fornleifar. Orðalagið “þekktar þjóðminjar” gæti valdið misskilningi. Þó ekki séu fornleifar á svæðinu sem hafa verið friðlýstar sérstaklega með þinglýsingu þá eru þar fjölmargar fornleifar, eins og reyndar kemur fram seinna í kaflanum, þar sem fjallað er um skýrslu Fornleifastofnunar Íslands, *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi II*. Hér ber að hafa í huga að allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt þjóðminjalögum. Þeim má á engan hátt raska nema með leifi Fornleifaverndar ríkisins og að þeim skilyrðum uppfylltum sem stofnunin kann að setja. Því ber að taka tillit til allra þekktra fornleifa við skipulagsgerð. Betra væri því að sleppa ofanritaðri setningu en láta þess getið að engar fornleifar séu friðlýstar á svæðinu, þegar fjallað er um þekktar fornleifar seinna í kaflanum.

Þetta þýðir þó engan veginn að engar merkar fornleifar séu þekktar á svæðinu. Nú liggja fyrir skýrslur um fornleifaskráningu í Ólafsfirði (Ágústa Edwald og fleiri; *Fornleifaskráning í Ólafsfirði*, Reykjavík 2006), sem gerð var fyrir sveitarfélagið Ólafsfjörð auk tveggja skýrslna sem gerðar voru fyrir Siglufjörð (Birna Lárusdóttir o.fl., *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I og II*, Reykjavík 2005 og 2008). Aftast í skýrslum þessum er að finna yfirlit yfir merkustu minjarnar og minjaheildirnar. Þar eru einnig gerðar tillögur um aðgerðir til að vekja athygli almennings á þeim og vernda þær. Eins og fram kemur í skýrslunum eru miklir möguleikar á að nýta þessar minjar, íbúum svæðisins og ferðamönnum til yndisauka og hagsbóta. Þær er hægt að nýta í skipulagstillögunum, með því að birta úr þeim kafla eða úrdrætti þar sem við á, samanber ofanritaðar athugasemdir. Allar skráðu minjarnar eru hnitsettar í skýrslunum og því auðvelt að bæta þeim inn á kort og viðeigandi uppdrætti aðalskipulagsins. Skýrslurnar gefa sveitarfélaginu möguleika á að útfæra markmið sín í verndun menningarminja betur, en fram kemur í þessum drögum að aðalskipulagi.



Sigurður Bergsteinsson
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent Teikn á lofti ehf.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Eftirlitsskýrsla

samkvæmt lögum nr. 7/1998

HEIMILISFANG: Glerárgötu 26 600 Akureyri
NETFANG: hne@hne.is
SÍMI: 4624431 Fax: 4612396

Viðskiptavinur: 580706-0880 Starfsleyfi:

Fjallabyggð
Ólafsvegi 4
625 Ólafsfirði

Eftirlitstíðni:

Skýrsla nr. 1591
Blaðsíða 1 / 1
Dags. 28.4.2009

Skoðunaratriði:

Niðurstaða skoðunar:

UMSÖGN

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur kynnt sér aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028; tillögu að greinargerð, dags. 18. febrúar 2009, unnið af Teikn á lofti ehf.

Eftirfarandi ábendingum er hér með komið á framfæri:

1. Á bls. 14 er vísað til Heilbrigðiseftirlits Austurlands, á að vera Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og vestra.
2. Á bls. 85 kemur fram að gert er ráð fyrir mótor-cross svæði austan við byggðina, bent er á mikilvægi þess að huga að hljóðvíst í byggð og mælt er með því að útbúa hljóðkort fyrir áhrifasvæði brautarinnar.
3. Á bls. 93 er villa varðandi tilvisun í reglugerð (nr. 788/1999), væntanlega er átt við reglugerðir 796/1999 og 798/1999.
4. Á bls. 95 kemur fram að ekki sé talin þörf á að skilgreina og flokka vatn í sveitarfélaginu, nema þann strandsjó sem er virkur viðtaki frárennslis þéttbýlisstaðanna. Að mati Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er eðlilegt að stefna að skilgreini og flokkun á Ólafsfjarðarvatni og einnig að fylgjast með mengun í strandsjó við þéttbýlisstaði. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur raunhæft að stefna að langtíamarkmiði fyrir allan strandsjó í flokki A, með fyrirvara um skilgreind þýnningar-svæði við útrásir. Mikilvægt er að Fjallabyggð sjái fyrir hvar framtíðar útrásir fyrir skólp verða staðsettar og einnig að mark verði í skipulagi svæði undir skólphreinsistöðvar. Slik vinna byggir m.a. á straummælingum og líkanreikningum. Forsenda góðrar ímyndar matvælavinnslu, ferðaþjónustu og útivistar er að lágmarka mengun í strandsjó og yfirborðsvatni.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRA

Alfred Schiöth
heilbrigðisfulltrúi

Helgi

From: Hildur Hrólfsdóttir [Hildur@landsnet.is]

Sent: fim. 2.4.2009 14:41

To: Helgi

Cc:

Subject: Re: Beiðni um athugaemdir v/tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028

Attachments:

Blessaður og sæll Helgi !

Landsnet á hvorki né rekur flutningsmannvirki innan skipulagssvæðisins og hefu engar athugasemdir eða ábendingar við tillöguna.

Það má hins vegar benda skýrsluhöfundum á að á vegum RARIK liggur háspennujarðstrengur milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar um Ólafsfjarðargöng, en ekki er fjallað um þennan jarðstreng í kaflanum um veitur. RARIK gefið nánari upplýsingar um þennan jarðstreng.

Bestu kveðjur

Hildur Hrólfsdóttir
Umhverfis- og gæðastjóri
Landsnet hf.
Gylfafiöt 9.
hildur@landsnet.is

Teikn á lofti ehf
Helgi Einarsson
Skipagata 12
600 Akureyri

Kópavogi, 26.03.2009
Tilv. 305
KH

Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 - 2028, umsögn.

Ísáð er í bréf frá Teikn á lofti dags. 04.03.2009 og meðfylgjandi gögn, tillaga að greinargerð og umhverfismat Aðalskipulags dags. 18. feb. 2009. Óskað var eftir umsögn Siglingastofnunar með vísan til skipulagsreglugerðar nr. 400/1998, kafla 3.2.

Við yfirferð komu í ljós eftirtalin atriði sem ástæða þykir til að benda á af hálfu Siglingastofnunar.

Kafla 3.3.2. Landfyllingar. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir allt að 23 ha landfylling norðan Öldubríjts á Siglufirði. Reikna má með að hátt í 2 millj. rúmmetra þurfi til að fylla upp þetta svæði. Sú regla hefur gilt að ríkið styrki ekki grjótnarnir á landfyllingar. Að mati Siglingastofnunar verða grjótnarnir á fyllingu norðan Öldubríjts ekki styrktar af sjóvarnafé og sama á við um aðrar uppfyllingar. Tilfærsla á núverandi og fyrirhuguðum sjóvarnargörðum norðan við Eyrina verður því að vera á kostnað sveitarfélagsins.

Bent er á að grjótnargarður, sem sýndur er á uppdrætti út frá NA horni uppfyllingar við Öldubríjt, þarf að vera mun lengri ef hann á að þjóna þeim tilgangi að veita viðlegukanti austan á fyllingunni skjól.

Kafla 3.3.4. Svæði undir náttúruvá. Hér er væntanlega átt við að gera þurfi ráð fyrir vörnum gegn landrofi á Siglunesi.

Kafla 7.2.1. Höfnin og hafnarsvæðið. Varðandi takmörkun landsvæða við hafnarbakka er bent á að þetta eru dýr mannvirki og til að þau nýtist að fullu þarf ákveðið athafnarymi upp af bryggjukanti. Til viðmiðunar er reiknað með 30 m breiðu svæði til umferðar við lestun og losun skipa þegar dýpi við bryggju er 8 m eða meira. Í námunda við kantinn þarf síðan að gera ráð fyrir geymslusvæði undir gáma og vörur.

Bent er á að lög um siglingavernd eru nr. 50/2004 og því ekki lengur í frumvarps formi. Reglugerð um framkvæmd siglingaverndar er nr. 265/2008.

Í texta greinargerðar eftir á bls. 115 er minnst á byggingu flóðvarnargarða. Skilgreina þyrfti nánar staðsetningu og svæði sem ráðstafað yrði undir slík mannvirki.

Að öðru leyti eru ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllt
F.h Siglingastofnunar Íslands


Kristján Helgason

Afrit:
Skipulags- og byggingarfulltrúi Fjallabyggðar



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt: 550698-2349 • Vsknr. 60077

Teikn á lofti ehf

Skipagötu 12
600 Akureyri

Skagafjörður, 29. maí 2009
nr. erindis 0903033 SI

Á 175. fundi Skipulags- og byggingarnefndar Skagafjarðar sem haldinn var þann 13. maí sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

Tillaga að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028

Tillaga að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

Málið áður á dagskrá nefndarinnar 11.3.2009, þá bókað: Tillaga að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 lögð fram til kynningar. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti en gerir fyrirvara um nákvæma legu sýslumarka.

Á 247. fundi Sveitarstjórnar Skagafjarðar 19. maí 2009 var fundargerð skipulags- og byggingarnefndar samþykkt.

Afrit:
Fjallabyggð
Ólafsvegi 4, 625 Ólafsfirði
Gránugötu 24, 580 Siglufirði

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulags- og byggingarnefndar:


Sigurður H. Ingvarsson
starfsm. byggingafulltrúi



2008060094

6250; 9312

Fjallabyggð
Stefán Ragnar Hjálmarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Ólafsvogi 4
625 Ólafsfjörður

Reykjavík, 11. júní 2010

/--

Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028

Visað er til erindis Fjallabyggðar dags. 17. maí 2010, þar sem tillaga að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 er send Skipulagsstofnun til athugunar samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn þann 11. maí 2010 til auglýsingar.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð og umhverfisskýrslu, dags. 17. maí 2010, með innfelldum, smækkuðum sveitarfélagsuppdætti og þéttbýlisuppdráttum af Siglufirði og Ólafsfirði dags. 11. maí 2010.

Í viðauka greinargerðar eru eftirfarandi umsagnir: Dalvíkurbyggðar dags. 22. apríl 2009, Fornleifaverndar ríkisins dags. 15. apríl 2009, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra dags. 28. apríl 2009, Landsnets dags. 2. apríl 2009, Siglingastofnunar dags. 26. mars 2009, Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 29. maí 2009, Skógræktar ríkisins dags. 10. apríl 2009, Umhverfisstofnunar dags. 25. júní 2009 og Vegagerðarinnar dags. 6. mars 2009. Skipulagsstofnun fékk vinnslutillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar ásamt matslýsingu til umsagnar í júní 2008, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 23. júlí 2008.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði í skipulagstillögunni og umhverfisskýrslu sem þarf að lagfæra eða skýra nánar:

Samráð og kynning

Á bls. 12 í greinargerð er fjallað um kynningu skipulagstillögunnar skv. 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga. Íbúafundir voru haldnir á Ólafsfirði og Siglufirði í desember 2008, fundur var haldinn með landeigendum í Héðinsfirði í júlí 2008 en auk þess voru íbúafundir á báðum þéttbýlisstöðunum 15. og 26. apríl (án ártals). Koma þarf fram hvaða ár skipulagstillagan var síðast kynnt fyrir almenningi.

Greinargerð

Íbúðarsvæði

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir fjölgun íbúa á skipulagstímabilinu, þéttingu

byggðar og nýjum íbúðarsvæðum bæði á Siglufirði og á Ólafsfirði sem rúma samtals um 500 íbúðir. Á Siglufirði er gert ráð fyrir að fyrst verið byggt á svæði Í3. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að gera grein fyrir áfangaskiptingu íbúðarbyggðar á báðum þéttbýlisstöðunum m.t.t. líklegar íbúafjölgunar á skipulagstímabilinu. Jafnframt að skoða hvort tilefni er til þess að endurmeta þörf fyrir stækkun íbúðarsvæðis á landfyllingu út í Ólafsfjarðarvatn vegna líklegra neikvæðra áhrifa landfyllingarinnar á lífríki vatnsins. Sjá einnig athugasemdir við umfjöllun um efnislosun og umhverfisskýrslu.

Verslun- og þjónusta og miðsvæði

Í aðalskipulagstillögunni þarf að lýsa betur fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði á 8 ha fyllingu vestan óss Ólafsfjarðarvatns svo sem hvers konar starfsemi er fyrirhuguð á svæðinu, stærð og yfirbragði svæðisins og hvort svæðið verði deiliskipulagt í einu lagi eða áföngum. Það sama á við um nýtt miðsvæði á Siglufirði þar sem áður var skilgreint opið svæði til sérstakra nota (malarvöllur). Bent er á að á bls. 63 segir að öll fyrirsjáanleg aukning í verslun og þjónustu geti átt sér stað á og við núverandi verslunarsvæði og því þarf að rökstyðja betur þörfina fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði eða endurskoða forsendur fyrir nauðsyn landfyllingar út í ós Ólafsfjarðarvatns m.a. með hliðsjón af umhverfisverndarmarkmiðum.

Hverfisverndarsvæði

Á eyrinni á Siglufirði og á Kleifum við Ólafsfjörð eru skilgreind svæði sem njóta hverfisverndar vegna menningarsögulegs/byggingarsögulegs gildis. Fram kemur að reglur hverfisverndar verði settar í deiliskipulagi. Skipulagsstofnun mælir með að nánari ákvæði um hvað felist í hverfisvernd svæðanna verði sett í aðalskipulaginu, þ.e. hvað er verið vernda. Bent er á að öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um samkvæmt aðalskipulagi skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Svæði undir náttúruvá

Í skipulagstillögunni er fjallað um sjóvarnargarð á Siglunesi og hann auðkenndur á sveitarfélagsupprætti með hringlaga tákni (V1). Í greinargerð er einnig greint frá sjóvarnargörðum í þéttbýli og þörf fyrir frekari sjóvarnir sem eru fyrirhugaðar á hafnarsvæðum. Til þess að samræma betur umfjöllun í greinargerð og skýringar á upprættum leggur Skipulagsstofnun til að allir núverandi og fyrirhugaðir sjóvarnargarðar verði auðkenndir með tákni á upprættum.

Skipulagsstonun bendir á að um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir evrópski forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum og þarf að koma fram á hvaða hönnunarhröðunarsvæði sveitarfélagið liggur. Fjallabyggð er í hæsta áhættuflokki. Samkvæmt Eurocode 8 ætti eftirfarandi texti að koma fram á skipulagsupprætti: "Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum".

Opið svæði til sérstakra nota

Á bls. 84 í skipulagstillögunni kemur fram að Héðinsfjörður sé skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota (U3) vegna sérstæðrar náttúrufegurðar og útivistargildis. Svæðið nýtur ekki verndar en tekið er fram að fjörðurinn sé tilgreindur í tillögum að friðlandi í Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Á bls. 26, í umfjöllun um verndarsvæði og minjar, kemur fram að brýnt sé að vinna að heildstæðri skipulagningu fyrir Héðinsfjörð m.t.t. þeirrar náttúru og fornminja sem þar er að finna.

Skipulagsstofnun bendir á að aðalskipulag er vettvangur stefnumörkunar um verndun og landnotkun þ.m.t. aðgengi og mannvirkjagerð. Ýmis ákvæði um landnotkun og umgengni í Héðinsfirði koma fyrir á nokkrum stöðum í greinargerð og telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að sett verði fram samræmd og heildstæð stefna á einum stað í greinargerð til leiðbeiningar og útfærslu á síðari stigum. Sem dæmi má nefna að í kaflanum um landbúnað (bls. 66) kemur fram að gert sé ráð fyrir færanlegri fjárrétt við veginn sem sett er upp árlega í tengslum við smölun og á bls. 84 er lagt til að gönguleiðir verði stikaðar og girðingum verði haldið í lágmarki auk þess sem gerð verði göngubrú. Á bls. 89 kemur fram að gert sé ráð fyrir áningastað við veginn, stigum sem tengjast inn á núverandi einkavegi og að umferð ökutækja um einkavegi takmarkist við landeigendur. Í kaflanum um frístundabyggð á bls. 97 eru tilgreind 3 frístundahús sem standa í firðinum og tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir frekari mannvirkjum nema þá göngubrú yfir ána norðan vegarins.

Svæði fyrir frístundabyggð

Á bls. 97 í umfjöllun um frístundabyggð kemur fram að á landbúnaðarsvæðum megi reisa tvö frístundahús á hverri jörð án þess að gera þurfi aðalskipulagsbreytingu. Skipulagsstofnun telur rétt að vísa til texta á bls. 134 í umhverfisskýrslu til að skýra nánar við hvaða aðstæður þetta eigi. Texti um stök frístundahús þarf líka að koma fram í stefnu um landnotkun á landbúnaðarsvæðum á bls. 66.

Á bls. 198 er tafla yfir svæði fyrir frístundabyggð. Ljúka þarf við töfluna og gera grein fyrir stærð allra núverandi og fyrirhugaðra svæða fyrir frístundabyggð, stefnu um þéttleika á hverju og einu svæði og öðru sem þurfa þykir með hliðsjón af því að aðalskipulagið er stefnumörkun um landnotkun til framtíðar.

Í kaflanum um svæði fyrir frístundabyggð kemur fram að vegna ofanflóðahættu í Héðinsfirði séu ekki forsendur fyrir því að skilgreina frekari frístundabyggð á svæðinu "...þar sem lögformlegt snjóflóðahættumat liggur ekki fyrir" (bls. 97). Skipulagsstofnun telur að skýra þurfi betur stefnu um uppbyggingu frístundabyggðar í firðinum þ.e. hvort áform um uppbyggingu verði endurskoðuð ef snjóflóðahættumat gefi tilefni til þess eða hvort náttúra og gróðurfar takmarki mannvirkjagerð sbr. lýsingu á sérstæðu náttúrufari fjarðarins á bls. 97.

Samgöngur

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir tveimur jarðgöngum: Ólafsfjarðargöngum og Fjótagöngum. Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að hún setji sig ekki á móti því að möguleg jarðgöng verði sett inn á aðalskipulagið en bendir á að staðsetning þeirra geti breyst þegar undirbúningur og rannsóknir fara af stað. Í umsögninni kemur einnig fram að jarðgöngin eru ekki í ætlunum Vegagerðarinnar eða samgönguráðuneytisins. Í greinargerð er lítil umfjöllun um fyrirhuguð jarðgöng s.s. hvaða forsendur og greiningarvinna liggur að baki ákvörðun um breytt stofnvegakerfi með jarðgöngum, tímasetning verkefnanna, staðarval gangnamunna, efnistaka/efnislosun, áhrif stefnunnar og framkvæmdanna á umhverfið og samanburður valkosta. Að mati stofnunarinnar er því ekki tímabært að festa jarðgöng í aðalskipulagi fyrr en betri upplýsingar liggja fyrir og leggur stofnunin því til að hugmyndir um staðsetningu gangnamunna og aðkomu að þeim verði einungis sýnd á skýringarmynd í greinargerð. Stefna um gerð jarðganga tengist tveimur sveitarfélögum og eru Fljótagögn sýnd í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 sem hefur verið samþykkt og afgreitt til staðfestingar umhverfisráðherra. Vegna samræmis á sveitarfélagamörkum er því

mögulegt að sýna jarðgöngin á skipulagsuppdrætti þrátt fyrir að staðfesting þeirra sé að mati Skipulagsstofnunar ótímabær. Ólafsfjarðargöng eru hins vegar ekki í samræmi við Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og því ætti ekki að sýna þau á uppdrætti.

Á sveitarfélagsuppdrætti er sýnd reiðleið í kringum Héðinsfjarðarvatn og meðfram Héðinsfirði austanverðum en í greinargerð kemur annars vegar fram að ekki er gert ráð fyrir reiðleið "út Héðinsfjörð" (bls. 88) og hins vegar að ekki sé gert ráð fyrir reiðleiðum í Héðinsfirði (bls. 89). Skipulagsstofnun bendir á að samræma þarf stefnu í greinargerð og landnotkun á uppdrætti. Í tillögunni er gert ráð fyrir reiðleiðum sem liggja að sveitarfélagamörkum við Dalvíkurbyggð. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að reiðleiðir á milli sveitarfélaga standist á til að tryggja samræmi á sveitarfélagamörkum.

Veitur

Tillagan gerir ráð fyrir stækkun Kerahnjúkavirkjunar í Burstabrekkudal sem felur í sér að Burstabrekkuvatn stækkar úr 69.000 m² í allt að 186.000 m². Skipulagsstofnun minnir á að gera þarf grein fyrir því hvaða aðrar framkvæmdir stækkun virkjunarinnar kallar á og fjalla um áhrif þeirra á umhverfið. Sýna þarf lónið eftir stækkun á uppdrætti.

Efnistökusvæði - landfyllingar

Í skipulagsstillögunni kemur fram að efnistökusvæði E9 verði frágengið árið 2010 en efni úr námunni hefur verið nýtt í gerð sjóvarnargarða. Þar sem stefnt er að því að loka efnistökusvæðinu á árinu telur Skipulagsstofnun ekki ástæðu til þess að skilgreina svæðið sem efnistökusvæði á skipulagsuppdrættinum þó um það sé fjallað í greinargerð. Á skipulagsuppdrættinum ætti að sýna þá landnotkun sem stefnt er að þegar frágangi svæðisins er lokið.

Í umfjöllun á bls 116 um efnislosun vegna gangagerðar eru settar fram áætlanir um efnismagn sem fellur til úr fyrirhuguðum Fljóta- og Ólafsfjarðargöngum. Gert er ráð fyrir að efni úr Fljótagöngum verði nýtanlegt í fyrirhugaðar landfyllingar á Siglufirði en efni úr Ólafsfjarðargöngum verði nýtt í landfyllingar í Ólafsfjarðarvatni. Skipulagsstofnun bendir á að mikil óvissa er um hvort eða hvenær verður ráðist í jarðgangagerð á svæðinu og þess vegna þarf að fjalla nánar um fyrirhugaðar landfyllingar s.s. hvort gerð landfyllinga sé háð því að ráðist verði í frekari jarðgangagerð og á hvaða svæðum verði byrjað að fylla upp í (áfangaskipting). Á bls. 120 er nefnd uppdæling úr sjó fyrir landfyllingar og þarf að skýra nánar hvar uppdæling komi til álita og afmarka viðkomandi svæði á skipulagsuppdráttinn ef það er innan netlaga (þ.e. allt að 115 m frá landi).

Ítarefni - viðaukar

Í aðalskipulagi skal setja fram stefnu um stærð einstakra svæða til mismunandi nota, þéttaleika og önnur einkenni eftir því sem við á. Í flestum tilvikum er það gert í aðalskipulagstillögunni m.a. í landnotkunartöflum aftast í greinargerð í kafla sem nefnist "ítarefni". Þar eru m.a. stefnumarkandi ákvæði og fyrirmæli sem verða útfærð í deiliskipulagi eða við útgáfu framkvæmdaleyfis. Skipulagsstofnun telur að skýrar þurfi að koma fram að upplýsingar í framangreindum landnotkunartöflum séu hluti af stefnu sveitarfélagsins og að vísa þurfi í viðeigandi texta og töflur með markvissari hætti. Að mati Skipulagsstofnunar væri mikill ávinningur í því að númera eða kaflaskipta ítarefninu. Bent er á að aðeins umhverfisskýrsla er kaflaskipt.

Stærð svæða og samhengi við landnotkun á uppdrætti

Yfirfara þarf stærðir og auðkenni svæða í greinargerð og á uppdráttum. Sem dæmi má nefna að skv. landnotkunartöflu í greinargerð er Ú22 motorkross-svæði við Ólafsfjörð en á skipulagsuppdrættinum er það merk Ú21. Ú19 er skráðgarður skv. skipulagsuppdrætti en er golfvöllur í landnotkunartöflu í greinargerð. Einnig þarf að yfirfara stærðir einstaka svæða sbr. svæði merkt F12 á þéttbýlisuppdrætti af Siglufirði sem er skráð 3 ha í landnotkunartöflu á bls. 198 og til samanburðar svæði F14 sem virðist heldur minna á uppdrættinum en er skráð 21,5 ha. Svæði merkt F13 er ekki afmarkað líkt og framangreind svæði heldur táknað með hringtákn en er engu að síður skráð 12,5 ha í landnotkunartöflunni. Skýrt þarf að vera hvort hringtákn stendur fyrir svæði undir tiltekinni stærð eða hvort það á við staka lóð.

Umhverfisskýrsla

Tengsl við aðrar áætlanir og upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið

Í umfjöllun um tengsl við aðrar áætlanir á bls. 129-130 þarf að gera grein fyrir því hvort og hvernig stefna og landnotkun í skipulagstillögunni tengist öðrum áætlunum sem skipta máli og hvernig verður brugðist við ósamræmi. Sem dæmi má nefna að ekki er skýrt hvernig hafi verið tekið mikið af náttúruverndaráætlun og náttúruminjasrá á stefnumörkun aðalskipulagsins eins og fram kemur á bls. 130. Bent er á að Aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012 féll úr gildi við gildistöku Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og einnig hefur verið samþykkt Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Það sama á við um viðmið/umhverfisverndarmarkmið sem stuðst er við til þess að leggja mat á það hvort umhverfisáhrif eru líkleg til að verða veruleg eða óveruleg. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að skýra betur hvaða viðmið úr lögum og reglugerðum skipta máli varðandi umhverfismatið, sbr. einnig umræðu um umhverfisvísa (nánari lýsing á umhverfisþætti) sem er að finna í texta og töflum í viðauka. Bent er á að reglugerð um hávaða er nr. 724/2008.

Í venslatöflu á bls. 152 er sett fram umhverfisviðmið fyrir umhverfisþáttinn náttúru sem felst í því að gert verði ráð fyrir 100 m breiðu belti meðfram ám, vötnum og sjó þar sem önnur mannvirki en til útivistar eru ekki leyfð. Skipulagsstofnun bendir á að stærðarviðmiðið, þ.e. 100 m belti, þarf einnig að koma fram í umfjöllun um náttúrufar á bls. 20 þar sem vikið er að deiliskipulagi svæða meðfram ám, vötnum og sjó og skýra hvort það eigi einnig við um nýjar landfyllingar í þéttbýli.

Umhverfisþættir

Í tillögum að mótvægisáðgerðum vegna neikvæðra umhverfisáhrifa kemur fram, á nokkrum stöðum í umhverfisskýrslunni, að huga þurfi að tilhögun og ásýnd tiltekinna framkvæmda svo þær falli vel að landslagi. Skipulagsstofnun hefði talið þörf á því að að umhverfisþátturinn landslag væri metinn með hliðsjón af því hvort landslag eða ásýnd breytist verulega við framfylgd stefnu aðalskipulagsins.

Mat á líklegum verulegum áhrifum

Fram kemur að bæði framkvæmdir við gerð jarðganga og gerð landfyllinga séu líklegar til að valda neikvæðum áhrifum "en þó dragi þær að sumu leyti úr þeim hjá hvor annarri þar sem neikvæðu áhrifin ganga og efnislosunar koma á móts við áhrif fyllingar að miklu leyti" (bls. 138). Skipulagsstofnun er ekki sammála þessari ályktun þar sem áhrif fyllingar

á sjávarbotn, dýra- og fuglalíf eru óbreytt hvaðan sem efnið í landfyllinguna kemur, enda kemur fram í niðurstöðum umhverfismatsins að landfyllingar hafi umtalsverð neikvæð áhrif. Skipulagsstofnun telur að skoða þurfi betur áhrif stefnu um landfyllingar ef ekki kemur til efni úr jarðgöngum.

Aðgerðir til þess að draga úr eða koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif og vöktun neikvæðra áhrifa

Skipulagsstofnun vekur athygli á að ef niðurstaða umhverfismats bendir til þess að stefnan eða tiltekin framkvæmd hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif á einn eða fleiri umhverfisþætti getur verið tilefni til að endurskoða stefnuna, breyta fyrirhuguðum framkvæmdum eða falla frá þeim.

Að mati Skipulagsstofnunar eru landfyllingar út í vatn á náttúruminjaskrá ekki í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um að hlúa að náttúrulegri sérstöðu Héðinsfjarðarvatns og Ólafsfjarðarvatns og því tekur stofnunin undir sjónarmið Umhverfisstofnunar í umsógn dags. 25. júní 2009 um að endurskoða ætti umfjöllun um stefnumið sem miða að miklum landfyllingum.

Í skipulagstillögunni kemur fram að ráðast þurfi í grunnrannsóknir á lífríki Ólafsfjarðarvatns og að mjög líklega þurfi að ráðast í aðgerðir til að bæta lífríki vatnsins vegna fyrirhugaðra landfyllinga. Einnig er lögð til vöktun lífríkis og vöktun áhrifa áður en framkvæmdir hefjast, á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum. Skipulagsstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir því hver beri ábyrgð á rannsóknum og eftirliti með lífríki vatnsins og hvenær stefnt sé að því að hefja nauðsynlegar athuganir.

Önnur atriði sem þarf að lagfæra í greinargerð og á uppdráttum

- Á bls. 21 er vísað í 11. gr. reglugerðar nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna en þar á væntanlega að vísa til reglugerðar um fráveitur og skólp (798/1999) eða reglugerðar um varnir gegn mengun vatns (796/1999).
- Á bls. 27 þarf að lagfæra textann þar sem segir "Vatnsból Fjallabyggðar eru fimm talsins, tvö á Siglufirði og tvö í Ólafsfirði".
- Endurskoða þarf texta á bls. 135 í umhverfisskýrslu þar sem segir að hafnarsvæði í þéttbýlunum séu minnkuð. Bent er á að þó núverandi hafnarsvæði séu að hluta til skilgreind sem athafnasvæði er gert ráð fyrir allstóru nýju hafnarsvæði á landfyllingu á Siglufirði.
- Skipulagsstofnun mælir almennt með að sveitarfélagsuppdráttur sé í mælikvarðanum 1:50.000. Bent er á að ósamræmi er í uppgefnum mælikvarða sveitarfélagsuppdráttar á bls. 9 í greinargerð þar sem kemur fram að tillagan sé sett fram á sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:100.000 en á smækkuðum uppdrætti í greinargerð er mælikvarðinn 1:50.000.
- Sýna þarf jarðamörk til skýringar á grunnkorti skipulagsuppdráttanna sbr. kafli 5.1.2. í skipulagsreglugerð.

Niðurstaða


Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra athugasemda. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingatíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal þá koma fram að tillagan liggi frammi ásamt athugasemdum

Skipulagsstofnunar við hana.

Skipulagsstofnun minnir á að tillagan og umhverfisskýrslan þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins auk þess sem gögnin þurfa að berast Skipulagsstofnun til upphengingar á auglýsingartíma. Uppdrættir þurfa að vera í réttum mælikvarða. Einnig þarf að senda skipulagsgögn til Umhverfisstofnunar, sbr. 3. og 4. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana, og gefa stofnuninni kost á að koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar.

Við endanlega samþykkt skipulagsáætlunarinnar þarf að liggja fyrir greinargerð sveitarstjórnar um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana. Í erindi sveitarfélagsins með samþykkttri skipulagsáætlun þarf að upplýsa hvort einhver annar aðili en sveitarsjóður og Skipulagssjóður hafi komið að greiðslu kostnaðar vegna aðalskipulagstillögunnar.


Guðrún Halla Gunnarsdóttir


Birna Björk Árnadóttir

Teikn á lofti,
Helgi Einarsson,
Skipagata 12,
602 Akureyri

10.04..2009


Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu að aðalskipulagi fyrir Fjallabyggð 2008-2028.

Skógrækt ríkisins hefur borist tillaga að aðalskipulagi Fjallabyggðar. Skipulagstillagan er ýtarleg og er ætlað að koma til skila einlægum ásetningi skipulagshöfunda um að þróun sveitarfélagsins verði sem farsælust.

Skógrækt ríkisins fagnar umfjöllun skýrsluhöfunda um skógrækt í greinargerð aðalskipulagsins, sem er í fullu samræmi við hugmyndir Skógræktar ríkisins um skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga.

Skógrækt ríkisins er til ráðuneytis og upplýsingar um frekari möguleika, áætlaagerð og framkvæmdir við skógrækt í sveitarfélaginu.

F.h Skógræktar ríkisins



Hallgrímur Indriðason
-skipulagsfulltrúi-

Afrit af bréfi þessu:
Fjallabyggð
Skipulagsstofnun

Teikn á lofti ehf
Hildur Stefánsdóttir,
landslagsarkitekt
Skipagötu 12
Pósthólf 170
602 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júní 2009
Tilvísun: UST20090100140/ksj

Tillaga að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028

Vísað er til erindis Teikn á lofti ehf. er barst 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028. Erindinu fylgja greinargerð og umhverfisskýrsla.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Tillaga að greinargerð

Markmið og tilhögun framtíðarbyggðar

Í umfjöllun um markmið um framtíðarbyggð kemur fram umhverfisstefna sveitarfélagsins, sem Umhverfisstofnun tekur undir. Að mati Umhverfisstofnunar er landfylling upp á 6,7 ha út í vatn á náttúruminjaskrá sem er sérstætt náttúruyfyrirbrigði, ekki í samræmi við þá umhverfisstefnu sveitarfélagsins sem sett er fram í aðalskipulagi.

Matsskyldar framkvæmdir

Í umfjöllun um landfyllingar kemur fram að gert er ráð fyrir landfyllingum á 7 stöðum í sveitarfélaginu, 5 á Siglufirði og 2 á Ólafsfirði. Þar af eru 3 af stærðinni 5 ha eða stærri og því eru þær tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Tvær af þessum stærri landfyllingum eru ráðgerðar inni á svæði á náttúruminjaskrá. Gert er ráð fyrir 6,7 ha fyllingu í Ólafsfjarðarvatn og er ráðgert að svæðið sem myndast fari undir íbúabyggð. Einnig er ráðgerð 8 ha fylling í ós Ólafsfjarðarvatns sem einnig er svæði á náttúruminjaskrá. Í greinargerð kemur fram að íbúum í Fjallabyggð hafi fækkað á undanförunum árum og á Ólafsfirði hafi íbúum fækkað undanfarin 2 ár. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun mikilvægt, ekki síst í ljósi náttúruverndarhagsmuna að skoða forsendur fyrir nauðsyn framangreindra landfyllinga. Að mati Umhverfisstofnunar er lítil umfjöllun um möguleg neikvæð umhverfisáhrif af landfyllingu í Ólafsfjarðarvatn. Ólafsfjarðarvatn er á náttúruminjaskrá sem mjög sérstætt náttúruyfyrirbrigði og því þyrfti að fara yfir helstu mótvægisaðgerðir svo ljóst væri að einstakir eiginleikar og mikið og fjölbreytt lífríki þess biði ekki hnekki ef kæmi til áætlaðra framkvæmda.

Landslag

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að við skógrækt sé ekki raskað við þeim svæðum þar sem náttúrulegur birkiskógur er til staðar. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda til 2020, *Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*, kemur fram að: „Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.“

Byggð og búseta

Umfjöllun um byggð og búsetu er að mestu helgaður Siglufirði og aðstæðum þar. Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið sem koma fram í kaflanum um íbúðaðróun og íbúðasvæði að auka þéttingu byggðar. Á Siglufirði er gert ráð fyrir íbúðabyggð á uppfyllingu við tjarnarsvæðið og er það talið eftirsóknarvert byggingarland þar sem tengslin við náttúruna og fuglalíf tjarnarinnar er náið. Umhverfisstofnun bendir á að uppfylling getur haft mjög neikvæð áhrif á fuglalíf tjarnarinnar þar sem um skerðingu búsvæðis fyrir fugla er um að ræða. Umhverfisstofnun bendir einnig á framangreinda stefnu stjórnvalda að: „Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.“ Þessi stefnumörkun kemur fram í riti sem Umhverfisstofnun gaf út og nefnist Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Umhverfisstofnun vill geta þess að tjarnir flokkast undir votlendi.

Frístundabyggð

Fram kemur að gert er ráð fyrir framtíðaruppbyggingu frístundabyggðar í Hólsdal við Skarðdal fyrir allt að 30 hús á 30.000 m² svæði. Umhverfisstofnun getur ekki séð að merkt sé fyrir svæðinu með viðeigandi lit. Að mati stofnunarinnar mætti merking frístundabyggða vera skýrari t.d. með númerum eins og efnistöku- og útivistarsvæði.

Ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar

Umhverfisstofnun telur markmið þau er fram koma í kaflanum um „Ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar“ afar skýr og eftirsóknarverð. Umhverfisstofnun telur 6,7 ha landfyllingu í Ólafsfjarðarvatn ekki í samræmi við ofangreind markmið.

Umhverfismat Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028

Umhverfismat stefnumiða aðalskipulagsins

Í umfjöllun um efnistöku/efnislosun kemur fram að efnislosun verður miklu meiri innan sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu heldur en efnistaka. Fyrirhugað er að nýta efni sem til fellur vegna gagnagerðar í sveitarfélaginu annars vegar til uppfyllingar á hafnarsvæði Siglufirðinga og hins vegar til fyllinga í Ólafsfjarðarvatn. Umhverfisstofnun bendir á að Ólafsfjarðarvatnið allt er á náttúruminjasrá, eða eins og skráin segir: „Ólafsfjarðarvatn, Eyjafjarðarsýslu. Vatnið allt ásamt ósi. Strandvatn, 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufyrirbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki.“ Einnig bendir Umhverfisstofnun á að Ólafsfjarðarvatn fellur undir 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir að stöðuvötn 1000 m² að stærð eða stærri njóti sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er landfylling út í Ólafsfjarðarvatn líkleg til að valda mikilli röskun á náttúruminum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í umhverfismati aðalskipulags hvernig svæðið er í dag í Burstabrekkudal sem gert er ráð fyrir að fari undir 300.000 m³ af efni og hver umhverfisáhrifin eru á Burstabrekkudal.

Náttúruvernd

Í umfjöllun um náttúruvernd kemur fram að ríflega 86 % af svæði sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá. Síðan segir „*Umhverfisvísar með engin teljandi áhrif voru fleiri en vissulega getur tillagan haft töluverð jákvæð eða neikvæða áhrif á fyrirkomulag byggðar sem takmarkast vissulega af verndarákvæðum.*“ Í umfjöllun um svæði á náttúruminjaskrá og stefnu tillögunnar um verndun á skipulagstímabilinu, er komist að þeirri niðurstöðu að verndarákvæði takmarki framkvæmdir á tilteknum svæðum. Að mati Umhverfisstofnunar eru verndarákvæði ekki takmarkandi á landnotkun, heldur kalla á annars konar landnotkun. Þar sem ferðamennska er snar þáttur í atvinnuuppbyggingu á svæði Fjallabyggðar kann vegna sérstæðs gróðurfars, landslagsheilda eða einstaks lífríkis, verndun að hafa mjög jákvæð áhrif á þá uppbyggingu. Í umfjöllun um mótvægisáðgerðir í kaflanum um náttúruvernd í umhverfisskýrslu segir: „*Gert er ráð fyrir að skapa aukið landrými fyrir íbúðarsvæði, hafnar, iðnaðar- og athafnastarfsemi á fyllingum í Ólafsfirði og Siglufirði svo ekki reynist nauðsynlegt að hrófla mikið við svæðum á náttúruminjaskrá.*“

Að mati Umhverfisstofnunar hefur þetta í för með sér að áætlaðar mótvægisáðgerðir til þess að hrófla ekki mikið við svæðum á náttúruminjaskrá eru þær að skapa m.a. svæði á fyllingum í Ólafsfirði fyrir íbúðarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar getur fylling í Ólafsfjarðarvatn til að skapa land fyrir íbúðarsvæði ekki talist mótvægisáðgerð við þann kost að byggja upp íbúðarsvæði á svæði á náttúruminjasvæði, enda í báðum tilvikum um að ræða rask á náttúruminum og bæði land og vatnið á náttúruminjaskrá. Þar af leiðandi er uppbygging neikvæð hvað varðar náttúrufar í báðum tilvikum og fellst Umhverfisstofnun því ekki á umhverfismat hvað varðar umhverfisþætti sem er á bls. 18.

Niðurstaða umhverfismats stefnumiða grunnkerfis

Í niðurstöðu umhverfismats kemur fram að: „*Áhrif stefnumiða á umhverfisþætti náttúrufars eru líkleg til að verða jákvæð, neikvæð eða ekki teljandi á skipulagstímabilinu og byggist að miklu leyti á nánari útfærslum á deiliskipulag- og/eða framkvæmdastigi.*“ Umhverfisstofnun er ósammála þessari niðurstöðu. Eins og fram hefur komið felast í tillögunum miklar áætlanir um landfyllingar í vatn annars vegar sem er á náttúruminjaskrá og undir sérstakri vernd og hins vegar landfyllingar í ós sem er á náttúruminjaskrá.

Gangagerð til nágrannasveitarfélaga

Í umfjöllun um valkosti við gangagerð milli sveitarfélagsins Fjallabyggðar og annarra sveitarfélaga er lítið fjallað um hagræna þætti. Í umfjöllun um samanburð ganga upp í Skarðsdal með gangnamunna ofan skógræktar og ganga inn úr Hólsdal með gangamunna vestur af vatnsverndarsvæði er aðeins minnst á hagræna þætti varðandi vegtengingar að göngum upp í Skarðsdal yrðu kostnaðarsamar. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að skoða alla þætti beggja kosta frá hagrænu sjónarmiði við mat á kostum. Sama er að segja um umfjöllun um valkosti vegna jarðvegsganga milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur er fjallað um 2 valkosti, þ.e. breikkun núverandi ganga og gerð snjóflóðavarna í Sauðanesskriðum. Þar er einungis minnst á hagræna þætti er varða: „*kostnaðarfrekar snjóflóðavarnir í Sauðanesskriðum en snjóflóðahætta er mikil á þessu svæði.....*“. Þar sem að í lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana er kveðið á um að kynna skuli umhverfismat áætlana fyrir almenningi telur Umhverfisstofnun mikilvægt að ef fjallað er um hagræna þætti, þurfi að fjalla um alla hagræna þætti beggja valkosta sem bornir eru saman í umhverfismati. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um kosti er varða jarðgangagerð í sveitarfélaginu Fjallabyggð að öðru leyti afar litla og lítið af upplýsingum um náttúrulegar aðstæður á þeim stöðum þar sem framkvæmdir yrðu væntanlegar ef til þeirra kæmi. Markmið laga um umhverfismat áætlana er: „*að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum*


umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“ Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um framkvæmdakosti þurfi að vera nokkuð ítarlegri hvað heildarmyndina varðar ef tilgangur laganna eigi að nást.


Umhverfismat stefnumiða í byggð og búsetu

Niðurstaða umfjöllunar um áhrif af framfylgd stefnumiða byggðar og búsetu eru gefinn lítill gaumur og sagt að þau geti orðið jákvæð, neikvæð eða engin áhrif á umhverfisþætti náttúrufars á útfærslur á deiliskipulags- eða framkvæmdatíma. Þar sem stefnumið skipulagsáætlunarinnar gera ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum getur Umhverfisstofnun ekki fallist á niðurstöður umhverfismatsins og telur að endurskoða þurfi umfjöllun um stefnumið sem miða að miklum landfyllingum.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Teikn á lofti ehf
Skipagata 12
600

Akureyri, 6. mars 2009
Tilvísun: 2009030016/10.10
MB/

Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 ásamt umhverfisskýrslu - umsögn.

Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að Aðalskipulagi Fjallabyggðar og umhverfisskýrslu. Eftirfarandi eru athugasemdir Vegagerðarinnar um þau mál sem snúa að henni auk nokkurra atriða í viðbót sem starfsmenn ráku augun í. Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni hefur þegar verið í samráði við höfunda vegna kafla um efnistöku. Engar athugasemdir eru gerðar við umhverfisskýrslu.

Í tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar er gert ráð fyrir breytingu á legu stofnbrautar í gegn um þéttbýlið á Siglufirði. Vegagerðin bendir á að í 28. gr. Vegalaga nr. 80/2007 segir: "*Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda.*" Vegagerðin bendir á að hafa þarf samráð um þessar breytingar skv. 28. gr. Vegalaga. Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 1. viðauka lið 10.i. eru stofnbrautir í þéttbýli ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum eins og fram kemur í umhverfisskýrslu.

Endurskoða þarf þá kafla sem fjalla um Héðinsfjarðargöng. Framkvæmdir eru komnar það langt að umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum vegna ganganna er óþörf. Gert er ráð fyrir að göngin verði opnuð fyrir umferð árið 2010.

bls 74: kafli 5.6.1.

Þar kemur fram að meðalárdagsumferð sé þegar orðin of mikil fyrir þau göng sem liggja um Ólafsfjarðarmúla. Það er kannski ekki alveg rétt að segja að umferð sé orðin of mikil en hægt er að segja að það stefni í það.

Göngin um Ólafsfjarðarmúla heita Múlagöng.

Snjóflóðahætta er einnig við vestari gangamunna Múlaganga.

Í textanum stendur að Vegagerðin hafi sagt að stefna eigi að gerð ganga milli Burstarbrekkudals og Hólsdals. Ekki hefur verið mótuð nein ákveðin stefna hjá Vegagerðinni eða samgönguráðuneyti um frekari jarðgangagerð á þessu svæði og því er frekar óheppilegt að í skipulaginu standi að Vegagerðin telji að stefni eigi að jarðgöngum á þessum stað. Vegagerðin setur sig ekki á móti því að möguleg jarðgöng séu sett inn á skipulagið en bendir

á að staðsetning gæti breyst þegar undirbúningur og rannsóknir fara af stað, sem aftur er ómögulegt að tímasetja þar sem göngin eru ekki inni á áætlunum enn sem komið er eins og bent er á hér á undan.

Munurinn á Múlagöngum og nýjum Ólafsfjarðargöngum mætti vera skýrari í umfjölluninni.

bls 74: kafli 5.6.2.

Jarðgöng milli Siglufjarðar og Fljóta = Fljótaleið? Mætti vera meira samræmi í titli og heiti ganga sbr. heiti á nýjum Ólafsfjarðargöngum.

bls 96: kafli 7.1.1.4.

Hvað með þekkta snjóflóðastaði utan þéttbýlis, s.s. á vegum?

bls 104:

Neðst er talað um friðlýst svæði o.fl. í *þéttbýlinu* en á líklega að standa í *sveitarfélaginu*.

bls 116:

Talað er um fyrirhuguð Héðinsfjarðargöng, þau eru komin lengra en að vera fyrirhuguð.

bls 129: kafli 7.3.2.

...einn skáli Slysavarnarfélagsins Landsbjargar auk ...

bls 142 1.7.2.6

Er ekkert slökkvilið/brunavarnir á Ólafsfirði? Hvað með björgunarsveitir og björgunarskip?

bls 144- kafli 7.5.4:

Virðist vera endurtekning á nokkrum stöðum sbr. kafla 7.5.4.1 og 7.5.4.4 sem báðir fjalla um íþróttasvæði. Er ekki skotsvæði í Ólafsfirði?

Virðingarfyllst,


Magnús Björnsson



Svör við athugasemdum

Athugasemdafrestur við auglýsta tillögu var á tímabilinu 23. júní til og með 21. júlí 2010. Alls bárust 11 athugasemdir frá eftirfarandi aðilum:

- Eigendum Sigluness 4, 5 og 6
- Guðnýju Róbertsdóttur, Árósi, Siglufirði
- Halldóru Salbjörgu Björgvinsdóttur, Siglufirði
- Veiðifélagi Ólafsfjarðar
- Landssambandi hestamannafélaga
- Landeigendum Garði II
- Hestamannafélaginu Gnýfara
- Félag fjárbænda í Ólafsfirði

Athugasemdum var svarað með formlegum hætti í bréfpósti sem dagsettur var 26. október 2010.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar
Gránugötu 24
580 Siglufirði

R. 29/7/2010

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 – 2028.

Undirrituð hafa alvarlegar athugasemdir við umrædda tillögu. Þær snúast um tvennt. Annars vegar um það sem segir á bls 111 í kaflanum um grunnkerfi:

„Aðrar sjóvarnir

Á Siglunesi er fiskverkunarhús og fristundahús sem eru á skilgreindu svæði undir náttúruvá. Þar er gert ráð fyrir að sjóvarnargarðar verði reistir mjög fljótt á skipulagstímabilinu til að forðast tjón. Áætlað er að garður við fiskverkunarhús verði ca. 60 m að lengd og við fristundahús ca. 20 m, eru þeir merktir V1 á uppdrætti. Efni verður sótt í námu úr framhlaupi vestan við Siglunesvíta, E9.”

og hins vegar um það sem segir á bls 116 í sama kafla:

„Siglufjörður

Norðan þéttbýlisins á Siglufirði er efnistökusvæði, E1, þar sem opin er grjót- og malarnáma. Norður á Siglunesi er grjótnáma, E5, einkum ætluð fyrir gerð tveggja sjóvarnargarða á Siglunesi.”

Við snúum okkur nú fyrst að athugasemdum, sem við höfum við sjóvörnina. Umræddir sjóvarnargarðar hafa verið á samgönguáætlun frá því árið 2003. Undirritum hefur ekki enn tekist að fá upplýsingar um það frá bæjarfélaginu hvert var upphafið að þessu máli öllu og hvaða afgreiðslu það fékk á sínum tíma í nefndum og ráðum bæjarins, þrátt fyrir ítrekaðar óskir um það til bæjarfélagsins. Við höfum þannig ekki getað áttað okkur á hvort í því ferli geti verið efni til stjórnsýslukæru á hendur Siglufjarðarbæ. Hins vegar vitum við að til eru í landinu lög um sjóvarnir (lög nr 28/1997). Þær sem byggingarnar, sem fyrirhugað er að verja eru hvorki „dýrmæt mannvirki“ né „menningarminjar“ sbr. 1. gr umræddra laga. Í öðru lagi á, samkvæmt lögnum, að hafa samráð við „hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu koma“. Við erum í hópi landeigenda, sem ráða yfir tæpum helmingi landgæða á Nesi og við okkur hefur ekki verið haft neitt samráð. Slíkt háttalag er sérlega alvarlegt þar sem í upphafi 2. mgr 7. gr. laga 28/1997 er lögð svohljóðandi kvöð á eigendur: „Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst 1/8 hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á.“ Síðar í sömu mgr. segir: „Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar sker hafnarráð úr. Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en þessi skipting liggur fyrir.“ Af þessu má vera ljóst að ekki hefur verið farið að lögum í veigamiklum atriðum við undirbúning þessara fyrirhuguðu sjóvarnargarða á Siglunesi.

Þá viljum við gera grein fyrir athugasemdum okkar um fyrirhugaða efnistöku og grjóttflutning á Nesi. Fyrir það fyrsta er það mikið óráð að opna nýja námu vegna þessara framkvæmda. Við getum ekki skilið annað en að nóg grjót sé að hafa í bæjarfélaginu. Það er opin náma á Siglufirði og svo hlýtur að vera hægt að fá þessa fáeinu steina úr Héðinsfjarðargöngunum líka. Algjör

óþarfi er að fara að niðast á viðkvæmu landi á Nesi til að fá grjót í sjóvarnir þar. Í öðru lagi er ljóst að eigi að vinna verkið eins og lýst er verður það ekki gert öðru vísi en að stórsjá á landinu. Vegaslóðinn er frá því fyrir miðja síðustu öld og stór hluti hans lagður yfir mýri. Nú þolir slóðinn með naumindum þau farartæki, sem eru á Nesi, þ.e. gamlan Landrover, og gamla traktora, sem landeigendur nota. Þessar ráðagerðir þýða að okkar viti stórfelld landspjöll á viðkvæmu landi og eyðileggingu á vegaslóðanum.

Að lokum viljum við leyfa okkur að segja að ýmsar áherslur í umræddu aðalskipulagi eru vel hugsaðar og verða til heilla fyrir íbúa svæðisins og landsmenn alla. Við eigum merka sjósóknarsögu og strandmenningu, sem alltof lítill gaumur hefur verið gefinn að okkar viti. Í itarefninu á bls 190 undir kaflanum: Mikilvægar fornminjar er þessi liður:

„3. Ef ekkert verður að gert mun fjöldi rústahóla á Siglunesi hverfa í sjó innan fárra ára eða áratuga. Nauðsynlegt er að gripa til aðgerða til að safna upplýsingum um minjarnar og forða gripum sem kunna að vera í hólunum frá því að sópast í sjóinn. Staðurinn er sérlega áhugaverður til rannsókna, enda er Siglunes talið eitt af elstu útverum landsins.“

Nær væri að þróa þessa hugsun í samráði við Minjavernd Íslands, Sjóminjasafnið á Siglufirði, Þjóðminjasafn ofl. Hér er um mikilvæga almannahagsmuni að ræða. Þarna eru mögulega mikil verðmæti sem nýst gætu til skilnings á sögunni, í ferðapjónustu o.s.frv. Nesið minnkar ár frá ári og þar er þörf á sjóvörn en slíkt er risavaxið verkefni sbr. bls 41 í kaflanum um náttúru en þar segir um Siglunes:

„Tangi sem gengur vestur úr nesinu fyrir mynni Siglufjarðar er skilgreindur sem svæði undir náttúruvá sökum ágangs sjávar.“

Að okkar hyggju er mikilvægara að láta almannafé til þessarar tveggja verkefna á Nesi í stað þess að verja tvö hróatildur, sem sett voru niður á fjörुकambinum fyrir u.þ.b. þremur áratugum. Staðsetningin var þá ákveðin af viðkomandi einstaklingum á óskiptu landi án þess að spyrja kóng né prest. Þar tóku þeir mikla áhættu sem þeim mátti alveg vera ljós eins og öllum kunnugum, sem höfðu horft á landbrotið áratugum saman. Það er stórlega ámælisvert að nota skattfé almennings á Íslandi til að losa þetta fólk undan ábyrgð á eigin heimsku.

Í ljósi þessara athugasemda gerum við kröfu um að þessir fyrirhuguðu sjóvarnargarðar verði teknir út úr þessu aðalskipulagi.

Með vinsemd,

Árdís Þórðardóttir

Þórður Þórðarson

Sigríður H. Þórðardóttir
Sigríður Anna Þórðardóttir



Svar:

Skipulagsnefnd fór í vettvangsskoðun á Siglunes þann 3. september 2010. Nefndin tekur undir framkomnar athugasemdir vegna opnunar námu á Siglunesi og samþykkir að fella námuna út af auglýstri tillögu að aðalskipulagi. Nefndin telur hins vegar að áfram skuli gert ráð fyrir sjóvörnum á Siglunesi í samræmi við tillögur Siglingastofnunar.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar
Gránugötu 24
580 Siglufirði

R. 29/7/2010

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 – 2028.

Undirrituð hafa alvarlegar athugasemdir við umrædda tillögu. Þær snúast um tvennt. Annars vegar um það sem segir á bls 111 í kaflanum um grunnkerfi:

„Aðrar sjóvarnir

Á Siglunesi er fiskverkunarhús og frístundahús sem eru á skilgreindu svæði undir náttúruvá. Þar er gert ráð fyrir að sjóvarnargarðar verði reistir mjög fljótt á skipulagstimabilinu til að forðast tjón. Áætlað er að garður við fiskverkunarhús verði ca. 60 m að lengd og við frístundahús ca. 20 m, eru þeir merktir V1 á uppdrætti. Efni verður sótt í námu úr framhlaupi vestan við Siglunesvíta, E9.”

og hins vegar um það sem segir á bls 116 í sama kafla:

„Siglufjörður

Norðan þéttbýlisins á Siglufirði er efnistökusvæði, E1, þar sem opin er grjót- og malarnáma. Norður á Siglunesi er grjótnáma, E5, einkum ætluð fyrir gerð tveggja sjóvarnargarða á Siglunesi.”

Við snúum okkur nú fyrst að athugasemdum, sem við höfum við sjóvörminna. Umræddir sjóvarnargarðar hafa verið á samgönguáætlun frá því árið 2003. Undirritum hefur ekki enn tekist að fá upplýsingar um það frá bæjarfélaginu hvert var upphafið að þessu máli öllu og hvaða afgreiðslu það fékk á sínum tíma í nefndum og ráðum bæjarins, þrátt fyrir ítrekaðar óskir um það til bæjarfélagsins. Við höfum þannig ekki getað áttað okkur á hvort í því ferli geti verið efni til stjórnsýslukæru á hendur Siglufjarðarbæ. Hins vegar vitum við að til eru í landinu lög um sjóvarnir (lög nr 28/1997). Þær sem byggingarnar, sem fyrirhugað er að verja eru hvorki „dýrmæt mannvirki“ né „menningarminjar“ sbr. 1. gr umræddra laga. Í öðru lagi á, samkvæmt lögnum, að hafa samráð við „hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu koma“. Við erum í hópi landeigenda, sem ráða yfir tæpum helmingi landgæða á Nesi og við okkur hefur ekki verið haft neitt samráð. Slíkt háttalag er sérlega alvarlegt þar sem í upphafi 2. mgr 7. gr. laga 28/1997 er lögð svohljóðandi kvæði á eigendur: „Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst 1/8 hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á.“ Síðar í sömu mgr. segir: „Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar sker hafnarráð úr. Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en þessi skipting liggur fyrir.“ Af þessu má vera ljóst að ekki hefur verið farið að lögum í veigamiklum atriðum við undirbúning þessara fyrirhuguðu sjóvarnargarða á Siglunesi.

Þá viljum við gera grein fyrir athugasemdum okkar um fyrirhugaða efnistöku og grjótfletning á Nesi. Fyrir það fyrsta er það mikið óráð að opna nýja námu vegna þessara framkvæmda. Við getum ekki skilið annað en að nóg grjót sé að hafa í bæjarfélaginu. Það er opin náma á Siglufirði og svo hlýtur að vera hægt að fá þessa fáeinu steina úr Héðinsfjarðargöngunum líka. Algjör

Óþarfi er að fara að niðast á viðkvæmu landi á Nesi til að fá grjót í sjóvarnir þar. Í öðru lagi er ljóst að eigi að vinna verkið eins og lýst er verður það ekki gert öðru vísi en að stórsjái á landinu. Vegaslóðinn er frá því fyrir miðja síðustu öld og stór hluti hans lagður yfir mýri. Nú þolir slóðinn með naumindum þau farartæki, sem eru á Nesi, þ.e. gamlan Landrover, og gamla traktora, sem landeigendur nota. Þessar ráðagerðir þýða að okkar viti stórfelld landspjöll á viðkvæmu landi og eyðileggingu á vegaslóðanum.

Að lokum viljum við leyfa okkur að segja að ýmsar áherslur í umræddu aðalskipulagi eru vel hugsaðar og verða til heilla fyrir íbúa svæðisins og landsmenn alla. Við eigum merka sjósóknarsögu og strandmenningu, sem alltof lítill gaumur hefur verið gefinn að okkar viti. Í itarefninu á bls 190 undir kaflanum: Mikilvægar fornminjar er þessi liður:

„3. Ef ekkert verður að gert mun fjöldi rústahóla á Siglunesi hverfa í sjó innan fárra ára eða áratuga. Nauðsynlegt er að gripa til aðgerða til að safna upplýsingum um minjarnar og forða gripum sem kunna að vera í hólunum frá því að sópast í sjóinn. Staðurinn er sérlega áhugaverður til rannsóknna, enda er Siglunes talið eitt af elstu útverum landsins.“

Nær væri að þróa þessa hugsun í samráði við Minjavernd Íslands, Sjóminjasafnið á Siglufirði, Þjóðminjasafn ofl. Hér er um mikilvæga almannahagsmuni að ræða. Þarna eru mögulega mikil verðmæti sem nýst gætu til skilnings á sögunni, í ferðapjónustu o.s.frv. Nesið minnkar ár frá ári og þar er þörf á sjóvörn en slíkt er risavaxið verkefni sbr. bls 41 í kaflanum um náttúru en þar segir um Siglunes:

„Tangi sem gengur vestur úr nesinu fyrir mynni Siglufjarðar er skilgreindur sem svæði undir náttúruvá sökum ágangs sjávar.“

Að okkar hyggju er mikilvægara að láta almannafé til þessarar tveggja verkefna á Nesi í stað þess að verja tvö hróatildur, sem sett voru niður á fjörुकambinum fyrir u.þ.b. þremur áratugum. Staðsetningin var þá ákveðin af viðkomandi einstaklingum á óskiptu landi án þess að spyrja kóng né prest. Þar tóku þeir mikla áhættu sem þeim mátti alveg vera ljós eins og öllum kunnugum, sem höfðu horft á landbrotið áratugum saman. Það er stórlega ámælisvert að nota skattfé almennings á Íslandi til að losa þetta fólk undan ábyrgð á eigin heimsku.

Í ljósi þessara athugasemda gerum við kröfu um að þessir fyrirhuguðu sjóvarnargarðar verði teknir út úr þessu aðalskipulagi.

Með vinsemd,

Árdís Þórðardóttir

Þórður Þórðarson

Árni Valdimar Þórðarson

Sigríður Anna Þórðardóttir

Jónas Þórðarson 160867-4699
Jónas Þórðarson

Svar:

Skipulagsnefnd fór í vettvangsskoðun á Siglunes þann 3. september 2010. Nefndin tekur undir framkomnar athugasemdir vegna opunar námu á Siglunesi og samþykkir að fella námuna út af auglýstri tillögu að aðalskipulagi. Nefndin telur hins vegar að áfram skuli gert ráð fyrir sjóvörnum á Siglunesi í samræmi við tillögur Siglingastofnunar.

Fjallabyggð
b.t. byggingafulltrúa
Gránugötu 24
58 Siglufirði



Siglufirði, 3. ágúst 2010

Athugasemdir eigenda Siglunes 4, 5 og 6 við tillögum að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

Þann 23. júní sl. voru tillögur að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 birtar á heimasíðu sveitafélagsins og hagsmunadílum var boðið að koma að athugasemdum.

Í umræddum tillögum er gert ráð fyrir grjótnámu við vitann á Siglunesi og er hún merkt E5 á korti. Fyrirhugað er að nota efni úr námunni í sjóvarnargarða. Eftirfarandi athugasemdir landeigenda að Siglunesi 4, 5 og 6 lúta að fyrirhugaðri grjótnámu við vitann. Athugasemdirnar lúta annars vegar að formhlið ákvörðunar um að opna þar grjótnámu og hins vegar að efnishlið málsins.

Hvað varðar formhlið ákvörðunar um að opna grjótnámu til efnistöku í sjóvarnargarða þá virðist hugmyndin að slíku hafa kviknað með skoðunarferð þáverandi tæknifulltrúa Fjallabyggðar með eiganda fiskverskunarhúss sem til stendur að verja, út á Siglunes. Í kjölfar þeirrar skoðunarferðar ritar tæknifulltrúi bæjarins Siglingastofnun bréf, dags. 31. mars 2006, þar sem óskað er eftir framlagi til sjóvarna við fiskverkun Stefáns Einarssonar, þ.e. umsókn um framlag á samgönguáætlun 2007-2010. Þrátt fyrir ítarlega leit hjá Fjallabyggð hafa ekki fundist nein gögn frá þessum tíma um að beiðni starfsmanns sveitarfélagsins til Siglingastofnunar hafi verið rædd formlega hjá nefndum bæjarins eða bæjarstjórn. Málinu virðist síðan framhaldið eftir bréf frá „landeigendum að Siglunesi“ dags. 3. nóvember 2009, barst bæjaryfirvöldum þar sem óskað er eftir að opnuð yrði náma. Athygli vekur að undir það bréf rita aðeins bræðurnir Hjalti og Stefán Einarssynir ásamt syni Hjalta. Þeir eru m.a. eigendur að fiskverkunarhúsinu sem verja skal með grjóti úr grjótnámunni. Rétt er í þessu sambandi að benda á að umrætt fiskverkunarhús stendur í óskiptu landi en að því landi eru einnig undirrituð eigendur.

Athygli vekur að í bréfi annarra landeigenda, þ.e. Önnu Marie og Björns Jónsbarna, sem eru eigendur hins hússins sem verja skal með grjóti úr gjótnámunni, er ekki minnst einu orði á grjótnámu. Þau óska aðeins eftir að hús þeirra sé varið fyrir ágangi sjávar. Í kjölfar bréfs Stefáns og Hjalta Einarssona og sonar Hjalta má sjá að í samskiptum bæjaryfirvalda við bæði samgögnuráðuneytið og Siglingastofnun er gengið út frá því að við sjóvarnir á Siglunesi verði notað grjót úr fyrirhugaðri grjótnámu og að það sé í fullu samráði við landeigendur.

Í lögum um sjóvarnir nr. 28/1997 er kveðið á um að við gerð áætlana um sjóvarnir skuli Siglingastofnun hafa samvinnu og samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu komi, sbr. 2. mgr. 3. gr. Einnig er kveðið á um að landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafi af varnaraðgerðum á landi sínu, greiði minnst 1/8 hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og standlengju sem verja á. Siglingastofnun skal gera tillögur um skiptingu kostnaðar og leggja fram til afgreiðslu hlutaðeigandi sveitarstjórna. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar skeri hafnarráð úr. Ekki er heimilt að hefja framkvædir fyrr en þessi skipting liggur fyrir, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Í máli þessu hefur ekkert samráð verið haft við landeigendur að Siglunesi 4, 5 og 6 en þeir eru eigendur að stærstum hluta lands á Siglunesi. Þar af leiðandi er ljóst að skýlaust lagaákvæði þar að lútandi hefur verið brotið. Þar sem fiskverkunarhús það sem verja skal stendur í óskiptu landi er ljóst að kostnaður af fyrirhugaðri framkvæmd fellu einnig að miklu leyti á þá landeigendur sem ekkert samráð hefur verið haft við um fyrirhugaða framkvæmd.

Í greinagerð um 7. gr. með frumvarpi því sem varð að lögum um sjóvarnir er einnig áréttað sérstaklega að skipting kostnaðar milli landeigenda og hlutur sveitastjóðs skuli liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjist. Engin kostnaðaráætlun um skiptingu kostnaðar milli landeigenda hefur verið lögð fram af hálfu bæjaryfirvalda en það eitt og sér fellur einnig í sér brot á ákvæðum laga um sjóvarnir.

Hvað varðar efnislegar athugasemdir við fyrirhugaða grjótnámu þá eru þær helstar að umrædd grjótnáma muni raska mjög viðkvæmu umhverfi starðarins, bæði gróðri og fuglalífi auk þess sem vegarslóðinn sem flytja á grjótið eftir mun ekki þola slíka þungaflutninga. Rétt er að benda á að umræddur vegarslóði er í óskiptu landi allra landeigenda.

Svæðið þar sem fyrirhuguð grjótnáma er staðsett er á náttúruminjasrá auk þess sem að á svæðinu eru mikilvægar fornminjar. Engin skráning eða skoðun hefur þó farið fram á þessum merku fornminjum. Við opnun námunnar og flutnings efnis úr henni er ljóst að bæði merk náttúra og fornminjar muni fara forgörðum auk þess sem fyrirhugað er að

flytja efni úr grjótnámunni eftir gömlum vegarslóða niður í fjöru. Slóðinn liggur að mestu leyti yfir mýlendi. Slíkt er að okkar mati alveg fráleitt og lýsir mikilli vanþekkingu á staðhátum á Siglunesi. Umræddur vegarslóði hefur verið í óskiptir sameign eigenda í ómunatíð. Með samkomulagi landeigenda dags. 23. maí 1939 var ákveðið að vegurinn væri ætlaður til umferðar, sameiginlega fyrir eigendur en upphaflega var aðeins um reiðveg að ræða. Við komu hermanna á Siglunes í seinni heimstyrjöldinni var strax ljóst að vegurinn myndi ekki bera tæki þeirra og tól og var reynt að styrkja hann með því að setja undir hann sandpoka. Eftir þá aðgerð bar vegurinn að einhverju leyti tæki þeirra. Ekki var þó um þung tæki að ræða. Í dag er vegurinn því í sama ástandi og hann var árið 1945.

Landeigendur að Siglunesi 4, 5 og 6 hafa notað dráttarvél að gerðinni Deutz árgerð 1955 sem er um 500 kg. að þyngd, til flutninga á aðföngum. Það var gert þar sem útséð var að vegurinn myndi ekki bera nýrri og þyngri dráttarvél. Til samanburðar má benda á að Stefán og Hjalti Einarssynir, sem óska eftir opnun námunnar, hafa um árabíl notað óskráðan vörubíl undir sína flutninga og ber vegurinn þess merki.


Vegurinn er einfaldlega ekki gerður fyrir svo þung tæki. Fyrir vikið er með ólíkindum að fyrirhugað sé að flytja um 1600 rúmmetra af efni úr fyrirhugaðri grjótnámu á þungum vinnuvélum, eftir vegarslóðanum. Flutningur á slíku efnismagni kallar á um 100 ferðir fram og til baka eftir vegarslóða sem rétt ber 500 kg. traktor.

Röksemdir þær sem fram hafa komið um að umræddir flutingar muni fara fram þegar frost er í jörðu mega sín lítils. Slíkt viðvarandi frost hefur ekki verið á Siglunesi undanfarna vetur og í ljósi hlýnandi loftslags getur liðið langur tími þangað til það verður. Styrking vegarins dugar að sama skapi skammt. Til að vegurinn beri þyngd fullhlaðinnna þungavinnuvéla þyrfti hreinlega að byggja hann upp á nýtt. Slíkt verður aftur á móti ekki gert nema með leyfi og sátt landeigenda.

Loks er rétt að benda á að nægt efni í sjóvarnir má fá úr opinni grjót- og malarnámu, E1 á korti, hinu megin við fjörðinni, þ.e. Siglufjarðarmegin eða hreinlega úr Héðinsfjarðargöngum. Efnið er síðan hægt að flytja sjóleiðina út á Siglunes. Slíkt hefði ekki í för með sér neinar raskanir á viðkvæmu landi, fornminjum eða vegarslóða í sameign landeigenda á Siglunesi.

Að teknu tilliti til alls framangreinds er þess krafist að fyrirhuguð grjótnáma á Siglunesi verði felld úr aðalskipulagi Fjallabygðar 2008- 2028.

Virðingarfyllst,
f.h. neðangreindra landeigenda að Siglunesi 4, 5 og 6,



Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir
Laugarvegi 14, 580 Siglufirði

Þórður Sigurðsson, Böðvarsgötu 11, Borgarnesi
Dánarbús Hafsteins Sigurðssonar, Hraunbæ 168, Reykjavík
Anna Hildigunnur Jónasdóttir, Neðstaleiti 16, Reykjavík
Valgeir Tómas Sigurðsson, Aðalgötu 2, Siglufirði
Þórunn Þórðardóttir, Kárastíg 9, Reykjavík
Árni Þórðarson, Calle Timon, Casas Virginia 4, Gran Canaria
Margrét St. Þórðardóttir, Hávegi 21, Siglufirði

Svar:

Skipulagsnefnd fór í vettvangsskoðun á Siglunes þann 3. september 2010. Nefndin tekur undir framkomnar athugasemdir vegna opnunar námu á Siglunesi og samþykkir að fella námuna út af auglýstri tillögu að aðalskipulagi. Nefndin telur hins vegar að áfram skuli gert ráð fyrir sjóvörnum á Siglunesi í samræmi við tillögur Siglingastofnunar.

Brynhildur Baldursdóttir

From: Ólafur Ólafsson
Sent: 4. ágúst 2010 08:55
To: Stefán Ragnar Hjálmarsson; Ingibjörg Magnúsdóttir
Cc: Brynhildur Baldursdóttir
Subject: FW: Viðbót við ath.semdir frá Eigendum Siglunes 4,5,6,

Fjallabyggð



Ólafur Þór Ólafsson
Skrifstofu- og fjármálastjóri
Beinn sími: 464 9104 / 849 2000

Netfang: olafur@fjallabyggd.is

Grénugötu 24
580 Sígufirði
Sími: 464 9100 / Fax: 464 9101

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarn.
Hafið þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um
fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

From: Þórunn Þórðardóttir [mailto:thorunn@norvik.is]
Sent: 4. ágúst 2010 08:40
To: Ólafur Ólafsson
Subject: Viðbót við ath.semdir frá Eigendum Siglunes 4,5,6,

Sæll Óli

Ykkur hefur væntanlega borist bréf í pósti frá Eigendum Sigluness 4,5,6, (Bröndukvísl 8, 110 R) varðandi
Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

Ég og Árni V. Þórðarson sem bæði erum eigendur, erum stödd erlendis. Við erum sammála þessum athugasemdum,
og óskum eftir því að okkar nöfnum verði bætt við umræddar athugasemdir.

Bestu kveðjur

Þórunn Þórðardóttir 1412504429

Árni V. Þórðarson 2801544749

Bæjarstjórn Fjallabyggðar
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 – 2028.

Undirrituð hefur eftirfarandi athugasemdir varðandi byggingu sjóvarnargarða á Siglunesi við Siglufjörð.

Teikn á lofti ehf. vann greinargerð og umhverfisskýrslu fyrir hönd Fjallabyggðar og Siglingastofnunar, framkvæmdaaðila sjóvarnargarða á Siglunesi og eru neðangreindar tilvísanir í þá greinargerð.

Á bls. 3 kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé að varna tjóni á fiskverkunarhúsi og frístundarhúsi sem standa á vestaverðu Siglunesi.

Á bls. 4 kemur fram að landbrot sé mikið á Siglunesi sem sé öldubrjótur frá náttúrunnar hendi og skýli Siglufjarðarhöfn fyrir úthafsöldu. Landbrotið á Siglunesi valdi breytingum á sjólagi sem hafi í för með sér verri hafnarskilyrði á Siglufirði.

Væri því ekki nær að hefja framkvæmdir við þá sjóvarnargarða en að verja fiskverkunarhús sem að engin fiskverkun hefur átt sér stað í til fjölda ára og frístundarhús?

Þess má geta að fyrrnefnt fiskverkunarhús stendur á landi sem ætlað er til sameiginlegra nota fyrir bryggju og tilheyrir sameign allra (sjá í meðfylgjandi skjali um skipti á landi Sigluness lið C. 6 bls.6)¹.

Framkvæmdir við byggingu umrædds fiskverkunarhúss reyndu landeigendur að stöðva 1978 (sjá meðfylgjandi bréf til Byggingarfulltrúa Siglufjarðar, Hauks Helgasonar frá Þórði Sigurðssyni)².

Á bls. 7 er fjallað um fornminjar, að á Siglunesi sé fjöldi rústahóla sem hverfa muni í sjó innan fárra ára eða áratuga verði ekkert að gert. Væri ekki nær að verja þær?

Á bls.12 um áætlun um efnistöku að leitað hafi verið af líklegum stöðum til að vinna grjót í grjótvarnir í nágrenni við áætlaða framkvæmd. Samt sem áður segir líka að engar klappir séu þekktar sem gefi möguleika á að sprengja og vinna nothæft stórgrýti í sjóvörn. Besti kosturinn sé talinn að „finna nothæft grjót“ í framhlaupi úr Nesnúpnunum sem sé upp undir Siglunesvita.

Leitið og þér munið finna stendur ritað, en ég spyr: Hvar á að finna þetta grjót? Hvernig á sú framkvæmd að fara fram?

Á að reyna að finna nothæft efni sem er á bilinu 1.200-1.600m³ í námusvæði sem að mestu leiti er mól en ekki grjót?

¹ Skipti á landi Sigluness

² Bréf til Byggingarfulltrúa Siglufjarðar, Hauks Helgasonar frá Þórði Sigurðssyni




Á bls. 11 í framkvæmdalýsinu kemur fram að flytja eigi vinnuvélar á staðinn á sjó með pramma frá Siglufirði. Þær eigi svo að keyra eftir vegslóðanum sem fyrir er á Siglunesi á meðan frost sé í jörðu. Vegslóða sem að varla þolir að keyrt sé eftir honum á gamalli dráttarvél sem er ca. 500 kg. Hvenær er nægjanlegt frost í jörðu svo að vegslóðinn þoli þungar vinnuvélar? Hver á að meta það? Þessi vegslóði liggur í mýrlendi og þolir ekki þau farartæki sem að sumir hafa ætlað honum en þá flattist hann bara út, þrátt fyrir að það hafi ekki verið neinir þunga flutningar.

Ég tel reyndar að auðveldara sé að flytja grjót úr námu á Siglufirði sem merkt er E1 á korti í þessa framkvæmd, ef að verður. Nota mætti líka grjót úr Héðinsfjarðargöngum. Hlýtur að vera einfaldari framkvæmd en að fara að „finna nothæft grjót“ sem ekki er til á Siglunesi og hefði í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar á viðkvæmri náttúrunni þar. Hlýtur að vera hægt að flytja grjót með pramma frá Siglufirði ef að það er hægt að flytja vinnuvélar þangað.

Að teknu tilliti til framangreinds óska ég eftir að þessi framkvæmd verði endurskoðuð og grjótnáma á Siglunesi verði felld úr aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 – 2028 svo og afnot af vegi sem ekki þolir þungar vélar og er í sameign allra landeigenda.

Að lokum vil ég svo ávita Fjallabyggð og Siglingamálastofnun fyrir það að hafa ekki haft nein samráð við landeigendur Sigluness 4, 5 og 6 varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir³. Þessir landeigendur eiga tæplega 50% af lanareigninni Siglunes.

Virðingarfyllt



Margrét St. Þórðardóttir
Kt. 250759-4369

Meðfylgjandi: Gögn sem vitnað er í eru mekt 1, 2 og 3 í þessu bréfi

³ Afsal fyrir eignarhluta Sigluness 4, 5 og 6

ifal

Ég undirrituð Margrét Jónsdóttir Tungötu 26 Siglufirði afsala
hér með eignarhluta mínum í jörðinni Siglunes, sem er að jarðarmati
23 hundruð og tuttugu álnir, tuttuguogþrjúhundruð og tuttugu álnir til
barna Elgríðar Þórðardóttir Norðurgötu 13 Sigluf. og barna Þórðar
Þórðarsonar Laugarveg 35 Sigluf.

Barna börn mín þessi skulu njóta allra réttinda og mannvirkja
jarðarhluta míns eftir minn dag.

Til staðfestu nafn mitt undirritað í viðurvist tveggja
vitundarvotta

Siglufirði 23. júlí 1964

Margrét Jónsdóttir

Vitundarvottar:

Örn J. Blomkvist

Harst. Hafsteinsson

Nr. 137

Móttekið til þinglýsingar í Siglufjarðarkapsi.

28/8 1964 kl. 10. - 12. degja

Gjald greitt:	Þingfestur 590.- Stimpur 2200.- Skrifala kr. 2850.-	Gjaldstfr. 113.000.- Gæðhundrað og þrettán þúsund.
---------------	---	---

Bejarlógetinn í Siglufirði

Börn Sigríðar Þórðardóttir Norðurgötu 13 Siglufirði

Þórður Sigurðsson	Fæddur. 16/10	" 36	Norðurgötu 13. Sigluf.
Hafsteinn Ingvi Sigurðss.	" 25/3	" 39	-----"-----"-----
Jónas Þráinn Sigurðsson	" 20/8	" 43	-----"-----"-----
Valgeir Tómas	-----"-----" 3/10	" 47	-----"-----"-----

Börn Þórðar Þórðarsonar Laugarveg 35 Siglufirði

Sigríður Anna Þórðardóttir	fædd 14/5	" 46	Norðurgötu 13. Sigluf.
Árdís Þórðardóttir	" 6/3	" 48	Túngötu 26 ----"
Þórunn -----"	" 14/12	" 50	----"-----"-----"
Arni Valdimar Þórðarson	"ur 28/1	" 54	----"-----"-----"
Þórður Þórðarson	"ur 16/12	" 55	Laugarveg 35 ----"
Margrét Steinunn Þórðardóttir	25/7	" 59	-----"-----"-----"

Borgarnesi 24.8.78

Byggingarfulltrúinn
í Siglufirði,
Hr. Haukur Helgason.

Með tilvísun til símtals við yður í dag óska ég undirritaður eftir að þér nú þegar mælið upp uppsáturslandið í Innri-Neskrók, sjá meðfylgjandi ljósrit af landamerkjalyðingu uppsáturslandsins.

Fer ég framá þetta sem einn landeiganda vegna þess að mér er ekki grunlaust um að hafnar séu byggingarframkvæmdir á landrænnu sem ætluð var til sameginlegra nota vegna væntanlegrar hafnar, sjá lið 6 á ljósriti.

Ef í ljós kemur að grunur minn reynist réttur vil ég að framkvæmdir verði þegar í stað stöðvaðar og allt jarðrask fært til fyrri horfs, nema byggingaraðili nái samkomulagi við landeigendur um annað.

Hvort í ljós kemur að byggingaraðili er að byggja þarna í egin landi eða ekki þá fer ég þess á leit við yður að þér mælið upp, samhljóða landamerkjalyðingu, uppsátursland Margrétar Jónsdóttur og barna hennar, samanber lið 3 og 4 á ljósriti svo og óskiptu spilduna, samanber 6 á ljósriti, og merkið það greinilega.

Virðingarfyllst

Póður Sigurðsson
Póður Sigurðsson,
Böðvarsgötu 11
Borgarnesi.

skipti á landi sigluness.

Árið 1939 þriðjudaginn 23. maí vorum við undirritaðir saman-
komnir á Siglunesi við Siglufjörð, til þess að ljúka við skipti
á tún og engjum jarðarinnar Siglunes, eða því landi, sem er innan
gírdingar þeirrar, sem umlykur heimaland jarðarinnar, og sem nær
í sjó í svonefndri Stekkjarvík sunnan við túnis, liggur út fyrir
ofan túnis að austan, og liggur neðan við hólana norðaustan við
það og að gírdingunni um land Siglunessvitens og í sjó fram, austan
við svonefndar Djúgvíkur.

Jarðareigendurnir höfðu komið sér saman um það að skipta
slagjalandi jarðarinnar til eignar, og skulu skiptin eins og þau
verða hér gerð, vera til eignar um ókoninn tíma fyrir hvern jarðar-
hluta, eins og tiltala hvers eiganda er nú, og ganga þannig til
eftirkomandi eigenda og við breytingu á eigna-ítölu koma til skipta
aðeins sá hluti jarðarinnar, sem ítölubreytingin tekur til, en slík
skipting-vera jarðarheildinni eða skiptingu hennar óviðkomandi.
Þó er gert ráð fyrir, að ef nytjaland jarðarinnar verður fyrir stórum
felldum skemmdum af völdum náttúrunnar, þannig að hluti einstakra
eigenda rýrni til mikilla muna af þeim ástæðum, að þá eigi þeir,
sem fyrir slíkum skaða verða rétt til þess að fá hann hlutfalls-
lega bæt看 af hendi hinna eigendanna. Þó skal eigi minni skaði EKK
tekinn til greina í þessu sambandi, en sem nemur háliu dagsverki
á jarðarhundrað þess eiganda er skaðinn leið.

Vörslugírdingin um tún og heimaengjar, sú sem að framan er
nefnd, skal framvegis eins og hingað til vera sameiginleg, og við-
hald hennar og endurbætur skal kosta af eigendum öllum að rétttri
töltu við eign hvers þeirra að hundraðatali í jörðinni, eða af
loiguliðum þeirra. Árleg aðgerð á gírdingunni skal ávallt fram-
kvæmd fyrir 15. maí að sjálfræðu, og gerð svo að gírdingin sé fjár-
hald, og ef gírdingin bilar, t.d. þar sem hún liggur út í sjóinn,
skal eigendum öllum skylt að gera að henni innan tveggja daga frá
 því að skemmdanna verð vart. Skorist einhver eigendanna undan að
annast viðhald gírdingarinnar, geta hinir eigendurnir framkvæmt að-
gerðina á hans kostnað, og er honum skylt að greiða sinn hluta
eftir reikningi.

Rekaland jarðarinnar er óskift. Rekinn, að nokkru, frá
Keyðará og að landamerkjum Víkur fylgir nýtfliða Keyðará, samkvæmt
áðrotökum samningi. Reki jarðarinnar skiptist hlutfallslega eftir
hundraðatölu til hvers eiganda. Eigendum ber öllum skylda til að
ljúga rekann og halda honum til hags fyrir alla jarðarheildina.

Hóland jarðarinnar (mótekjan) til heimilisparra, er aust-
ur við sjóinn á svonefndum Djúgvíkum, og er það óskift. Mótekjan
er tekið til, og má enginn eigandi taka meiri að, en honum er það
synlegt til heimilisparra, og alls eigi til þó selja. Hólandinn er
er úthlutað til almota, fyrst um sinn landa eigendum, eins og áður
verður gerð grein fyrir í skiptum þess um.

Fyrir veginum neðan frá sjónum í gegnum tún jarðarinnar, er
mæld 4 metra breidd spilda úr óskiptu landinu, svo og tekið af ó-
skiptu landi fyrir áframhaldi hans niður fyrir lendingu. Þá er og
mæld úr óskiptu landi fyrir veginum suður undir hús þeirra Jóns og
Ódds Óðssona, og loks tekið af óskiptu landi rann, suður yfir tún.

íð frá veginum, neðan við hús Björns Jónssonar og alla leið suður í gegn um túnið og garðalandið suður á stekkjunum. Hama þessi er þja metra breið, afmörkuð með hálum á báða vegu, og er hún atlað til umferðar, sameiginlega fyrir eigendurna.

Landingu jarðarinnar í "Innríkrók" er skipt svo sem síðar verður greint, og hefir hver eigendanna full og óskert umráð yfir þeim hluta, er í hans part fellur. Óskipt pláss skal þó vera fyrir eina sameiginlega bryggju, og hafilega breiðan veg til umferðar ítt frá henni upp á aðalveginn.

Á skiptum þessum var byrjað 25. september 1938. Voru við skiptin undirritaðir eigendur og ábúendur Siglunesa: Margrét Jónsdóttir, Magnús og Guðmundur Balðvinsynir, Björn Jónsson, Óður Oddsson og Jón Oddsson, og fyrir börn Margrétar, Sigríði Þórðardóttur og Jónas Þórðarson var Magnús Balðvinsson, en fyrir Gunnar, Þorbjörgu og Þóru, Margrét móðir þeirra. Jón Þórðarson létta fyrir sína hönd. Eigendurnir höfðu allir komið sér saman um að að Snorra Arnfinnsson lúðjóra á Hóli, til þess að gera með sér skiptin, og skyldi hann hafa fullkomis veld til þess að úrskurða allt, sem á kynni að groina milli eigendanna í sambandi við skiptin, og eru skiptin gerð af honum.

Sígn hvers eiganda í jörðinni er sem hér segir:

Margrét Jónsdóttir	21 hndr.	10 álnir
Jón Þórðarson	2 "	" "
Sigríði Þórðardóttir	2 "	" "
Gunnar Þórðarson	2 "	" "
Jónas Þórðarson	2 "	" "
Þorbjörg Þórðardóttir	2 "	" "
Þóru Þórðarson	2 "	" "
Magnús og Guðm. Balðvins.	12 "	44 "
Jón Oddsson	8 "	30 "
Óður Oddsson	14 "	50 "
Björn Jónsson	6 "	22 "

Hat jarðarinnar samtals

74 hndr. 36 álnir.

Til hliðsjónar við skiptin var notað kort það, sem Pálmi Einarsson, búnaðarfélagsgæðumaður gerði 1/12. 1936, og er þar nú merkt með áframhaldandi tölum hver partur í túninu fyrir sig. En kortið reyndist nokkuð ónókvæmt við nánari athugun, og var þá allt túnið mælt upp, og eftir þeim mælingum farið við útreikning og skiptingu túnsins til eigendanna.

Skiptin á landinu urðu þannig:

A. Heimatúnið. Það mældist 70236 ferm. eða 1010 ferm. á hvert hndr. af gömlu túni, og land til nýrktar mældu 992 ferm. á hndr.

Margrétu ber fyrir 21,10 hndr. 21438 ferm. gl. tún

Jóni Þórðars.	"	2	"	2032	"
Gunnari Þ.	"	2	"	2032	"
Sigríði Þ.	"	2	"	2032	"
Jónasi Þ.	"	2	"	2032	"
Þorbjörgu Þ.	"	2	"	2032	"
Magnúsi og Guðm.	12,44	"		12561	"
Jóni Oddss.	"	8,25	"	8384	"
Óði Oddss.	"	14,40	"	14034	"
Bjarni Jónss.	"	6,72	"	6781	"
Jóni Þórðars.	"	2	"	2032	"

hinnar sö, sem hér kemur fram, er utlaður til að jafna upp á milli við skiptin, þar sem búast má við að landið valist verði í ljóðortum en í heild.

Reynt er að láta hvern eiganda halda að mestu því af gamla túninu, sem hann hefir áður haft, að svo miklu leyti, sem því varð við komið, en slíkt reyndist þó í ýmsum atvörðum óframkvæmlegt. Nýrættin í túninu var mjög misjöfn að stærð og gaðum hjá hinum ýmsu eigendum. Var þar fylgt við skiptin þeirri meginreglu að eigendur héldu hver þeirri nýrækt, sem hann hafði gert, og að þeir sem minna höfðu ræktad, fengju jafnstórt land og sem líkast að gaðum í sína hluta, til nýræktar.

Svokallaðir "stekkir" summan við túnio hafa verið teknir í samum eigendunum til garðræktar að nokkru leyti. Þeim er nú skipt sérstaklega milli eigenda að tiltölu rétttri, og halda þeir en þegar hafa gert þar garða, þeim í sína hluti, en hinir fá brotið land.

Þessu gert er að sérstök kort verði síðar gero:

A. Af heimatúninu með nýrækt og landi til nýræktar.

B. Af Stekkjunum (Garðalandinu).

C. Af túninu á nesinu.

D. Af nýrarflöðunum innan girðingar,

og að á kort þessu verði vandlega afmarkaðir hlutar hvers eiganda og þeir verða við skipti þessu.

Gamla heimatúnið skiptist þannig:

Kargrót Jónsdóttir fær í 21 hndr. og 10 álnir:

No. 23 á kortinu,	Þormóðsvöllinn	2183 ferm.
" 23 "	Óskuhólinn a. norðv.	600 "
" 24 "	"Tortu"	4600 "
" 25 "	Litlabæjartún	1000 "
" 26 "	Ytri-sléttiv.	700 "
" 27 "		2639 "
Af 22 "	Spilda upp undan gamla bænum	2996 "

Gamalt tún, samtals 21438 ferm.

Björn Jónsson fær í 6 hndr. 22 álnir:

Af No. 22 á kortinu.	Upp frá gamla bænum	444 ferm
" 17 "	Sléttavöllinn syðri,	5732 "
" 18 "	Bæjarst. gamla	1032 "
Af " 21 "	Sléttiv. (Kirkjuh.)	2487 "

Gamalt tún, samtals 10345 ferm.

Er er innifalið í 4064 ferm. fyrir þau 4 hndr. sem Björn hefir fengið frá Þorbjörgu og 4 öðri þóðarbörnum. Er það spilda 35 öðra breið, syðst á Kirkjuhólinum, frá umferðarmanni og upp í gamla túngarðinn, jafnbreið.

Jón og Gunnar Þóðarsynir fái í sí²² 4 hndr.

Af No. 21 og 15 á kortinu, 30 m. breiða spilda af Sléttavöllinum og Grámarámanum	3179 ferm.
og Óræktad land 1500 ² m. á Heshúsunum fr.	835 "

Sigróður Þórðardóttir far í sín 2 hndr.

Nr. 30 á kortinu, "Heshúsvöll" syðri hluta, 2032 ferm.

Jónas Þórðarson far í sín 2 hndr.

Nr. 30 á kortinu, "Heshúsvöll" nyrðri hluta. 2032 ferm.

Jón Oddsson far í sín 8 hndr. 30 álnir.

Nr. 9 á kortinu, Lambhúsvöll að merkjaskurði 4972 ferm.

" 8 " Áframh. þar suður af umhverfis
fbúðarhúsið 1200 "

Nr. 15 Grimsrænu og Sljettavelli 1161 "

" 7 Bakkin sunnan fbúðarhúss Jóns 736 "

" 30 275 "

Gamalt tûn samtals 8384 ferm.

Oddur Oddsson far í sín 14 hndr. 50 álnir.

No. 14 á kortinu, "Tveggjadagasléttinn" 5029 ferm

" 11 " "Kotið" ytri hlutann 2522 "

Nr. 15 " Sljettavöllinn syðst 3060 "

" 5 " Spilu norðan við "Kotið" nr. 11 2014 "

" 13 " Fráhyrnu suður af tveggjadagasl. 1290

" 7 " Sunnan við fbúðarhús Jóns Oddss. 116 "

Samtals 14634 ferm.

Eagnús og Guðm. Baldvinssynir fá í sín 12 hndr. 44 álnir.

No. 16 á kortinu, Umhverfis fbúðarhús þeirra 5730 ferm

Nr. 5 " "Kotinu" 983 "

" 2 " Sljettan suður á kotunum 5002 "

" 29 " Tungan ofan við fjós þeirra 960 "

Samtals 12681 ferm.

120 ferm. umfram, sem eru atlaðir fyrir umferð Jóns og Odds utan
úr mótlandinu, neðan við litla lækinn, milli Hsa þeirra og Margrétar.

B. Nýrækt og nærtækt nýræktarland.

Ar nýrækt innan heimátúnsins eða áfæst við það, höfðu þeir
Eagnús og Guðmundur Baldvinssynir gert mest eða um 932 ferm. á hvert
jarðarhundrað, sem þeir eiga. Til þess að láta þá halda nýrækt sinni
sem virtist sanngjarnt, þurfti því að leggja 932 ferm. til grundvall
ar fyrir hvert hundrað í allri jörðinni og var það gert. Þeim sem
sinni nýrækt höfðu var svo útilutad landi innan heimátúnsins, eða
rétt við það, en það kom í ljós að það land næði ekki til þess að
allir gætu fengið það, sem þeim bar að tiltölu rétttri, eða 932 ferm.
á jarðarhundrað. Varð það svo að samkomulegi að Margrét Jónsdóttir
og Þórn Leinar sun, fengju það sem til vantaði austur við sjó, á svo-
nefndum "Heshúsum" og að þar sem það land liggur fjar og lá auk
þess teljast lakara til rektunar, þá skyldi það verða útilátið svo
ríflega, að þau mottu teljast haldin af, að áliti Snorra Arnfinnssonar.
Skipti nýræktarlandsins urðu þannig:

Margrétu Jónsdóttur ber að lá 19005 ferm. Hún hefir ar

framtíð:		
nr. 32, 33 og 34 Grundinn ofan við tún sitt		8100 ferm.
og fer nýsi sunnan við fjárhús sitt		3900 "

	Vantar	12000 ferm.
fer til viðbótar á "Heshúsunum".		7065 "
Jón og Gunnar Þórðarsynir eiga að fá		3728 ferm.
þá vantar af ræktuðu túni, sjá hér að framan,		
685 ferm. og telst hæfilegt að þeir fái til		
viðbótar óræktað		1500 "

	Samtals	5228 ferm.
Þeir hafa fengið af grundinni nr. 31		1536 "

	Vantar	3694 "
sem þeir fá á "Heshúsunum" samliggjandi við Margrétu.		
Þorbjörg og Þórður eiga að fá		3728 ferm.
hafa fengið af grundinni nr. 19		1536 "

Þá á "Heshúsunum"		2192 "
Sigríður Þórðardóttir á að fá		1864 ferm.
fer mýrina austur af túni sínu, upp að veginum		1072 "

Þar á "Heshúsunum"		792 "
Jónas Þórðarson á að fá		1864 ferm.
fer nýrarjæðarinn upp að fyrirhuguðum vegi		1864 "

Þjórn Jónsson á að fá		5760 ferm.
þeir fengið grundina nr. 19	3013 ferm.	
og flagið neðan við Magnúsarhús	2747 "	
(það alt 5460 ferm. Ritt mýri.)	-----	
	5760 ferm.	5760 ferm.
Magnús og Guðn. Baldvinssynir eiga að fá.		11620 ferm.
og hafa þeir fengið það í nýrktinni nr. 1-4 og víðar.		
Jónó Oddssyni ber að fá		7689 ferm.
þeir fengið: Mýri við íbúðarhús sitt nr. 8	470 ferm.	
Lambhús mýrina nr. 10	1000 "	
Mýri fyrir sunnan Oddsh.	3900 "	
Tún í skiptum fr. nýrkt	925 "	
Þar nú flóastykki norður af engi sínu	1394 "	

	7689 ferm.	7689 ferm.
Óddur Oddsson á að fá		13420 ferm.
þeir fengið, Grjótkotið nr. 12	5940 ferm.	
Mýri norðan við íbúðarhús sitt	7209 "	
á bakkanum nr. 7	396 "	
Mýri í nr. 11 að neðan og grundin		
ofan við	1260 "	

	14805 "	13420 ferm.

Þeir tapir 1400 ferm. sem umfram eru, álitast hæfileg
uppbót handa Óddi fyrir þá 462 ferm. sem Odd vantar af túni
á heshúsinu.

C. Uppsáturslandið.

Frá var málá spilda meðfram sjónum í Innriarök, frá Vita-
skúrnun, sem stendur suður og niður frá Magnúsarhúsinu, um 160 m.
lengi, niður fyrir neðsta uppsátrið. Breiddin er upp að fyrirhuguð-
um vegi, vesturtalmeðrum hans, sem á að liggja niður Lyrarsundið
austan við bakkan. Komu sem næst 2 metrar strandlengis á bakkanum
austast á hvert jarðarhundrað.

Þessu var skipt þannig, summan frá:

- | | | |
|--|--------|---------|
| 1. Skógar frá Vitaskúrnun austur á veginn | 330 m. | breiður |
| 2. Lóð Björns Jónssonar úr S.a. horni Yshússins | 12m. | norður |
| 3. " larna kargrétar, allra í sameiningu | 24 " | " |
| 4. " kargrétar Jónsdóttur, nær út fyrir
naust hennar | 42 " | " |
| 5. " Jóns Óðssonar, um naust hans | 16 " | " |
| 6. " til sameiginlegra afnota, braut
úr fjöranni. (Um kolduðarag milli
Jóns og Óðs. Þar er réðgert að
byggja komi fram af síðar.) | 10 " | " |
| 7. Lóð Óðs Óðssonar, um uppsátur Einaris
Lagrússonar og mest af lóðinni undir
ljalli Magnúser | 28 m. | norður |
| 8. Lóð Magnúsar og Óðs. naust þeirra | 24 " | " |
- og eru þeir nyrst. Hjallur þeirra má standa fyrst um sinn.
Allar lóðirnar mjökka dálítið fram að sjónum, sökum bugðunar
sem er á strandlengjunni.

D. Garðalandið (Stekkiarnir.)

Land þetta liggur samman við túngirðinguna, og er á Stekkjar-
víkurbakkanum. Nær það suður að skriðunni samman við Lambhúshólinu
syðri, og upp á hólabrúnnina. Af nothæfu landi komu 300 fernotirur á
hvert jarðarhundrað. Réðgert er að fara túngirðinguna upp á hólana
og suður fyrir Garðalandið, að það verði innan hennar.

Rekkrir garðar eru þarna fyrir og heldur hver eigandi þeirra
sínus garði upp í sinn hluta landsins. Starð garðanna sem hver á
er þessi:

Margrét, 2/3 af neðri garðinum	2400 ferm.	
1/4 " efri garðinum	450 "	= 2850 ferm.

Magnús og		
Óðs. 1/3 af neðri garði	1200 ferm.	
1/4 " efri "	450 "	= 1650 "
Björn 1/4 " efri garði		450 "

og mjúkt syðst innan túngirðingariðnar, Hefir
fengið allt sitt.

Jón Óðsson, Garð neðan við götuna 200 fern.

Til viðbótar gjörum þar Margrét 34 metra breiða spilda ofan
við stégginn milli garðanna, 100 m. upp í brekkuna.

Jón Óðsson fer 17,5 m. breiða spilda norðan við neðri garðinn,
til stéggins milli garðanna og vestur á bakkan, og er garður hans
þar 1. Jón fer einnig breiðuna upp frá stéggnum, nyrst, samman við
ljalla garðhólu, sem hann á þar framan í brekkunni.
Óður Óðsson fer 30 m. breiða spilda norðan við Jón, upp að

öf, en milli garðanna, og aðra 20 m. breiða ofan við veginn, norður af Margrétar og jafnhætt upp eftir.

Margrét og Guðmundur fá itanna meðan við neori garðinn, niður á bakinn, í sama summan við efri garðinn suður að skriðunni summan við hana og brekkanna ofan við efri garðinn, svo og 1300 ferm. spilda þá af örst á Ytri-Lambhúskólnum. Er í þessu innifalinn hluti þeirra Sigríðs Þórðardóttur og Jónasar Þórðarsonar, 600 ferm. hvort, sem hagnús hefir nú í varveri sínu.

Myrst summan við tunganúshliðið fá þeir Jón og Gunnar Þórðarsonir 1200 ferm. stykki í sameiningu.

Far summan við milli þeirra og Odds er 1200 m. breið spilda sem þau Þorbjörg og Þórður fá í sameiningu.

Unferðasvæði 10 m. breitt skal ávalt ógirt vera suður frá tinnu og milli garðanna efri og neori, suður í gegn um landið.

Girðingarnar um garðana sem nú eru, eiga eigendur garðanna sjálfir og minnst þeir viðhald þeirra, en þegar girðing túnsins verður er hún suður fyrir garðana, fellur viðhald þeirrar girðingar yfir á jarðanheildina.

B. Nesið (túlin á nesiinu)

Því var skipt 13. desember 1939. hafði Snorri Arnfinnsson átt þátt það og gert kort af því, þar sem það sýndi sig að kort Pálma Línarssonar af því, var ónákvamt.

Stærð graslendisins reyndist sem næst 630 ferm. á hvert jarð-
arhundrað.

Skiptin voru gerð þannig:

1. Jón Oddsson fær í sín 8,25 hndr. 5197 ferm. og hlaut hann svo-norðna "sheljabót" myrst og vestast á Westánni austantil.
2. Myrskinnin Þórðarborn fá í 12 hndr. 7560 ferm. suður af stykki Jóns Oddssonar. Af því fær Sigríður stykkið fremst (syðst og vestast 36x70 m. 2 eða 1260 ferm. Þar austan við far Jónas 20 m. breitt stykki. Í þessu við 20 m. breið spilda, sem Þorbjörg og Gunnar Þórðarsonir hafa öll stykki í sameiningu, mynda suðurhelminginn af fremsta stykki nesisins, móti Jóni Oddssyni.
3. Margrét Jónsdóttir fær í 21,1 hndr. 13293 ferm. og Jón og Gunnar í áttu hndr. 4 " 2520 "
 Samtals 15813 ferm.
 Far Margrét 50 m. breiða spilda austur af Jóni Oddssyni, þvert í gegnum nesið frá norðri til suðurs, og svo stykki summan við stykki þeirra Odds og Björns, suður í sjó og austur að stykki þeirra Hagnúsar og Guðmundar.
4. Óddur Oddsson fær í 14,46 hndr. 9072 ferm. Hann fær á norður-hlutanum austur af nr. 3 stykkið nr. 4 44x98 m. eða 4200 ferm. af nr. 7, Snorrabúð og Snorrabala 4410 " og miðrum í myrum í heimatúni 1385 ferm. sem mestist við Vöntunum.
5. Hagnús Oddsson fær í sín 6,18 hndr. 3693 ferm. Hann fær stykki nr. 5 á norðurlukkonum, 53 m. breiða spilda suður jafnt Oddi, og suður að stykki Margrétar, suðausturhluta þess.
6. Hagnús og Guðmundur fá í sín 12,3 hndr. 7786 ferm. og fá þeir

... m. breidda spilda þvert yfir nesid, austan við Odd að norðan og Margræti að summan, og austur að lagoinni, sem er vestan við tónna.

Naðsynleg umferð um nesid skal vera heimil hverjum eiganda yfir annars land, en lótaskýldur skal að vera, sem skommir annars landi um umferð, eða á annan hátt. Þeka jarðarinnar má bjarga upp á land hvers eiganda sem er, ef það er naðsynlegt, en fjarlægður skal hann af slögjalandi fyrir mállok árlega.

Þarta hvers einstaks eiganda í nesinu, má ekki afgirða, þar sem að gengur þar sameiginlega á vetrum. Komist síðar eðvarp á í nesinu, eða annarsstaðar á landinu, skal það vera óskipt og skiptast nytjar þess milli eigenda eftir ítölu í jörðinni.

F. Mólandið.

Það er ca. 400 metra löng og metra breidd spilda með-
tali sjónna, vestur eftir frá girðingu siglunsvitans að vestan
að landi hans. Í landi þessu er innitalinn naðsynlegur þurkvöllur.

Merki þessa lands eru: að austan fjöruféna vitagirðing, að
summan bein lína ca. 200 m. frá norðvesturhorni hennar og vestur í
staur á suðvesturhorni landsins, metra frá sjávarbaklanum,
austan við hesthúsin.

Landi þessu er ekki skipt til eignar(sjá hér að framan) en
áskilnað til umráða fyrst um sinn hverjum eiganda, svo sem hér
greinir, vestan frá og austur eftir.

1. Jón Oddsson, 42 m. br. spilda Frá V-A mælt næst við merkin.
2. Oddur Oddsson 72 " " " austan við Jón.
3. Systkinin 4, Sigríður, Jónas, Jón og Gunnar 40 m.
breidda spildu austur af Odds spildu.
4. Margræt Jónsd. 105 m. breidd spilda austan við systkinin.
5. Magnús og Guom. 62 " " " austan við Margræti.
6. Björn, ásamt Þorbjörgu og Þórði, 50 m. breidd spilda austan
við Magnús og Guomund.

Austan við spildu nr. 6, að vitagirðingunni, er óskipt
spilda, sem talin er beutiland, semilega mólaustr.

Þór að auki er upp af mólaustrspildunni, þríhyrnt stykki,
lýrar og holt, óskipt. Átlað sem beutiland. Allar mólaustrspildurnar
eru talsvert breiddari við sjóinn, en að ofanverðu.

G. Neðri mýrarnar, norðan við tónið.

Lína er dregin beint norðan við tónið, frá neðstu lending-
unni, skammt norðan við fjárhús Magnúsar og upp í vörslugirðing-
una um tónið, norðan við lítlaþjartónið. Talsmarkast þverspildur
þar, sem síðar verða meðlar af honni að summan. Önnur lína er
dregin frá sjó, úr Norðaríkrokk, summan við hesthúsin og beint suð-
austur í vestari girðingu vitalandans og talsmarkar hún spildurnar
að norðan. Þriðja línan er svo dregin í þversteru milli þessara
tveggja lína, úr hæl, neðan (vestan) við lítla lakinn, sem rennur
í milli tveggja þessara línna og Magnúsar, og í annan hæl á
norðurlínanum úti við holtin, og talsmarkar síðastnefnda línan land
þessa að austan. Allar þessar þrjár markalínur eru glögglega af-

landar með hælum og vörum, og nefnast hér lína 1 - 3. línur þar sem spildum skipta, eru einnig glögg merktar af á sama hátt.

Liatað var um hver hver eigandi skyldi fá land, og féllu skiptin þannig: (ca. 1550 fern. á jarðarhndr.)

1. Jón Oddsson fékk jafnbreiða spilda 55 m. á breidd næst línu nr. 3 vestan við hana og er spildan ca. 255 m. að austan.
2. Margrét Jónsdóttir fékk 122 m. breiða spilda vestur af Jóni Oddssyni, og liggur línan vestan við hana um vestari hólum af vömlar grónum hlöðahólum, utarlega í gröfunum.
3. Magnús og Guðmundur Balóvinssynir fá lýrina sunnan við línu nr. 1, undverfis fjárhús sitt, fjós og hlöðu, suður að túninu og upp að læknum, en vestur að flaginu Björns neðan við hús þeirra. Lýri þessi er 5265 fern. Þá fá þeir til viðbótar 46 m. jafnbreiða spilda vestur að spildu nr. 2 (spilda Margr.)
4. Lón Margrétar öll í sameiningu fá 58 m. breiða spilda, vestur af spildu Magnúsar og Guðmundar (nr. 3) og er þeim atlað sjálf- um að skipta honni sín á milli.
5. Ólafur Oddsson fékk 70 m. breiða spilda, vestur af nr. 4 (syst- ranna) og er Lorkjalfinn í beina áframhaldi af línu nr. 1, 15 m. austan við sjávarbakkan við Koroarhlök.
6. Björn Jónsson vantaði áður af nýrktarlandi 1740 fern. Hann fór nú flag, sem hann hefir plágt, og aðliggjandi lýri, þríf- þyrningi, sunnan við línu nr. 1, neðan við tún og lýri Magnú- sar, niður að fyrirlugudum vogi austan við lendingana, og er þetta stykki 5460 fern. Þar Björn þar þá 2740 fern. sem hann vantaði til nýrktar, og umfram 2720 fern. af engi. Þessu til viðbótar fær hann svoneindar "Malir", vestan við spilda Odds Oddssonar.

10 mótra breið spilda er tekin af óskiptu landi, austan við línu nr. 3 og alla leið heiman frá gamla vallargerðinum, ofan við fjós og hlöðu Magnúsar, upp við litla lækinn og út að mólundinu í beinni stefnu. Er spilda þessi atlað til nauðsynlegrar umferðar að og frá mólundinu.

Magnús og Guðmundur leyfa umferð frá þessari umferðarrámu, suður með litla læknum, suður á veginn.

"Heithúsin". Á þeim er skipt því, sem áður vantaði, til þessara eigenda: (laan eru 70 m. breið spilda meðfram sjónum.)

1. Lorkjörg og Lorkur fá 70x31 m. spilda suður af mólundinu.
2. Sigríður Lorkard. 70x12 " þar suður af
3. Jón og Gunnar fá 70 m. langa frá sjó, og 53 m. breiða spilda suður af engjaspildu Sigríðar. 43 m. fyrir sunnan mólundið.
4. Margrét fær 70 m. breitt stykki, frá sjó að vestan og alla leið suður að mörkjum Odds, sjá 5. lið G.

Hefir þá hver fengið það sem hann vantaði af túni og nýrktarlandi.

II. Flóinn, ofan við umferðarbrautina.

Flóinn tekið markast að sunnan af línu nr. 1 lör að framan umfir staflig G. að vestan af línu 3, nema hvað umferðarbrautin 10 mótra, er tekin af honum austan við línuna. Á norðan af tak- ingu mólundsins, fjer sjónum og að austan af girðingunni. Flóinn skiptist þannig:

1. Margrét fær allt sunnan línu nr. 1 stafl.G. að túni. Auk þess

1. Þar liggja 35 m. breiða spildu austur við vitagirðinguna og norður að spildu, sem er suður af Mólalandinu, og vestur að umferðarbrautinni. Sjá hér að framan.
2. Magnús og Guðmundur fá 77 m. breiða spildu, jafnbreiða, næst við línu nr. 1 stafl.G.
3. Björn fær spildu þar norðaustur af, 35 m. breiða.
4. Óður fær spildu þar næst, 86 m. breiða.
5. Systkinin öll saman 66 m. breiða spildu þar næst, og þeim ætlað að skipta sjálf á milli sín.
6. Jón Óddsson fær 46 m. breiða spildu, norðaustast og liggur hún að spildu Margrétar, sem áður er getið og samhliða henni.

I. Flóinn upp af Hesthúsumun.

Hann tekur kast að austan af umferðarbrautinni. Að sunnan af Mólalandinu, stafl.G. Að vestan af Hesthúsumun, (sjá að framan) og að norðan af Mólalandinu. Hann skiftist þannig að, ofan frá:

1. Jón Óddsson fær efstu spilduna, upp við umferðarbrautina, þrífingingslaga, 100 m. breitt syðst, og gengur til núlls þar sem er til Mólalands og umferðarbrautinn, og fékk hann þar vantandi fjáttarland.
 2. Þórunn Óðsson fær næstu spildu neðan við Jón Óddsson, sem er 26 m. breið að sunnan en 25 m. að norðan.
 3. Óður Óddsson fær 43 m. jafnbreiða spildu þar neðan við.
 4. Systkinin öll fá 36 m. breiða spildu þar næst fyrir neðan, sem þau skipta sjálf á milli sín.
 5. Magnús og Guðmundur fá spildu, 36 m. breiða að norðan og 37 m. breiða að sunnan, þar næst neðan við.
 6. Margrét fær 40 m. breiða spildu (nokkru breiðari um miðjuna) sem er næst ofan við Hesthúsin.
- Allar línur aðmarkaðar með hnausum og hælum.

Þigendur jarðarinnar ætla sjálfir að skipta milli sín engjunum á Hestdal á þessu ári.

Allir búfjárhagar eru óskiptir.

Reyðarú á rekraftak í landi Sigluness, svo sem fyrr segir, og hagið, hvorttveggja samkvæmt sérstöku samningi.

Fleira var ekki gert.

Samþykktir:

Magnús Baldvinsson, Jón Óddsson

Margrét Jónsdóttir, Guðmundur Baldvinsson

Jón Þóðarson, Björn Jónsson

Sn. Arnfinnsson.

Siglufirði 1.nóv. 1978

Við undirrituð, Jón Oddsson, Jón Þórðarson og Antonía Erlendsdóttir (ekkjja Magnúsar Baldvinssonar), áður ábúandi á Siglunesi, höfum kynnt okkur landskiptagerð þá er Snorri Arnfinnsson gerði og dagsett er 1939 þriðjudaginn 23. maí, sjá meðfylgjandi ljósrit, og teljum að þar sé réttilega og skilmerkilega frá skiptum skýrt í alla staði og á engann hallað, enda voru skiptin á sínum tíma samþykkt og virt af öllum þargreindum landeigendum.

Er okkur ókunnukt um að þeir landeigendur, sem í skipta-gerðinni er getið hafi nokkru sinni deilt um land eða land-nytjar er þar koma til skipta.

Framangreint er tjáð eftir bestu vitund okkar.

Jón Oddsson
Jón Oddsson.

Jón Þórðarson
Jón Þórðarson.

Antonía Erlendsdóttir
Antonía Erlendsdóttir.

Vottar:

Oddur Jónsson

Soffía Jónsd.

Pjetrus Jónsdóttir

Geir Magnússon
Þórunn Þórðarson

Svar:

Skipulagsnefnd fór í vettvangsskoðun á Siglunes þann 3. september 2010. Nefndin tekur undir framkomnar athugasemdir vegna opnunar námu á Siglunesi og samþykkir að fella námuna út af auglýstri tillögu að aðalskipulagi. Nefndin telur hins vegar að áfram skuli gert ráð fyrir sjóvörnum á Siglunesi í samræmi við tillögur Siglingastofnunar.

Ég undirrituð geri athugasemdir við eftirfarandi atriði:

Á blaðsíðu 20 er einkennilegt orðalag: *gróðurfar einkennist af snjóþunga og fjölbreyttum og sjaldgæfum tegundum.*

Í kaflanum *Vötn, ár og sjór* á sömu blaðsíðu er talað um Héðinsfjarðarvatn og Ólafsfjarðarvatn, þarna ætti einnig að vera fjallað um Leirurnar, sem eru flæðisandar við innanverðan Siglufjörð. Leirurnar koma upp úr sjó á útfalli en fara á kaf á aðfalli svo þar verður 1-1.5 m dýpi. Slíkar leirur eru víða um land, þó fremur fáar norðanlands, en benda má á leirur við innanverðan Eyjafjörð.

Á leirum er vanalega mikið og fjölbreytilegt lífríki. Sérstaklega er þar auðugt smáverulíf hverskonar, t.d. krabbadýr, sandormar og annað sem ekki er sýnilegt mannlegu auga. Þangað sækja fæðu sína fjöldinn allur af fuglum yfir sumartímann og á snjóþungum vorum. Þá eru stað- og farfuglar mest áberandi en einnig eru oft sjáanlegir svokallaðir fargestir, fuglar sem eiga hér viðdvöl á leið til annarra landa. Er þarna einstakt fuglalíf bæði er varðar fjölbreytni og fjölda.

Áhugi fólks á fuglalífinu hefur aukist mjög og vilji manna til að hlífa Leirunum við frekari uppfyllingu og eyðileggingu leiddi svo af sér samþykkt þess efnis á hátíðarfundum bæjarstjórnar Siglufjarðar 20. maí 1998. Í tengslum við þá friðun er nauðsynlegt að líta á Langeyrina og mýrarnar þar suður af sem eina heild. Með öðrum orðum, menn umgangist Leirurnar, Langeyri, mýrnar og gömlu túnin neðan Steinaflata sem eina votlendisheild og sem einstaklega auðugt lífríki.

Á blaðsíðu 22 þar sem fjallað er um gróðurfar þyrfti að minnast á votlendi í Siglufirði en þar eru mýrar þar sem vaxa ýmsar tegundir auk þess sem mýrarnar eru mikilvægar fyrir ýmsar fuglategundir, endur og vaðfugla.

Á bls. 29 þar sem fjallað um verndarsvæði fugla eru 65 tegundir taldar *verpa þar og dvelja mislengi*. Réttara væri að segja að nálægt 35 tegundir verpi þar og að auki dvelja þar 30 tegundir mislengi sem flækingar eða fargestir.

Í kaflanum *Menning og ferðamál* er fjallað um Síldarminjasafnið og þar er alvarleg villa. Þar þarf að setja punkt eftir orðið *landsins* (stroka út og í *Evrópu allri*). Þar sem fjallað er um Þjóðlagasetrið ætti að stroka út *þar sem fyrirhugað er að verði*.

Það mætti fara betur yfir stafsetningu og orðalag tillögunnar.

Siglufirði 4. ágúst 2010

Guðni Róbertsdóttir 260155-2379
Arósi
Siglufirði

	Fjallabyggð Móttekið
4. ÁGÚ. 2010	
Skjalatýkill 19.1.1-	
Málmúmer 0811043	

Svar:

Skipulagsnefnd Fjallabyggðar þakkar ábendinguna og mun endurbæta efni greinargerðar skv. gefnum upplýsingum.

Siglufirði 3. ágúst 2010

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Efni:

Tillaga að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 til 2028.

Athugasemd varðandi:

Dreifibýli Siglufirði reitur nr. þ1 þjónustumiðstöð og verslun.

Þar sem stendur, sjá feitletraðan texta:

„Siglufjörður

Gert er ráð fyrir fyllingu við Snorragötu sem verði skilgreind sem hafnarsvæði/þjónustusvæði. Sú stækkun svæðisins gefur verslunar- og þjónustugreinunum möguleika á að tengjast betur höfninni og þeirri starfsemi. Svæði gæti verið mjög áhugavert fyrir hótél eða gistihús ásamt greiðasölu.

Til að koma til móts við þá breytingu sem Héðinsfjarðargöng hafa í för með sér varðandi aðkomu í Siglufjörð er gert ráð fyrir bensínstöð, verslunar- og þjónustumiðstöð fyrir útivistarsvæði í Hólsdal. Einnig er gert ráð fyrir að þessi reitur geti þjónustað skíðasvæðið í Skarðsdal og frístundabyggðina á Saurbæjarás.“

Ég geri athugasemd við það að þetta svæði verði skipulagt fyrir bensínstöð, verslun eða þjónustumiðstöð, þar sem þetta er mikið náttúru og útivistarsvæði, og passar engan vegin fyrir slíka þjónustu. Sjónmengun gæti einnig orðið mikil, ef þarna kæmu stór og litrík auglýsinga- og ljósskilti sem sjást langar leiðir, og yrði væntanlega með því fyrsta sem fólk kæmi auga á þegar það kemur akandi niður á sinn frá Héðinsfjarðargöngunum. Einnig finnst mér nálægðin við kirkjugarðinn ekki passa við þetta skipulag. Fjarlægðin við þéttbýlið og aðra þjónustu er ekki það mikil, að nauðsynlegt sé að útbúa reit fyrir þjónustumiðstöð og verslun á þessum stað.

Virðingarfyllst

Halldóra S. Björgvinsdóttir

Halldóra Salbjörg Björgvinsdóttir
kt. 081060-5689
Hvanneyrarbraut 63
580 Siglufirði

	Fjallabyggð Móttekið
4. ÁGÚ. 2010	
Síjalskyll	19.1.1
Málsnúmer	0811043



Svar:

Aðalskipulagstillagan miðar að aukinni útivist í Hóls- og Skarðsdal og því er talið að auka þurfi þjónustu þar í samræmi við þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á svæðinu þ.m.t. tjaldsvæði, knattspyrnusvæði, golfvöllur, hestamannasvæði, flugvöllur, skógræktarsvæði og skíðasvæði. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir aukinni frístundabyggð á svæðinu.

Staðsetning reitsins er valin með tilliti til áður tilgreindra þátta sem og út frá gatnamótum nýrrar veglínu um Héðinsfjarðargöng og væntanlegum jarðgöngum yfir í Fljót. Þjónustureiturinn er því talinn mikilvægur uppbyggingu á svæðinu. Jafnframt má rökstyðja að þjónustumiðstöðin dragi úr óæskilegri umferð inni þéttbýlið og bæti því búsetuskilyrði á Siglufirði.

Við deiliskipulagningu svæðisins verður tekið tillit til þess umhverfis og landslags sem umlykur svæðið s.s. kirkjugarðsins og lífríkisins á Leirunum.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Fjallabyggðar
Ólafsvegi 4
625 Ólafsfjörður

Ólafsfirði, 25. júlí 2010

Veiðifélag Ólafsfjarðar gerir athugasemdir við nýtt aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028.

Ólafsfjarðarvatn er á náttúruminjaskrá sem mjög sérstakt náttúrufyrirbrigði. Því þarf að fara mjög varlega í allar framkvæmdir sem áhrif geta haft á Ólafsfjarðarvatn.

Vegna allra þessara framkvæmda viljum við benda á að í 33. gr. laga nr. 61 frá 2006 um lax- og silungsveiði eru ákvæði um framkvæmdir við ár og vötn, þar segir; “*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lifriki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lifriki veiðivatns. Leyfi skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.*

<http://www.fiskistofa.is/laxogsilungs/umhverfismallaxfiska/>

Ekki er samkvæmt lögum nægilegt fyrir framkvæmdaraðila að fá umsögn Veiðifélags Ólafsfjarðar, einnig þarf umsögn sérfræðings á sviði veiðimála að liggja fyrir auk fleiri gagna samanber umsóknareyðublað vegna framkvæmda við ár og vötn hjá Fiskistofu.

http://www.fiskistofa.is/media/laxa_silungssvid/framkvaemdirarVotn.pdf

Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi.

- 1) Landfylling sunnan við Mararbyggð og út í vatn.
Áhrif af landfyllingu út í vatnið getur haft áhrif á lífríki þess. Þar fyrir utan er hægt að benda á aðra staði sem gætu komið í staðinn.
- 2) Landfyllingu vestan við ós
Sjá athugasemd við lið 1.
- 3) Mótorcross svæði
Bent skal á 33. gr. laga nr. 61 frá 2006 um lax- og silungsveiði.
- 4) Reið- og göngustiga meðfram vatninu.
Stígar meðfram vatninu kalla á miklar framkvæmdir s.s. brýr yfir ár og landfyllingu út í vatnið. Þar fyrir utan þarf að gera miklar framkvæmdir þvert yfir fjörðinn framan við vatnið þar sem mikið mýrlendi er og hefði það einnig áhrif á votlendi. Allar þessar framkvæmdir falla undir 33. gr. laga nr. 61 frá 2006 um lax- og silungsveiði.

F.h. Veiðifélags Ólafsfiarðar


Kristinn Kr. Ragnarsson
FORMAÐUR

Móðubúð
Ólafur

4/810



Fjallabyggð
Umhverfisfulltrúi

Athugasemd var skipt í fjóra liði:

Athugasemdir vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru við Ólafsfjarðarvatn, þ.e.:

1. Landfyllingu sunnan Mararbyggðar og út í vatn. Áhrif af landfyllingu út í vatnið getur haft áhrif á lífríki þess. Þar fyrir utan er hægt að benda á aðra staði sem gætu komið í staðinn.
2. Landfyllingu vestan við ós.
3. Moto-cross svæði
4. Reið- og göngustíga meðfram Ólafsfjarðarvatni. Stígar meðfram vatninu kalla á miklar framkvæmdir s.s. brýr yfir ár og landfyllingu út í vatnið. Þar fyrir utan þarf að gera miklar framkvæmdir þvert yfir fjörðinn framan við vatnið þar sem mikið mýrlendi er og hefði það einnig áhrif á votlendi.

Svar:

1. og 2. Landfyllingar út í Ólafsfjarðarvatn sem sýndar eru í tillögu að aðalskipulagi falla undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum 106/2000*. Samráð var haft m.a. við Umhverfisstofnun við vinnslu tillögunnar þar sem m.a. kemur fram: „Ólafsfjarðarvatn er á náttúruinvaskrá sem mjög sérstætt náttúruvirkirbrigði og því þyrfti að fara yfir helstu mótvægisáðgerðir svo ljóst væri að einstakir eiginleikar og mikið og fjölbreytt lífríki þess biði ekki hnekki ef kæmi til áætlaðra framkvæmda.

*Í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum 106/2000 kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir skulu metnar í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningu hvort háðar séu mati á umhverfisáhrifum. Ef svo er mun fara fram ítarlegt umhverfismat hvorrar framkvæmdar.

Skipulagsnefnd hefur í ljósi athugasemda og að nánar athuguðu máli ákveðið að fella út af tillögu að aðalskipulagi landfyllingu sunnar Mararbyggðar.

Skipulagsnefnd telur að landfylling vestan óss sé mikilvæg í framtíðar uppbyggingu sveitarfélagsins og skuli því haldið á skipulagi en ítrekar að fyllstu umhverfissjónarmiða verði gætt og samráð haft við þar til fallna sérfræðinga samanber lög þar um, þ.m.t. til umhverfisvöktunar, áður en til hugsanlegra framkvæmda kemur.

3. Þar sem ekki er um mannvirkjagerð að ræða á skilgreindu móto-cross svæði, og farartæki sem þar verða leyfð lítil, eru umhverfisáhrif og mengunarhætta af þeirri starfsemi á lífríki Ólafsfjarðarvatns taldar hverfandi litlar.
4. Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir sérstöku átaki í að auka möguleika til útivistar í sveitarfélaginu m.a. með markvissri gerð göngu- og reiðstíga. Skipulagsnefnd hefur fjallað um athugasemd við gerð göngu- og reiðstíga umhverfis Ólafsfjarðarvatn og hefur samþykkt að fella út af tillögu að aðalskipulagi tillögu að reiðstíg. Nefndin telur hins vegar að göngustígur eða slóði umhverfis vatnið sé mikilvægur og skuli því standa. Eðli og nákvæmlega göngustíga krefst nánari útfærslu og hönnunar og verður samráð haft við Veiðifélag Ólafsfjarðar og landeigendur áður en til framkvæmda kemur.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar
Bæjarstjóri
Ólafsvegur 4
625 Ólafsfjörður

Reykjavík 30. júlí 2010

Efni:

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008 – 2028.

Fram kemur í greinagerð með aðalskipulagstillögunum að mikið sé af góðum reiðleiðum í Fjallabyggð. Nefndar eru sérstaklega reiðleiðir á milli Siglufjarðar og Ólafsvíkur um Hólsdal og Skeggjabrekkudal. Einnig reiðleið inn Nesdal og út í Siglunes, umhverfis Ólafsfjarðarvatn og suður á Lágheiði og þaðan í Fljót og til Dalvíkur. Fram kemur einnig í greinagerðinni að gert sé ráð fyrir átaki í merkingum og lagfæringu reiðleiða á tímabilinu. En ekki er gert ráð fyrir reiðleið í Héðinsfjörð.

Landssamband hestamannafélaga (LH) gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillögur Fjallabyggðar.

LH fagnar því að átaking sé að vænta í merkingum og lagfæringum reiðleiða í sveitarfélaginu, en **mótmælir því eindregið að ekki skuli ráðgerðar reiðleiðir í Héðinsfjörð.**

LH bendir á að samkvæmt tillögum að aðalskipulagi Fjallabyggðar „ sveitarfélagsuppdráttur“ eru þær reiðleiðir / reiðstígar sem þar eru sýndar, og eru nefndar hér að ofan, eru einnig sýndar sem gönguleiðir / útivistarstígar. Engin rök eru fyrir því að gönguleiðir / útivistarstígar í Héðinsfjörð skuli ekki jafnframt vera reiðleiðir / reiðstígar.

Á greinagerð aðalskipulagsins er að skilja að fyrirhuguð sé stækkun golfvallar í Hólsdal sem myndi þíða minnkun á því svæði sem hestamenn á Siglufirði hafa haft afnot af. Því er nauðsynlegt að við hönnun golfvallar í Hólsdal sé einnig gert ráð fyrir reiðstígum í Hólsdal. Dæmi eru t.d. Korpúlfsstaðavöllur í Reykjavík, en reiðstígur á milli hesthúsahverfa í Mosfellsbæ og Fáks í Reykjavík liggur m.a. um Korpúlfsstaðavöll.

LH bendir á mikilvægi hestatengdrar ferðapjónustu og hestamennsku sem atvinnugreinar, en þessar tegundir hestamennsku eru að skila þjóðarþúinu um 25 - 30 ma.kr. á ársgrundvelli.

Viðeringarfyllst

Halldór H. Halldórsson
Form. Samgöngunefndar LH.

Móttakið
11/810 Valur

Fjallabyggð
Umhverfisfulltrúi
mál 0811043

Afrit: Hestamannafélagin Gnýfari og Glæsir í Fjallabyggð.

Athugasemd var skipt í þrjá liði:

1. Mótmælt var að ekki skuli vera gert ráð fyrir reiðleiðum í Héðinsfirði til jafns við göngustíga þar.
2. Þar sem stækkun golfvallarins í Hólsdal er fyrirhuguð verður land fyrir svæði hestamanna takmarkað. Óskað er eftir því að tekið verði tillit til hestamanna með reiðstígum í gegnum fyrirhugaðan golfvöll.
3. Bent var á mikilvægi hestatengdrar ferðapjónustu og hestamennsku sem atvinnugreinar, en þessar tegundir hestamennsku eru að skila þjóðarbúinu um 25-30 m.kr. á ársgrundvelli.

Svar:

1. Landeigendur í Héðinsfirði hafna alfarið reiðleiðum í firðinum og því var ekki talið mögulegt að gera ráð fyrir reiðleiðum í andstöðu við þá. Til stendur að vinna deiliskipulag af Héðinsfirði. Skipulagsnefnd beinir þeim tilmælum til Landssambands Hestamanna að það taki upp viðræður við landeigendur í Héðinsfirði og leiti sameiginlegrar lausnar.
2. Í skipulaginu er gert ráð fyrir göngu- og reiðleið fram Hólsdal í gegnum landsvæði þar sem gert er ráð fyrir golfvelli. Við gerð deiliskipulags og hönnunar golfvallarins verður haft samráð við hestamannafélögin í sveitarfélaginu og aðra hagsmunaaðila þannig að reiðleið í gegnum dalinn sé tryggð.
3. Sveitarstjórn Fjallabyggðar þakkar ábendingu um mikilvægi hestatengdrar ferðapjónustu og hestamennsku fyrir þjóðarbúið.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Ólafsfirði 4. ágúst 2010

Efni: Athugasemd landeigenda í Garði við að Aðalskipulagi Fjallabyggðar, 2008 – 2028.

Ég undirritaður, forsvarsmaður landeigenda í Garði II í Ólafsfirði gerir athugasemd við það að í aðdraganda að vinnu að nýju aðalskipulag Fjallabyggðar var ekki haft samráð við landeigendur. Í tillögum að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 er gert ráð fyrir að lagðir verði göngu og reiðstígar meðfram Ólafsfjarðarvatni.

Ég undirritaður mótmæli þeim vinnubrögðum að gert sé ráð fyrir framkvæmdum í landareign Garðs II að mér forspurðum

Fh. landeigenda Garði II


Kristinn Kr. Ragnarsson

Móldakid
4/8 Valur
 Fjallabyggð
Umhverfisfulltrúi

Svar:

Sveitarstjórn Fjallabyggðar hefur ákveðið að fella út af aðalskipulagi tillögu að reiðstíg meðfram Ólafsfjarðarvatni en telur mikilvægt að umferð gangandi sé tryggð leið með vatninu í samræmi við almannarétt og ákvæði vatnalaga þar sem kemur fram að gangandi skuli tryggt aðgengi meðfram ám og vötnum.

Samráð mun verða haft við landeigendur og aðra hagsmunaaðila við hönnun og gerð göngustíga.

Byggingar- og umhverfisfulltrúi Fjallabyggðar
b.t. Stefáns R. Hjálmarssonar
Ólafsvogi 4
625 Fjallabyggð.



Ólafsfirði 03.08.2010

Efni: Athugasemdir hestamannafélagsins Gnýfara við tillögu að Aðalskipulagi Fjallabyggðar fyrir tímabilið 2008-2028.

Á félagsfundi hestamannafélagsins Gnýfara þriðjudaginn 20.07.2010 var stjórn félagsins falið að gera eftirtalдар athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

a)

Á bls. 83 í greinargerðinni er eftirfarandi fullyrðing „Keppnissvæði hestamanna mun vera á Siglufirði.“ Fundarmenn telja það ekki vera í verkahring sveitafélagsins að ákvarða einhliða hvar keppnissvæði hestamanna skuli vera. Fyrir framkvæmdir jarðganga var hér í Ólafsfirði löglegur keppnisvöllur og til stendur að endurheimta löglegan völl að framkvæmdum loknum.

b)

Á bls. 83 í greinargerðinni kemur fram að „Svæði fyrir mótorkross og snjósleða verði í Ólafsfirði.“ Fundarmenn áréttu fyrri umsagnir sínar, að hestamennska annarsvegar og vélhjóla/snjósleðaiðkunn hins vegar, eiga enga samleið. Sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir nýrri hesthúsabyggð austan núverandi skeiðvallar og þar með verður fjarlægð þess svæðis ennþá minni við fyrirhugaða mótorkrossbaut.

c)

Á bls. 87 í greininni „*Hestamennska og reiðleiðir*“ vantar stíkaða reiðleið um Kvíabekkjardal, yfir Ólafsfjarðarskað og í Fljót. Einnig er okkur ekki kunnugt um að landareigendur hafi bannað að fara um gamla reiðleið um Syðri-Árdal og Fossabrekkur yfir í Héðinsfjörð eða með Arnfinnsfjalli út í Fossdal. Teljum við að bæta þurfi þessum leiðum við.

Fundarmenn voru sammála um að gera alvarlega athugasemd við það sem fram kemur í greinargerðinni að „ekki er gert ráð fyrir reiðleið um Héðinsfjörð“. Fundarmenn efast ekki um rétt sveitafélagsins til að banna eitt og annað og þar með reiðleiðir um ákveðin svæði. Við teljum hins vegar að með þessu sé sveitafélagið að skapa slæmt fordæmi fyrir aðra landareigendur til að banna aðgang að landi sínum með stuðningi sveitafélagsins. Í okkar huga er það mikilvægt hagsmunamál fyrir hestamennsku og ferðaþjónustu á svæðinu að sveitafélagið, landareigendur í Héðinsfirði og fulltrúar hestamannafélaganna í Fjallabyggð komist að samkomulagi um að stíka eina reiðleið í gegnum Héðinsfjörð sem tengd verði leiðinni um Botna og Fossabrekkur.

Fyrir fundinum láu fyrir kort sem okkur voru send frá tæknideild Fjallabyggðar. Á kortunum yfir dreifbýli eru í skýringu reiðleiðir svartar, en gönguleiðir rauðar, en samkvæmt því eru engar gönguleiðir í Héðinsfirði, heldur eingöngu reiðleiðir. Fundarmönnum finnst athugavert að ekki sé sami litur á öllum kortunum fyrir reiðleiðir annars vegar og göngustíga hinsvegar. Er hér algert misræmi milli korta og greinargerðar.

Virðingarfyllst,

Ásgrímur Pálmason
formaður



Athugasemd var skipt í fjóra liði:

1. Í greinargerð kemur fram að „keppnisvæði hestamanna mun vera á Siglufirði“. Félagið telur að sveitarfélagið skuli ekki taka einhliða ákvörðun um hvar keppnisvæði skuli vera. Til stendur að endurheimta löglegan völl í Ólafsfirði.
2. Í greinargerð kemur fram að „svæði fyrir moto-cross og snjósleða verði í Ólafsfirði“. Félagið bendir á að hestamennska og vélhjóla/-sleða iðkun eiga enga samleið. Nálægð fyrirhugaðrar hesthúsabyggðar við fyrirhugað moto-cross svæði er of mikil.
3. Í kaflanum Hestamennska og reiðleiðir bendir félagið á að stikaða reiðleið um Kvíabekkjardal vantar, yfir Ólafsfjarðarskarð og í Fljót. Einnig vantar gamla reiðleið um Syðri-Árdal og Fossabrekkur yfir í Héðinsfjörð eða með Arnfinnsfjalli út í Fossdal. Vill félagið bæta því á skipulagið.
4. Félagið gerir alvarlega athugasemd við þeirri ákvörðun að ekki verði gert ráð fyrir reiðleið um Héðinsfjörð. Telja þeir að með þessu er sveitarfélagið að skapa slæmt fordæmi fyrir aðra landaeigendur til að banna aðgang að landi sínu með stuðningi sveitarfélagsins. Það er mikið hagsmunamál fyrir hestamennsku og ferðapjónustu á svæðinu að sveitarfélagið, landeigendur í Héðinsfirði og fulltrúar hestamannafélaganna í Fjallabyggð komist að samkomulagi um að stika eina reiðleið í gegnum Héðinsfjörð sem tengd verði leiðinni um Botna og Fossabrekkur.

Svar:

1. Með tilsjón af ofanflóðahættu eru takmörk á nýtingu núverandi og skilgreinds svæðis í Ólafsfirði. Skv. aðalskipulagstillögunni er áfram gert ráð fyrir svæði fyrir hestamenn í Ólafsfirði en ljóst er að meira rými er til frekari stækkunar á Siglufirði. Aðalskipulagstillagan setur ekki takmarkanir á uppbyggingu hestamannasvæðis í Ólafsfirði innan þeirra takmarkana sem landrými og ofanflóðahætta setur.
2. Í fyrri umræðum um staðsetningu hesthúsa í Ólafsfirði hefur komið skýrt fram að takmarkanir á landrými í firðinum krefjast náins sambýlis og samstarfs ólíkra aðila. Með markvissum hljóðvörnum og skýrum umgengisreglum sem settar verða í deiliskipulagi sem nú er í vinnslu verður leitast við að hagur beggja félaga sem og annarra bæjarbúa verði virtur.
3. Sveitarstjórn Fjallabyggðar þakkar ábendingu um þær reiðleiðir sem vantar og verður leiðum um Kvíabekkjardal og með Arnfinnsfjalli út í Fossdal bætt inn á dreifbýlisupprátt. Ekki er talið unt að sýna reiðleið niður í Héðinsfjörð þar sem landeigendur í Héðinsfirði hafna alfarið reiðleiðum í firðinum.
4. Við gerð aðalskipulagstillögunnar var leitað samráðs við landeigendur í Héðinsfirði sem lögðust alfarið gegn reiðleiðum í gegnum fjörðinn. Sveitarstjórn hvetur hestamenn til að hafa frumkvæði að samkomulagi við landeigendur um reiðleiðir og umferð hestamanna í firðinum samhliða vinnu við gerð deiliskipulags sem stendur til að vinnist á næstunni.


Ólafsfirði 3. ágúst 2010


Efni: Athugasemd félags fjárbænda í Ólafsfirði við tillögu að Aðalskipulagi Fjallabyggðar, 2008 – 2028.


Félagið gerir þær athugasemd við tillögur að nýju aðalskipulagi fyrir Fjallabyggð, að ekki sé gert ráð fyrir fjárrétt í Ólafsfirði. Rætt hefur verið um að byggja eigi fjárrétt vestan við brú á Fjarðará gegnt Kálfsárkoti í stað þeirrar sem urðuð var með efni úr göngum, vestan Óss.

Einnig viljum við benda á að ekki er gert ráð fyrir nýrri rétt á Siglufirði þrátt fyrir að þar hafi verið veitt leyfi fyrir sauðfjárhaldi þar að nýju.

Fh. félags fjárbænda í Ólafsfirði


Guðmundur Ó. Garðarsson


Ingi Vignir Gunnlaugsson


Baldur L. Jónsson

Móttakið
Calvin


Svar:

Þar sem staðsetning fjárrétta er ekki aðalskipulagsskyld eru réttir ekki sýndar á uppdráttum. Sveitarfélagið hvetur til samráðs um staðsetningu innan félags fjárbænda.

Skipulagsnefnd hefur fjallað um fjárréttir við vinnslu aðalskipulagstillögunnar og komist að þeirri niðurstöðu að færanleg fjárrétt muni leysa þörf fjárbænda svo kostnaður og landspjöll séu í lágmarki.



Eftirfarandi greinargerð var bætt við umhverfisskýrslu eftir uppgöfnum auglýsingatíma skv. ábendingu

Fjallabyggð



Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 23.11.2010
0811043 / SVÁ

Efni: Greinargerð

(skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006)

Eins og fram kemur í samantekt umhverfismats (bls. 128) hefur Sveitarfélagið Fjallabyggð í öllum stefnum sínum unnið útfra meðvitaðri umgengni við náttúruna og vill stuðla að aukinni verndun náttúru og þjóðminja samhliða jákvæðri þróun í byggðarmálum og þjónustu við íbúa. Þrjú svæði innan sveitarfélagsins eru á náttúruminjaskrá, þ.e. fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Ólafsfjarðarvatn og Héðinsfjörður. Einnig skal tekið sérstakt tillit til þess fjölbreytta smádýra- og fuglalífs sem finnst á leirunum innaf Siglufirði. Sveitarfélagið telur mikilvægt að litið sé á verndun í stærra samhengi og í mismunandi myndum. Stefnt er að því að vinna deiliskipulag fyrir Héðinsfjörð í heild sinni en hann opnaðist fyrir akandi umferð í fyrsta sinn haustið 2010. Með skipulaginu mun byggingarþyrpingin á Kleifum í Ólafsfirði verða hverfisvernduð, en með því móti er verið að vernda ásýnd og yfirbragð þess einstaka staðar.

Samhliða þeim verndarákvæðum sem skipulagið felur í sér leggur sveitarstjórn þunga áherslu á bættar samgöngur til aðliggjandi sveitarfélaga. Með Héðinsfjarðargöngum opnuðust samgöngur milli tveggja byggðarkjarna og mun þjónusta og möguleikar aukast og búsetuskilyrði batna mikið. Stefnt er að frekari gangagerð bæði yfir í Fljótin til tengingar við Skagafjörð og til Dalvíkur til bættrar tengingar við Eyjafjörð, en þau munu óhjákvæmilega kalla á mikla efnislosun með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Umframefni má nýta til landfyllinga en í því fjalllenda landslagi sem sveitarfélagið státar af er lítið undirlendi og takmarkanir til frekari uppbyggingar í þéttbýlunum sökum ofanflóðahættu. Í skipulaginu er því gert ráð fyrir sex landfyllingum og tvær þeirra falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þær framkvæmdir sem sveitarfélagið stefnir að í skipulaginu eru afar mikilvægar og munu hafa í för með sér jákvæð samfélagsleg áhrif. Bættar samgöngur munu stuðla að betri tengslum við nágrannasveitarfélögin, styttingu á ferðatíma og auknu umferðaröryggi. Lífsgæði íbúa og búsetuskilyrði munu líklega aukast með bættum samgögnum, auknu byggingarlandi, fjölbreyttari þjónustu og vexti í atvinnulífi.



Athugasemdir, sem bárust á auglýsingatíma, gáfu tilefni til þriggja breytinga, þ.e. reiðleið meðfram Ólafsfjarðarvatni var felld út, fylling sunnan Mararbyggðar í Ólafsfirði var felld út og efnisnáma á Siglunesi var felld út. Þessar breytingar höfðu hvorki áhrif á markmið og stefnumið sveitarfélagsins né leiðir að stefnumiðum. Hins vegar hafa allar þessar breytingar þau áhrif að neikvæð umhverfisáhrif auglýstrar skipulagstillögu verða ekki til staðar. Breytingar skipulagsins eru því jákvæðar fyrir náttúru en ekki teljandi fyrir aðra umhverfisþætti. Minniháttar breytingar og leiðréttingar urðu að auki á skipulagsgögnum. Gerð er grein fyrir svörum sveitarfélagsins við athugasemdum í kaflanum svör við athugasemdum (bls. 228).

Virðingarfyllst,


Sigurður V. Ásbjarnarson
Bæjarstjóri



Heimildaskrá

Aðalskipulag Siglufjarðar 1980 – 2000.

Aðalskipulag Siglufjarðar 2003 - 2023.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, E. G. (1999). Gróður og fuglalíf á fyrirhuguðum vegstæðum á Siglufirði. Akureyri: Vegagerðin á Sauðárkróki.

Ágústa Edwald og fl. Fornleifaskráning í Ólafsfirði, Reykjavík 2006

Bjarni Jónsson (2001). Veiðimálastofnun, Reykjavík.

Byggðastofnun (2005). Ýmsar undirsíður. Sótt 2008. www.byggdastofnun.is

Byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Fasteignamat ríkisins (2008). Ýmsar undirsíður. Sótt 2008. www.fmr.is

Fjallabyggð (2008). Ýmsar undirsíður. Sótt maí 2008. www.fjallabyggd.is

Fjallabyggð (2009). Ýmsar undirsíður. Sótt október 2009. www.fjallabyggd.is

Fornleifavernd ríkisins (2007). Ýmsar undirsíður. Sótt maí 2008. www.fornleifavernd.is

Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I og II, Reykjavík 2005 og 2008.

Guðmundur Guðjónsson, H. K. (2000). Gróður við fyrirhugaða veglínu vegna ganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Akureyri: Vegagerðin á Akureyri.

Gunnar Bjarnason, Hersir Gíslason, Hafdís Eygló Jónsdóttir (2004). *Langtímaáætlun um námufrágang 2004 – 2018*. Rannsóknadeild Vegagerðarinnar, Reykjavík.

Grétar Þór Eypórsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Ólafsson (2001). Áhrif samgöngubóta á byggðaðþróun. Byggðastofnun, Sauðárkróki.

Hagstofa Íslands (2008). Mannfjöldaupplýsingar. Sótt 2008. www.hagstofan.is

Harpa Grímsdóttir og Þorsteinn Sæmundsson, 2001. *Siglufjörður – annáll snjóflóða til ársins 2001*. Veðurstofa Íslands, Reykjavík

Heilbrigðisstofnun Austurlands (2008). Ýmsar undirsíður. Sótt 2008. www.hsa.is

Héðinsfjarðarvatn. (á.á.). Retrieved 22. desember 2009, from <http://www.nat.is/veidi/hedinsfjardarvatn.htm>

Hreinn Haraldsson, Eymundur Runólfsson, Gísli Eiríksson, Helgi Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson (2000). *Jarðgangaáætlun - unnin fyrir Samgönguráðuneytið*. Vegagerðin, Reykjavík.

Hættumatsnefnd (2001).

Lög um mat á umhverfisáhrifum 2000 nr. 106 25. maí

Ólafur K. Nielsen. (2001). Fuglalíf við vegstæði í Héðinfirði og Ólafsfirði. Reykjavík: Vegagerðin á Akureyri.

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

RARIK (2008) Sótt nóvember 2008. www.rarik.is

Samband íslenskra sveitarfélaga. Árbækur sveitarfélaganna 2001-2005. Hag- og upplýsingasvið Sambands ísl. sveitarfélaga. Gutenberg, Reykjavík.

Samgönguráðuneytið (2001). *Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps*. Svansprent, Reykjavík.

Siglingastofnun (á.á.). *Samgönguáætlun*. Sótt janúar 2010. <http://www.sigling.is/>

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

SKSigló (2008). Ýmsar undirsíður. Sótt 2008. www.siglo.is

Umhverfisstofnun (2006). Ýmsar undirsíður. Sótt 2008. www.ust.is

Veðurstofa Íslands, 2004. *Ofanflóð á Ólafsfirði*. Reykjavík

Veðurstofa Íslands (2007). *Veðurathuganir*. Sótt 2008. www.vedur.is

Veðurstofa Íslands (2010). *Hættumat vegna snjóflóða fyrir skíðasvæði Siglfirðinga í Skarðsdal og Hólsdal*. Óútgefin skýrsla. Ísafirði: Veðurstofa Íslands

Verkfræðistofa Siglufjarðar

Þorleifur Einarsson (1991). *Myndun og mótun lands*. Mál og menning, Reykjavík.

Þorsteinn Jóhannesson (2010). Skv. tölvupóstssamskiptum dags. 5. mars 2010

Heimildir úr skipulaginu 2003-2023

Árbók ferðafélags Íslands 1990, Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverðu. Þ. Ragnar Jónasson, Björn Þór Ólafsson, Hjörtur E. Þórarinnsson, Bjarni E. Guðleifsson.

Árbók Ferðafélag Íslands 2000 árgangur 73, Oddi, Reykjavík, Í strandbyggðum norðan lands og vestan, höfundar Bjarni Guðmundsson, Haukur Jóhannesson, Valgarð Egilsson.

Framtíðarsýn Siglfirðinga, Staðardagskrá 21 á Siglufirði, Tillaga að verkefni – önnur útgáfa, febrúar 2004. Alta og Línuhönnun.

Greinargerð um snjóflóðaaðstæður vegna rýmingarkorts fyrir Siglufjörð. VÍ-G96009-ÚR09, mars 1996/júlí 1997 Veðurstofan.

Héðinsfjarðargöng - Útboðsgöng, útboðslýsing. Vegagerðin, febrúar 2003.

Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga. Mat á samfélagsáhrifum. Vegagerðin 1997 Akureyri. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri. Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson, Kjartan Ólafsson.

Siglfirðingabók, 1975, Ársrit Sögufélagsins Siglufjarðar, I árgangur Ritnefnd, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, Sigurjón Sigtryggsson, Gísli Sigurðsson, Siglufjörður 1975, Siglufjarðarprentsmiðja.

Snjóflóðavarnir á Siglufirði, Mat á umhverfisáhrifum. Verkfræðistofan Línuhönnun júlí 2002.

Þorsteinn Jóhannesson 1996: Greinargerð um snjóþyngsli og snjóflóðahættu á hugsanlegu vegstæði fyrir veg milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með jarðgöngum um Héðinsfjörð. Verkfræðistofa Siglufjarðar, mars 1996.



Töfluskrá

Ef ekki er getið heimilda er tafla gerð af: *teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun.*

Tafla 1	Skipting ársverka eftir atvinnuvegum á Siglufirði 1998 – 2004. Byggðastofnun.	58
Tafla 2	Skipting fyrirtækja í Fjallabyggð í apríl/maí 2007 (Byggðastofnun, 2005).	59
Tafla 3	Skipting starfa í Fjallabyggð í apríl/maí 2007 (Byggðastofnun, 2005).	59
Tafla 4	Meðalhiti á Siglufirði og Ólafsfirði árið 2007 í hverjum mánuði (Veðurstofa Íslands, 2007)	170
Tafla 5	Meðalhitastig á ári: 1998– 2006. Á Siglufirði, Ólafsfirði, Reykjavík og Akureyri (Veðurstofa Íslands, 2007)	170
Tafla 6	Hæsta hitastig á ári 1998 – 2006. Á Siglufirði, Ólafsfirði, Reykjavík og Akureyri. (Veðurstofa Íslands, 2007)	171
Tafla 7	Lægsta hitastig á ári 1998-2006. Á Siglufirði, Ólafsfirði, Reykjavík og Akureyri. (Veðurstofa Íslands, 2007)	171
Tafla 8	Siglufjörður, tíðni vindátta 1997 – 2007, allir mánuðir. (Veðurstofa Íslands, 2007)	172
Tafla 9	Siglufjörður, tíðni vindátta 1997 – 2007, sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. (Veðurstofa Íslands, 2007)	173
Tafla 10	Siglufjörður, tíðni vindátta 1997 – 2007, vetrarmánuðina desember, janúar og febrúar. (Veðurstofa Íslands, 2007)	174
Tafla 11	Ólafsfjörður, tíðni vindátta 1997-2007, allir mánuðir. (Veðurstofa Íslands, 2007)	175
Tafla 12	Ólafsfjörður, tíðni vindátta 1997-2007, sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. (Veðurstofa Íslands, 2007)	176
Tafla 13	Ólafsfjörður, tíðni vindátta 1997-2007, vetrarmánuðina desember, janúar og febrúar. (Veðurstofa Íslands, 2007)	177
Tafla 14	(Hagstofa Íslands, 2008)	194
Tafla 15	(Hagstofa Íslands, 2008)	194
Tafla 16	Aldurskiptingu karla og kvenna í Fjallabyggð miðað við 1.1. 2008 (Hagstofa Íslands, 2008)	196
Tafla 17	(Fasteignamat ríkisins, 2008)	197
Tafla 18	(Fasteignamat ríkisins, 2008)	197
Tafla 19	(Fasteignamat ríkisins, 2008)	198
Tafla 20	Fjöldi íbúða í Fjallabyggð árið 2005. (Fasteignamat ríkisins, 2008)	198

Myndaskrá

Ef ekki er getið heimilda er mynd í eigu: *teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun*.

Mynd 1	Horft til himins við Sauðanes	14
Mynd 2	Á Lágheiði	16
Mynd 3	Kleifar	19
Mynd 5	Ólafsfjörður	21
Mynd 6	Búsetulandslag	23
Mynd 7		24
Mynd 8		25
Mynd 9	Kleifar er hverfisverndað (Gísli Kristinsson)	30
Mynd 10		36
Mynd 11	Snjóflóðavarnargarðar á Siglufirði	37
Mynd 12	Snjóflóðavarnargarður á Siglufirði	38
Mynd 13	Á Siglufirði	42
Mynd 14	Siglufjörður (Fjallabyggð, 2009)	45
Mynd 15	Siglufjörður	45
Mynd 16	Ólafsfjörður	46
Mynd 17	Frá 17. júní 2007 í Ólafsfirði (Fjallabyggð, 2009)	49
Mynd 18	Nokkrar húsagerðir á Siglufirði	55
Mynd 19		56
Mynd 20	Trillur á Siglufirði	59
Mynd 21	Drengur verslar sykurbómul á Síldarævintýri á Siglufirði 2008 (Fjallabyggð, 2009)	60
Mynd 22	Aðalgata á Siglufirði	61
Mynd 23	Endurnar við tjörnina í Ólafsfirði (Fjallabyggð, 2009)	62
Mynd 24	Torgið á Siglufirði	63
Mynd 25		66
Mynd 26	Smábátar í Innrihöfninni á Siglufirði (Fjallabyggð, 2009)	68
Mynd 27	Hafnar- og athafnasvæði á Siglufirði	70
Mynd 28	Börn að leik í Tjörninni í Ólafsfirði	74
Mynd 29	Siglufjörður (Fjallabyggð, 2008)	76
Mynd 30	Skólalóð Grunnskóla Siglufjarðar	77
Mynd 31	Frá þjóðlagahátíð á Siglufirði (Fjallabyggð, 2009)	79



Mynd 32	Kirkjugarðurinn á Siglufirði	80
Mynd 33	Tjörnin í Ólafsfirði	84
Mynd 34	Skíðadrengir við skíðaskálann í Skarðsdal (Fjallabyggð, 2009)	85
Mynd 35	Fótboltadrengir á Nikulásarmóti í Ólafsfirði (Fjallabyggð, 2009)	86
Mynd 36		89
Mynd 37	Síld í tunnu	96
Mynd 38	Við Ingvarsbryggju á Siglufirði	100
Mynd 39	Gangamunni Múlaganga, Eyjafjarðarmegin	107
Mynd 40	Frá Hafnarbryggju á Siglufirði	109
Mynd 41		126
Mynd 42		152
Mynd 43		158
Mynd 44	Séð yfir Ólafsfjörð	166
Mynd 45		169
Mynd 46		192

Kortaskrá

Ef ekki er getið heimilda er kort gert af: *teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun.*

Kort 1	Sveitarfélagsmörk Fjallabyggðar	17
Kort 2	Svæði á náttúruminjaskrá, fornminjar og vatnsverndarsvæði í sveitarfélaginu	31
Kort 3	Svæði á náttúruminjaskrá, vatnsverndarsvæði, fornminjar, hverfisvernduð svæði og strandvernd á Siglufirði	32
Kort 4	Svæði á náttúruminjaskrá, fornminjar og hverfisvernduð svæði í Ólafsfirði	33
Kort 5	Hættumatskort VÍ af Siglufirði með drögum að endurskoðun 16.12.2009 í norðurhluta þéttbýlisins.	39
Kort 6	Hættumatskort VÍ af Ólafsfirði	40
Kort 7	Íbúðarsvæði á Siglufirði (fjólublátt)	52
Kort 8	Íbúðarsvæði í Ólafsfirði (fjólublátt)	53
Kort 9	Verslun (bleikt) og miðsvæði (gult) á Siglufirði	64
Kort 10	Verslun (bleikt) og miðsvæði (gult) í Ólafsfirði	65
Kort 11	Athafna- (grátt), iðnaðar- (ljósblátt) og hafnarsvæði (gráblátt) á Siglufirði	71
Kort 12	Athafna- (grátt), iðnaðar- (ljósblátt) og hafnarsvæði (gráblátt) í Ólafsfirði	72
Kort 13	Þjónustustofnanir í Ólafsfirði	81
Kort 14	Þjónustustofnanir á Siglufirði	82
Kort 15	Reiðleiðir í Fjallabyggð	88
Kort 16	Gönguleiðir í Fjallabyggð	90
Kort 17	Opin svæði til sérstakra nota í Siglufirði	92
Kort 18	Opin svæði til sérstakra nota í Ólafsfirði	93
Kort 19	Opin svæði til sérstakra nota í sveitarfélaginu	94
Kort 20	Frístundabyggð í sveitarfélaginu	98
Kort 21	Núverandi og framtíðar vegagerð í Fjallabyggð	105
Kort 22	Hafnar- (gráblátt) og athafnasvæði (grátt) á Siglufirði	110
Kort 23	Hafnar- (gráblátt) og athafnasvæði (grátt) í Ólafsfirði	111
Kort 24	Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Ólafsfirði	118
Kort 25	Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Siglufirði	119
Kort 26	Landfyllingar á Siglufirði	121
Kort 27	Landfyllingar í Ólafsfirði	122
Kort 28	Skipulag Siglufjarðar 1918	163



Kort 29	Aðalskipulag Ólafsfjarðar 1990-2010	164
Kort 30	Útlínur þekktra ofanflóða á Siglufirði. (Veðurstofa Íslands, 2007)	181
Kort 31	Snjóflóðavarnargarðar á Siglufirði. (Fjallabyggð, 2009)	182
Kort 32	Útlínur þekktra ofanflóða í Ólafsfirði. (Veðurstofa Íslands, 2007)	185
Kort 33	sýnir útlínur svæða sem áætlað er að fallið hafa snjóflóð í Héðinsfirði. (Verkfræðistofa Siglufjarðar)	186
Kort 34	sýnir upptaka- og hættusvæði í Skarðsdal, óstaðfest. (Veðurstofa Íslands, 2010)	188
Kort 35	sýnir upptaka- og hættusvæði í Hólsdal, óstaðfest. (Veðurstofa Íslands, 2010)	189

Uppdrættir í A3 - ekki í kvarða

Fjallabyggð



www.fjallabyggd.is